# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. ágúst 2006 — 219. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## FIMMTUDAGUR

### Bjarni Haukur aftur á svið



Þúsundir Íslendinga sáu einleikinn Hellisbúann og eftir sex ára hlé snýr Bjarni Haukur Þórsson aftur með hugleiðingar um föðurhlutverkið.

FÓLK 44

### Öll fjölskyldan hjálpar til

Uppskeran úr skólagörðunum er góð í ár þó að veðrið hafi ekki leikið við krakkana fyrri hluta sumars. Byrjað var að taka upp úr skólagörðum borgarinnar nú í vikunni.

TÍMAMÓT 34

### Leitað að mafíuforingja og fyrirsætu



Bandaríski hryllingsmyndakóngurinn Eli Roth er væntanlegur til landsins í haust og leitar nú að Íslendingum í þrjú stór hlutverk.

KVIKMYNDIR 40

### Ætlum að koma á óvart



Nú um helgina hefst keppni í ensku úrvalsdeildinni. Ívar Ingimarsson leikur með nýliðum Reading og segir að gríðarleg spenna sé innan félagsins fyrir leiknum á móti Middlesbrough.

ÍÞRÓTTIR 50

## VEÐRIÐ Í DAG




**BRAKANDI BLÍÐA** - Í dag verður hæg vestlæg eða breytileg átt. Skýjað vestan til og sums staðar þokuloft, annars yfirleitt léttskýjað. Hiti 10-18 stig, hlýjast fyrir austan.


LAGER SALA

TÓNLIST · TÖLVULEIKIR · DVD

OPIÐ 11-19 ALLA DAGA!

ÞÚSUNDIR GEISLADISKA, DVD OG TÖLVULEIKJA Á ÆVINTÝRALEGU VERÐI!

FRÁ 199,-

EKKI MISSA AF ÞESSU!

LAGERSALA FELLSMÚLA 28

(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)


# Öll símtöl hljóðrituð eftir líflátshótanir

**Símtöl viðskiptavina Orkuveitu Reykjavíkur við þjónustuver fyrirtækisins eru hljóðrituð. Upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar segir þetta gert til að vernda öryggi starfsmanna. Dæmi séu um að starfsfólki hafi verið hótað lífláti.**

**FJARSKIPTI** Öll símstöl viðskiptavina Orkuveitu Reykjavíkur við þjónustuver fyrirtækisins eru hljóðrituð. Þetta er meðal annars gert til að vernda öryggi starfsmanna sem hefur verið hótað líkamsmeiðingum og jafnvel lífláti, að sögn Eiríks Hjálmarssonar, upplýsingafulltrúa OR.

Þegar hringt er í þjónustuver OR kemur símsvari sem tilkynnir að öll símtöl til þess séu hljóðrituð. Síðan er viðskiptavininum vísað áfram til þjónustuversins.

„Með þessum upptökum er fyrir það fyrsta hægt að sannreyna þjónustubeiðnir til fyrirtækisins, þar sem geta verið fjárhagslegir hagsmunir í húfi fyrir fyrirtækið og viðskiptavini þess,“ segir Eiríkur. „Þá er þetta öryggisatriði fyrir starfsfólkið því það hefur komið fyrir að því hefur verið hótað. Það er sem betur fer fátítt, en hefur þó átt sér stað. Þegar einhver hringir og segir: „Ég veit hvar þú býrð og ég ætla að drepa þig,“ þá er ekki vitað hvað býr að baki, en það verður að taka það alvarlega. Upptökurnar eru því einnig vinnuverndarsjónarmið hjá fyrirtækinu þannig að unnt sé að bregðast við því verði starfsmenn fyrir hótunum. Þess ber að geta að hótunum hefur einungis verið beint gegn starfsfólki en ekki gagnvart fyrirtækinu né innviðum borgarinnar. Slíkum hótunum þyrftum við einnig að vera viðbúin að mæta, svo sem ef einhverjir hótuðu því að vinna tjón á vatnsbólum borgarinnar eða eitthvað því um líkt. Þarna er því ekki eingungis um að ræða starfsmannavernd heldur eru menn að reka grunninnviði samfélagsins og þurfa að standa vörð um þann rekstur.“

Eiríkur segir að starfsfólkið hafi ekki orðið fyrir hótunum eftir að byrjað var að hljóðrita símtöl sem berast í þjónustuverið í fyrrasumar, að fengnu leyfi Persónuverndar. Heimild sé til að geyma upptökurnar í þrjá mánuði, en þeim sé eytt eftir einn mánuð. Mjög fáir hafi aðgang að þeim, en það séu viðkomandi starfsmaður, viðskiptavinur sem í hlut á, deildarstjóri þjónustunnar, öryggisstjóri Orkuveitunnar og yfirstjórn hennar.

„Tilgangurinn með upptökunum er mjög skýr,“ segir Eiríkur. „Hann er í stuttu máli að standa vörð um þjónustuna, standa vörð um starfsfólkið og standa vörð um innviðina.“ - jss



**DAVÍÐ ODDSSON** Davíð, sem er formaður bankastjórnar Seðlabankans, kynnti í gær ákvörðun um stýrivaxtahækkun.

Seðlabankinn hækkar vexti:

## Horfur betri í efnahagsmálum

**VIÐSKIPTI** Stýrivextir Seðlabanka Íslands voru í gær hækkaðir í 13,5 prósent, um 0,5 prósentustig.

Hækkunin er 0,25 prósentustigum lægri en þrjár síðustu vaxtahækkanir bankans. Davíð Oddsson seðlabankastjóri segir að sjá megi jákvæð merki í hagkerfinu, en enn sé þó of snemmt að tilkynna um að komið sé að vaxtalækkunarferli hjá bankanum.

Verðbólga hefur mælst heldur lægri en síðustu spár bankans hafa gert ráð fyrir en bankinn varar þó við of mikilli bjartsýni. Verði getur að verðbólgutoppurinn hafi frestast, það eigi eftir að koma í ljós.

Næst verður tekin ákvörðun um stýrivexti um miðjan næsta mánuð. - óká/ Sjá síðu 28



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**MÓTMÆLI Á REYÐARFIRÐI** Þrír lögreglumenn eru hér komnir upp á krana á byggingarsvæði álvers Alcoa á Reyðarfirði og hyggjast færa mótmælanda niður sem situr í mestu rólegheitum efst í krananum. Alls voru 14 manns handteknir vegna mótmælanna í gærmorgun og fengu þeir að gista fangageymslur lögreglunnar í nótt. Sjá síðu 4

Hamfarir í Svíþjóð:

## Miklir skógareldar við Luleå

**STOKKHÓLMUR, AP** Með mestu skógareldum í sögu Svíþjóðar geisa nú nálægt bænum Boden, sem liggur vestan Luleå nyrst í Svíþjóð.

Fjörutíu manns úr nærliggjandi bæjum hafa þurft að yfirgefa heimili sín og er talið að allri hættu á mannskaða hafi verið afstýrt á þessu strjálbýla svæði, sem er um 1.500 hektarar að flatarmáli. Um sextíu slökkviliðsmenn berjast við eldana og eru þyrlur notaðar við slökkvistarfið. Vonast er til að takist að ráða niðurlögum eldsins á nokkrum dögum, nema veður og vindar hamli slökkvistarfi. - kóp

Alvarleg slys urðu á Garðskagavegi, Vesturlandsvegi og við Hrafntinnusker í gær:

# Þrjú banaslys á skömmum tíma

**BANASLYS** Þrjú banaslys urðu í gær. Tvö í umferðinni og eitt uppi á hálendi.

Um sjöleytið í gærkvöldi lést maður fæddur árið 1972 í árekstri tveggja bíla á Garðskagavegi rétt norðan við Sandgerði. Að sögn lögreglunnar í Keflavík voru tveir fluttir á sjúkrahús alvarlega slasaðir.

Laust eftir hádegi í gær lést maður og annar slasaðist alvarlega í hörðum árekstri jeppabifreiðar og pallbíls á Vesturlandsvegi á Kjalarnesi. Bílarnir komu hvor úr sinni áttinni og skullu harkalega saman. Ökumaður pallbílsins, sem var einn í bifreiðinni, slapp lítið meiddur úr árekstrinum en tveir menn voru í jeppabifreiðinni. Annar maðurinn lést en klippa þurfti hinn út úr bifreiðinni og var hann alvarlega slasaður. Hann var fluttur á gjörgæsludeild og var þar enn þegar Fréttablaðið fór í prentun. Loka þurfti Vesturlandsvegi um tíma vegna slyssins.

Í gærmorgun beið þýskur ferðamaður bana í íshelli skammt frá Hrafntinnuskeri þegar íshnullungar hrundu niður úr lofti hellisins. Ferðafélagi mannsins slapp ómeiddur.

Björgunarsveitin Dagrenning á Hvolsvelli og flugbjörgunarsveitin á Hellu tóku þátt í aðgerðum á slysstað ásamt lögreglu og tveimur björgunarsveitarmönnum, sem voru í skála skammt frá íshellunum þegar slysið varð. - mh / sjá síðu 6






## SPURNING DAGSINS

*Eiríkur, eru einkaskólar málið?*

„Nei, alls ekki, því einkaskólar geta valið sér nemendur og taka þá aðeins inn sem standast gæðamat.“

Samkvæmt rannsókn menntamálayfirvalda í Svíþjóð sýna sænskir nemendur betri námsárangur í þeim sveitarfélögum þar sem hlutfall einkaskóla er hátt.

Ný sæti voru tekin í notkun á Laugardalsvellinum á landsleiknum í fyrradag:

# Sextíu sæti hrundu á gólf stúkunnar

**LAUGARDALSVÖLLUR** Nokkrar sætaraðir í H-stúku Laugardalsvallar hrundu niður á gólfið á meðan á leik Íslendinga og Spánverja stóð í fyrradag. Sætin í viðkomandi stúku eru glæný og höfðu verið fest rétt áður en flautað var til leiks.

Magnús Áskelsson, einn þeirra sem sat í sætaröð sem hrundi, segir fólkið sem var í sætunum hafa þurft að sitja í stigum stúkunnar eða öðrum lausum sætum það sem eftir var leiks. Í hálfleik hefðu starfsmenn vallarins komið að sækja þær sætaraðir sem stóðu ekki lengur uppi. „Við náðum að standa upp áður en okkar röð hrundi alveg, það voru tvær búnar að hrynja fyrir neðan okkur. Þetta setti svartan blett á annars frábæran leik.“

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, segir afskaplega leiðinlegt þegar svona kemur upp á en þetta geti gerst þegar ný sæti eru tekin í notkun. Alls hrundu sextíu sæti niður á gólf.

„Við erum með nöfnin á þeim sem voru í þessum sætum. Þeim verður boðið upp á að fá miðann endurgreiddan eða frímiða á næsta leik.“ Hann segir steypugalla hafa valdið því að festingar hafi losnað með fyrrnefndum afleiðingum. **- sþs**



**MAGNÚS VIÐ STÚKUNA** Hann segir hrunið hafa sett svartan blett á annars frábæran leik. KSÍ ætlar að endurgreiða þeim sem voru í sætunum sem hrundu.

Nauðgunartilraun í Breiðholti:

## Maður játaði við yfirheyrslu

**LÖGREGLUMÁL** Tæplega þrítugur maður hefur játað að hafa ráðist á stúlku í Breiðholti í síðustu viku og reynt að nauðga henni.

Maðurinn hefur áður komið við sögu lögreglu en ekki í tengslum við ofbeldisglæpi. Maðurinn var handtekinn í vinnu sinni og játaði við yfirheyrslur. Lögreglu er ekki kunnugt um geðheilsu mannsins, en hann beit stúlkuna í hálsinn í miðri árásinni.

Bjarnþór Aðalsteinsson, lögreglufulltrúi í ofbeldisbrotadeild lögreglunnar, segir mikinn létti að búið sé að klófesta manninn. Nær allir í ofbeldisbrotadeildinni hafi unnið að málinu undanfarið. **- æþe**





**EYÐILEGGING** Beirút-búar ganga um götu í suðurhluta borgarinnar þar sem eyðileggingin af völdum loftárása Ísraela var hvað mest. Andbandarískur áróðursborði hangir í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Línur að skýrast um friðargæslu í Líbanon

**Frakkar munu fara fyrir 15.000 manna alþjóðlegu friðargæsluliði í Suður-Líbanon. Líbanonstjórn er enn klofin í afstöðu til afvopnunar Hizbollah. Ísraelsher heldur áfram liðsflutningum suður yfir landamærin en heldur enn uppi hafnbanni.**

**LÍBANON, AP** Háttsettir stjórnarerindrekar unnu í gær hörðum höndum að því að skipuleggja friðargæsluleiðangurinn til Líbanons með um fimmtán þúsund hermönnum frá hinum ýmsu þjóðlöndum. En líbanska ríkisstjórnin var enn klofin í afstöðu til kröfugerðar um afvopnun Hizbollahliða eða yfirleitt hvort vopnuðum Hizbollah-liðum skyldi gert að dvelja ekki í grennd við landamærin að Ísrael. Hizbollah á tvo ráðherra í stjórninni.

Talsmenn Hizbollah lýstu því yfir að samtökin myndu hjálpa tugþúsundum skjólstæðinga sinna að endurbyggja hús sín og heimili sem voru eyðilögð í hinu mánaðarlanga stríði við Ísraelsher. Þess var vænst að með slíkum fyrirheitum myndu samtökin festa í sessi vinsældir sínar meðal sjía-múslima í Líbanon, en þeir eru rúmlega þriðjungur þeirra fjögurra milljóna manna sem í landinu búa.

Philippe Douste-Blazy, utanríkisráðherra Frakklands, var í Beirút í gær til að ræða málin við þarlenda ráðamenn. Frakkar hafa boðist til að fara fyrir alþjóðlega friðargæsluliðinu og leggja til vænan hluta liðsmanna þess. Ráðherrann vildi þó ekki nefna neina tölu um það hve margir franskir hermenn yrðu í liðinu. Auk alþjóðaliðsins stendur til að líbanski herinn leggi til fimmtán þúsund manna lið til að sinna gæslu í Suður-Líbanon.

Forsvarsmenn Ísraelshers hafa ítrekað að þeir muni ekki kalla sitt lið að fullu frá Suður-Líbanon fyrr en alþjóðlega gæsluliðið er komið á vettvang. Þó var nokkuð um liðsflutninga Ísraela suður yfir landamærin í gær.

Talsmaður friðargæsluliðs Sameinuðu þjóðanna í Suður-Líbanon, UNIFIL, greindi frá því að líbanski herinn myndi hefja liðsflutninga í dag til „umtalsverðs hluta“ Suður-Líbanons.

Douste-Blazy hvatti Ísraelsstjórn til að aflétta hafn- og flugbanni því sem Ísraelsher hefur haldið uppi í Líbanon. Hafnbannið er að hans sögn óþarft eftir að vopnahléið tók gildi og batt enda á 34 daga átök. **audunn@frettabladid.is**

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

## Býður sig fram í fyrsta sæti

**SAMFYLKINGIN** Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingkona Samfylkingarinnar, ætlar að bjóða sig fram í fyrsta sæti fyrir flokk sinn í Suðvesturkjördæmi.



**ÞÓRUNN SVEINBJARNAR**

„Ég vil gefa kost á mér á nýjan leik og hef hug á því að vera í forystusveit Samfylkingarinnar. Ég hef setið á þingi frá 1999 og er bjartsýn á stöðu Samfylkingar í mínu kjördæmi og er sannfærð um að spennandi kosningavetur sé framundan.“

Aðrir þingmenn Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi eru Katrín Júlíusdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Valdimar Leó Friðriksson. Ekki hefur verið ákveðið ennþá hvort stillt verður upp á lista í kjördæminu eða haldið prófkjör. **- mh**





**LENTI Í BOSTON** Flugstjórinn tilkynnti um neyðarástand um borð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Taugaveiklun í háloftunum:

## Þotu lent er farþegi fékk kast

**BOSTON, AP** Herþotur fylgdu bandarískri breiðþotu á leið frá Lundúnum til Washington DC til lendingar á Logan-flugvelli við Boston í gær, eftir að flugstjórinn tilkynnti um neyðarástand um borð. Orsökin var þó ekki alvarlegri en sú að farþegi, sem þjáðist af innilokunarkennd, tók kast.

Þrátt fyrir að alríkislögreglumenn hefðu fljótt fengið staðfest að neyðarástandstilkynningin hefði ekki átt sér alvarlegri forsendur var allur farangur úr vélinni settur í öryggisskönnun og farþegarnir yfirheyrðir. **- aa**



**FRÍBLAÐASTRÍÐ** Blaðberi býður vegfaranda í Kaupmannahöfn eintak af MetroExpress, fríblaði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Danska fríblaðastríðið:

## Berlingske varð fyrst með blað

**DANMÖRK** Kaupmannahafnarbúar fengu í gær fyrstu eintökin af Dato, nýju fríblaði Berlingske Officin. Því verður dreift á um 500 þúsund heimili á Kaupmannahafnarsvæðinu og í Árósum.

Þar með varð Berlingske fyrst til að koma slíku fríblaði á markað. Fríblað JP-Politiken, 24timer, kemur einnig út í fyrsta sinn í dag. Útgefendur beggja blaða hafa ekki farið í neinar grafgötur með það að nýju blöðunum sé stefnt gegn Nyhedsavisen, sem 365 Media Scandinavia ætlar að hefja útgáfu á í haust.

„Sum þessara fríblaða munu ekki lifa, því það er ekki nægt auglýsingafé á markaðnum til að þau geti öll staðið undir sér,“ hefur AP-fréttastofan eftir danska fjölmiðlarýninum Malene Birkebæk Hubertz. Hún segir að fríblöðin verði að vinna til sín að minnsta kosti helming dagblaðaauglýsingamarkaðarins til að komast af. **- aa**




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Dagsbrún takmarkar áhættuna af Nyhedsavisen:

# Dagsbrún verður minnihlutaeigandi

**FJÖLMIÐLAR** Dagsbrún verður minnihlutaeigandi í Nyhedsavisen og sjóður verður stofnaður um blaðið sem félagið mun reka og fá tekjur af.



**GUNNAR SMÁRI EGILSSON**

Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar, segir stofnun sjóðsins ekki varnarviðbrögð Dagsbrúnar við mikilli samkeppni á dönskum fríblaðamarkaði. Dagsbrún sé fyrst og fremst rekstrarfélag með ákveðin fjárfestingarverkefni. Það sé skynsamlegra að halda svo stóru „start-up“ verkefni utan samstæðunnar.

Dagsbrún mun leggja sex hundruð milljónir til sjóðsins og verður áhætta hluthafa félagsins takmörkuð við þær. Að öðru leyti verða eigendur sjóðsins fáir en stórir innlendir og erlendir aðilar. Gunnar Smári segir að Dagsbrún hafi þegar tryggt um sjötíu prósent af þeim fjármunum sem þörf er á næstu þrjú árin. Stefnt sé að því að fjármögnun ljúki á næstu vikum og þá verði tilkynnt um hverjir fjárfestarnir eru. Gunnar Smári segir samkeppnina í Danmörku vissulega hafa verið meiri en búist var við í upphafi. Flest hinna fríblaðanna beri þó með sér handbragð fljótfærni og því óttist Dagsbrún ekki samkeppnina frá þeim. „Þetta er í raun ekki alvöru leikmenn. Það má frekar líkja þeim við þá sem hlaupa naktir inn á völlinn til að trufla leikinn.“ **- hhs**

**PARAGVÆ**

**Stroessner deyr** Alfredo Stroessner, sem var einræðisherra í Paragvæ í 35 ár, dó í útlegð í Brasilíu í gær, 93 ára að aldri. Stroessner var hershöfðingi og mikill andkommúnisti og stjórnaði landi sínu með blöndu af valdbeitingu, kænsku og bitlingum, uns honum var bolað frá völdum árið 1989.




## Allt sem þú þarft

Það er þægilegt að kaupa allt fyrir skólann á sama stað.
Í Kringlunni færð þú allt frá strokleðri upp í fartölvu, skólatöskuna, skólafötin og hvað sem þig kann að vanta á nýju skólaári.

Einnig geta þeir sem kaupa skóladótið í Kringlunni tekið þátt í skólaleik og átt möguleika á því að vinna Toshiba A100 fartölvu frá BT!

**Opið til 21 í kvöld**

| Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

**Nýtt kortatímabil**

Kringlan

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 16.8.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,72 | 70,06 |
| Sterlingspund | 131,77 | 132,41 |
| Evra | 89,1 | 89,6 |
| Dönsk króna | 11,94 | 12,01 |
| Norsk króna | 11,143 | 11,209 |
| Sænsk króna | 9,682 | 9,738 |
| Japanskt jen | 0,5999 | 0,6035 |
| SDR | 103,49 | 104,11 |

*Gengisvísitala krónunnar*
123,214

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fatah og Hamas í stjórnarmyndunarviðræðum:

# Gætu viðurkennt Ísraelsríki

**GAZA, AP** Forseti og forsætisráðherra palestínsku heimastjórnarinnar hittust í gær að máli til að ræða hugsanlega stjórnarmyndun. Forsetinn, Mahmoud Abbas, er leiðtogi Fatah-samtakanna, sem þykir hófsamt afl í palestínskum stjórnmálum, en forsætisráðherrann, Ismaíl Haniyeh, er leiðtogi Hamas-hreyfingarinnar, sem hefur verið skilgreind sem „hryðjuverkaafl“ af vestrænum ríkjum.

Haft er eftir embættismönnum að í stjórnarsáttmála yrði tilveruréttur Ísraelsríkis viðurkenndur og að með stjórnarþátttöku Fatah sé vonast til að draga úr einangrun heimastjórnarinnar á alþjóðavísu.

Talsmaður Hamas tók fram að áður en nokkur slík viðurkenning verði að veruleika þurfi að sleppa nokkrum ráðherrum heimastjórnarinnar úr haldi Ísraelsmanna.

Skærur hafa verið á Gazaströndinni síðan herför Ísraelsmanna hófst þar þann 25. júní og hafa minnst 140 manns látið lífið í árásunum. Á mánudaginn var gerð loftárás á hús í Jebaliya-flóttamannabúðunum, en enginn dó í henni. Sameinuðu þjóðirnar hafa reynt að vekja athygli á ástandi mála á Gaza-svæðinu og var haft eftir talsmanni þeirra að það væri „jafn slæmt og í Líbanon.“ **- kóþ**



**JARÐARFÖR Á GAZA-SVÆÐINU** Hljótt hefur verið um yfirstandandi herför Ísraelsmanna á Gaza-svæðinu, en í henni hafa minnst 140 manns látist síðan þann 25. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fánaþjófahópur á Húsavík:

# Stálu fánum í skemmtiferð

**LÖGREGLA** Lögreglan á Húsavík hafði afskipti af hópi fólks á þrítugsaldri í fyrrinótt, sem var ölvað og lék sér að því að stela fyrirtækjafánum um bæinn.

Fólkið var í skemmtiferð í bænum á vegum vinnustaðar síns og var talsvert ölvað. Að sögn lögreglu hafði fólkið sankað að sér „góðri hrúgu af fánum.“

Fánarnir voru teknir af fólkinu eftir tiltal og fólkinu sleppt að því loknu. Fánunum verður skilað til eigenda sinna, en lögregla segir athæfi sem þetta hvorki fyndið né skemmtilegt í augum annarra en sökudólga. **- sh**

## VIÐHORF VEGFARENDA



**Ketill Hallgrímsson**
„Þetta er nokkuð seint í rassinn gripið hjá þeim, þeir hefðu þurft að mótmæla áður en ákvörðunin var tekin, ekki nú þegar framkvæmdir eru hafnar því það verður ekki hætt við úr þessu.“



**Jóna B. Margeirsdóttir**
„Ég held að þau séu ekki að gera neitt gott með þessu. Það lítur út fyrir að þetta séu hálfgerðir auðnuleysingjar. Ég held að þeir ættu frekar að vinna að mannúðarstörfum eða eitthvað því um líkt, frekar en að vera að þessari vitleysu.“



**Sigurjón Kristinn Björgvinsson**
„Mér finnst þetta bara kjaftæði. Framkvæmdir eru komnar langt á leið og þetta verður ekkert stoppað núna. Þeir hafa allan rétt á að láta skoðun sína í ljós en það að ráðast inn á skrifstofu Hönnunar og svo nú að stöðva vinnu við álverið er of langt gengið.“

# Alcoa útilokar ekki að krefjast skaðabóta

**Lögreglan handtók í gærmorgun 13 mótmælendur sem farið höfðu inn á byggingarsvæði álvers Alcoa í Reyðarfirði. Höfðu sumir þeirra klifrað upp í vinnukrana og stofnuðu sjálfum sér og öðrum í mikla hættu. Málið hefur verið kært.**

**MÓTMÆLI** Lögreglan á Eskifirði handtók í gær þrettán mótmælendur sem farið höfðu inn á byggingarvæði álvers Alcoa í Reyðarfirði. Þá var einn til viðbótar handtekinn en hann hafði ekið mótmælendunum. Vinna lá niðri á byggingarsvæðinu fram eftir degi í gær vegna aðgerða mótmælendanna.

„Það eru mjög strangar reglur um öryggi á byggingarsvæðinu. Það er engum hleypt inn á svæðið án þess að fá leiðbeiningar um öryggi og í fylgd með starfsmönnum Bechtel sem annast byggingarframkvæmdirnar,“ segir Erna Indriðadóttir, upplýsingafulltrúi Alcoa á Íslandi. Hún segir að mótmælendurnir hafi sett bæði sjálfa sig og aðra í mikla hættu með aðgerðum sínum. Mótmælendurnir fóru inn á vinnusvæðið á vaktaskiptum klukkan sex í gærmorgun og klifruðu þrír þeirra upp í vinnukrana. Þá fór einn upp á þak nýbyggingar og nokkrir til viðbótar upp á vinnupalla.

„Það kom ekkert annað til greina en að stöðva vinnu,“ segir Erna. Vinna lá niðri í um átta klukkustundir vegna aðgerðanna. Alcoa hefur ekki útilokað að krefja mótmælendur um skaðabætur vegna þeirra tafa sem urðu á vinnu í gær.

Mótmælendur hafa meðal annars haldið því fram að virkjana- og álversframkvæmdirnar á Austurlandi séu ekki löglegar, en talsmenn Alcoa segja það ekki rétt.

„Það er fráleitt að tala um að þessar framkvæmdir séu ólöglegar. Þær voru samþykktar með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða á Alþingi. Leyfin eru ekki felld úr gildi nema með dómi og það hefur ekki verið gert. Framkvæmdin er lögleg en aðgerðir mótmælenda eru það hins vegar ekki,“ segir Erna.

Mótmælendurnir voru fluttir á lögreglustöðina á Eskifirði til skýrslutöku og stóðu þær fram eftir kvöldi í gær. Mótmælendurnir gistu fangageymslur í nótt og verða leiddir fyrir dómara í dag. Ekki er ljóst að svo stöddu hvort þeir verða kyrrsettir hér á landi.

**hnefill@frettabladid.is**



**LÖGREGLUMENN HJÁLPA MÓTMÆLENDUNUM NIÐUR** Þrír lögreglumenn þurftu að fara upp í kranana tvo sem mótmælendur höfðu klifrað upp í. Talsmenn Alcoa segja að með aðgerðum sínum hafi mótmælendur bæði stofnað sér og öðrum í hættu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**STEPHAN SILBERMANN HANDTEKINN** Stephan reyndi að koma í veg fyrir að hald yrði lagt á bílinn en var handtekinn af lögreglu og færður til Eskifjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Lögreglan á Eskifirði:

# Bílaleigubíll í vörslu lögreglu

**MÓTMÆLI** Lögreglan á Eskifirði lagði í gær hald á bifreið sem notuð hafði verið til að flytja mótmælendur að byggingarsvæði álvers Alcoa á Reyðarfirði.

Einn mótmælendanna, Stephan Silbermann, sat í bifreiðinni og varnaði því að lögreglumenn gætu tekið hana og var hann handtekinn og færður á lögreglustöðina á Eskifirði. Bifreiðina höfðu mótmælendurnir leigt hjá Bílaleigu Akureyrar.

Lögreglan gaf mótmælendum þá skýringu að lögreglustjóri hefði tekið ákvörðun um að hald skyldi lagt á bifreiðina, þar sem hún hefði verið notuð til mannflutninga í tengslum við mótmælaaðgerðirnar.

Til orðaskipta kom á milli mótmælenda og lögreglumanna en mótmælendur telja handtöku bílstjórans og töku bílsins vera ólögmæta. Bifreiðin var staðsett á svæði sem Alcoa hafði úthlutað til mótmæla. **- jse / öhö**




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VEÐRIÐ Á MENNINGARNÓTT**
Það horfir mjög vel með veðrið á menningarnótt, það er um næstu helgi. Á laugardag verður hæglætisveður af suðri, skýjað og hugsanlega lítilsháttar væta af og til. Þar sem vindurinn verður hægur er lítið mál að redda þessu með því að taka með sér regnhlífina þegar menn rölta og skoða menninguna. Um kvöldið verður að líkindum úrkomulaust. Fínasta flugeldaveður. Milt verður í veðri.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Hæg vestlæg átt og skýjað. Hiti allt að 14 stigum.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 21°C skúrir | London | 21°C rigning | Alicante | 30°C alskýjað |
| Billund | 22°C skúrir | París | 24°C rigning | Mallorca | 29°C alskýjað |
| Osló | 22°C hálfskýjað | Frankfurt | 22°C rigning | Algarve | 25°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 24°C skúrir | Friedrichshafen | 29°C heiðskírt | Krít | 31°C heiðskírt |
| Gautaborg | 20°C skúrir | Berlín | 26°C hálfskýjað | Las Palmas | 27°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

KAFLI

# 7 Hvernig þú velur réttu töskuna fyrir barnið



**Kristjana Milla Snorradóttir iðjuþjálfi veitir ráðgjöf um val á skólatösku í verslunum Eymundsson:**

**Í dag, fimmtud. 17. ágúst:**
Austurstræti kl. 17-18
Kringlunni kl. 18-19
**Föstud. 18. ágúst:**
Austurstræti kl. 17-18
**Laugard. 19. ágúst:**
Akranesi kl. 12-13
Kringlunni kl. 14-15

**ÞAÐ SKIPTIR MÁLI HVERNIG TASKAN ER.**

1 Skólataskan þarf að falla þétt að hrygg barnsins. Athugið að taskan sé vel bólstruð að aftan.

2



Öll bönd þurfa að vera breið, stillanleg og auðvelt að herða og losa.

3




Taskan má ekki vega meira en 10-20% af líkamsþyngd barnsins.

4 Æskilegt er að annað hvort séu brjóst- eða mjaðmafestingar sem halda töskunni sem næst líkamanum.

5 Skólataskan má ekki vera of breið því það hindrar eðlilegar hreyfingar handleggjanna.

*147*

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



## KJÖRKASSINN

*Þarf að efla gæslu á skemmtistöðum?*

| | |
|---|---|
| Já | 78% |
| Nei | 22% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ert þú fylgjandi hrefnuveiðum í vísindaskyni?*

Segðu skoðun þína á Visi.is

vísir

Fimmti hver Íslendingur er með gigtarsjúkdóm:

# Bylting í meðferð gigtar

**HEILBRIGÐISMÁL** Fimmti hver Íslendingur þjáist af einhvers konar gigtarsjúkdómi en bylting hefur orðið í meðferð sjúkdómanna, að sögn Björns Guðbjörnssonar, dósents í gigtarlækningum og formanns Félags íslenskra gigtarlækna. „Byltingin hefur falist í nýrri kynslóð gigtarlyfja sem hefur gjörbreytt meðferðinni og hefur veruleg áhrif á lífsgæði gigtarsjúkra, þá helst þá sem eru með hrygggikt, iktsýki og sóragigt,“ segir Björn. „Lyfin sem við höfum verið að nota í áratugi hafa komið frá öðrum sviðum, t.d. krabbameinslyf, en nýju lyfin eru hönnuð fyrir gigtarsjúklinga og hafa bein áhrif á ákveðna liði. Þannig getum við stjórnað þessu betur.“



BJÖRN GUÐBJÖRNSSON

Fjallað verður um nýja meðferðarmöguleika á ráðstefnu sem Norræna gigtarlæknafélagið stendur fyrir á Íslandi í vikunni, en tæplega fimm hundruð þátttakendur koma hvaðanæva að úr heiminum til að sitja ráðstefnuna. „Við höfum fengið til liðs við okkur heimsþekkta fyrirlesara sem munu flytja stór yfirlitserindi um það nýjasta á hverju sviði,“ segir Björn.

Gigtarsjúkdómar eru milli tvö og þrjú hundruð talsins en hér á landi eru beinþynning, liðagigt og slitgigt algengastir. Björn segir að sumir gigtarsjúkdómar séu mun algengari í Norður-Evrópu en annars staðar, svo sem beinþynning. „Þar kemur til vafalaust eitthvað erfðafræðilegt, en íslenskir gigtarlæknar hafa unnið umtalsverða vinnu með Íslenskri erfðagreiningu,“ segir Björn. Hann bendir jafnframt á að fjöldi aldraðra sé að aukast og þar með verði aldurstengdir gigtarsjúkdómar meira áberandi. **- rsg**

50 börn í Rimaskóla bíða:

# Frístundaráðgjafa vantar

**SKÓLASTARF** Enn vantar 25 starfsmenn á frístundaheimilin í Grafarvogi að sögn Þóru Melsted, deildarstjóra barnastarfs hjá Gufunesbæ í Grafarvogi. „Lengstur er biðlistinn í Rimaskóla en þar bíða fimmtíu börn þess að fá pláss á frístundaheimili skólans.

Frístundaráðgjafar eiga að taka til starfa eftir viku svo við leggjum allt kapp á að manna þær stöður sem enn eru lausar.“

Þóra segir töluvert um að foreldrar barna á biðlista hringi og spyrji hvernig staðan sé og segir nokkurrar örvæntingar gæta hjá sumum þeirra. **- hs**




# Beið bana í íshelli við Hrafntinnusker

**Þýskur ferðamaður lést vegna hruns úr lofti íshellis við Hrafntinnusker skammt frá Landmannalaugum. Félagi mannsins slapp ómeiddur. Íshellarnir eru varasamir og það verður að koma upp merkingum, segir Baldur Ólafsson.**

**BANASLYS** Þýskur karlmaður á fertugsaldri lést er hann varð undir íshnullungum sem hrundu úr lofti íshellis skammt frá Hrafntinnuskeri í gær. Íshellirinn er um tíu kílómetra frá Landmannalaugum. Maðurinn var inni í hellinum ásamt ferðafélaga sínum, sem slapp ómeiddur. Félagi mannsins tilkynnti um slysið rétt fyrir hálf níu í gærmorgun eftir að hafa hlaupið stuttan spöl til þess að komast í símasamband.

Tveir björgunarsveitarmenn, Guðmundur Sigurðsson og Arnar Páll Gíslason, voru á ferð skammt frá slysstaðnum og gátu hjálpað til við að koma manninum, sem talinn er hafa látist samstundis, út úr hellinum. Lögreglumenn frá lögreglunni á Hvolsvelli komu skömmu síðar á staðinn og tóku við stjórn á vettvangi.

Íshellirinn við Hrafntinnusker, þar sem slysið varð, er vinsæll ferðamannastaður. Fjöldi fólks sem gengur Laugaveginn skoðar hellinn á hverju ári.

Baldur Ólafsson, formaður björgunarsveitarinnar Dagrenningar á Hvolsvelli, segir mikla hættu geta skapast inni í hellunum yfir sumarið. „Þessir hellar hafa alltaf verið varasamir og það er kominn tími til þess að það verði settar upp merkingar til þess að gera ferðamönnum grein fyrir hættunni sem skapast getur í hellunum. Það eru engar merkingar í grennd við hellana sem gefa til kynna að hætta geti verið á hruni í hellunum.“

Maðurinn sem lést og félagi hans hittust á Höfn í Hornafirði fyrir skemmstu og fóru saman upp í skálann við Hrafntinnusker, þar sem þeir gistu aðfaranótt miðvikudags. Þeir gengu upp að hellunum snemma morguns í gær og voru búnir að vera í hellunum í skamma stund þegar slysið varð.

Björgunarsveitir frá Hvolsvelli og Hellu tóku þátt í aðgerðum á slysstað en þyrla Landhelgisgæslunnar fór ekki á vettvang, eftir að ljóst var að maðurinn hafði látist samstundis.

magnush@frettabladid.is






**SKÁLINN VIÐ HRAFNTINNUSKER** Maðurinn sem lést gisti ásamt félaga sínum í skálanum nóttina áður en hann lést. FRÉTTABLAÐIÐ/FÍ

Ráðleggja ferðamönnum að fara ekki inn í íshellana:

# Í lífshættu inni í hellunum

**BANASLYS** Sveinn K. Rúnarsson, varðstjóri í lögreglunni á Hvolsvelli, segir slysahættu í íshellunum við Hrafntinnusker vera mikla og ráðleggur öllum þeim sem eiga leið um Laugaveg að fara ekki inn í hellana. „Þeir sem fara inn í hellana eru í lífshættu. Við lokuðum af hellinum þar sem slysið varð með lögregluborða en að öðru leyti eru ekki merkingar á svæðinu. Ferðamenn eiga ekki að fara inn í íshellana, við þær aðstæður sem nú eru. Þarna er mikil hætta á ferðum.“



SVEINN K. RÚNARSSON



**FRÁ ÍSHELLINUM VIÐ HRAFNTINNUSKER** Mikil hætta er á hruni úr lofti íshella á svæðinu þar sem slysið varð. Lögreglumenn á Hvolsvelli stjórnuðu aðgerðum eftir slysið. FRÉTTABLAÐIÐ/FÍ

Arnar Páll Gíslason, sem er í björgunarsveitinni Ársæli í Reykjavík, var í skálanum við Hrafntinnusker er slysið varð og fór ásamt félaga sínum inn í hellinn. „Ég fór strax á slysstaðinn og gerði mér grein fyrir því að það var mikil hætta á hruni í hellinum. Skömmu eftir að við höfðum komið manninum út úr hellinum hrundi úr loftinu á þann stað þar sem við höfðum verið skömmu áður. Það voru líklega yfir hundrað kílóa hnullungar sem hrundu úr loftinu. Þarna var einfaldlega ekki óhætt að vera.“

Félagi Arnars Páls, Guðmundur Sigurðsson, björgunarsveitarmaður úr Hafnarfirði, var með Arnari á slysstað og hjálpuðust þeir að við að komast út úr hellinum með manninn. **- mh**

# ÍTALÍA

-allt það besta!

# Nýtt á Íslandi

beint frá Ítalíu




## Njóttu þess besta!

**HAGKAUP**

Skemmtilegast að versla



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver hefur boðið ráðherrum Íslands í tveggja daga ferð um Kárahnjúkasvæðið?*

2 *Hvaða nýbúi í íslenskum ám er orðinn mjög algengur?*

3 *Hver stendur fyrir komu tíu manna tökuliðs frá Los Angeles til Íslands?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 58

Alþjóðasamtök flugumferðarstjóra senda flugmálastjóra Íslands bréf:

# Hafa áhyggjur af vaktkerfinu

**FLUGMÁLASTJÓRN** Alþjóðasamtök flugumferðarstjóra hafa áhyggjur af breytingum Flugmálastjórnar á vaktkerfum flugumferðarstjóra. Samtökin vara sérstaklega við slæmum afleiðingum sem óreglulegt vaktkerfi getur haft á heilsu og félagslíf starfsmanna. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Félagi íslenskra flugumferðarstjóra.

Samtökin, ásamt Alþjóðaflutningaverkamannasambandinu, sendu Þorgeiri Pálssyni flugmálastjóra bréf í fyrradag þar sem áhyggjum þeirra er lýst vegna einhliða breytinga Flugmálastjórnar á vaktkerfum flugumferðarstjóra í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík.

Breytingarnar hafa meðal annars í för með sér að þrjátíu dagar á ári, sem áður voru frídagar flugumferðarstjóra, eru nú vinnudagar. Einnig lýsa samtökin miklum áhyggjum vegna þess óyndisúrræðis Flugmálastjórnar að neyða veikan flugumferðarstjóra til starfa. Slík vinnubrögð séu óréttlætanleg. Lýst er yfir stuðningi við tilraunir Félags íslenskra flugumferðarstjóra til að hamla gegn þeim aðgerðum Flugmálastjórnar sem hugsanlega gætu dregið úr öryggi og hagkvæmni flugumferðarstjórnar á Íslandi. - sþs



**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR** Alþjóðasamtök flugumferðarstjóra lýsa yfir stuðningi við tilraunir flugumferðarstjóra til að hamla gegn aðgerðum Flugmálastjórnar.

Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði:

# Rekja tapið til gengisbreytinga

**SJÁVARÚTVEGUR** Tap af rekstri Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði nam tæpum sjötíu milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins.

Rekur Loðnuvinnslan þetta tap til gengisbreytingar íslensku krónunnar, en fjármagnsliðir fyrirtækisins eru nú 383 milljónum króna hærri en á sama tíma í fyrra. Rekstrartekjur félagsins að frádregnum eigin afla námu 1.653 milljónum króna og hækkuðu um 17 prósent miðað við sama tímabil í fyrra. Í tilkynningu segir að afkoma félagsins á síðari hluta ársins ráðist einkum af síldarvertíðinni í haust og þróun á gengi íslensku krónunnar. - öhö



**TOPOLANEK OG KLAUS** Nýskipaði forsætisráðherrann og forseti Tékklands skála fyrir áfanganum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarmyndun í Tékklandi:

# Bráðabirgðastjórn farin frá

**PRAG, AP** Tékkneska bráðabirgðaríkisstjórnin, sem hefur setið að völdum frá því að þingkosningar fóru fram í landinu fyrir tveimur mánuðum, fór frá í gær. Vaclav Klaus forseti fól Mirek Topolanek, leiðtoga íhaldsmanna sem flest atkvæði hlutu í kosningunum, forsætisráðherraembættið. Topolanek hefur nú 30 daga til að fá nýja ríkisstjórn staðfesta af meirihluta þingheims. Það er þó þrautin þyngri þar sem hann er klofinn í tvær hnífjafnar fylkingar, með 100 þingmenn í hvorri.

Það tókst loks á mánudag að kjósa þingforseta, í sjöundu atlögu, og þar með voru uppfyllt skilyrði stjórnarskrár fyrir afsögn bráðabirgðastjórnarinnar. - aa

# Borgarastríð yfirvofandi

**Útgöngubann ríkir í Jaffna-borg á Sri Lanka. Skólum víðsvegar um landið hefur verið lokað. „Óhemjumikil þörf“ er fyrir norrænu eftirlitssveitina. Enn hafa engin ríki utan Evrópusambandsins boðið fram aðstoð sína.**

**SRÍ LANKA** Jon Hanssen-Bauer, erindreki Norðmanna á Srí Lanka, segir í viðtali við *AP* að hætta sé á borgarastyrjöld í landinu, eftir að öllum skólum í höfuðborginni var lokað vegna ótta við hefndaraðgerðir Tamíltígra í kjölfar þess að stjórnarherinn varð 61 skólastúlku að bana á svæði tamíla fyrr í vikunni.

Talsmaður stjórnarhersins, Athula Jayawardana, neitar ásökunum um að loftárásin hafi verið gerð á stúlkurnar vitandi vits, en sagði jafnframt að hann hefði sannanir fyrir því að húsið hefði verið þjálfunarbúðir hryðjuverkamanna. „Ef hryðjuverkamennirnir eru börn, hvað eigum við þá að gera?“ spurði hann blaðamenn.

Jon Hanssen-Bauer harmaði að börn tækju þátt í átökunum og hvatti Tamíltígrana til að skrá ekki fólk undir átján ára aldri í skæruliðahóp sinn.

Víða ríkir útgöngubann á átakasvæðinu á norðausturhluta eyríkisins. Sums staðar er fólk innikróað vegna bardaganna. Sendiboðar Sameinuðu þjóðanna reyndu að miðla málum í grennd við borgina Jaffna á þriðjudag til að frelsa um eitt hundrað skólabörn sem dvelja í heimavistarskóla, en þau komast hvorki lönd né strönd þar sem þau eru föst milli stríðandi fylkinga.



**KRIKKETLEIKARA GÆTT** Eftir að sprengjur sprungu í höfuðborginni hefur öryggisgæsla verið aukin mikið á fjölþjóðlegum krikketleikum sem standa yfir á Srí Lanka. Landslið Suður-Afríku ákvað í gær að draga sig úr keppninni af öryggisástæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þorfinnur Ómarson, talsmaður norræna vopnahléseftirlitsins, segir um 100.000 manns hafa flúið eða misst heimili sín og í raun sé stríðsástand í Jaffna. Á svæðinu sé mikil togstreita því íbúarnir eru tamílar, en stjórnarherinn fer með völd. Erfitt sé þó að geta sér til um hver sé tilgangur núverandi átaka því næstum óhugsandi sé að önnur fylkingin fari með afgerandi sigur af hólmi. Stríðið yrði langt og blóðugt. „Jafnvel þótt Tígrarnir næðu Jaffna myndi stjórnarherinn aldrei láta það viðgangast, hann myndi bara ráðast á þá annars staðar frá,“ segir Þorfinnur.

Jon Hanssen-Bauer telur að á slíkum ólgutímum sé „óhemjumikil þörf“ fyrir starfsemi SLMM, norrænu eftirlitssveitarinnar, í landinu og sagði hann að engin ríki utan Evrópusambandsins hefðu enn boðið fram aðstoð sína. Utanríkisráðuneyti Íslands hefur ekki svarað beiðni Norðmanna um áframhaldandi samstarf, en búist er við að það verði afgreitt á allra næstu dögum. klemens@frettabladid.is






Börn
Herrar
Dömur
Heimilið
Snyrtivörur
Debenhams 5 ára
Ný verslun
á sama stað
Ný merki, nýtt skipulag!
DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 33708 08/2006



**MÓTMÆLAGANGA Á SÝRLANDI** Um tvö þúsund sýrlensk börn tóku þátt í mótmælagöngu um helgina gegn „drápum Ísraelshers á börnum í Líbanon“. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmæli vegna forsetakosninganna í Mexíkó sem fóru fram í júlí halda áfram:

# Átök við þinghúsið í Mexíkóborg

**MEXÍKÓ, AP** Til nokkurra ryskinga kom þegar sló í brýnu milli stuðningsmanna López Obradors og lögreglumanna við þinghús Mexíkóborgar á þriðjudaginn var. Mótmælendurnir reyndu að setja upp búðir við þinghúsið en óeirðalögreglan kom í veg fyrir það. Um átta mótmælendur særðust en meðal þeirra voru tveir þingmenn stjórnarandstöðunnar.

„Hér er umsátursástand því lögin hafa verið brotin, en ekki af okkur, heldur af stofnunum ríkisins,“ sagði Aleida Alvarez, þingkona PRD-flokks Obradors, en hún tók þátt í mótmælunum.

Aðgerðir lögreglunnar náðust á myndband, þar sem hún lamdi á nokkrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar þegar mótmælendur ruddu sér leið gegnum varnarvegg lögreglunnar. Eftir það byrjuðu mótmælendur að kasta steinum í lögreglumennina, sem dreifðu þá mannfjöldanum með táragasi.

Þingmennirnir hafa kvartað undan framkomu lögreglunnar og halda því fram að ástandið í landinu sé mun verra en áður, að því er snertir lýðréttindi borgara.

Obrador tapaði forsetakosningunum sem fóru fram í júlí. Yfirkjörstjórn landsins hefur endurtalið um 9 prósent atkvæða en Obrador krefst endurtalningar hvers og eins atkvæðis. Calderón, þeim sem hlaut kosningu, hótar hann „umsátursástandi“ svo árum skipti; að honum verði ekki vært utan skrifstofu sinnar. **- kóþ**



**HEITT Í KOLUNUM** Stuðningskona Obradors æpir að lögreglumönnum. Hún ásamt hundruðum annarra slóst við lögregluna fyrir utan þinghúsið í Mexíkóborg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





SKEMMTISKOKK 3 KM
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 19. ÁGÚST

Skráðu alla fjölskylduna og fáðu nánari upplýsingar á marathon.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

ICELANDAIR · GLITNIR · FRÉTTABLAÐIÐ · Reykjavíkurborg · marathon.is · Barilla · asics · SUZUKI · POWERADE · Margt smátt


# Þriðjungur í varðhaldi útlendingar

**Tuttugu manns sitja nú í gæsluvarðhaldi, þar af sex útlendingar. Ekki er hægt að senda þá heim til sín fyrr en dæmt hefur verið í málum þeirra. Jafnvel þá er sjaldgæft að erlendir fangar séu sendir til síns heima vegna þess að samninga vantar.**

**FANGELSISMÁL** Sex manns af þeim tuttugu sem sitja í gæsluvarðhaldi eru útlendingar. Ekki er hægt að senda þá til síns heima fyrr en búið er að dæma í þeirra málum. Jafnvel þá er ekki víst að þeir verði látnir afplána erlendis þar sem samninga þess efnis vantar milli Íslands og margra landa, sér í lagi Eystrasaltslandanna.

Fangelsismálastofnun þurfti í fyrradag að synja þremur beiðnum um gæsluvarðhald vegna plássleysis. Mönnunum sem áttu að fara í gæsluvarðhald var sleppt fyrir vikið.

Erlendur S. Baldursson, afbrotafræðingur hjá Fangelsismálastofnun, segir alvarlegt mál að gæsluvarðhaldsbeiðni sé synjað. „Þeir sem sitja í gæsluvarðhaldi eru flestir þar vegna fíkniefnabrota en einnig vegna ofbeldisbrota. Ástandið hefur verið bærilegt um árin en upp á síðkastið hafa komið upp ansi mörg mál á tiltölulega stuttum tíma. Við höfum verið dugleg við að finna nýjar leiðir við afplánun dóma en þegar um er að ræða gæsluvarðhald geta menn ekki verið úti í bæ,“ segir hann.

„Stór hluti þeirra sem nú sitja í gæsluvarðhaldi eru útlendingar, og margir þeirra frá Litháen. Það er ekki hægt að senda þessa menn heim til sín fyrr en það er búið að dæma þá því brotið kemur upp hér í íslenskri lögsögu. Ástæðan fyrir því að útlendingar eru ekki oftar sendir til síns heima til að afplána er sú að það eru ekki til samningar milli þessara landa.“

Hann segir vandamálið ekki leysast fyrr en fangelsisplássum fjölgi. „Auðvitað eru til fangaklefar á lögreglustöðvum en það getur aldrei orðið lausn. Þegar þú færð sjö í mat allt í einu geturðu bankað upp á hjá nágrannanum og fengið lánaðar pylsur en þú gerir það ekki á hverju kvöldi. Þá verðurðu að stækka eldhúsið og kaupa fleiri pylsur.“

Fulltrúar Samfylkingar í allsherjarnefnd Alþingis hafa óskað eftir fundi hið fyrsta í nefndinni. Tilefnið er að ræða það ófremdarástand sem upp er komið í fangelsismálum þjóðarinnar. Vilja fulltrúar Samfylkingar ræða það alvarlega ástand sem skapast hefur, meðal annars vegna aðgerðaleysis dómsmálaráðherra. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Samfylkingunni.

**salvar@frettabladid.is**




**HEGNINGARHÚSIÐ** Afbrotafræðingur hjá Fangelsismálastofnun segir vandamálið ekki leysast fyrr en fangelsisplássum fjölgi. Fulltrúar Samfylkingar í allsherjarnefnd hafa óskað eftir fundi í nefndinni vegna ástandsins í fangelsismálum.


BÍLL DAGSINS
NISSAN PRIMERA ACENTA
Nýskr. 06.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 48 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.


Elín Thorarensen segir agavandamál nemenda ekki alfarið á ábyrgð heimilanna:

# Skoða þarf ástæður agaleysis

**NÁM** Elín Thorarensen, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, segir óréttmætt að kenna heimilum alfarið um agaleysi í skólum og agaleysi alfarið um slæman námsárangur íslenskra barna. Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, sagði agamál sérstaklega aðkallandi, í viðtali við Fréttablaðið í fyrradag.

„Það eru alltaf örfáir einstaklingar sem hegða sér illa og í flestum tilfellum eru þetta börn með geðræn vandamál,“ segir Elín. „Kerfið er bara að bregðast þessum börnum. Ef foreldrar geta ekki agað börnin, hvað á þá að gera? Það hlýtur að vera skólinn sem á að grípa inn í. Námsráðgjafar og skólahjúkrunarfræðingar á vegum skólanna eiga að geta hjálpað til.“

„Auðvitað þarf aukið samstarf heimilis og skóla, því skólinn verður að opna dyr sínar fyrir foreldrum,“ segir Elín.

„Það hefur sýnt sig að bara lítill hluti hegðar sér illa og það eru að miklu leyti drengir á landsbyggðinni sem draga niður meðaltalið. Það er ekki mælanlegur munur á kynjunum á höfuðborgarsvæðinu og það þarf að skoða hvað það er sem veldur því að þessum drengjum er ekki rótt í skóla. Áhugi þeirra er ekki nægur og það bitnar á árangri. Við verðum að komast að því hvernig skólinn á að koma til móts við þá, því þeir falla brott bæði eftir grunnskóla og menntaskóla,“ segir Elín. **- sgj**



**ELÍN THORARENSEN** Elín telur nauðsynlegt að foreldrar geti auðveldlega unnið með skólunum í agamálum.










**1. Aukinn raki og þægindatilfinning**
Eykur rakaforðann í ysta húðlaginu og hefur langverkandi áhrif.

**2. Varanleg vellíðan og fallegri húð**
Eykur rakaflæði að yfirborði húðarinnar og húðin verður frísklegri.

**3. Fullkominn raki allan sólarhringinn**
Minnkar rakatap og bindur hann í dýpri lögum húðarinnar.

## Kynningar verða í Hagkaupum Smáralind og Kringlu dagana 17.- 23. ágúst

Ráðgjafar verða með mæli og rakamæla húðina.
Veglegur KAUPAUKI fylgir þegar keyptir eru tveir hlutir þar af eitt rakakrem.

Gildir til 23. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**INDJÁNI DANSAR** Narragansett-indjánarnir í Bandaríkjunum dönsuðu þjóðdansa við upphaf fundar ættflokkanna sem haldinn er um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkisstjórnin mun í haust leggja fram frumvarp:

# Hólaskóli verður háskóli

**SKÓLAMÁL** Ríkisstjórnin mun á haustþingi leggja fram lagafrumvarp um Hólaskóla sem staðfestir stöðu skólans sem háskóla í lögum, en frá því í apríl 2003 hefur Hólaskóli getað útskrifað nemendur með háskólagráður. „Okkar háskólatign var staðfest með reglugerð árið 2003 en ekki formlega í lögum. En með lögunum mun þetta taka á sig nýjan blæ,“ segir Skúli Skúlason, rektor Háskólans á Hólum.

Fyrstu háskólagráðurnar verða veittar í vor þegar nemendur útskrifast með B.A.-próf í ferðamálafræði.

„Svo erum við að undirbúa B.S. í hestafræðum og B.Ed. í reiðkennslu, í samstarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri,“ segir Skúli, en einnig mun skólinn geta boðið upp á B.S. nám í fiskalíffræði. **- rsg**



**HÓLAR** Lagafrumvarpið er í raun formsatriði því reglugerð frá 2003 staðfesti skólann sem háskóla.

Geðhjálp opnar upplýsingavef:

# Betra aðgengi að upplýsingum

**FRÆÐSLA** Geðhjálp hefur opnað nýja vefsíðu þar sem aðgengilegar eru ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir geðfatlaða og aðstandendur þeirra. Á vefsíðunni er safn greina og rannsókna um málefni geðfatlaðra auk upplýsinga um ráðstefnur og fundi sem tengjast málaflokknum. Vefurinn hefur fengið vottun um að standast kröfur um aðgengi fyrir heyrnarlausa, sjónskerta og hreyfihamlaða.

Engar reglur eru í gildi hérlendis um aðgengi að vefsíðum en víða er komið í lög að heimasíður opinberra stofnana og fyrirtækja eigi að vera aðgengilegar notendum, óháð fötlun eða getu. **- öhö**




MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Meintir hryðjuverkamenn áfram í haldi

**Breskir saksóknarar réttlættu fyrir dómara í gær fangelsun 24 manna, sem sitja inni án ákæru en eru grunaðir um að hafa skipulagt stórfelld hryðjuverk. Umferð um breska flugvelli er að komast í samt lag, en öryggisgæsla er enn afar ströng.**

**LONDON, AP** Fyrir lokuðum dómsalsdyrum útskýrðu breskir saksóknarar í gær ákvörðun yfirvalda um að halda 22 manns enn í gæsluvarðhaldi án ákæru. Mennirnir voru flestir handteknir í síðustu viku, grunaðir um að hafa lagt á ráðin um stórfelld hryðjuverk í háloftunum. Talið er að þeir hafi ætlað sér að sprengja allt að tíu flugvélar í loft upp með því að smygla sprengiefni í fljótandi formi um borð í vélarnar.

Lögregla heldur áfram að gera húsleit á heimilum og í fyrirtækjum víðs vegar um Bretland í áframhaldandi rannsókn á málinu.

Einn maður til viðbótar var handtekinn á þriðjudag, en alls hafa 24 manns verið handteknir í Bretlandi í tengslum við málið og sautján í Pakistan. Samkvæmt nýjum hryðjuverkavarnalögum geta bresk yfirvöld haldið grunuðum í gæsluvarðhaldi í allt að 28 daga án ákæru, en mál hvers og eins fer reglulega fyrir dómara á þeim tíma.

John Reid, innanríkisráðherra Bretlands, viðurkenndi í gær að margir hinna handteknu yrðu líklega ekki ákærðir fyrir alvarlega glæpi, en hann sagði sönnunargögnum fara fjölgandi sem bentu til þess að veruleg hryðjuverk hefðu verið í bígerð.

Flugumferð færðist nær eðlilegu horfi í gær. Sögðu talsmenn British Airways að níutíu prósent flugs félagsins væri nú komið í samt lag og að búast mætti við að allt flug færi eftir áætlun á morgun.

Þó höfðu flugyfirvöld auknar áhyggjur af öryggi, eftir að uppvíst varð að tólf ára drengur komst eftirlitslaus um borð í flugvél á Gatwick flugvellinum á þriðjudag, án vegabréfs, flugmiða eða brottfararspjalds. Flugþjónar tóku eftir honum áður en vélin fór af stað og var honum fylgt úr vélinni.

Sex innanríkisráðherrar Evrópusambandsríkja hittust í London í gær til að ræða hættuna á hryðjuverkum í háloftunum.

Fundinn sóttu ráðherrar Bretlands, Finnlands, Frakklands, Þýskalands, Portúgals og Slóveníu, en Finnar sitja nú í forsæti ESB, og fjögur síðasttöldu löndin munu gegna því á árunum 2007 og 2008.

Á fundi sínum samþykktu ráðherrarnir frekari milliríkjasamvinnu gegn hryðjuverkum, svo sem samnýtingu á upplýsingum um farþega og samræmingu öryggisviðbúnaðar.

„Þegar við stöndum frammi fyrir ógninni um fjöldamorð, þá verðum við að sætta okkur við að réttur einstaklingsins verði takmarkaður af sameiginlegum rétti okkar til öryggis og þeirrar verndar á lífi og limum sem landsmenn krefjast,“ sagði Reid.

**smk@frettabladid.is**



**HERT GÆSLA** Vopnaðir lögregluþjónar gæta Downing-strætis í London, en öryggisgæsla hefur verið hert til muna bæði á breskum flugvöllum sem og um alla höfuðborgina, eftir að yfirvöld komu í veg fyrir meint hryðjuverk í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Forsvarsmenn Avis og Budget:

# Ósáttir við hraðakstur

**HRAÐAKSTUR** Framkvæmdastjóri Avis og Budget bílaleiganna hefur óskað eftir því við Ríkislögreglustjóra að ökumenn sem eru teknir fyrir of hraðan akstur á bílaleigubílum verði sviptir bifreiðinni og tafarlaust verði haft samband við bílaleiguna. „Ég hef engan áhuga á að menn séu í ofsaakstri á bílunum okkar. Við viljum vinna mjög vel með lögreglunni og óskum þess að svona brjálæðingar séu teknir úr umferð á stundinni og bifreiðin tekin af þeim,“ segir Hjálmar Pétursson, framkvæmdastjóri Avis og Budget.

Bréf Alp, sem rekur Avis og Budget, til Ríkislögreglustjóra sem sent var í gær kemur í kjölfar umræðu um að fjöldi erlendra ferðamanna hafi keyrt vel yfir hámarkshraða í sumar.

„Við látum leigutaka fá hrúgu af bæklingum og starfsfólk okkar er þjálfað í að vara þá við hættunum en þeir hlusta bara ekki. Við erum líka að vinna heilmikið forvarnarefni með Sjóvá,“ segir Axel. Hann telur að merkingum sé víða ábótavant og segir að bílaleigur hafi margoft beint þeim tilmælum til Vegagerðarinnar að setja upp betri merkingar á vegum. „Stærstu bílaleigurnar eru með samtals nálægt fimm þúsund bíla á hverjum degi í umferð og miðað við þennan fjölda erlendra ökumanna verður að leggja meira í merkingar fyrir þetta fólk,“ segir Axel Árnason. **- rsg**

# hagstæðustu heildarinnkaupin

## meira fyrir minna

GOÐI

þú sparar 375 kr/kg



289 kr/kg
Verð áður 664 kr/kg
Goða súpukjöt 1. flokkur

40% verðlækkun

þú sparar 359 kr/kg



539 kr/kg
Verð áður 898 kr/kg
Ísfugls steiktur kjúklingur

humarveisla



599 kr/pk
Nýveiddur humar 500gr.

fylgir frítt með




Þú kaupir SS kokteilspylsur + Uncle Ben´s Cantonese sósa og þú færð Uncle Ben´s hrísgrjón frítt með.

gott með kaffinu



2 fyrir 1
Kuchen Meister kaka

þessi gamli góði




35% verðlækkun

þú sparar 551 kr/kg



1.024 kr/kg
Verð áður 1.575 kr/kg
BK grísakótilettur Mediterranean

frábært í ferðalagið




2 fyrir 1
Hy-Top Marshmallows

Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta

risapakkar




299 kr/pk
Frón Risa kremkex/súkkulaðikex

frábært verð




2 fyrir 1
Náttúra pizzur

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 17. ágúst til 20. ágúst eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

ERAN/Landist - tilboðin í viku 33

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Allt fyrir eld

## FOLALDAHAKK FRÁ GOÐA

FOLALDAHAKK 299 KR. KÍLÓVERÐ

Frábært úr frystinum!

GOÐI

## HAMBORGARARNIR

Bónus hamborgarar 80g - 115g og 200g
30% afsláttur við kassann
FROSNIR OG FÍNIR

5 x 200g 909 KR. MERKT VERÐ 1299 KR.

10 x 115g 979 KR. MERKT VERÐ 1399 KR.

10 x 80g 699 KR. MERKT VERÐ 999 KR.

30% afsláttur við kassann

30% afsláttur við kassann

ALI GRILLKÓTELETTUR/HNAKKI 1189 KR. kg
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN Merkt verð 1699 KR.

ALI grill svínakótelettur og úrbeinaður svínahnakki

## TEXASPYLSA

Sjóðið eða steikið í sneiðum á pönnu

KF TEXASPYLSA 419 KR. kg MERKT VERÐ 699 KR.

40% afsláttur við kassann

## XL

4 stór brauð!

4 XL brauð 98 KR.

## SAN MARCO PITSA

2 pitsur í kassa

SAN MARCO PITSUR 199 KR. 2 Í KASSA

## HROSSAKJÖT

Úrbeinað og saltað

35% afsláttur við kassann

KF HROSSASALTKJÖT ÚRB. 441 KR. kg MERKT VERÐ 679 KR.

## Punkturinn yfir i-ið...

USA ilmkertin

USA 399 KR. ILMKERTI

## KOFAREYKT FOLALDAKJÖT

KOFAREYKT FOLALDAKJÖT 362 KR. kg MERKT VERÐ 659 KR.

45% afsláttur við kassann

## HRÍSGRJÓN

EUROSHOPPER

HRÍSGRJÓN 159 KR. 2 kíló í poka

2 kg

## NÝTT KJÖTFARS 400g

frá Kjötbankanum

KB KJÖTFARS 129 KR. 400g

## Milka

MILKA SÚKKULAÐI 98 KR. STYKKIÐ

100g

## GEVALIA

500g

299 KR. 500g

## SPIKFEIT OG BRAGÐGÓÐ LAMBARIF

SPIKFEIT OG KRASSANDI RIF 259 KR. kg MERKT VERÐ 399 KR.

35% afsláttur við kassann

## KÍLÓ BRAUÐ

KÍLÓBRAUÐ 98 KR. BÓNUS KORN

## SWISS MISS

295 KR. 740g

740g

## Vanillu ís / Súkkulaði ís

BÓNUSÍSINN 159 KR. 2 LÍTRAR!

2 lítrar

## BJÚGUN FRÁ ALI

ALI BJÚGU 377 KR. kg MERKT VERÐ 539 KR.

30% afsláttur við kassann


húsdáðirnar!
Skötuselur
KLÁR Á GRILLIÐ!
Villibráðarkryddaðar framhryggjarsneiðar með rifi
1518 kg KR.
MERKT VERÐ 2168
30% afsláttur við kassann
1199 kg KR.
FRAMHRYGGJARSNEIÐAR MEÐ RIFI (VILLIKRYDD)
MERKT VERÐ 1998
40% afsláttur við kassann
Svínakótelettur, hunangsmarineraðar og léttreyktar frá ALI
Beinlaus grísasteik með sólþurrkuðum tómötum og basil
RQÐ OG BRJÓSKLAUS SKÖTUSELUR
998 KR.
600g
SKÖTUSELUR roð- og brjósklaus, 600g
Frábær frosin afurð - frábært verð!
LAXINN FRÁ NORÐANFISKI
999KR. kg
FROSNIR LAXABITAR
999 kg KR.
ÍSLANDS LAMBASTEIK
1608 kg KR.
MERKT VERÐ 2298
30% afsláttur við kassann
ÍSLANDS GRÍSASTEIK
1118 kg KR.
MERKT VERÐ 2598
Beinlaus lambasteik úr lambalæri
BEINLAUS FROSINN LAX - GÓÐUR Á GRILLIÐ!
SPAGETTÍ
EUROSHOPPER
SPAGETTÍ
69 KR. kílóið
1 kg
TORTELLINI
399 kg KR.
Tortellini
kílópakkning
Kjöt/ostur
1 kg
Bónusfetinn
BÓNUSFETI
198 KR.
250g
Örtrefja klúturinn
LAUSNIN Á KERAMIKHELLURNAR!
ÞARFAÞING Í ELDHÚSIÐ
Sjáðu verðið!
ÖRTREFJAKLÚTUR
89 KR.
2 LÍTRAR CHIQUITA
299 KR.
2 lítrar í fernu
20 FRUIT & HERB TEPOKAR Í KASSANUM
20 BRÉF Í PAKKA
199 KR.
FERSKJUR
159 KR.
KÍLÓVERÐ
Ferskjur
Gott allan daginn!
Blýantatuðra
PENNATUÐRA
499 KR.
Spiderman skólatöskurnar
SPIDERMAN SKÓLATASKA
1999 KR.
Bólurnar burt!
Rakadagkrem fyrir óhreina húð
Fínkorna djúphreinsigel
Djúphreinsandi andlitsvatn
Hreinsigel með sinki og salisýlsýru
Bólupenni sem þurrkar upp allar bólur!
Nýtt í Bónus!
www.bonus.is
BÓNUS




## Verkalýðsforingi í Venesúela:
# Ortega strauk úr fangelsinu

**VENESÚELA, AP** Verkalýðsforinginn Carlos Ortega slapp úr fangelsi í Venesúela aðfaranótt sunnudags og er hans nú leitað um allt landið en einnig er leitað að þremur hermönnum sem grunaðir eru um að hafa hjálpað honum til frelsis.

Ortega stjórnaði pólitísku verkfalli olíuverkamanna, til höfuðs Hugo Chávez, forseta landsins, fyrir þremur árum, en verkfallið stuðlaði að einni verstu kreppu í sögu ríkisins. Hann var dæmdur til sextán ára fangelsisvistar fyrir „borgaralega uppreisn", eftir að stjórnvöldum þótti sýnt að hann tengdist tilraunum til valdaráns árið 2002. - kóþ


**CARLOS ORTEGA** Verkalýðsforinginn braust úr fangelsi um helgina, en hann afplánaði sextán ára dóm. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


**MÝRARGÖTU- OG SLIPPSVÆÐI** Deiliskipulagið sem hefur verið ógilt hefur ekki áhrif á tillögu að rammaskipulagi fyrir Mýrargötu- og slippsvæðið sem sést á teikningunni.

## Ellingsenreitur á byrjunarreit:
# Deiliskipulag ógilt

**SKIPULAGSMÁL** Deiliskipulag fyrir Ellingsenreit í Reykjavík hefur verið fellt úr gildi með úrskurði úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, en á reitnum eru lóðirnar Mýrargata 26 og Grandagarður 2. Eigandi lóðarinnar á Grandagarði 2 kærði deiluskipulagið en fjórtán mánuðir liðu þar til nefndin úrskurðaði í málinu.

„Kæran kemur fram í maí 2005 þannig að það líða fjórtán mánuðir þar til nefndin úrskurðar og það er ekki í samræmi við ákvæði bygginar- og skipulagslaga. Ég tel að fyrirtæki sem starfa á þessu sviði og sveitarfélögin telji þetta ekki heldur ásættanlegt," segir Magnús Ingi Erlingsson, framkvæmdastjóri eignarhaldsfélagsins Nýju-Jórvíkur, sem á lóðina að Mýrargötu 26.


**MÝRARGATA 26** Búið er að rífa húsið á Mýrargötu 26 og grafa grunn að íbúðarhúsnæði.

Eigandi Grandagarðs 2 kvartaði yfir því að nýtingarhlutfall lóðarinnar var ákvarðað minna en nýtingarhlutfall lóðarinnar á Mýrargötu og taldi að það stangaðist á við jafnræðissjónarmið. Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, segir að auglýsa þurfi nýtt deiliskipulag en nokkrir mánuðir geta liðið þar til það er samþykkt.

Ellingsenreitur er tekinn fyrir í tillögu að rammaskipulagi fyrir Mýrargötu- og slippsvæðið í heild sinni, en deiliskipulag reitsins mun ekki raska þeirri tillögu. - rsg




## Presturinn dró hempu upp úr bakpokanum:
# Messa í Þjórsárverum

**MESSA** Einstök messa var haldin á sunnudag þegar Axel Árnason, prestur í Stóranúpsprestakalli, stóð fyrir helgistund í dagsferð Ferðafélags Íslands og Landverndar um Þjórsárver. Hundrað og fimmtíu þreyttir ferðalangar voru viðstaddir messuna sem kom göngugörpunum í opna skjöldu enda presturinn einn göngumanna. „Ég var með hempuna í bakpokanum og það vakti athygli þegar ég dró hana allt í einu upp úr pokanum og þarna birtist óvæntur pokaprestur," segir Axel.

Eiginkona Axels, Sigþrúður Jónsdóttir náttúrufræðingur, er talsmaður Áhugahóps um verndun Þjórsárvera og var hún einn leiðsögumanna í ferðinni. „Ég er sjálfur áhugamaður um náttúruvernd almennt. Það er skammarlegt hvernig farið er með þetta svæði," segir Axel.

Biskupsþúfa er hæð ofarlega við Þjórsá sem er þekkt fyrir þær sakir að þar áðu biskupar á leið sinni norður Sprengisand. „Ég hef ekki messað áður í svona miklum öræfum og strangt til tekið er ég utan prestakallsins svo ég var aðeins að stelast," segir Axel Árnason, en gjörningurinn vakti mikla lukku meðal ferðalanganna. - rsg


**BISKUPSÞÚFA** „Maður getur ekki látið sér standa á sama um landið, við munum öll standa fyrir dómi fyrir gerðir okkar," segir Axel Árnason prestur. MYND/GÍSLI PÁLSSON



Himinn og haf – SÍA

# Besta ávöxtunin

## Býður nokkur betur?

Stuttur skuldabréfasjóður og Langur skuldabréfasjóður SPRON Verðbréfa báru hæstu vextina á síðustu 6 og 12 mánuðum, miðað við síðasta skráningardag 31. 7. 2006, í samanburði við alla sambærilega verðbréfasjóði á Íslandi.

spron VERÐBRÉF

Ármúla 13a – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is




Birt með góðfúslegu leyfi Lánstrausts hf.

Ofanskráðar upplýsingar eru fengnar á www.sjodir.is, sem er óháð upplýsingasíða um verðbréfasjóði.

Rekstrarfélag SPRON sér um rekstur þeirra fimm sjóða sem eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003. Nánari upplýsingar má nálgast í útboðslýsingu hjá SPRON Verðbréfum.

## „ORÐRÉTT“

### Óviðunandi

**„Það er algjörlega óviðunandi og óþolandi að leikskólinn sé settur í þá aðstöðu að vera orðinn skotspónn pólitískra deilumála.“**

JÓNÍNA LÁRUSDÓTTIR, LEIKSKÓLASTJÓRI Í FÁLKABORG Í BREIÐHOLTI, MÓTMÆLIR FYRIRHUGAÐRI KLOFNINGU MENNTARÁÐS. MORGUNBLAÐIÐ, 16. ÁGÚST.

### Þingmenn ráða ekki

**„Það verða um 850 manns sem kjósa á flokksþinginu en þingmennirnir hafa aðeins rétt til þess að greiða tólf atkvæði.“**

SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR, HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐHERRA, SEGIR ÞINGFLOKK FRAMSÓKNARFLOKKSINS EKKI RÁÐA HVER VERÐUR NÆSTI FORMAÐUR FLOKKSINS. FRÉTTABLAÐIÐ, 16. ÁGÚST.

**tilveran** *nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GYLFI ÓLAFSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI VESTURFERÐA

# Ástæðulaust að fresta Vestfjarðaferð

„Allt bara gott, ég hef verið upptekinn við að taka við ferðamönnum í sumar, bæði innlendum og erlendum, sem vilja koma hingað vestur og njóta ægifagrar náttúrunnar,“ segir Gylfi Ólafsson, framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar Vesturferða. Að sögn Gylfa er ferðaskrifstofan sú eina sem sinnir ferðamönnum sem kjósa að heimsækja svæðið.

„Við bjóðum upp á siglingar út í Vigur, sem er falleg eyja með mikið æðar- og lundavarp auk þess sem þar er að finna einu vindmyllu landsins,“ segir Gylfi, ferðamálafrömuður Vestfjarða. „Það er siglt frá Ísafirði alla daga klukkan tvö.“

Siglingin út í Vigur, en eyjan hefur verið kölluð perlan í Djúpinu, er ekki það eina sem Vesturferðir hefur á boðstólum, því ferðaskrifstofan býður einnig upp á margs konar spennandi gönguferðir. Má þar helst nefna gönguferð um Hornstrandir þar sem göngugörpum gefst færi á að skoða svæði sem lagðist í eyði fyrir um fimmtíu árum að sögn Gylfa.

„Aðsóknin er búin að vera þokkaleg í sumar, en þetta kemur allt með kalda vatninu, Veðrið er búið að vera fínt í sumar og vegirnir hafa batnað stórlega, svo fólk hefur enga ástæðu til að fresta Vestfjarðaferðinni,“ segir framkvæmdastjórinn metnaðarfulli.



Gylfi starfaði sem sumarstarfsmaður hjá Vesturferðum í fjögur sumur áður en að hann tók við stjórn ferðaskrifstofunnar núna í vor. „Mér líður vel hér, enda elska ég þetta svæði,“ segir Gylfi. „Í haust mun ég reka skrifstofuna áfram úr borginni, en ég er að fara setjast á skólabekk í Háskóla Íslands til að nema hagfræði,“ segir Gylfi sem er nýútskrifaður kennari frá Háskólanum á Akureyri. „Ég ætla að stunda nám meðfram vinnunni, enda ferðamennskan enn sem komið er tiltölulega árstíðabundin,“ segir Gylfi Ólafsson frá Ísafirði.








**KÆLIR SIG EFTIR ÁTÖKIN** Kantmaðurinn eldfljóti Jose Antonio Reyes sést hér kæla sig niður eftir átökin. Blíðskaparveður var í Laugardalnum á meðan leikurinn fór fram. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stemningin á vellinum jókst með lækkandi sól

**Alls mættu 12.327 áhorfendur á Laugardalsvöllinn í blíðskaparveðri á mánudaginn til að fylgjast með vináttulandsleik Íslendinga og Spánverja í knattspyrnu.**

Tilefnið var ærið, ekki einungis gafst þar kostur á að berja margar af skærari stjörnum knattspyrnunnar augum, heldur var nýja stúkan á Laugardalsvellinum vígð við þetta hátíðlega tækifæri.

Stemningin var góð og kliður fór um mannskapinn þegar hver stórstjarnan á fætur annarri steig fram á iðagrænan knattspyrnuvöllinn. Vinsældir knattspyrnunnar hér á landi eru óumdeilanlegar, það var greinilegt í gær því flestir í stúkunni vissu með hvaða liði hin og þessi knattspyrnuhetjan stundar íþrótt sína.

Eftir því sem sólin lækkaði jókst stemningin, því þegar leið á leikinn var hverjum ljóst að landsliðið okkar var ekki á leið til slátrunar eins og flestir höfðu búist við fyrir leik. Strákarnir báru enga virðingu fyrir stjörnunum, sem margar hverjar hafa unnið flesta titla sem í boði eru innan knattspyrnunnar. Ef eitthvað er, átti liðið okkar hættulegri færi og í hvert sinn sem okkar menn gerðu sig líklega jókst hávaðinn, eins og lög og reglur gera ráð fyrir.

Áhorfendur mynduðu bylgju í síðari hálfleik og fór hún hringinn um Laugardalsvöllinn í ein átta skipti, svo mikil var stemningin.



**FORMAÐURINN FYLGIST MEÐ STRÁKUNUM** Formaður KSÍ, Eggert Magnússon, lét sig ekki vanta á leikinn frekar en fyrri daginn.



**HJÁLMAR JÓNSSON LÆTUR SKOT RÍÐA AF** Þetta skot endaði ekki í netmöskvunum, heldur á meðal áhorfenda. Framherjarnir Veigar Páll Gunnarsson og Gunnar Heiðar Þorvaldsson bíða átekta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÁHORFENDUR Í ENDURGERÐU STÚKUNNI** Spennan skein úr andlitum þeirra 6.500 áhorfenda sem hreiðruðu um síg í endurgerðu stúkunni.


**Onde matar- og kaffistell**
**Franskt gæða postulín**



**Brúðkaupsgjafir**

**Óskalistar:** Við höldum vandlega utan um alla óskalista og öll brúðhjón sem setja saman óskalista hjá Líf&List fá veglega brúðkaupsgjöf frá versluninni.

Kokka&Hande · Líf&List SMÁRALIND sími 544 2140

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



LATÓ
HAGKERFIÐ
Þú færð LATÓ vörurnar í verslunum Hagkaupa
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
Latabæjar Orkubrauð
TREFJARÍKT FJÖLKORNA
100 LATÓ
Dreitill
100 LATÓ
Ávextir
100 LATÓ
Skyr.is
100 LATÓ
Grænmeti
100 LATÓ
Tannkrem
100 LATÓ
Orkuvatn
100 LATÓ
Latabæjar Ostur
Osta- og smjörsalan sf
100 LATÓ
Hagkerfið er opið frá 1. júlí til 19. ágúst.
www.glitnir.is/latibaer
GLITNIR
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Svona erum við

> Friðlýst svæði á Íslandi í ferkílómetrum.




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** BITTORRENT

# *Álaginu dreift á fjölmarga notendur*

Vinsældir skráskiptastaðalsins BitTorrent hafa aukist gríðarlega á Íslandi undanfarna mánuði, eða allt síðan internetþjónustur hófu að bjóða upp á ókeypis niðurhal erlendis frá.

**Hvað er BitTorrent?**
BitTorrent er skráskiptastaðall sem hannaður er til að dreifa stórum skrám yfir net á borð við internetið á þann hátt að álagið dreifist sem mest. Ólíkt hefðbundnu niðurhali, þar sem notandi sækir skrá frá einum vefþjóni, virkar BitTorrent þannig að notandinn sækir skrána frá öðrum sem eru að sækja skrána, ásamt því sem hann sendir hluta af skránni til annarra.

**Hvernig virkar BitTorrent?**
Sá sem upphaflega dreifir skrá með BitTorrent byrjar að senda hluta hennar til ákveðins fjölda notenda. Þegar hver þeirra notenda er kominn




Tölvuskjár með ólöglegum niðurhalsforritum í gangi.

með hluta af skránni byrjar hann að senda þá hluta sem hann er kominn með til enn fleiri notenda. Á meðan heldur hann áfram að ná í skrána frá þeim sem dreifði henni upphaflega. Þannig gengur þetta koll af kolli þar til allir eru komnir með skrána. Með þessu móti dreifist álagið á marga notendur í stað eins vefþjóns.

**Er BitTorrent ólöglegt?**
BitTorrent er eingöngu staðall sem lýsir hvernig skrá er send yfir net, og getur því ekki verið ólöglegur sem slíkur. Hins vegar er mjög algengt að skrám á borð við höfundarréttarvarðar bíómyndir, tónlist og tölvuleiki sé dreift með BitTorrent, þar sem það hentar einstaklega vel til að dreifa stórum skrám til mikils fjölda notenda á stuttum tíma. Því hefur BitTorrent fengið nokkuð slæmt orð á sig í netheiminum, en hafa verður í huga að ekki er við flutningsmátann að sakast þó hann sé stundum notaður til að flytja ólöglega hluti.








**SJEIK HASSAN NASRALLAH** Fjölmörgum myndum af leiðtoga Hizbollah-samtakanna hefur verið komið fyrir víða um Beirút og bera þær vitnisburð um áframhaldandi stuðning Líbana við Nasrallah. Hizbollah-samtökin aðstoða fólk við að endurbyggja hús sem sprengjur Ísraelshers lögðu í rúst í átökunum þar undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Félagsleg ábyrgð Hizbollah

**Herskár armur Hizbollah-samtakanna hefur fengið gríðarlega athygli undanfarið vegna átaka hans við Ísrael, sem lauk með vopnahléi á mánudag. En samtökin sinna mun víðtækara hlutverki en bara stríðsrekstri gegn Ísrael.**

Liðsmenn Hizbollah ganga nú á milli húsarústa í Suður-Líbanon og bjóða fólki mat og lyf, auk annarrar aðstoðar.

Athygli vekur að aðstoð þessi hófst ekki eftir að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna tókst að semja um vopnahlé milli Ísraels og Hizbollah, heldur hafa liðsmennirnir sinnt þessu starfi allan þann tíma sem sprengjum Ísraelshers rigndi yfir óbreytta borgara, stór svæði voru lögð í rúst og brýr og vegir eyðilagðir, í þeim yfirlýsta tilgangi að útrýma samtökunum.

Enda er félagsleg þjónusta samtakanna ein aðalástæðan fyrir vinsældum þeirra meðal Líbana, þrátt fyrir að Hizbollah sé á skrá Evrópusambandsins, Bandaríkjanna, Bretlands og fleiri ríkja yfir hryðjuverkasamtök.

**Uppruni samtakanna**
Samtökin Hizbollah voru stofnuð í Líbanon árið 1982, gagngert til að reka ísraelska herinn út úr Líbanon, og fengu þau til þess fjárstuðning frá Íran. Ísraelar höfðu þá nýverið ráðist inn í suðurhluta landsins og í arabaheiminum var almennt litið á Hizbollah sem andspyrnuhreyfingu sem ætti fullan rétt á sér. Árið 2000 var takmarkinu náð þegar ísraelskir hermenn yfirgáfu landið eftir átján ára hernám og jókst þá hróður Hizbollah til muna heima fyrir.

Leiðtogi Hizbollah er Sjeik Hassan Nasrallah og hann er jafnan talinn hugsuðurinn á bak við vopnaða baráttu samtakanna gegn Ísrael.

**Grasrótarsamtök**
Burtséð frá herskáum armi samtakanna, þá reka þau fjölmarga skóla, heilsugæslu og sinna félagsmálum á borð við uppbyggingu á húsum sem eyðilagst hafa í árásum Ísraela. Það eru fyrst og fremst sjía-múslimar, sem eru rúmur þriðjungur Líbana, sem njóta þjónustu Hizbollah.

Hizbollah er fullgildur stjórnmálaflokkur og sitja fjórtán þingmenn af 128 á þingi Líbanons fyrir hönd Hizbollah og tveir ráðherrar landsins koma úr þeirra röðum. Einnig gefa samtökin út tímarit og reka útvarps- og sjónvarpsstöð.

„Hizbollah eru grasrótarsamtök,“ segir Amal Saad Ghorayeb, stjórnmálafræðiprófessor við bandaríska háskólann í Líbanon og sérfræðingur í Hizbollah. „Þau útvega þjónustu frá vöggu til grafar, þau sjá um allar þínar félagslegu-, heilsugæslu- og velferðarþarfir. Það er einmitt þessi félagslega þjónusta sem hefur tryggt Hizbollah sess meðal sjíanna.“

**Stuðningur við sjía**
Líbanskir sjíar eru um 1,2 milljónir, sem gerir þá að fjölmennasta trúarhóp landsins. Jafnframt eru þeir fátækasti hópur Líbana, og hafa þeir löngum kvartað yfir lélegri félagslegri þjónstu líbanskra yfirvalda.

„Þetta er auðvitað ein ástæðan fyrir þessum harða stuðningi sjía við (Hizbollah),“ segir Ghorayeb.

Samtökin standa fyrir ýmiss konar félagslegri þjónustu og bjóða meðal annars fátækum og fötluðum upp á aðstoð við nám og heilsugæslu. Þá veita þau fjölskyldum Hizbollah-liða sem farast í átökum við Ísrael aðstoð, standa fyrir sorphirðu og vatnsveitu í Suður- og Austur-Líbanon, og reka meðal annars tólf skóla, fimm sjúkrahús og fjórtán heilsugæslur víðs vegar um landið.

Meðan á stríðinu stóð beindi Ísraelsher árásum sínum meðal annars að höfuðstöðvum þessarar félagslegu þjónustu Hizbollah og skutu á bæði skóla og sjúkrahús.

**Stuðningur sjíanna**
Stuðningur sjía við Hizbollah hefur síður en svo dvínað meðan á átökunum við Ísraelsher stóð.

„Hizbollah er fólkið og fólkið er Hizbollah,“ segir Hussein Ayoub, 56 ára gamall fyrrverandi vígamaður samtakanna, sem hafa greitt fyrir nám barna hans og hjartaaðgerð sem hann gekkst undir fyrir örfáum árum. Hann talaði við fréttamann AP-fréttastofunnar í skóla í Beirút þar sem hann bjó ásamt fjölskyldu sinni og öðru flóttafólki, eftir að Ísraelar lögðu heimili hans í rúst í upphafi átakanna.

„Ég er tilbúinn að fórna lífi mínu fyrir samtökin,“ sagði Ayoub.



FRÉTTASKÝRING
**SIGRÚN MARÍA KRISINSDÓTTIR**
smk@frettabladid.is





SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

# Flott fartölva og kúl kaupauki



## 129.900 kr.

+ kaupauki að verðmæti 22.790 kr.



Samsonite bakpoki



Verbatim 1GB minnislykill



Logitech vefmyndavél með heyrnartóli

Kaupauki að verðmæti

## 22.790 kr.

## HP Compaq nx6325 Sempron

**Örgjörvi:** AMD Sempron 3500+ Mobile Processor 2.0GHz
**Skjár:** 15" XGA 1024x768
**Minni:** 512MB DDR RAM SMART
**Harður diskur:** 80GB 5400rpm
**Drif:** DVD+/-RW (DVD skrifari)
**Skjákort:** ATI Mobility Radeon Xpress 1150 m/allt að 128MB video RAM
**Netkort:** 10/100/1000 mbit netstýring og 802.11b/g WLAN (Þráðlaust netkort)
**Rafhlaða:** 6-Cell Lithium-Ion rafhlaða
**Stýrikerfi:** Microsoft Windows XP Professional
**Þyngd:** 2,6 kg
**Ábyrgð:** 3 ára HP ábyrgð með HP Carepack (gildir í Evrópu EMEA)
Vörunúmer: HPEY358EA



## HP LaserJet 1018

Prenthraði 12 blaðsíður á mínútu í svart/hvítu.

**12.900 kr.**



hönnun Oddi vob_5320

Þegar þú kaupir skólavörur fyrir **3.000 kr.** eða meira færðu flottan sundpoka í kaupbæti!

ODDI SKRIFSTOFUVÖRUR

www.oddi.is

Borgartúni 29 • Reykjavík
Sími 515 5170 • Opið virka daga
kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-16

Höfðabakka 3 • Reykavík
Sími 515 5105
Opið virka daga kl. 8-18

Glerárgötu 34 • Akureyri
Sími 515 5160
Opið virka daga kl. 8-18




| SKEIFAN | BÍLDSHÖFÐI | HRINGBRAUT | BREIÐHOLT | NORÐURBRÚN | HVALEYRARBRAUT | MOSFELLSBÆR | SELFOSS | VESTMANNAEYJAR | ÞORLÁKSHÖFN |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| virkir dagar 11-19 | virkir dagar 11-19 | virkir dagar 11-19 | virkir dagar 11-21 | virkir dagar 11-21 | virkir dagar 11-21 | Allir dagar 12-23 | virkir dagar 11-19 | virkir dagar 11-19 | virkir dagar 11-19 |
| laugardagar 11-19 | laugardagar 11-19 | laugardagar 11-19 | laugardagar 11-21 | laugardagar 11-21 | laugardagar 11-21 | | föstudagar 11-20 | laugardagar 11-19 | laugardagar 11-19 |
| sunnudagar 12-18 | sunnudagar 12-19 | sunnudagar lokað | sunnudagar 12-21 | sunnudagar 12-21 | sunnudagar 12-21 | | laugardagar 11-19 | sunnudagar lokað | sunnudagar lokað |
| | | | | | | | sunnudagar lokað | | |



KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
799 kr. kg 950
SS pylsur + pennaveski tvöfaldur pakki
41% afsláttur
999 kr. kg 1724
Goði Gourmet Grísakótilettur léttreyktar
25% afsláttur
Oetker Pizza 3 tegundir
Krónan alltaf hagstæð!
Fylgir frítt með Ariel þvottaefni
Krónukrydduð lambasteik
998 kr/kg
Ariel þvottaefni 4 teg.
Lenor 2 ltr. fylgir frítt með.
2 fyrir 1
Bounty eldhúsrúllur
Bounty eldhúsrúllur
449 kr/2pk
Zendium barnatannkrem
147 kr/pk
Flash hreingerninga klútar
299 kr/pk
Pantene sjampó og hárnæring
289 kr/stk
Alltaf tilboð alla daga

## Hagur heimilanna

> Skráður fjöldi hjólhýsa og tjaldvagna




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** JÓNMUNDUR GUÐMARSSON, BÆJARSTJÓRI Á SELTJARNARNESI

## *Fékk leirdúfuna í hausinn af alefli*

„Stjórnmálamenn eru nú þekktir fyrir að setja sínar gjörðir í jákvætt ljós, jafnvel þær miður góðu, þannig að ég vil nú helst ekki gangast við neinum sérlega slæmum kaupum,“ segir Jónmundur aðspurður um verstu kaup hans. „Þurfi ég að telja eitthvað upp nefni ég leirdúfukastara sem ég og vinur minn Haraldur Johannessen, hagfræðingur og fyrrverandi aðstoðarmaður umhverfisráðherra, keyptum okkur fyrir nokkrum árum. Við erum báðir áhugamenn um skotveiði og til að verða sannar skyttur keyptum við saman handkastara til æfinga. Það rann hins vegar upp fyrir okkur að mikla lagni og talsverða krafta þurfti til að leirdúfan losnaði úr sæti sínu og kæmist á flug. Skemmst er frá því að segja að æfingin endaði á því að Haraldur þeytti dúfunni af alefli í höfuðið á mér af stuttu færi. Kastarinn góði hefur staðið óhreyfður í bílskúrnum síðan.“

Bestu kaupin segir hann vera sólpall sem þau hjónin létu smíða í sumar umhverfis húsið. „Það sér loks fyrir endann á þeirri langþráðu framkvæmd. Af einskærri bjartsýni og framkvæmdahug lét ég vélskóflu moka upp úr öllum garðinum í fyrravor og stóð í þeirri trú að allt yrði klappað og klárt mánuði seinna. Það sem ég hafði hins vegar gleymt að reikna með er hinn alkunni skortur á iðnaðarmönnum í bland við þann hæfileika margra þeirrar stéttar að fá mann til að trúa því að senn fari nú allt að gerast hjá manni. En nú er verkinu lokið og þessi prýðilegi pallur gefur húsinu og lífi fjölskyldunnar í því aukið gildi. Eftir á að hyggja hef ég sjaldan verið ánægðari með einstök kaup og er viss um að sú tilfinning mun endast að minnsta kosti fram á næsta ár þegar það kemur í hlut húsbóndans að bera viðarvörn á herlegheitin.“



## GÓÐ HÚSRÁÐ

### BERIN HÆGJA Á ÖLDRUN

■ *Sveinn Rúnar Hauksson læknir segir bláberjasúpu góða við niðurgangspestum en sjálfur er hann mikill berjamaður og gerir úr þeim sultu og súpu.*



Sveinn Rúnar mælir með því að fjölskyldan drífi sig í berjamó því þar fái fólk útiveru, hreyfingu og kyrrðina í náttúrunni allt í senn. Þá má að sjálfsögðu spara stórfé með því að tína berin í stað þess að kaupa þau. „Ég geri mikið af því að geyma berin sem ég tíni fersk og tek þau síðan úr frysti jafnóðum og geri úr þeim sultu. Með þessu móti þarf ekki eins mikinn sykur í sultuna.“

Sveinn segir berin holl og góð og í þeim séu öflug andoxunarefni sem eigi sinn þátt í að hægja á öldrun.

■ **Verslun og þjónusta**

## Víða skólatilboð á fötum á haustin



Margar fataverslanir eru með tilboð á ýmsum vörum á haustmánuðunum miðuð að því unga fólki sem er á leið í skóla á ný. Erfitt er að henda reiður á öllum tilboðunum og verður fólk bara að skoða sjálft. En til dæmis má nefna að verslunin Brim á Laugavegi er með skólatilboð á fötum, en það hljóðar upp á 9.900 krónur ef keyptar eru buxur og eitt af fernu, bolur, peysa, skyrta eða jakki. Dressman á Laugavegi er með tilboð á Batistini gallabuxum og kosta þær 2.990 krónur. Fleiri tilboða er að vænta á næstunni, að sögn búðarstarfsmanna.

■ **Tilboð hjá Vildarklúbbnum:**

## Lækkað verð með punktum

Handhafar Vildarkorts Visa og Icelandair geta nú nýtt sér tíu þúsund vildarpunkta sem sex þúsund króna greiðslu upp í hvaða flug sem er. Tilboðið gildir til 1. október 2006. Félagar í Vildarklúbbnum fá 3.000 til 14.400 vildarpunkta þegar þeir fljúga með Icelandair. Þar að auki fá handhafar Vildarkortsins punkta af erlendri veltu kortanna sem og viðbótarpunkta hjá samstarfsfyrirtækjum. Til að punktar skili sér inn á punktayfirlit þarf að skrá Sagakortsnúmerið við bókun ferðar. Ef punktar skila sér ekki er hægt að skrá flug með Icelandair allt að sex mánuði aftur í tímann á heimasíðu flugfélagsins.







**SKIPTIBÓKAMARKAÐUR GRIFFILS** Nóg þarf að kaupa af bókum fyrir veturinn og fer oft stór hluti sumarlauna nemenda í bókakaupin.

# Skólabækur fyrir minna á skiptibókamörkuðum

**Framhaldsskólarnir fara á fullt nú um mánaðamótin og ekki seinna vænna að útvega allt sem þarf til að geta byrjað skólaárið eftir sumarið. Skólabækur eru stór útgjaldaliður og því ekki úr vegi að rýna aðeins í hvar þær fást og hvernig best má komast frá því að eyða allri sumarhýrunni í þær.**

Meðal bókaverslana sem halda úti skiptibókamarkaði eru Griffill og Office 1 í Skeifunni, Eymundsson í Austurstræti og Mál og menning á Laugaveginum, svo dæmi séu tekin. Innkaupsverð og söluverð á bókunum er mismunandi eftir verslunum og sumar verslanirnar taka ekki við illa förnum bókum.

„Skiptibókamarkaðurinn hefur verið á mikilli ferð í svona tíu daga, en við lokum honum í raun aldrei yfir árið,“ segir Þórunn Inga Sigurðardóttir, verslunarstjóri í Pennanum Austurstræti. „En þetta eykst dag frá degi þar til skólarnir byrja í næstu viku. Við tökum við bókum og seljum þær aftur, en ef bækurnar eru úreltar er tekið við þeim og borgað 50 krónur fyrir. Við gerðum samning við Íslenska gámafélagið sem mun sjá um að endurvinna þær fyrir okkur.“

Þórunn segir alltaf vera líf og fjör í skiptibókasölunni. „Svo fylgir skafmiði með öllum bókum sem við tökum við og getum selt aftur. Í vinning eru til dæmis fartölvur, iPodar, minniskubbar og úttektir úr búðunum okkar. Við köllum þetta skiptimiða,“ segir Þórunn.

„Markaðurinn hefur gengið mjög vel, og er núna í fyrsta skiptið í sérhúsnæði við hliðina á hinni búðinni,“ segir Nína Kristbjörg Hjaltadóttir, verslunarstjóri í Griffli, Skeifunni. „Krakkarnir hafa farið af stað örlítið fyrr en undanfarin ár. Við gerum mikið af verðkönnunum og fylgjumst grannt með samkeppnisaðilunum. Við segjumst vera alltaf ódýrari og viljum standa við það. Ef við sjáum lægra verð annars staðar lækkum við okkar verð samkvæmt því. Við pössum vel upp á þetta og tökum alltaf inn mjög mikið af bókum. Ég tel að við séum með mjög góða þjónustu fyrir námsmenn.“

Fréttablaðið gerði óformlega könnun á hvað það kostar fyrir nemendur að hefja nám í tveimur framhaldsskólum, Menntaskólanum í Reykjavík og Menntaskólanum við Hamrahlíð. Tekinn var saman áætlaður kostnaður við bækur fyrir nýnema á málabraut í MR annars vegar og nýnema á félagsfræðibraut í MH hins vegar. Athugaður voru tvær verslanir með skiptibókamarkað, Penninn í Austurstræti og Griffill í Skeifunni. Griffill var með talsvert lægra verð á þeim bókum sem teknar voru inn í útreikningana. Það má útskýra að einhverju leyti með því að Griffill átti oftar notuð eintök af bókunum, en í Pennanum þurfti oft að kaupa bækurnar nýjar í plastinu. Meira var þó um að einstaka bækur af listanum fengjust ekki í Griffli, en í Pennanum.

steindor@frettabladid.is

**MENNTASKÓLINN Í REYKJAVÍK**

Dæmigerð bókainnkaup fyrir **fyrsta ár** nýnema á málabraut
Ódýrasti pakkinn í Pennanum: 39.740 kr.
Ódýrasti pakkinn í Griffli: 32.534 kr.

MENNTASKÓLINN Í HAMRAHLÍÐ

Dæmigerð bókainnkaup fyrir **fyrstu önn** nýnema á félagsfræðibraut
Ódýrasti pakkinn í Pennanum: 19.276 kr.
Ódýrasti pakkinn í Griffli: 14.435 kr.




Bestir í kjöti!
Hvúmm
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Úr Kjötborði Nóatúns
Úr Fiskborði Nóatúns
LAMBAHRYGGUR
AF NÝSLÁTRUÐU
1.498 kr. kg
LAMBALÆRI
AF NÝSLÁTRUÐU
1.398 kr. kg
KEILUSTEIK
Í KARRÝ
1.298 kr. kg
Ófrosið!
LAMBASÚPUKJÖT
AF NÝSLÁTRUÐU
498 kr. kg
30% afsláttur
NÓATÚNS HAKK
NAUTA- OG LAMBAHAKK
769 kr. kg
30% afsláttur
NAGGALÍNA
LAMBANAGGAR EÐA KJÖTBOLLUR
Svali
SVALI
3 STK Í PAKKA
5 TEGUNDIR
115 kr. pk.
Skyr.is
15% afsláttur
MYLLU
BRALLARABRAUÐ
149 kr. stk.
Finger
CADBURY
SÚKKULAÐIFINGUR
LJÓST EÐA DÖKKT SÚKKULAÐI
169 kr. pk.
...mmm NÓATÚN -hljómar vel!

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.446 **+0,79%** **Fjöldi viðskipta:** 225 **Velta:** 23.678 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Flaga** | +4,44% | **Mosaic** | -0,56% |
| **Glitnir** | +1,71% | **Bakkavör** | -0,59% |
| **FL Group** | +1,27% | **Dagsbrún** | -0,59% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 64,00 +0,00% ... Alfesca 4,25 +0,71% ... Atlantic Petroleum 555,00 +0,00% ... Atorka 5,80 +0,00% ... Avion 31,90 +0,63% ... Bakkavör 51,00 -0,59% ... Dagsbrún 5,29 -0,56% ... FL Group 16,00 +1,27% ... Glitnir 17,90 +1,71% ... KB banki 717,00 +0,99% ... Landsbankinn 21,80 +0,93% ... Marel 81,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,90 -0,59% ... Straumur-Burðarás 15,80 +0,64% ... Össur 113,00 +0,44%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Verri en Svíagrýlan

Viðskiptablaðamennirnir hjá Berlingske Tidende, Egil Evert og Ole Mikkelsen, eru ekki í miklum metum hjá íslenskum viðskiptajöfrum, sem reyna að gera garðinn frægan í Danmörku, og verða seint tilnefndir til fálkaorðunnar. Telja Íslendingarnir að þeir félagar dragi undantekningarlaust upp svarta mynd af íslenskum fyrirtækjum og kaupahéðnum og fari rangt með staðreyndir. Er mörgum farið að líða eins og Arngrími lærða áður en hann fékk nóg og gaf út Crymogæa sem svar við níðskrifum erlendra manna um Ísland. Einkum hefur gagnrýni Berlingske beinst að FL Group og finnst forsvarsmönnum FL illa að sér vegið. Þar er ýjað að því að FL Group hafi verið að fikta í hlutabréfasafni sínu seinni hlutann í júní til þess að hækka gengi skráðra hlutabréfa fyrir lok uppgjörstímabils. Eftir það hafi bréfin lækkað.



### Dótakauphöll og ódýra fjöreggið

Á miðvikudaginn greindi blaðið frá uppgjöri FL á fyrstu sex mánuðum ársins. Þar er meðal annars haldið því fram að Sterling sé rekið með bullandi tapi en ekkert minnst á það að norræna lággjaldaflugfélagið hafi sýnt hagnað á öðrum ársfjórðungi og mikill einskiptiskostnaður hafi fallið til vegna sameiningar Sterling og Maersk Air. Einnig er því haldið fram að auk Sterling eigi FL Group lággjaldaflugfélagið Icelandair. Það hljómar eitthvað einkennilega í eyrum þeirra Íslendinga sem hafa ferðast á okurprísum með „fjöreggi þjóðarinnar." Í lok greinarinnar kemur fram að hlutabréf FL Group hafi hækkað í litlu kauphöllinni í Reykjavík eftir birtingu afkomutalna.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Margrét Jónsdóttir, stjórnarmaður í Marel hf., hefur keypt fimmtíu þúsund hluti í félaginu á genginu 81. Andvirði viðskiptanna er rúmar fjórar milljónir króna.

Velta á skuldabréfamarkaði nam 13,8 milljörðum króna gær og ávöxtunarkrafa flestra skuldabréfa lækkaði þrátt fyrir stýrivaxtahækkun. Í Vegvísi Landsbankans segir að trú innlendra og erlendra aðila á íslenskt efnahagslíf hafi aukist.

Vísitala framleiðsluverðs hækkaði um 11,5 prósent á öðrum ársfjórðungi og mælist 118,8 stig. Hefur vísitalan hækkað um tæp átján prósent síðastliðið ár.



**ÓLAFUR DARRI ANDRASON** Aðalhagfræðingur ASÍ segir ljóst að verðbólga muni fara ört lækkandi.

## Vaxtahækkun nú gagnrýnd

ASÍ og Samtök atvinnulífsins gagnrýndu í gær ákvörðun Seðlabankans hækkun stýrivaxta.

„Við teljum að Seðlabankinn hefði ekki átt að hækka stýrivexti núna. Þeir eru þegar orðnir mjög háir og ýmis teikn á lofti um að það hægi á verðbólguhraðanum, segir Ólafur Darri Andrason," aðalhagfræðingur ASÍ. Segir hann að skynsamlegra hefði verið að bíða og sjá hvort þörf væri fyrir frekari hækkanir. Þegar hafi verið gripið til aðgerða til að ná verðbólgunni niður og næstum megi fullyrða að næstu mælingar gefi til kynna að verðbólga lækki.

ASÍ bendir jafnframt á að áhrif stýrivaxtahækkana komi inn á einu og hálfu til tveimur árum. Því sé hætta á að þessi hækkun muni að fullu skila sér inn í hagkerfið á sama tíma og búast megi samdrætti í efnahagslífinu. Það að keyra upp stýrivexti í lok hagvaxtarskeiðsins á þennan hátt geti valdið því að lending hagkerfisins verði harkalegri en hún hefði ella verið. **- hhs**

# Vextir hækkaðir í 13,5 prósent

**Eftir 50 punkta stýrivaxtahækkun Seðlabankans standa stýrivextir hér í 13,5 prósentum. Bankinn kynnti ákvörðun sína í gær og telur enn þörf á aðhaldi í peningamálum þótt verðbólga hafi reynst eilítið minni en ráð var fyrir gert í síðustu spá bankans.**

Bankastjórn Seðlabanka Íslands kynnti í gær ákvörðun sína um að hækka stýrivexti bankans um 0,5 prósentustig í 13,5 prósent. Vaxtaákvörðunin í gær var utan hefðbundinna vaxtaákvörðunardaga ársins, en þörf var talin á að meta aðstæður á ný nú um miðjan ágúst vegna aðstæðna í efnahagslífinu.

Stýrivaxtahækkunin er lægri en þrjár síðustu hækkanir sem allar hafa verið upp á 0,75 prósentustig.

Davíð Oddsson, seðlabankastjóri, sagði þegar ákvörðunin var kynnt að þrátt fyrir að verðbólga væri aðeins undir síðustu spá bankans væri óhjákvæmilegt að hækka vexti, enda sæjust ekki ótvíræðar vísbendingar um lækkun verðbólgunnar. Þórarinn Pétursson, staðgengill aðalhagfræðings bankans, segir enda eiga eftir að koma í ljós hvort horfur hafi batnað, eða hvort verðbólgutoppnum hafi einfaldlega seinkað. Davíð segir bankann þó sjá jákvæðar vísbendingar og vísað þar meðal annars til aðgerða stjórnvalda til að slá á þenslu. „Bankinn er samt ekki á þessari stundu að tilkynna að vaxtahækkunarferlinu sé lokið. Við tilkynnum það þegar það er tímabært og þar er það ekki ennþá," segir hann.

Davíð sagði jafnframt að Seðlabankinn gæti að stærstum hluta tekið undir með skýrslum frá bæði OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem kynntar voru í síðustu viku, en í þeim var talin þörf á ströngu aðhaldi í peningamálum enn um sinn og háum vöxtum. Í þeim skýrslum báðum var einnig vikið að stöðu Íbúðalánasjóðs og hann sagður steinn í götu vaxtastefnu Seðlabankans. Davíð sagði ríða á að ríkisstjórnin fylgdi yfirlýstri stefnu um að eyða óvissu um málefni sjóðsins. „Þeim yfirlýsingum hefur ekki verið fylgt nægilega fast eftir. Við sjáum að ekki gengur upp að hafa kerfið með þeim hætti sem það er núna. Menn verða að finna á þessu flöt og því fyrr því betra," segir hann og kveður það vera veikleikamerki í efnahags- og hagstjórn hverfi menn frá fyrirætlunum um að breyta sjóðnum. „Líka í því ljósi að matsfyrirtæki hafa lagt yfirlýsingar ríkisvaldsins til grundvallar í greiningum sínum á öryggi fjármálakerfisins og mati á stöðu Íslands."



**FRÁ KYNNINGU SEÐLABANKANS Í GÆR** Ingimundur Friðriksson og Davíð Oddsson seðlabankastjórar sjást hér með Þórarni Péturssyni, staðgengli aðalhagfræðings Seðlabankans. Þeir fóru í gær yfir rökstuðning vaxtaákvörðunar bankans og svöruðu spurningum fjölmiðla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hækkunin er í samræmi við spár greiningardeilda bankanna sem gerðu ráð fyrir 50 til 75 prósentustiga hækkun. Eftir að bankinn tilkynnti um hækkun sína í gær styrktist gengi krónunnar um 1,3 prósent. Þá lækkaði ávöxtunarkrafa nokkuð bæði á verðtryggðum og óverðtryggðum bréfum í viðskiptum gærdagsins og hlutabréf hækkuðu í verði.

„Seðlabanki Íslands mun fylgjast grannt með vísbendingum um breytingar á horfum í efnahagsmálum," segir Davíð, en næst endurskoðar bankinn stýrivexti sína 14. september. „Sú næsta þar á eftir verður birt fimmtudaginn annan nóvember næstkomandi samhliða útgáfu næsta heftis Peningamála." **olikr@frettabladid.is**




# Dagsbrún tapar 1,5 milljarði á árinu

## Uppgjörið langt undir spám. Eignir fjórfaldast.

Dagsbrún tapaði rúmum 1,5 milljarði króna á fyrri hluta ársins, þar af 1,3 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi. Tap félagsins á síðasta ársfjórðungi er margfalt meira en markaðsaðilar reiknuðu með. Spáðu þeir að niðurstaðan yrði á bilinu -101 til 328 milljónir króna.

Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar, segir í tilkynningu að afkoma félagsins eigi að vera betri en niðurstöðurnar sýna. Verkefni á seinni hluta árs verði að vinna að kostnaðarþáttum.

Uppgjörið markast af miklum fjármagnsgjöldum, vegna gengislækkunar krónunnar, verðbólguskots, hækkun skulda vegna nýrra fjárfestinga og hækkandi vaxta. Alls námu þau 2,4 milljörðum.

Tekjur samstæðunnar námu 20,2 milljörðum króna á fyrri hluta árs og jukust um 188 prósent milli ára. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 1,9 milljarðar króna á tímabilinu.

Eignir Dagsbrúnar námu 91,6 milljörðum króna um mitt ár og hafði eiginfjárhlutfall lækkað úr 38,4 prósentum um áramót í 19,3 prósent þann 30. júní. Hafði efnahagsreikningur félagsins fjórfaldast frá byrjun árs meðal annars vegna yfirtöku á Kögun.

Dagsbrún er eigandi 365 prentmiðla sem er útgefandi Fréttablaðsins. **- eþa**



**MIKIÐ TAP HJÁ DAGSBRÚN** Þórdís Sigurðardóttir stjórnarformaður og Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar, á aðalfundi félagsins fyrr á árinu.

**AFKOMA DAGSBRÚNAR Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI OG SPÁR MARKAÐSAÐILA***

| | |
|---|---|
| **Tap Dagsbrúnar** | **-1.327** |
| Spá Glitnis | -101 |
| Spá KB banka | 328 |
| Spá Landsbankans | -60 |
| Meðaltalsspá | 56 |

* Í milljónum króna

## Úrskurði FME var hnekkt

Kærunefnd hefur fellt úr gildi úrskurð Fjármálaeftirlitsins (FME) um að hópur stofnfjáreigenda í Sparisjóði Hafnarfjarðar fari sameiginlega ekki með meira en fimm prósent atkvæðisréttar.

Í rökstuðningi Kærunefndarinnar segir að ekki verði komist hjá því að ómerkja úrskurðinn. FME sé fyrir það fyrsta ekki heimil meðferð málsins meðan það liggur fyrir öðru stjórnvaldi.

Fjármálaeftirlitið hóf síðastliðið haust rannsókn á því hvort myndast hefði virkur eignarhlutur í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Rannsóknin fylgdi í kjölfar umfangsmikilla viðskipta með stofnbréf í sjóðnum. -jsk

## Kaupa stærri hlut í Glitni

FL Group hefur aukið hlut sinn í Glitni banka um þrjú prósent, úr 24,4 prósentum í 27,6. Kaupin fóru fram á genginu 17,7 og námu alls rúmlega átta milljörðum króna. Ætla má að heildarmarkaðsvirði bréfanna nemi rúmum sjötíu milljörðum króna og er þetta langstærsta eign fjárfestingafélagsins.

FL Group hefur verið duglegt að kaupa hlutabréf í Glitni frá áramótum en í byrjun árs nam eignarhluturinn alls tíu prósentum. Hannes Smárason, forstjóri FL Group, lýsti því yfir fyrr í sumar að fyrirtækið hefði áhuga á að stækka hlut sinn í Glitni og hefur það verið gert nokkru sinnum síðan.

Eftir sem áður er félagið stærsti hluthafi bankans. - eþa



**REYKJANESBÆR** Eignir Sparisjóðs Keflavíkur eru metnar á 38 milljarða króna.

## SpKef græddi einn milljarð

Sparisjóðurinn í Keflavík hagnaðist um 1.036 milljónir króna á fyrri hluta ársins samanborið við hálfan milljarð á sama tímabili í fyrra. Árið 2005 var hagnaður sjóðsins 1.150 milljónir. Arðsemi eigin fjár nam 55 prósentum á fyrri hluta árs.

Hreinar vaxtatekjur drógust saman um átján prósent en aðrar rekstrartekjur tvöfölduðust milli tímabila. Þar af var gengishagnaður og tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum 1,3 milljarðar á fyrri helmingi árs. Sparisjóðurinn á 3,1 prósents hlut í fjármálaþjónustufyrirtækinu Exista sem skilaði drjúgum tekjum.

Eignir SpKef voru tæpir 38 milljarðar króna hinn 30. júní og eigið fé var tæpir 4,7 milljarðar. Eiginfjárhlutfall (CAD) sparisjóðsins var 10,45 prósent um mitt þetta ár. - eþa





ENNEMM / SÍA / NM22271

*Miðað við meðalakstur í 6 mánuði og 50.000 kr. bensínkort frá EGO

VERÐBÓLGAN HEFUR ENGIN ÁHRIF Á OKKAR BÍLA!

NÝ MICRA OG ÞÚ BORGAR AÐEINS 19.000* KR. Á MÁNUÐI!

Nissan Micra er nettur og ljúfur bíll en líka sá rúmbesti í sínum flokki. Micra er lyklalaus, með regnskynjara, 6 diska geislaspilara og svo eyðir hún nánast engu og nú fylgir 50.000 kr. bensínkort frá EGO öllum seldum Nissan Micra. **Öllu Micra verður það ekki!**

Nissan Micra 5 dyra beinskiptur

**Verð aðeins 1.549.000 kr.**

Verð áður ~~1.665.000 kr.~~

KAUPAUKI! 50 ÞÚSUND KRÓNA BENSÍNKORT FRÁ ego FYLGIR MEÐ!

*Miðað við 20% útborgun og bílasamning Lýsingar í 84 mánuði.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt | Akranesi 431 1376 | Akureyri 464 7942 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Njarðvík 421 8808 | Reyðarfirði 474 1453

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Þær eru komnar vinsælu, ódýru kerrurnar okkar



LCI-830, 102x122sm kr. 29.800,-



LCI-850, 122x244sm kr. 48.800,-



LCI-745, 128x158sm kr. 51.200,-



LCI-958, 152x244sm kr. 84.500,-



LCI-880, 392x134sm kr. 65.100



LCI-887, 548x170sm kr.115.600

Goddi.is S. 5445550.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Könnun á vegum og umhverfi þeirra

## Vegakerfið

Tugir þúsunda landsmanna hafa í sumar kynnst vegum í landshlutum sem þeir eiga ekki daglega leið um og flestir ef ekki allir eru sammála um að víða sé þörf á vegabótum og sumir vegir séu hreinlega óframbærilegir. Umferðin um þjóðvegina hefur líka stóraukist, bæði vegna mjög aukinnar bifreiðaeignar og ekki síður vegna hinna mjög auknu landflutninga, þar sem stórir flutningabílar með mikla aftanívagna geysast um mjóa vegi á hámarkshraða. Þeir skjóta mörgum ökumönnum á fólksbílum skelk í bringu þegar þeir koma á móti þeim með viðeigandi sviptivindi.

Það kalla margir á betri vegi, sem vonlegt er, en það eru ekki allir sömu skoðunar um á hvað eigi að leggja megináherslu í þeim efnum. Þarna togast töluvert á sjónarmið þeirra sem vilja leggja megináhersluna á mislæg gatnamót og greiðar akstursleiðir til og frá höfuðborgarsvæðinu og innan þess, og svo hinna sem búa við fáfarna vegi á landsbyggðinni og gera ekki aðrar kröfur en að vegir séu þannig að þeir séu sæmilega færir allan ársins hring.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda hefur í gegnum árin barist fyrir bættu vegakerfi og í vikunni greindi félagið frá verkefni sem það hefur unnið að um gæða- og öryggiskröfur vega hér á landi undir merkjum EuroRap, sem eru samtök bifreiðaeigenda í 25 Evrópulöndum. Þegar hafa helstu vegir út frá höfuðborgarsvæðinu verið teknir til athugunar, eða til Keflavíkur, austur fyrir fjall og upp í Borgarnes. Samkvæmt því kerfi sem FÍB vinnur eftir, fá vegakaflar einkunn eftir ákveðnum reglum, og er þá vegurinn sjálfur ásamt umhverfi hans metið. Í þessum hluta landsins ætti vegakerfið að vera einna fullkomnast, en þegar að er gáð er víða gloppur þar að finna, sem huga þarf betur að samkvæmt könnun FÍB. Ætlunin er að taka marga aðra aðalvegi landsins til athugunar á þennan hátt og er það vel. Verður fróðlegt að fylgjast með framvindunni og hvaða einkunn íslenskir vegir fá í samanburði við vegi í öðrum Evrópulöndum. Hér eru að vísu engar hraðbrautir eins og víða á meginlandi Evrópu en engu að síður virðast margir erlendir ökumenn halda að svo sé, ef marka má hraðakstur þeirra á undanförnum dögum á greiðfærum vegum á Suðurlandi. Það getur verið freistandi að spretta úr spori á auðum vegi á góðum degi, en nú virðist sem meira umferðareftirlit sé þar og þess vegna lenda fleiri en áður í hraðamælingageisla lögreglunnar.

Vegagerð hefur mikið farið fram hér á síðustu árum, en víða háttar þó þannig til að gamlir vegir hafa aðeins verið lagfærðir og síðan lagt á þá bundið slitlag. Þessir vegir þola engan veginn þá miklu umferð sem nú fer um þá, og má víða sjá þess merki. Aðra sögu er hins vegar að segja af nýgerðum vegum, og fá þeir væntanlega góða einkunn í FÍB-könnuninni.

Vegagerðin virðist ekki hafa tekið beinan þátt í þessari vegakönnun sem um ræðir og kemur það undarlega fyrir sjónir, því þar á bæ eru á einum stað mestu upplýsingar um vegakerfið hér á landi. Þar hafa menn greinargóðar upplýsingar um hvar flest og alvarlegust umferðarslys hafa orðið á undanförnum árum, og það var m.a. á grundvelli þeirra upplýsinga sem ráðist var í tvöföldun Reykjanesbrautar. FÍB og Vegagerðin ásamt öðrum umferðaryfirvöldum ættu því að sameina krafta sína varðandi úrbætur á vegakerfinu, þannig að sem mest fáist fyrir það fé sem ætlað er til vegagerðar.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Et tu, Brute

Deilurnar um Kárahnjúkavirkjun standa enn sem hæst og nýverið hefur umræða um sprungusvæðið undir virkjuninni sprottið upp að nýju. Virtir vísindamenn hafa lagt þar orð í belg og nú síðast birtir Mogginn heilsíðuviðtal við bandarískan vatnsaflsverkfræðing og prófessor sem spáir því að stíflan mikla muni leka nánast frá upphafi og gerir því jafnvel skóna að hún geti allt eins brostið. Þykja það tíðindi að Mogginn leggi hlustir við hrakspám af þessu tagi en hingað til hefur hann frekar verið virkjuninni hliðhollur. Hins vegar munu fleiri skýrslur vísindamanna, innlendra sem erlendra, um þær hættur sem leynast undir Kárahnjúkavirkjun, vera væntanlegar á næstunni.



### Össur vill kallana

Það hefur verið til siðs í íslenskri pólitík að þingmenn einstakra stjórnmálaflokka tjá ekki opinberlega hug sinn til formannskosninga í öðrum flokkum, þó þeir hafi kannski sínar óskir í þeim efnum. Þetta kann að vera að breytast með þeim vaxandi fjölda þingmanna sem viðra skoðanir sínar á netinu, margir hverjir daglega. Össur Skarphéðinsson veltir væntanlegu formannskjöri í Framsóknarflokknum fyrir sér í netpistli og þó hann nefni ekki beint hvern hann vilji sjá í forystunni óskar hann þess helst að Framsókn bjóði landsmönnum upp á tvo kalla sem eru að detta inn á sjötugsaldurinn fyrir næstu kosningar!

### Fínt að hafa heimasíðu

Talandi um netskrif þingmanna þá kemur fram á vef Alþingis að 29 þingmenn halda úti heimasíðum. Tæpur helmingur þingmanna þjóðarinnar nýtir sér sem sagt þá upplýsingaveitu sem netið er og ekkert nema gott um það að segja. Þegar síðurnar eru hins vegar skoðaðar kemur á daginn að blessaðir þingmennirnir eru misduglegir að uppfæra þær. Þannig er síða Guðjóns Arnars, Kristjánssonar formanns Frjálslyndra, síðast uppfærð í september 2004 og síðasta færsla á heimasíðu Guðrúnar Ögmundsóttur, þingkonu Samfylkingar, er frá janúar á sama ári. Þessi tvö eiga þó ekki metið því Samfylkingarfólkið Rannveig Guðmundsdóttir og Lúðvík Bergvinsson hafa ekki skrifað stafkrók á heimasíður sínar síðan í lok árs 2002!

ssal@frettabladid.is

## Hernaður gegn jöfnuði

Í DAG
HERNAÐUR



ÞORVALDUR GYLFASON

*Jöfnuður á Íslandi var löngum talinn svipaður og annars staðar um Norðurlönd, en svo er ekki lengur.*

Þegar kvótakerfið var tekið upp 1984 með endurgjaldslausri úthlutun aflakvóta til útvegsmanna, vöruðu margir við því, að þar væri að óþörfu verið að stíga stórt skref í átt til aukins ójafnaðar á Íslandi. Rökin gegn endurgjaldslausri úthlutun og þá um leið með veiðigjaldi í einhverri mynd snerust bæði um hagkvæmni og réttlæti og ófust saman, því að ranglæti hneigist jafnan til að rýra hagkvæmni eftir ýmsum leiðum, til dæmis með því að tefla auði og völdum upp í hendur óverðugra, sem kunna með hvorugt að fara. Ójafnaðarmenn ganga þá á lagið, og misskipting auðs og tekna vindur upp á sig. Með tímanum tók að bera á aukinni misskiptingu, svo sem vænta mátti, en um þessa þróun var þó engum opinberum staðtölum til að dreifa þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir. Þetta er ekkert smámál. Hvað segðu menn, ef engar upplýsingar lægju fyrir um hagvöxt og umræðan um hann væri öll byggð á sandi? Veiðigjald var leitt í lög eftir dúk og disk.

Ísland er nær eina Evrópulandið, sem engar tekjuskiptingartölur eru birtar um í alþjóðlegum skýrslum. Ekki þar fyrir, að einkaaðilum eins og til dæmis mér sjálfum sé um megn að gera þessa útreikninga, alls ekki. Kjarni málsins er sá, að stjórnvöldum ber skylda til að safna og dreifa upplýsingum um helztu þætti efnahagsmála, og þá einnig um tekjuskiptingu. Opinberar tölur verða ekki vefengdar í hráskinnsleik stjórnmálanna líkt og ýmsir stjórnmálamenn voga sér stundum að vefengja réttar upplýsingar frá einkaaðilum. Ég sneri mér því að gefnu tilefni til ríkisskattstjóra nú í vor og óskaði eftir því, að embættið reiknaði og birti vísitölu ójafnaðar, svo nefndan Gini-stuðul, tólf ár aftur í tímann. Nú liggja tölur ríkisskattstjóraembættisins um Ísland fyrir, svo að hægt er að ganga að þeim vísum á vefsetri embættisins og einnig á vefsetri mínu.

Tölurnar sýna, að áhyggjur manna af auknum ójöfnuði reyndust eiga við gild rök að styðjast. Ójöfnuður á Íslandi hefur aukizt til muna ár fram af ári síðan 1993. Gini-stuðullinn er viðtekinn mælikvarði á misskiptingu tekna milli manna og er reiknaður úr gögnum um neyzluútgjöld heimilanna eða tekjur, ýmist samkvæmt neyzlukönnunum eða skattframtölum, og tekur í minnsta lagi gildið 0, ef allir hafa sömu tekjur eða neyzlu (fullkominn jöfnuður), og í mesta lagi 100, ef allar tekjur og neyzla falla einum manni í skaut (fullkominn ójöfnuður). Séu tekjur mælikvarðinn, er helzt miðað við heildartekjur að greiddum sköttum og þegnum bótum, svo að tekjujöfnunaráhrifum skatta- og tryggingakerfisins sé haldið til haga. Ef horft er til heimsins alls, nær Gini-stuðullinn frá 25 í Danmörku, Japan, Belgíu, Svíþjóð og Tékklandi, þar sem tekjuskiptingin er jöfnust, upp í 71 í Afríkulandinu Namibíu, þar sem hún er nú talin vera ójöfnust.

Jöfnuður á Íslandi var löngum talinn svipaður og annars staðar um Norðurlönd, en svo er ekki lengur. Samkvæmt ríkisskattstjóra var Gini-stuðull Íslands í fyrra 36 eins og á Bretlandi, en þar er misskipting tekna meiri en annars staðar í Evrópu nema í Eistlandi, Portúgal og Tyrklandi. Tölurnar um Ísland eiga við ráðstöfunartekjur sambýlisfólks með fjármagnstekjum samkvæmt skattframtali ásamt barna- og vaxtabótum að frádregnum tekju-, eignar- og fjármagnstekjuskatti. Tölur ríkisskattstjóra sýna, að jöfnunaráhrif skatta- og tryggingakerfisins hafa minnkað jafnt og þétt allt tímabilið. Breytingar á skattkerfinu og tryggingakerfinu undangengin ár hafa því dregið úr jöfnuði. Íslenzki Gini-stuðullinn hefur að jafnaði hækkað um eitt stig á ári og vel það síðan 1993. Mér er ekki kunnugt um, að svo skyndileg umskipti í tekjuskiptingu hafi nokkurn tímann átt sér stað í nokkru nálægu landi, þótt misskipting tekna hafi víða færzt í vöxt að undanförnu vegna tækniframfara og aukinna viðskipta. Tíu stiga munur á Gini-stuðlum milli landa svarar til munarins á jöfnuði í tekjuskiptingu í Noregi og á Bretlandi. Það yrðu væntanlega uppi fótur og fit meðal Norðmanna, ef tekjuskiptingin þar í landi hefði á röskum áratug færzt í sama horf og á Bretlandi og stefndi hraðbyri á Bandaríkin, þar sem ójöfnuður er mun meiri en annars staðar í okkar heimshluta, án þess að frá því væri greint á áberandi stað í opinberum hagskýrslum. Nú hefur ríkisskattstjóri svipt hulunni af þessari viðkvæmu hlið á þróun íslenzks samfélags undangengin ár. Svona eiga sýslumenn að vera.





MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

## ALLT HITT

[ HEILSA, TÍSKA OG HEIMILI ]

**World Class** hefur ásamt fjárfestum keypt keðju heilsuræktarstöðva í Danmörku sem heita Equinox, en stöðvarnar eru 13 talsins og flestar á Jótlandi. Frá og með 1. september geta World Class korthafar æft í Equinox-stöðvum í allt að hálfan mánuð í senn.



**Helgarsprengja** stendur nú yfir í Húsasmiðjunni og fram á mánudag. Á heimasíðu Húsasmiðjunnar segir að þar megi finna vörur með allt að 60 prósenta afslætti og því ætti að vera hægt að gera fín kaup enda besti tíminn til þess að kaupa sumarvörur akkúrat núna.

**Ein** af sjö flottustu tískuvöruverslunum heims er staðsett í miðbæ Reykjavíkur samkvæmt tískutímaritinu Eurowoman. Verslunin heitir Kronkron og er skemmtileg og flott auk þess sem starfsmenn hennar eru fagmenn fram í fingurgóma.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 17. ágúst, 229. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.24 | 13.32 | 21.37 |
| Akureyri | 4.58 | 13.16 | 21.32 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Elísabet og hin doppótta og sæta regnkápa sem var keypt í leikfanga- og barnafataversluninni Einu sinni var.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Fann kápu í leikfangabúð

***Elísabet Alma Svendsen datt í lukkupottinn fyrir nokkrum mánuðum þegar hún fann flotta regnkápu á stað sem fáar stúlkur á hennar aldri kíkja inn í.***

„Ég fékk kápuna í dóta- og barnafataversluninni Einu sinni var í Fákafeni, við hliðina á ísbúðinni. Ég var leiðinni að fá mér ís en sá kápuna í glugganum og ákvað að kaupa hana,“ útskýrir Elísabet brosandi. Síðan Elísabet keypti kápuna hefur hún verið mikið notuð enda hefur sumarið ekki beint verið upp á sitt besta í ár. Elísabet segist hafa fengið töluverð viðbrögð frá fólki út af kápunni og að fólk horfi oft undrandi á allar litríku doppurnar.

Elísabet segir hins vegar að þessi kaup séu ekkert einsdæmi, hún hafi áður keypt föt í barnafataverslunum. „Þetta er heldur ekkert svo dýrt. Kápan er líka mjög flott enda hönnuð af Madonnu og heitir eftir barnabók sem hún gerði, The English Roses.“

Almennt segist Elísabet vera mikið fyrir liti og því falli regnkápan vel að hennar fatasmekk. „Það er búið að vera mjög mikið af litum í sumar og svo finnst mér líka gaman hvað er að koma mikið af fötum frá áttunda áratugnum,“ segir Elísbet en hún vonast eftir að litirnir verði eins áberandi í vetur.

Elísabet er starfsmaður í tískuvöruverslunni Rokk og rósir á Laugaveginum og því þarf ekki annað en leggja saman tvo og tvo til þess að átta sig á því að hún hafi mikinn áhuga á tísku. Hún viðurkennir líka fúslega að hún eyði of miklum peningum í föt í hverjum mánuði, að minnsta kosti aðeins of miklu. „Mamma kvartar stundum yfir þessu enda flæðir gjörsamlega út úr fataskápnum. Ég dreg samt ekkert úr fatakaupnunum, ég stækka bara frekar fataskápinn,“ segir Elísabet að lokum og hlær. *steinthor@frettabladid.is*








nýbýlavegi 18 I s. 517 2100

mubla

Mubla færir þér...
Heim þægindanna
– World of Comfort

Þýski húsgagnaframleiðandinn W.Schillig hannar og framleiðir einstaklega falleg og sterk húsgögn sem uppfylla hæstu gæðakröfur og svara um leið þörfum og óskum viðskiptavina.

Um leið og húsgögnin okkar flytja inn til þín fyllist heimilið af þægindum og fær nýjan blæ. Heimur þægindanna færir þér hamingju.

Framleiðsla fyrirtækisins er virt um allan heim – og á alls staðar heima.

Rétt meðferð færir þér fimm ára ábyrgð.



**Lopapeysur** eru ekki bara hentugar í útileguna og sveitina heldur eru þær smart yfirhöfn sem hægt er að nota árið um kring.



Tölvutöskur
fyrir dömur og herra
Drangey
Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is

Nýtt á Íslandi! NO STRESS pompea

Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.

STÚLKUR & STÆLGÆJAR
BARNAFATAVERSLUN
Full búð af nýjum vörum
Komið og gerið góð kaup.
VERIÐ VELKOMIN
STÚLKUR & STÆLGÆJAR - HVERAFOLD 1-3
112 REYKJAVÍK - S: 566-5010


naturasun
Tilboð á brúnkumeðferð sjö litir
kr. 2.900
SPA fegurð
Laugavegur 96 (Toni&Guy) S: 517 7776
Heiðdís Steinsdóttir, snyrtifræðingur og María Tamimi, snyrtifræðingur
Skoðið heimasíðuna okkar www.spa-fegurd.com


HLÝJAR Í VETUR
HÚFUR SEM HLÆJA
Skólavörðustíg 18
www.hsh.ehf.is

SJÓNARHÓLL
Gleraugnaverslun
"Hver og einn þessara dropa er linsa"
www.sjonarholl.is
Sjónarhóll býður franskar hágæða gleraugnalinsur
SUPER 8 laga glampavörn
eða NEVA háglampavörn
Einungis gott verð glerja
Einungis gott verð umgjarða
565-5970
Reykavíkurvegi 22
220 Hafnarfirði


**KÁLFASTÍGVÉL** Við eigum ekki við stígvél sem eru úr kálfsskinni, heldur stígvél sem ná upp á kálfann og eru með þykkum sóla undir táberginu.


YOHJI YAMAMOTO


JEAN PAUL GAULTIER FYRIR HERMES.

**HÖFUÐFAT** Hattar og húfur voru úti um allt á sýningarpöllum tískuhúsanna þegar haust- og vetrartískan var kynnt. Allt frá grófum loðhúfum, upp í gamaldags derhúfur og kúluhatta. Allt er leyfilegt í þessum efnum.


CHLOE


ISABEL MARANT


PRADA FYRIR MIU MIU.


LOUIS VUITTON

**BUXNADRAGT** Fatnaður sem var vinsæll á níunda áratugnum er nú að koma aftur. Að þessu sinni fylgir buxnadragtartískunni ekkert sérstakt snið, heldur má það vera nánast hvernig sem er, svo framarlega sem jakkinn og buxurnar passa saman. Alltaf er þó best að velja sér dragt sem hægt er að nota við hinar flíkurnar í fataskápnum og ekki er verra ef jakkinn gengur jafnt við pils, kjóla og buxur.


MAX MARA


GAI MATTIOLO

**HÁIR HANSKAR** Kvenlegir háir hanskar úr leðri í anda sjötta áratugarins eru komnir aftur í tísku og eru notaðir við stuttermajakka eða kjóla.


MARC JACOBS

**STÓRAR TÖSKUR** Chloe Marc Jacobs og Louis Vuitton voru meðal þeirra sem sýndu stórar töskur, þegar vetrartískan var kynnt. Stóru töskurnar voru mjög vinsælar í fyrra en nú eiga þær að vera ennþá stærri og helst úr leðri, eða lakkaðar. Því stærri sem taskan er því betra.


MARNI

# Fötin fyrir haustið

***Nú þegar útsölum lýkur fara nýju haustfötin loksins að sjást, en það getur verið erfitt að velja hvað skal kaupa. Við kíktum því aðeins á sýningarpalla helstu tískuhúsanna til að forvitnast um hvað mun bera hæst í tískunni í haust og vetur.***

Rétt eins og síðasta haust er nánast allt í tísku, en það sem virðist standa upp úr þetta árið eru stærri flíkur. Einnig koma jakkafötin aftur ásamt leggings, síðum peysum, stórum úlpum og höttum. Svartur er ennþá aðalliturinn ásamt gráum og dökkbláum, en gyllti liturinn heldur þó enn velli og þá sérstaklega í kvöldfatnaði. Lakkið kemur einnig sterkt inn í vetur á skóm og töskum, en það má einnig sjá á kápum, pilsum og í beltum.

**LEGGINGS** Þessar afklipptu sokkabuxur eru eitt það heitasta í vetrartískunni í ár, þó ekki henti þær endilega vel í köldu veðri. Svarti liturinn verður mest áberandi en einnig er mikið um litadýrð og munstur og þær skal nota við síðar peysur, stutta kjóla og háhælaða skó.


MAX MARA



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

### Slönguskinnsæði

Ein vinkona mín borðar engin dýr, ekki einu sinni vesalings litlu fiskana sem kveljast svo óskaplega þegar þeir deyja, áður en þeir enda í fiskibollum. Bara egg af því að hænurnar eru ekki drepnar og svo mjólk. Hún hefur samt stundað það árum saman að selja lúxusskó á 300-500 evrur parið sem eru auðvitað allir úr dýraskinni. Ég get svosem tekið undir það, að það að ala dýr eingöngu fyrir feldinn er hálf ógeðfellt og að ríkar kerlingar geti svo sem alveg lifað án loðfelda. Stella McCartney er mikill dýravinur og hefur nú sett á markað fylgihlutalínu með skóm og töskum án þess að nota svo mikið sem leðurbút við framleiðsluna, vinkona mín ætti held ég að sækja um hjá Stellu.

Stella er reyndar alls ekki í takti við vetrartískuna því það er nánast hægt að tala um exótískt-æði í skóm og töskum í vetur. Nú gildir að vera í krókódílaskóm og með slönguskinns- eða strútstösku, svo ég tala nú ekki um loðfeldi sem hafa síðustu ár verið í sókn eftir að hafa á tímabili fengið á sig svartan stimpil frá dýraverndarsinnum. Villidýrin sem má nota í tískuheiminum eru í misjöfnum verðflokkum. Krókódílataska er til dæmis þrisvar sinnum dýrari en slönguskinnstaska. Hjá Chanel er töskulína úr marglitu slönguskinni í vetrarlínunni á 3.880 evrur taskan (356.000 krónur) en krókódílataska í svipaðri stærð er á 13.500 evrur ( 1.242.000 krónur). Það er því mikill stigs- og verðmunur á því hversu „chic“ maður vill vera.

En þar sem flest tískuhúsin róa á sömu mið í vetur hefur skapast mikill flöskuháls í franska umhverfisráðuneytinu. Hver viðskiptavinur sem er frá landi utan Evrópusambandsins, og það eru þeir vissulega margir, þarf nefnilega að fá vottorð frá seljandanum um að skinnið sem notað er tilheyri ekki verndaðri tegund sem bannað er að veiða og vegna þess hversu mörg tískuhúsanna framleiða úr krókódílum og slöngum í vetur hefur umhverfisráðuneytið ekki undan. Ekki hjálpar til að opinbera stjórnsýslan vinnur á hálfum hraða vegna sumarleyfa og ef það er eitthvað sem ekki virkar vel á opinbera starfsmenn í þessu landi er það að láta reka á eftir sér; getur jafnvel haft þveröfug áhrif. Stjórnendur tískuhúsanna gráta fögrum krókódílatárum þar sem í lok júlí og ágúst er vertíð í tískuhúsunum meðan blæjuklæddar Sádi-Arabíukonur flykkjast til Parísar og kaupa handtöskur og skó í skipsförmum. Ef ekki eru til upprunavottorð fara krókó-töskurnar ekki langt og rykfalla í læstum hirslum. Þá er nú verr af stað farið en heima setið í þessum villimannaleik.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*

## Hugsaðu vel um hárið

JOICO BÝÐUR UPP Á FJÖLBREYTT ÚRVAL HÁRVARA.

Snyrtivöruframleiðandinn Joico býður upp á fjölbreytt úrval af alls kyns hárvörum sem næra og styrkja hárið.

Meðal þess sem framleitt er hjá Joico er línan Body Luxe. Í línunni er sjampó og sérstök blanda sem þykkir hárið heilmikið. Þessar vörur henta þeim einstaklega vel sem eru með þunnt og fínt hár þar sem Body Luxe eykur ummál hársins án þess að þyngja það.

Meðal annars sem Joico hefur upp á að bjóða er Moisture Recovery sem vinnur á þurru hári, Color Endure sem heldur lit og lífi í hári, Silk Results sem gerir hárið silkimjúkt og Style & Finish sem er lína af hárvörum til að móta hárið.



Body Luxe eykur ummál hársins án þess að þyngja það.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Útsölunni lýkur á laugardag.

Erum að taka upp nýjar vörur.

FJÖRÐUR www.fjordur.is

Nýtt kortatímabil

EURO SKO

Fjarðargötu 13-15 • Sími 555-4420



Kjólasprengja í Flash

Kjólar við buxur
Kjólar í brúðkaupið
Kjólar í veisluna
Kjólar í vinnuna
Allir kjólar á 3990

FLASH
Laugavegi 54, sími 552 5201



Mun hefja störf á hinni frábæru GRÍMU-hárstofu í Álfheimum 4, þann 25. ágúst n.k.

Hlakka til að sjá ykkur öll.
Gamlir sem og nýir viðskiptavinir velkomnir!

Ebba Særún Brynjarsdóttir
Sími 553 3133



HUGO BOSS • BLACKY DRESS
JEAN PAUL • PBO • KAPALUA
OUI • DAMO • BRAX

VANDAÐUR FATNAÐUR FYRIR VANDAÐAR KONUR

STÍLL

Laugavegi 58 • Sími 551 4884 • stillverslun.is



Outlet
Mörkinni 1
neðri hæð

Aðeins 4 verð

500
1.000
1.500
2.000

Leður og rússkin
50% afsláttur

ZIKZAK
TÍSKUHÚS
• Mörkinni 1 •



Rauður leðurjakki úr Blend fyrir hörðustu skvísurnar.



Stuttur ullarjakki úr Vila sem er tekinn saman um mjaðmirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Rúskinnsjakki úr Drangey sem hægt er að taka saman um mittið með böndum.

# Yfirhafnir fyrir haustið

***Jafnvel þótt haustið nálgist óðfluga er ekki þar með sagt að tími dúnúlpunnar sé kominn. Þessa dagana eru búðir að taka upp nýjar vörur og þar má finna alls kyns jakka, frakka og kápur sem henta vel fyrir fallega haustið.***

Íslenska haustið er fagurt þótt norðanáttin geti orðið ansi köld á köflum. Litlu þunnu sumarjakkarnir og gallajakkarnir veita litla vernd fyrir vindinum og því nauðsynlegt að grafa upp þykkari flíkur eða kíkja á úrvalið hjá tískuvörubúðunum. Það eru alls kyns litir, snið og straumar í hausttískunni og því ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. *- ebg*



Rauð þunn kápa úr Zöru sem tekin er saman um mittið.



Svört mitt-isúlpa með jakkasniði úr Topshop.



Svartur leðurjakki úr Drangey úr dönsku gæðaleðri og fæst einnig í rauðum lit.



Þunnur aðhnepptur jakki úr Top Shop.



snyrtivörur }

## Veitir húðinni ljóma



AQUATEINTÉ ER NÝJA RAKAGEFANDI KREMIÐ FRÁ BIOTHERM.

Fimm dropar af kreminu eru settir á andlitið og því dreift frá miðju andlitsins og jafnað. Kremið gefur raka í 24 klukkustundir og dregur fram náttúrulegan húðlit. Það endurlífgar einnig og veitir húðinni ljóma og verndar húðina fyrir UV-geislum.
Kremið er ilmefnalaust og gefur matta áferð og hægt er að fá það í þremur litum sem ættu að henta öllum.

## Bjartur sumarilmur



TOUCH OF SUN ER ANNAR ILMUR Í LACOSTE ENERGY LÍNUNNI.

Nýi kvennailmurinn frá Lacoste, Touch of Sun, er frískandi og bjartur sumarilmur sem eingöngu er framleiddur í takmörkuðu upplagi.
Touch of Sun er annar ilmurinn í Lacoste Energy línunni en hinn er Lacoste Touch of Pink, sem er þegar kominn á lista yfir tíu mestu gæðailmvötn fyrir konur og er nú vinsælasti ilmurinn frá Lacoste.
Touch of Sun er hannaður með sumarið í huga og topptónar eru ferskir tónar sítrustrés með vatnskenndum tónum greipávaxta. Í miðtónum er rósin og jasmína og grunntónarnir einkennast af við, moskus, ilmhampi og sandelviði.

## Þétt og froðukennd áferð



MAGIE MATTE ER NÝR FARÐI FRÁ LANCOME.

Farðinn Magie Matte frá Lancome gefur þétta og froðukennda áferð sem rennur auðveldlega á húðinni og umbreytist í púður. Í farðanum er flauelskennt gel sem gerir formúluna þétta og auðvelda í notkun og Silicone Elastomer púður sem sér til þess að froðan er afar létt. Elastomer púður hylur ójöfnur og dregur úr gljáa en örperlur í farðanum sjá fyrir ljóma í lokin. Gott er að nota förðunarbursta með farðanum því þá er auðveldara að bera hann á og áferðin verður jafnari. - lkg

# Ný tískukynslóð?

***Ákveðin tískukynslóð karlmanna virðist vera að fæðast eða réttara sagt endurfæðast.***

Alþjóðavæðingin hefur gert meira en bara að opna viðskiptamarkaði heimsins og dæla peningum út um allt. Hún hefur gert það að verkum að ungir og nýríkir karlmenn hafa orðið að nánast nýrri stétt. Þessi stétt manna virðist líka hafa meiri áhuga á tísku en þeir sem eldri eru en þó kemur ekkert annað til greina hjá þessari nýju stétt en að fötin sem hún klæðist séu fáguð út í gegn.

Tískuvöruframleiðendur hafa því í meira mæli einbeitt sér að þessum markaðshópi og þegar kemur að fáguðum klæðnaði fyrir karlmenn kemur fátt annað upp í hugann en jakkaföt. Snið jakkafata hafa tekið örum breytingum að undanförnu og eins og svo margt annað í tískuheiminum. Núna er leitað til fortíðar eftir svölum sniðum. Ítölsk snið frá 6. áratugnum hafa sem dæmi verið mjög vinsæl og eru þá gerðar kröfur um að fötin séu vel sniðin og þau mega alls ekki vera of víð. Rendur og mildir litir virðast eiga góðan hljómgrunn hjá hönnuðunum.

Það virðist því æ algengara að karlmenn klæðist jakkafötum dags daglega en ekki eingöngu á hátíðum og er þar hin nýríka kynslóð ungra karlmanna í algjörri sérstöðu. Það má því ugglaust halda því fram að nú hafi myndast ný tískukynslóð jakkafatakarla. *steinthor@frettabladid.is*



Fátt er eins fágað og flott jakkaföt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM







**Litaðar ljósaperur** búa til rómantíska og fallega birtu á heimilinu. Einnig gera þær svefnherbergið aðeins hlýlegra og huggulegra.





## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

# Mín liljan fríð!

Nú haustar að og blómsturprakt hásumarsins er aðeins farin að fölna. En í einstaka görðum eru framandi fegurðardísir frá fjarlægum löndum nú upp á sitt besta. Þar á ég við liljurnar af ýmsu tagi og tegundum. Og tegundafæðinni eða fjölbreytileikaskortinum er ekki fyrir að fara í þeirri ættkvísl sem grasafræðingar kalla Lilium en við, sem tölum venjulegra mál, köllum bara liljur. Til liljuættkvíslarinnar teljast ríflega hundrað tegundir sem útbreiddar eru um allt norðurhvel sunnan freðmýranna. Og liljurnar eru af samnefndri ætt, Liljuættinni (Liliaceae) sem svo aftur greinist upp í hátt í tvö hundruð ættkvíslir, meðal annars túlipana og hýasintur og ýmsar aðrar laukjurtir sem við setjum niður í garðana okkar á haustin.



**Liljur í garðinum**

Ef við viljum rækta liljur í garðinum, þurfum við að velja afar skjólgóðan og sólríkan stað með mjög sendinni og vel framræstri garðmold. Laukarnir fást í garðamiðstöðvum haust og vor, en ég mæli eindregið með haustgróðursetningu. Nauðsynlegt er að gróðursetja laukana um 15-20 cm djúpt og hafa um 15-20 cm bil á milli þeirra. Það er best að gera eins fljótt og þeir koma á markaðinn. Liljulaukar hafa enga varnarkápu utan um sig, eins og túlipanar hafa, og þess vegna hættir þeim til að skorpna og missa kraft séu þeir geymdir óvarðir við stofuhita í einhverja daga. Sé ekki hægt að setja þá niður strax má samt taka þá úr plastumbúðunum og vefja þeim inn í þvalt dagblað – og setja síðan í stærri plastpoka – og geyma þá í grænmetisskúffunni í ísskápnum. Það má samt ekki vera lengi. Liljur eru líka ákjósanlegar plöntur í stór gróðurskálabeð – en þeim er ekkert vel við háan hita, svo þar er best að hafa þær þar sem vel loftar um og skugga ber á mestan part dags. Í görðum þarf að skýla vel yfir liljubeð, a.m.k. fyrsta veturinn, með þykku lagi af laufi, viðarkurli eða jafnvel steinullarmottu sem svipt er burt að vorinu. Laukarnir eru svo sem ekkert sérlega viðkvæmir fyrir frosti út af fyrir sig, en skýlingin ver þá gegn veðrabrigðum og vætu vetrarins. En liljur geta verið svolítið dyntóttar hér í görðum. En líki þeim atlætið koma þær upp ár eftir ár, magnast og margfaldast með árunum. Á markaðinum eru margar tegundir, flokkar og tilbrigði með fjöldamörgum blómlitum í ljósum, gulum, rauðum og bleikum litum.

**Liljur í vasa**

En liljur eru ekki síður vinsælar sem afskorin blóm í blómvendi og skreytingar við öll tækifæri. Sannarlega standa þær þar fyrir sínu og geta, með góðri umhirðu, lifað hálfan mánuð í vasa. Hvert blóm stendur í fjóra til fimm daga, en nokkur blóm opnast hvert eftir annað á hverjum stilk. Blómin eru stór og opin, í mildum hvítum, gulum eða bleikum litum. Af þeim leggur höfgan ilm. Stundum óþægilega sterkan og til ama fyrir þá sem eru ofnæmisgjarnir. Ráð gegn því er að hafa liljurnar þar sem vel loftar um og gjarna á svölum stað, einkum á næturnar. Þegar liljurnar eru settar í vasa skiptir máli að engin blöð lendi niðri í vatninu og best er að skáskera með beittum hníf 1-2 cm neðan af hverjum stilk um leið og blómin eru sett í vasann. Látið ekki sól skína á blómin og hafið blómanæringu í vatninu og fyllið á með blómanæringarvatni daglega. En það er líka hægt að nota afskornar liljur sem skreytingu utandyra, það er að segja þar sem „straumar og votir vindar" ná ekki svo glatt til þeirra. Liljuvöndur á skjólgóðri verönd ellegar í skuggaskoti við kjallaratröppurnar lífgar svo sannarlega upp á hversdagsgrámann og gerir umhverfið dálítið öðruvísi og „erlendis"!








AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ





Svona hegðun er ekki til þess fallin að minnka rafmagnsnotkun ísskápsins.
MYND/NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Orkusparnaður

***Aðhald í rafmagnsnotkun skilar sér í budduna.***

Raforkuverð hefur hækkað töluvert á undanförnum misserum og því rétt að nota öll tiltæk ráð til að minnka rafmagnsnotkun heimilisins.

Hæfilegt hitastig í ísskápnum er 4-5 gráður. Rafmagnsnotkun eykst um fjögur prósent fyrir hvert stig sem hitinn er lækkaður. Gætið þess að loftræsting sé nægjanleg á bak við kæliskápinn. Léleg loftræsting getur valdið allt að tíu prósenta meiri rafmagnsnotkun.



Stjakarnir fara vel á borði.

# Ljósaraðir

***Í versluninni Mirale fást mislangir glerstjakar fyrir sprittkertin sem hægt er að skreyta að vild.***

Stjakar fyrir sprittkerti sem rúma allt frá einu kerti uppí tíu eru í versluninni Mirale á Grensásvegi 8. Þeir eru í glerhólki sem hægt er að skreyta ef vilji er fyrir hendi. Þannig breyta þeir um svip og gaman getur verið að skipta út silkiblómum eða öðru litfögru skrauti eftir tilefnum og árstíðum.

**stóllinn }**

## Lífræn hönnun

Túlípanastóll finnska hönnuðarins Eero Saarinen er fyrir löngu orðinn hluti af hönnunarsögunni. Stóllinn varð til árið 1940 þegar Nútímalistasafnið í New York efndi til hönnunarsamkeppni undir heitinu „lífræn hönnun húsbúnaðar". Saarinen og túlípanastóllinn sigruðu í keppninni en stóllinn fór þó ekki í framleiðslu fyrr en á sjötta áratugnum. Hann er búinn til úr trefjaplasti og minnir í senn á vínglas á fæti og túlípana. Þótt Saarinen hafi verið afkastamikill húsgagnahönnuður var hann fyrst og fremst arkitekt. Ýmsar byggingar halda nafni hans á lofti, meðal annars TWA byggingin á Kennedy flugvellinum í New York.



Túlípanastóllinn er gerður úr trefjaplasti.

# Kúlan til sölu í Kokku

***Í versluninni Kokku á Laugaveginum fæst kúla sem kemur sér vel í eldhúsinu.***

Kúlan eftir Marý er úr keramiki og er með götum sem hægt er að stinga í sleifum og öðrum áhöldum. Kúlan fæst með mismunandi mörgum götum og getur verið með allt frá þremur götum upp í að vera þakin þeim. Kúlan fæst í svörtu og hvítu og sómir sér vel í hvaða eldhúsi sem er.



Kúlan getur komið sér vel í eldhúsinu.

# Rétt umhirða leðurs eykur líftíma leðurhúsgagna

***Á vef HP húsgagna eru gefin góð ráð um umhirðu og viðhald leðurs. Þau eru svohljóðandi:***



■ Forðast skal að hafa leðurhúsgögn í mikilli sól og hita, til að komast hjá ofþornun og upplitun.
■ Leðurhúsgögnum skal halda hreinum.
■ Við þvott skal eingöngu nota þar til gerðan hreinsivökva eða volgt vatn með sápuspónum.
■ Aldrei skal nota sápu með upplausnarefnum, bensín, þynni eða önnur sterk efni.
■ Notið heldur ekki skóáburð, bón eða húsgagnaáburð.
■ Nauðsynlegt er að bera leðuráburð á húsgögnin tvisvar til fjórum sinnum á ári.
■ Rétt umhirða og góð umgengni heldur leðrinu fallegu, mjúku og notalegu og eykur líftíma þess um mörg ár.

ALLT Á AÐ
Rýmum fyrir nýrri gjafavöru
SELJAST
Flestar gjafavörur með 50% afslætti
70% 50%
Öll gjafavara með allt að 70% afslætti
Kristallsstaup 50%
Matarstell 50%
Bastkörfur 50%
Servéttubúnt 100 kr.
Ljósakrónur gler 50%
ALLT Á AÐ
Rýmum fyrir nýrri gjafavöru
SELJAST
Dalsbraut 1 - 600 Akureyri

OPIÐ
Mánudaga til föstudaga kl. 10.00 – 18.00
Laugardagar 11-16
HÚSGÖGNIN HEIM
Sími 461 5200 · Fax 461 1121

# Láttu litina hjálpa þér þegar heimilið er málað

***Það er að ýmsu að huga þegar herbergin eru máluð – hér eru nokkur góð ráð.***

■ Hlýir litir minnka rými og gera þau eins og orðið ber með sér, hlýlegri. Sem dæmi um hlýja liti eru rauður og appelsínugulur og hlýir gulir litir.

■ Hlýr litur á loftinu lækkar það og gefur herberginu notalegan blæ.



■ Best er að halda jafnvægi í herbergi sem málað er í skærum litum með ljósum teppum eða ljósum gólfum.

■ Kaldir litir stækka herbergi og eru því tilvaldir í litlum íbúðum. Hvítur og blár eru dæmi um kalda liti og grár sömuleiðis.

■ Málaðu alla fleti í sama lit.

Lágt loft virkar hærra ef það er málað í ljósari lit en veggirnir.

■ Stór húsgögn virðast minni ef þau eru máluð í sama lit og veggirnir.

■ Hafðu gólfið dökkt og veggina ljósa – gólfið virðist stærra fyrir vikið.

■ Notaðu dekksta litinn á gólfinu til þess að láta það virka stærra og hafðu þann ljósasta efst. Þannig stækkar þú rýmið mjög mikið. Sömuleiðis minnkar þú það ef þú snýrð þessu við og notar ljósasta litinn á gólfið en þann dekksta efst. Þá minnkar rýmið.

■ Veggur fyrir enda á löngum gangi virðist nær ef hann er málaður í dökkum lit.

■ Ef það er ílangt herbergi á heimili þínu sem þú vilt láta virka ferkantaðra þá er sniðugt að mála mjórri veggina í dekkri lit en hina.



Litaval getur skipt höfuðmáli þegar heimilið er málað. LJÓSMYND NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES








Hnattlíkan á 1.995 kr.



Það er ekki verra að hafa draumadísina framan á minnisbók. Twiggy-minnisbók kostar 896 kr.



Hvernig væri að breyta út af vananum og senda viðskiptavinum litrík bréf í stað tölvupósts. Þetta skemmtilega Dots og jots bréfasett kostar 2.395 kr.

## Skrifstofusniglar og -froskar

Í IÐU, BÓKA- OG GJAFAVERSLUN LÆKJARGÖTU 2A, FÁST SKEMMTILEGAR SKRIFSTOFUVÖRUR SEM HENTA VEL Í VINNUNA.

Suma daga kemur maður litlu í verk í vinnunni vegna andleysis og býst við að góðlátlegar athugasemdir yfirmannsins muni á hverri stundu breytist í háðsglósur, þar sem afkastageta manns er dregin í efa.

Við svoleiðis kringumstæður getur verið tilvalið að fá sér smá göngutúr í góðu veðri, til að endurheimta fyrri orku. En þar sem það hentar kannski ekki alltaf að bregða sér frá, getur líka verið sniðugt að breyta aðeins til á skrifstofunni til að hressa upp á umhverfið og ná sér aftur á strik.

*- rve*



Fairy-tail kort sem viðtakandi getur notað sem óróa, 990 kr.



Allt er vænt sem er grænt.



Ertu gjarn á að týna pennum og blýöntum? Pennastandur með þremur pennum á 1.295 kr.



Heftari í froskalíki.



Hérna hefur hugmyndin um slímuga snigla verið útfærð á skemmtilegan hátt.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR SIGURÐSSON

**Edik** blandað í vatn er gott meðal við magaverkjum. Einnig er gott að byrja hvern dag með edikvatni og undirbúa magann fyrir átök dagsins.



# Hafragrauturinn alltaf góður

***Margir Íslendingar finna fyrir þreytu og orkuleysi yfir vetrarmánuðina. Þá er gott að gefa sér tíma í upphafi dags til þess að koma sér í gang með því að borða hollan og næringarríkan morgunmat. Ingibjörg Gunnarsdóttir, dósent í næringarfræði, segir að hafragrautur og lýsi standi alltaf fyrir sínu.***



Ingibjörg Gunnarsdóttir næringarfræðingur segir að morgunmaturinn sé mikilvægur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Oft er talað um að morgunmaturinn sé mikilvægasta máltíð dagsins en því miður eru alltof margir sem sleppa henni eða borða eitthvað sem ekki er nógu hollt. „Hollur morgunmatur er hluti af heilbrigðum lífsstíl og þeir sem borða hollan morgunmat borða almennt næringarríkari mat,“ segir Ingibjörg og bætir við að mjög algengt sé að fólk sem er of þungt borði engan morgunmat og jafnvel lítið fram undir fjögur á daginn. „Með því að borða morgunmat kemst ákveðin regla á matmálstímana sem hefur mikið að segja og það er sérstaklega mikilvægt fyrir börn að fá næringarríkan morgunmat.“

Ingibjörg mælir hiklaust með því að fólk byrji daginn á hafragraut. „Allir sem mögulega geta komið hafragraut niður ættu að byrja daginn á honum og helst að setja í hann hveitiklíð, hörfræ, möndlur, rúsínur eða eitthvað gróft og nota lítið valsaða hafra. Úr hafragrautnum fáum við trefjar og hann skilar sér ekki eins hratt út í blóðið og fínunnið morgunkorn. Allt sem er tilbúið fer mikið hraðar út í blóðið svo við verðum fljótt svöng aftur og það á einnig við um tilbúna hafragrauta. Það tekur ekkert svo langan tíma að elda hafragraut en það þarf bara að koma því inn í rútínuna.“

Skyr og aðrar mjólkurvörur geta líka verið ágætur kostur á morgnana. „Fólki er ráðlagt að borða tvo skammta af mjólkurmat á dag og það er ekkert sem segir að það sé verra að gera það á morgnana en seinni partinn. Hins vegar er allt umfram þessa tvo skammta í raun og veru óþarfi svo að ef fólk drekkur mikla mjólk þá ætti það frekar að velja eitthvað annað á morgnana,“ segir Ingibjörg.

Ingibjörg mælir líka með því að allir sem geta taki lýsi á morgnana. „Við búum það norðarlega að við njótum ekki nógu mikillar sólar til þess að fá það D-vítamín sem við þurfum í húðinni. Þess vegna verðum við að fá D-vítamín úr fæðu en mjög fáar fæðutegundir innihalda nóg D-vítamín og eiginlega er ekki hægt að setja saman matseðil sem gefur okkur nægjanlega mikið magn af D-vítamíni nema við tökum lýsi eða fjölvítamín. Í lýsi eru auk þess langar fitusýrur sem eru okkur nauðsynlegar.“

Marga hryllir við lýsi á flöskum og kjósa því frekar að taka það í belgjum. „Ég mæli helst með venjulegu þorskalýsi í flösku en í belgjunum er náttúrulega nauðsynlegt A- og D-vítamín þó að það sé minna af fitusýrum í þeim. Ég mæli ekki með því að fólk taki ufsalýsi þar sem það er margfalt sterkara en þorskalýsið. Margir gera sér ekki grein fyrir því að aðeins má taka nokkra dropa af ufsalýsi á móti teskeið eða matskeið af þorskalýsi og það getur valdið eitrunum.“

Stundum er ástæðan fyrir því að fólk sleppir því að borða morgunmat ekki tímaleysi heldur lystarleysi. „Ávextir eru mjög góður kostur fyrir þá sem hafa litla lyst á morgnana og geta ekki hugsað sér að borða mikið,“ segir Ingibjörg og bendir á að þegar foreldrar nesti börnin sín í skólann verði þeir að taka mið af því hvað þau borða mikið áður en þau fara að heiman. „Börn sem hafa litla lyst á morgnana verða að vera með gott nesti og helst brauðmeti á meðan þau sem eru mjög lystug á morgnana þurfa kannski bara einn ávöxt fram að hádegi.“

*emilia@frettabladid.is*




Hafragrautur inniheldur trefjar og gefur okkur gott start inn í daginn.

Lýsi inniheldur D-vítamín og fitusýrur sem eru okkur nauðsynlegar.



Agúrku má borða án þess að hafa áhyggjur af að þyngjast.

## Uppfull af næringarefnum

AGÚRKA HENTAR ÞEIM SEM VILJA EITTHVAÐ GOTT OG HOLLT Í KROPPINN.

Margir telja agúrku til hollari grænmetistegunda. Auk þess sem agúrka er uppfull af vatni, inniheldur hún níu næringarefni sem stuðla að bættri heilsu, þeirra á meðal A- og C-vítamín sem búa yfir bólgueyðandi efnum sem og andoxunarefnum. Agúrka inniheldur líka lítið af kaloríum og ætti því að henta vel þeim sem vilja hugsa um línurnar. Fyrir utan að vera holl er agúrka líka bragðgóð og því tilvalin í ýmsa rétti, salöt og fleira.

## Veggur maraþonhlauparans

Þeir sem hyggjast hlaupa maraþonhlaup munu án efa upplifa fyrirbæri sem langhlauparar kalla „vegginn“. Veggurinn svokallaði er þekktur meðal langhlaupara og lenda maraþonhlauparar á veggnum þegar glýkógen-birgðir líkamans klárast. Flestir maraþonhlauparar lenda á veggnum eftir að hafa klárað um þrjá fjórðu hluta maraþonhlaups.

Þegar hlauparar lenda á veggnum er eins og öll orka líkamans hafi klárast og hann geti ekki farið lengra. Þegar allt glýkógen í líkamanum er búið fer líkaminn að nota fituforðann sem orkugjafa og hafa þau umskipti verið mörgum íþróttamönnum nær ómöguleg. Á meðan óvanir maraþonhlauparar geta fundið fyrir óþægindum um allan líkamann og krampa í vöðvum, þá finna bestu langhlaupararnir oft aðeins tímabundið fyrir óvenjulega mikilli þreytu.

- vör



Maraþonhlauparar lenda á veggnum svokallaða þegar glýkógenbirgðir líkamans klárast.









# LISTAGÓÐ MENNINGARNÓTT 2006

LAUGARDAGINN 19. ÁGÚST




Í SAMVINNU VIÐ REYKJAVIK.COM

120 1886 2006




## Laugavegur 77 – Hitt sviðið

| 14.00 | 14.20 | 14.45 | 15.10 | 15.35 |
|---|---|---|---|---|
| Capybara | Benny Crespos Band | Bogomil og Flís | Jan Mayen | Jakobínarína |

## Austurstræti 11 – Aðalsviðið

| 16.00 | 18.00 | 18.30 | 19.00 | 19.30 |
|---|---|---|---|---|
| **Listaverkaganga um Aðalbanka**<br>Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur sýnir og segir frá listaverkum í eigu bankans | **Gunni og Felix ásamt Sprota**<br>skemmta börnum og fullorðnum | Íslenski dansflokkurinn | Guitar Islancio | **Þjóðleikhúsið**<br>Brúðuleikhús fyrir fullorðna<br>Umbreyting - Ljóð á hreyfingu |

Kynnir: Gísli Einarsson „Út og suður"

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 33608 08/2006



# Landsbankinn á **Menningarnótt**

16.00

**Skátar**

16.25

**Hairdoctor**

16.50

**Reykjavík!**

17.15

**Jeff Who?**

20.00

**Gunni og Felix ásamt Sprota**
skemmta börnum og fullorðnum

20.30

Baggalútur

21.00

Benni Hemm Hemm

21.30

# Mezzoforte

í fyrsta sinn á Íslandi í 20 ár í upprunalegri mynd



# Listagóð Menningarnótt



Menningarnótt í Reykjavík er nú haldin í 11. sinn og hefur vaxið á þessum tíma frá því að vera lítill miðborgarviðburður í fjölsóttustu hátíð landsins. Hlutverk Reykjavíkurborgar er öðru fremur að skapa grundvöllinn og rammann sem þarf til að halda megi hátíðina - en það er sannarlega sameiginlegt átak skapandi borgarbúa sem býr til glæsilega dagskrá Menningarnætur. Menningarnótt er einstakur vettvangur fyrir samstarf fyrirtækja í miðborginni og víðar, menningarstofnana, listamanna, einstaklinga og félagasamtaka. Hún er óvenjuleg blanda hins stóra og smáa og hefur markað sér sérstakan sess í hjörtum borgarbúa og gesta.

En það er fyrst og fremst gestrisnin sem sérstaklega einkennir Menningarnótt í ár. Fyrirtæki, stofnanir og jafnvel íbúar miðborgarinnar bjóða í bæinn og sú hefð hefur skapast hjá Reykjavíkurborg að bjóða sérstakt sveitarfélag til höfuðborgarinnar. Í ár eru gestir Menningarnætur sveitarfélagið Fjarðabyggð, en þaðan kemur frítt föruneyti gesta og listamanna sem leika og syngja fyrir þá sem leið sína leggja í Tjarnarsal Ráðhússins. Það eru fleiri gestir og lengra að komnir, sem einnig heiðra okkur með nærveru sinni og má þar nefna stóran hóp listamanna frá Vilnius í Litháen, sem er ný vinaborg Reykjavíkur. Danskir, færeyskir, sænskir og grænlenskir listamenn taka einnig þátt í dagskránni - og er þá ekki allt talið.

Fátt er jafn ríkt í íslenskri menningu og áherslan á gestrisni og kurteisi gagnvart þeim sem sækja okkur heim. Á Menningarnótt eru Reykjavíkingar raunar bæði gestgjafar og gestir og því vert að minnast þeirra gilda, sem um aldir hafa átt við um gestrisni. Gestgjafar bjóða hlýjar móttökur og veita af örlæti; gestir sýna af sér kurteisi og prúðmennsku og ganga vel um híbýli gestgjafans.

Þannig skulum við njóta Menningarnætur í ár; njóta dagskrár og samvista af prúðmennsku og ganga um borgina okkar eins og hún á best skilið.

Með góðum kveðjum og von um listagóða Menningarnótt.
*Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri*

## ÓMISSANDI Á MENNINGARNÓTT

**ÚTGEFANDI:**
**Höfuðborgarstofa**
Aðalstræti 2
Sími 590 1500
ásamt 365 Prentmiðlum
**RITSTJÓRN:**
**Anna Margrét Björnsson**
**Kristrún Heiða Hauksdóttir**
**Hanna Valsdóttir**
**Sigríður Hjálmarsdóttir**
**HÖNNUN:**
**Helga Guðný Ásgeirsdóttir**
ReykjavikMag / 365 Prentmiðlar
**PRENTUN:**
**Ísafold**

Ritinu er dreift frítt með Fréttablaðinu. Enska dagskrá er hægt að nálgast í ritinu ReykjavikMag. Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar.



## SPENNANDI SKOTSÝNING

Hjálparsveit skáta í Reykjavík mun að sjálfsögðu slá botninn í Menningarnóttina með glæsilegri flugeldasýningu eins og undanfarin ár en nú nýtur sveitin stuðnings Landhelgisgæslu Íslands.

Svava Ólafsdóttir er félagi í Hjálparsveitinni og hefur, ásamt fleirum, staðið að undirbúningi sýningarinnar þetta árið. Sýningin verður með breyttu sniði í ár því Landhelgisgæslan mun sigla með tertur og flugelda á haf út og verður þeim skotið af varðskipinu Ægi úti fyrir Sæbrautinni. „Sæbrautinni verður lokað frá Snorrabraut niður að Seðlabanka þannig að fólk mun safnast saman þar. Síðan erum við líka með nýjar og spennandi tegundir af bombum þannig að það verður gaman að sjá hvernig þær koma út," segir Svava en um tvær vikur tekur að undirbúa flugeldasýningu sem þessar. „Við erum tíu sem komum að undirbúningnum en öllum flugeldunum verður skotið upp með rafmagni. Það verður því aðeins einn sem mun ýta á takkana á takkaborðinu í varðskipinu til að hleypa sýningunni í loftið en annar verður honum til aðstoðar sem tímavörður þannig að allt gangi rétt fyrir sig." Sjálf segist Svava hafa mjög gaman af að skjóta upp flugeldum. „Annars væri ég ekki að þessu," segir hún og bætir við: „Það er sérstaklega góð tilfinning að sjá þetta allt saman í loftinu eftir að maður er búinn að eyða svona miklum tíma í þetta. Alveg æðislegt."







### ÓPERUVEISLA Á MIKLATÚNI KL. 20

BM Vallá býður Reykvíkingum og gestum höfuðborgarinnar í stórafmæli á Miklatúni þar sem Sinfóníuhljómsveit Norðurlands flytur óperuperlur ásamt mörgum af ástsælustu einsöngvurum landsins. Stjórnandi er Guðmundur Óli Gunnarsson.

### VEGLEG DAGSKRÁ +354GUERRILLA STORE

Götumarkaður, myndlistar- og stuttmyndasýningar, magadans og meira fjör á Mýrargötu 2, niðri við Slippinn í Reykjavíkurhöfn.

### SKÁLDAVAKA Á LAUGAVEGI 82

Skáldin Guðbergur Bergsson, Jóhann Hjálmarsson og Vala Þórsdóttir lesa úr verkum sínum og leikk onan Harpa Arnardóttir les úr verkum Þorsteins frá Hamri hjá úrsmiðnum Helga Guðmundssyni og Höllu Boga gullsmið. Dagskráin verður flutt kl. 15 og endurtekin fjórum sinnum fram eftir kvöldi.

á Menningarnótt

# LISTAPORT

## Fjölbreytt dagskrá í portinu á bak við Gallerí Fold

Leiktæki fyrir börnin, hoppukastalar o.fl. Rarik býður börnum upp á blöðrur
Götumarkaður í boði Antíkbúðarinnar og Bókabúðarinnar Hlemmi
Kaffi og kex í boði Gallerí Foldar

**Kl. 13.15** Listatjald í Listaporti
Barnasmiðja. Guðbjörg Káradóttir leiðbeinir börnunum. Um það bil klukku-stundarlangt námskeið í skemmtilegri listsköpun fyrir börn 12 ára og yngri. Í boði Galleris Foldar.

**Kl. 13.40** Listasöngur
Adolf Fredrik unglingakórinn frá Stokkhólmi undir stjórn Lottu Björkwall og félagar úr Stúlknakór Reykjavíkur undir stjórn Margrétar Pálmadóttur syngja nokkur lög.

**Kl. 15.15** Listatjald í Listaporti
Barnasmiðja. Guðbjörg Káradóttir leiðbeinir börnunum.
Um það bil klukkustundarlangt námskeið í skemmtilegri listsköpun fyrir börn 12 ára og yngri.
Í boði Galleris Foldar.

**Kl. 15.20** Varðeldur í Listaporti
Fjölskylduskemmtun í umsjón skáta.

**Kl. 17.15** Listatjald í Listaporti
Barnasmiðja. Guðbjörg Káradóttir leiðbeinir börnunum. Um það bil klukkustundarlangt námskeið í skemmtilegri listsköpun fyrir börn 12 ára og yngri.
Í boði Galleris Foldar.

**Kl. 17.20** Varðeldur í Listaporti
Fjölskylduskemmtun í umsjón skáta.

**Kl. 19.15** Listatjald í Listaporti
Barnasmiðja. Guðbjörg Káradóttir leiðbeinir börnunum. Um það bil klukkustundarlangt námskeið í skemmtilegri listsköpun fyrir börn 12 ára og yngri.
Í boði Galleris Foldar.

**Kl. 20.20** Gömlu dansarnir í Listaporti
Hljómsveit Hjördísar Geirsdóttur heldur uppi fjörinu.

### Ýmis tilboð

- Völuskrín – Freyðandi leikföng fyrir forvitið fólk á öllum aldri
- Café Roma – 10% afsláttur af öllum kaffidrykkjum
- Svarti Svanurinn – Hamborgaratilboð
- Trippen – 15% afsláttur og léttar veitingar – Þú verður að eignast Trippen!
- Gallerí Fold – Ókeypis listmunahappdrætti
- Mai Thai – Mikið úrval austurlenskrar mat- og gjafavöru

Mai Thai
Völuskrín
trippen
SFR Stéttarfélag í almannaþjónustu
11-11
RARIK
Bókabúðin Hlemmi
GLITNIR
Listmunasala fold
Svarti Svanurinn
Félagamiðstöðin Grettisgötu 89
roma
Antíkbúðin
Háspenna ...pottþétt
BSRB

# LOGANDI MENNINGARMÁL



Það verður án efa tilkomumikil sjón þegar listgjörningur danska myndlistarmannsins Jörgens Hansen nær hámarki sínu á Menningarnótt. Hansen hefur nú ásamt fjölþjóðlegum hópi hjálparkokka unnið að gerð myndarlegs leirskúlptúrs sem staðsettur er við hlið Norræna hússins í Vatnsmýrinni og kl. 22 á laugardagskvöldið verður kveikt í herlegheitunum.

Þessi tíu manna hópur er í óða önn að skapa skúlptúrinn en Jörgen Hansen segir að gerð hans sé hluti af verkinu. Hópurinn hófst handa þann 4. ágúst og hefur þurft að glíma við ýmis staðbundin vandamál, svo sem blautt veðurfar og íslensk tollayfirvöld.

Skúlptúrinn verður þriggja metra hár og gerður úr átta tonnum af leir en verkið hefur fengið nafnið „Hliðrun" (Displacement) og listamaðurinn útskýrir að verkið fjalli um breytingar. „Fólk getur komið hingað og séð hvernig skúlptúrinn verður til, hvernig leirinn breytir um lögum og verkið stækkar dag frá degi. Þetta verður sífellt æsilegra og á ákveðnum tímapunkti kveikjum við í honum. Þegar hitinn hefur náð 1100 gráðum fjarlægjum við einangrunina og þá glóir verkið fyrir augum fólks," segir Hansen.

Verkið er gert úr sérstakri leirblöndu sem listamaðurinn segir að sé hálf-dönsk og hálf-íslensk. „Þetta er blanda úr leir og sandi eins og þið Íslendingar notið í vegagerð en sandurinn er úr íslensku hrauni. Hér á Íslandi er alltaf eitthvað að gerast og maður hugsar um allar hræringarnar í jörðinni. Leirinn sem við notum er viðkvæmur fyrir hita og þess vegna mun verkið breyta um lögun og þannig vísa til náttúrufarsins á Íslandi. Ég geri þetta verk ekki til þess að skilja eitthvað eftir heldur felst verkið í því hvernig hlutur er skapaður," útskýrir hann.

Skúlptúrinn glóir ekki lengi að sögn listamannsins því hann er fljótur að missa hitann en eftir stendur nýtt skammvinnt kennileiti í landslaginu en ekki er vitað hversu lengi skúlptúrinn stendur eftir eldbaðið. Jörgen Hansen vinnur mikið með eld og leir og hefur þegar gert hliðstæð verk en hann segir að í Danmörku hafi verk sitt staðið í tvö ár en í Ástralíu aðeins í fjóra mánuði.

Listamanninn dreymir um að framkvæma svipaða listviðburði í hinum löndum Skandinavíu enda segir hann að hér á norðlægum slóðum finnum við fyrir öðruvísi breytingum en íbúar sunnar í álfunni, til dæmis séu árstíðaskiptin dramatískari hér. „Þetta er bara hugmynd ennþá, en hver veit?"

**MEIRI UPPLÝSINGAR OG MYNDIR AF ÞRÓUN VERKSINS Á: HTTP://WWW.FIRINGSCULPTURE.COM/**



# SKRAUT FJAÐRIR & PULSU ENDAR

Landsbankinn býður gestum Menningarnætur upp á veglega dagskrá á Menningarnótt í ár en bankinn hefur frá upphafi verið sérlegur bakhjarl hátíðarinnar. Dagsskipulagið er reyndar með einkar líflegu sniði enda fagnar bankinn nú 120 ára afmæli.

„Nýbreytnin sem við bjóðum upp á í ár, í tilefni afmælisins, eru tónleikar á sviði sem við köllum „hitt sviðið", sem verður staðsett við útibú Landsbankans að Laugavegi 77. Á þessu sviði hefst dagskráin klukkan tvö og munu tíu ungar og ferskar hljómsveitir, eins og Flís, Jeff Who?, Reykjavík! og Jakobínarína koma þar fram. Hugsunin hjá okkur var að búa til svið með tónlistarmönnum sem höfða kannski hvað helst til yngra fólks," segir Jóhannes Ásbjörnsson, starfsmaður markaðsdeildar Landsbankans og skipuleggjandi tónleikanna.

Eins og síðustu ár býður Landsbankinn upp á tónleika í Austurstræti: „Sviðið á Laugaveginum er dálítið annars eðlis en sviðið í Austurstræti, markmiðið með þessari nýbreytni var að breikka flóru þeirra tónlistarmanna sem bankinn býður fólki að hlýða á, og lengja dagskrána aðeins, okkur fannst gráupplagt að fólk gæti horft á tónleikana á Laugaveginum og strollað svo niður í Austurstræti klukkan sex en þá hefst dagskráin á aðalsviðinu í Austurstræti, þegar Gunni og og Felix stíga á stokk ásamt Sprota," segir Jóhannes og bætir því við að tónleikarnir á Laugaveginum séu haldnir í samvinnu við Gallerí Humar eða frægð sem tónlistarmógúllinn Einar Örn Benediktsson stýrir.

Á aðalsviðinu munu meðal annars koma fram Íslenski dansflokkurinn, Guitar Islancio, Benni Hemm Hemm og Baggalútur svo einhverjir séu nefndir en Jóhannes segir að rúsínan í pylsuendanum verði þegar hljómsveitin Mezzoforte kemur fram í sinni upprunalegu mynd í fyrsta skipti í 20 ár kl. 21.30. „Mezzoforte hafa spilað hér á landi síðustu tuttugu árin en ekki í sinni upprunalegu mynd, Friðrik Karlsson verður með þeim og allt," segir Jóhannes og kveðst hlakka mikið til að berja Mezzoforte augum.

## OPNA DYRNAR Á MENNINGARNÓTT



**KIRKJUHÚSIÐ** tekur þátt í Menningarnótt í fyrsta sinn og opnar sínar dyr upp á gátt. Boðið verður upp á dagskrá tengda hjálparstarfi og og sanngjörnum viðskiptum en hugtakið „fair trade" verður kynnt. Fyrir utan húsið verður geit í kró sem minnir á fjáröflunarverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Malaví, „gefðu geit sem gefur", en innan dyra verður boðið upp á söngdagskrá, kvikmyndasýningar og kirkjukaffi auk kynningar á viðfangsefnum sunnudagaskólanna og Barnastarfs kirkjunnar. Í rými til hliðar við aðalinngang hússins verður kyrrðarherbergi til bæna, samtala og íhugunar. Laugavegur 31.



**FRÍKIRKJU-VEGUR 11** er af mörgum álitinn eitt fegursta hús borgarinnar. Húsið, sem jafnan er kennt við Thorsarana, verður opið frá kl. 14-20 en þar ætti áhugafólk um ættfræði og gamla tímann að finna eitthvað við sitt hæfi en í garðinum spóka ferfætlingar frá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum sig.



**HÖFÐI** Boðið verður upp á leiðsögn um þetta sögufræga hús Reykvíkinga við Sæbraut á 20 mínútna fresti milli kl. 13.30 og 15.30. Hver veit hvaða andar búa í byggingunni og hvort þeir láta að sér kveða á Menningarnótt?



**SEÐLABANKINN** Almenningi gefst allra jafna ekki kostur á að sjá innviði Arnarhóls-hallarinnar en á Menningarnótt verður opið hús í Seðlabankanum á milli 14-17. Gefst þá gullið tækifæri til þess að skoða myntsafn bankans og anda að sér loftinu þar innanhúss sem líkast til er þrungið af ákvarðanatöku síðustu mánaða. Kalkofnsvegur 1.



**VITATORG / VESTURGATAN** Eldri borgarar taka virkan þátt í Menningarnótt og í félagsmiðstöðvum þeirra við Vitatorg og Vesturgötu verður fjörið keyrt upp með dansi og söng allan daginn. Boðið verður upp á veislukaffi, dixieland-tónlist og gömlu dansana fyrir allar kynslóðir og hver veit nema boðið verði upp á boccia. Auk þess geta gestir kynnt sér afþreyingu og félagsstarf sem er í boði í félagsmiðstöðvum eldri borgara allan ársins hring - fyrir fólk á öllum aldri.

## HLUSTIÐ EFTIR HLJÓMSVEITUNUM...

CAPYBARA / BENNY CRESPOS BAND / REYKJAVÍK! JAN MAYEN / DIKTA / JAKOBÍNARÍNA / SKÁTAR HAIRDOCOTOR / FLÍS OG BOGOMIL / JEFF WHO? GUITAR ISLANCIO / BAGGALÚTUR / BENNI HEMM HEMM MEZZOFORTE




# 22:31

Flugeldasýning Orkuveitu Reykjavíkur á Menningarnótt verður með nýstárlegu sniði í ár.

Laugardagskvöldið, 19. ágúst, kl. 22:31 stundvíslega mun Hjálparsveit skáta

skjóta upp púðri af Varðskipinu Ægi sem liggur við akkeri rétt fyrir utan Sæbrautina.

Mætið og fagnið með okkur listagóðri Menningarnótt í höfuðborginni.

Orkuveita Reykjavíkur

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SÍA.IS

# SJÁLFBOÐALIÐAR SEM SJÁ LENGRA



**Samtökin SEEDS voru stofnuð hér á landi á síðasta ári en sextán liðtækir sjálfboðaliðar á þeirra vegum hafa veitt liðsinni sitt á Menningarnótt. Nafn samtakanna er fengið úr skammstöfun orðanna „See without borders“ og í þeim orðum felst eitt markmiða félagsins – að auka víðsýni og skilning fólks á samfélögum hvers annars.**

Einn af stofendum samtakanna, Oscar-Mauricio Uscategui, útskýrir að þau séu hluti af alþjóðlegu samstarfi hliðstæðra félaga sem bjóða upp á óformlega kennslu og fræðandi starf fyrir ungt fólk. Á vegum samtakanna eru nú starfrækt fjórtán mismunandi verkefni í vinnubúðum víðs vegar um landið þar sem erlendir sjálfboðaliðar vinna mismunandi störf. Eitt verkefnanna er tengt Menningarnótt en þar starfa sjálfboðaliðar frá Bandaríkjunum, Frakklandi, Ungverjalandi, Þýskalandi og Ítalíu.

## HJÁLPARHENDUR HEIMSINS

Markmið starfsins er að efla fjölmenningu og auka skilning fólks á mismunandi menningarheimum auk þess að vinna að umhverfisvernd með störfum sem efla og hjálpa fólki af öllum aldurshópum og uppruna. SEEDS sér þannig áhugasömum þátttakendum fyrir tækifærum og möguleika til þess að læra, upplifa og vinna saman. Á þessu ári starfa sjálfboðaliðar frá 25 löndum hérlendis. „Við fáum fólk alls staðar að úr heiminum.

Flestir sjálfboðaliðanna eru á aldursbilinu 20-30 ára en nokkrir eru eldri. Um 70 prósent þeirra koma frá Evrópulöndunum,“ segir Oscar. „Ég kom til Íslands árið 2002, ég átti íslenskan vin og hélt áfram að heimsækja landið næstu sumur allt þar til við stofnuðum samtökin í fyrra. Okkar helsta markmið er að efla fjölmenningarlegan skilning gegnum vinnu sem snýr að náttúru- og umhverfisvernd.“ Þess vegna eru vinnubúðirnar dreifðar um allt land. En SEEDS kemur einnig að annars konar verkefnum. „Við tókum til dæmis þátt í því að skipuleggja Fiskidaginn á Dalvík, sem er hliðstætt verkefni og Menningarnótt. Við hjálpum skipuleggjendunum þegar þeir þurfa þess með.“

## AÐ SKILJA MENNINGUNA

Tíu sjálfboðaliðar hafa dvalið langdvölum hér á landi þetta árið, þeir búa hér í sex til átta mánuði en um 160 sjálfboðaliðar dvelja hér í 2-3 vikur. Jérémie Jung hefur verið hér síðan í apríl en hann fer fyrir hópnum sem vinnur fyrir Menningarnótt en hann kom hingað til lands fyrir tilstuðlan Evrópuráðsins sem styrkir starf samtakanna. Jérémie er frá Frakklandi og kom í tveggja vikna ferð hingað til lands í fyrra. „Mig langaði að sjá meira af Íslandi og kynnast samfélaginu hérna betur. Ég gerðist sjálfboðaliði hjá SEEDS til að vinna með Íslendingum. Þetta er góð leið til þess að kynnast menningunni og lífsháttunum hér. Maður skilur og lærir allt annað en ef maður heimsækir landið sem ferðamaður og kemur aðeins á ferðamannastaðina,“ segir Jérémie sem býr í Reykjavík núna en hefur verið á faraldsfæti milli vinnubúða í sumar og meðal annars dvalið á Suðureyri, í Þórsmörk og á Kópaskeri.

## AÐ SKIPULEGGJA VIÐBURÐI

Hópurinn hefur hjálpað skipuleggjendum Menningarnætur með ýmislegt. „Við skreytum bíla og hús, smíðum svið og hjálpum til með búnað. Við vinnum líka sem ljósa- og hljóðmenn á sviðunum. Það er líka heilmikið skrifræði í kringum þetta og við hjálpum til við upplýsingamiðlun og leiðbeinum fólki,“ segir Jérémie sem er viss um að sjálfboðaliðarnir skemmta sér vel í Reykjavík. „Þetta er góður hópur, einn besti hópurinn sem ég hef verið í forsvari fyrir. Í staðinn hefur borgin milligöngu um ýmiss konar afþreyingu fyrir okkur, skipuleggur ferðir og veitir frían aðgang í sund og á söfn. Mér finnast það góð skipti. Við erum mjög ánægð.“ Jérémie segir að hann hafi lært margt nýtt af veru sinni hér og af starfinu með SEEDS. „Landslagið hér er til dæmis allt öðruvísi en í Frakklandi. Mér finnst líka næturlífið hér í Reykjavík mjög skondið, næturnar um helgar eru allt öðruvísi en á virkum dögum. Á virkum dögum eru Íslendingar mjög hljóðir og feimnir en um helgar eru þeir mjög hamingjusamir. Mér finnst þetta alveg eins og landslagið, fullt af andstæðum alls staðar og fólkið er alveg eins,“ segir hann og hlær.




# Þjóð á tímamótum í húsnæði TM í tilefni Menningarnætur 2006

# Sólarhringur í Litháen

Það er TM sérstök ánægja að taka þátt í viðburði á vegum Höfuðborgarstofu, Menningarnótt 2006. Þér er boðið á einstaka og hrífandi sýningu sem ber heitið „Sólarhringur í Litháen". Þar eru til sýnis ljósmyndir sem teknar voru í Litháen 30. apríl árið 2004, sólarhringinn áður en Litháar gengu í Evrópusambandið.

Sýningin verður formlega opnuð föstudaginn 18. ágúst, á jarðhæð húsnæðis TM við Aðalstræti, af Jóni Baldvin Hannibalssyni, fyrrv. utanríkisráðherra. Viðstaddir verða m.a. borgarstjórar Vilnius og Reykjavíkur. Við opnunina koma fram blástursveitin TRIMITAS og tónlistartvíeykið PARTYZANAI.

Þekktasta rokksveit Litháen, LT UNITED, er lokaatriði tónlistardagskrár Menningarnætur á Ingólfstorgi kl. 21:30.

Ljósmyndasýningin verður opin á Menningarnótt, 19. ágúst, frá kl. 14:00 til 19:00 og síðan til og með 29. ágúst frá kl. 12:00 til 17:00.

Góða skemmtun.

---

Menningarnótt 2006

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TMI 33749 08/2006

Það er góð regla að ganga hægt um gleðinnar dyr. TM óskar þér góðrar skemmtunar á Menningarnótt og á sýningunni „Sólarhringur í Litháen" sem stendur til 29. ágúst

# Menningarnótt 19. ágúst 2006



# LISTAGÓÐ MENNINGARNÓTT 2006

**TAKTU DAGSKRÁNA MEÐ ÞÉR Í BÆINN**

**MORGUNDAGSKRÁ MENNINGARNÆTUR / 11.00 - 14.00**

## 11:00

**Borgarstjórinn í Reykjavík**, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, setur Menningarnótt í miðborginni og hleypir af stað skemmtiskokki Reykjavíkurmaraþons Glitnis. Þá leikur litháíska lúðrasveitin Trimitas nokkur lög. Lækjargata.

**Allir geta verið með og allir sigra.** Reykjavíkurmaraþon Glitnis verður það 23. í röðinni og má kalla uppskeruhátíð hlaupara, hlaupið sem beðið er eftir. Allir geta verið með og valið vegalengd við sitt hæfi: maraþon, hálft maraþon, 10 km, 3 km skemmtiskokk og 1,5 km Latabæjarhlaup.

**Sjóminjasafnið opnað.** Aðgangur ókeypis og heitt kaffi á könnunni.

**Thorvaldsensbazarinn** verður **opinn til kl 23.00** og heitt á könnunni allan daginn. Allur ágóði verslunarinnar rennur til líknarmála. Andri Snær Magnason rithöfundur verður með upplestur **kl 20.00.** Austurstræti 4.

**Handverkssýning** í anddyri félagsmiðstöðvarinnar, Aflagranda 40.

**Steinristur í silki** í Studio Shanko silki. Sýning á veggteppum með textum úr fornsögum Íslendinga. Kynningar á teppunum verða **kl. 14, 16 og 20. Opið til 23.** Studio Shanko silki, Skólavörðustíg 22c.

**Opið hús** í versluninni Verksmiðjan, þar sem íslenskir hönnuðir selja vöru sína. Magadansarar sýna listir sínar **kl. 16 . Opið til 20.** Skólavörðustíg 4a.

**Litasamkeppni kátra krakka** í Eymundsson. Myndirnar munu hanga uppi í búðinni allan daginn. Verðlaun verða veitt fyrir þrjár myndir **kl. 16.** Crayola-karlinn verður á vappi um Austurstrætið. **Til kl. 16.** Eymundsson, Austurstræti 18.

**„Details from Seltún-Krýsuvík“** Olíumálverk og keramikmunir eftir Lönu Matusa. **Opið frá 11-23.** Art Studio Gallery, Skólavörðustíg 41.

**Hvernig verður tískan til?** Hildur Inga Björnsdóttir tískuhönnuður opnar vinnubókina og sýnir tískuteikningar í versluninni Xirena **til kl. 23.** Skólavörðustígur 4a.

**Aðgangur er ókeypis að Landnámsskálanum á Menningarnótt og leiðsagnir kl. 15, 17, 19**. Aðalstræti 16.

**Tíska og tónlist.** Hönnunarverslunin GuSt verður **opin til kl. 23** á Menningarnótt og tríóið Moskvitsj kemur fram **kl. 17.45 og 20.15** og flytur lög frá öllum heimshornum. GuSt, Laugavegi 70.

**Ingibjörg Jónsdóttir** myndlistarkona sýnir í Aurum, **opið til kl. 16.** Bankastræti 4.

**Inga Elín glerlistakona og Jóna Björk hönnuður** sýna verk sín í Gullsmiðju Hansínu Jens, Laugavegi 42.

**Þrávirkt ástarsamband.** Sýning á pennateikningum Kjartans Halls í versluninni Hallberu. **Opið til kl. 22:30.** Laugavegi 72.

**„Og ég heyri hjartsláttinn, hef hann með mér inn í minn“** nefnist sýning Bergs Thorbergs á kaffiverkum (myndum máluðum með kaffi) í Gullkúnst Helgu. Listamaðurinn verður á staðnum og sýnir handverk sitt auk þess sem fleiri gestir líta við. **Opið til kl. 22.** Laugavegur 13.

**Frítt í sund** í Sundhöllinni **til kl. 22.** Feluleikhúsið lætur sjá sig. Sundhöllin við Barónsstíg.

**Opið hús** versluninni Gjafir jarðar, Ingólfsstræti 20. **Opið til 20.**

**Opið hús** fyrir gesti og gangandi í Listaselinu. Boðið verður upp á kaffi og kleinur og Margrét Eir mun syngja fyrir gesti kl. 18.30. Listaselið, Skólavörðustíg 17b. **Opið til kl. 22.30.**

**Ostur er veislukostur.** Eins og undanfarin ár býður Ostabúðin gestum og gangandi að smakka alls kyns lostæti fyrir utan verslun sína á Skólavörðustíg 8. **Opið verður til 22.30.** Skólavörðustíg 8.

**Eins og sagt er.** Myndbandstónverk eftir Ólöfu Arnalds sýnt viðstöðulaust. Í verkinu flytur Ólöf tónlist og syngur á átján tungumálum í níu myndrömmum samtímis svo úr verður alþjóðleg tónkviða. Ólöf verður á staðnum og spjallar við gesti og kynnir verkið. Sýnt í tónlistarstofu á 3. hæð til kl. 23. Þjóðmenningarhús, Hverfisgötu 15.

**Íslensk list – ljós og lifandi.** Gallerí art-iceland.com fagnar eins árs afmæli sínu. Léttar veitingar í boði hússins. Skólavörðustíg 1a.

**Í Nakta apanum** verður allt iðandi af lífi. Þrír ungir myndlistarmenn verða með opnun á sýningu sinni og DJ sér fyrir tónlist og gleði allan daginn. **Opið til kl. 23.** Bankastræti 14.

**Ratleikur og spurningakeppni.** Spurningaleikur þar sem spurt verður út í myndir á útisýningu Ljósmyndasafnsins á Austurvelli, Lækjartorgi og í Fógetagarði. Vegleg verðlaun í boði en keppnin er haldin í samstarfi við Morgunblaðið og Ljósmyndavörur. Spurningarnar verður hægt að nálgast á heimasíðu safnsins og verða einnig birtar í Morgunblaðinu nokkrum dögum fyrir Menningarnótt, svörum skal skila á Ljósmyndasafnið í **síðsta lagi kl. 22.** Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15.

**Gleraugnasýning** á umgjörðum frá Mykita. Fulltrúi Mykita verður á staðnum til að velja gleraugu á gesti og gangandi – 20% afsláttur og lifandi tónlist á stéttinni ef veður leyfir. Verslunin er **opin til kl. 21.** Laugavegi 32.

**Happy day** allan daginn í Kronkron, **til kl. 22.** Eigendur koma sjálfum sér og öðrum á óvart. Laugavegi 63b.

**Klængur Gunnarsson** sýnir ljósmyndasýninguna „Norður/Norður“ í versluninni Underground við Ingólfstorg. Sýningin samanstendur af portrait og götumyndum teknum á Íslandi og í Barcelona. Sýningin er **opin til kl. 21.** Underground, Veltusundi 1.

**Hengirúm á Miklatúni.** Þreyttir gestir Menningarnætur geta lagt sig í haganlega útbúin hengirúm eftir Maríu Sjöfn sem hefur verið komið fyrir í trjálundi sunnan við Kjarvalsstaði. Miklatún.

## 11:30

**Reykjavíkurmaraþon Glitnis** – dagskrá á sviði í Lækjargötu. Hljómsveitin Í svörtum fötum skemmtir.

**Hljómsveitin Soundspell** spilar nokkur lög í Félagsmiðstöðinni, Aflagranda 40.

## 12:00

**Prúttsölumarkaður** fyrir utan verslunina kvk, **til kl. 17.** Laugavegi 27.

**Reykjavíkurmaraþon Glitnis** – dagskrá á sviði í Lækjargötu. Skólahljómsveit Kópavogs tekur lagið og á eftir henni stígur Karlakórinn Fóstbræður á svið.

**Tónlist hjá Sævari Karli.** Pálmar Ólason, tónlistarmaður hússins, leikur á flygil. **Til 21.30.**

## 12:45

**Ljúfir tónar** í Félagsmiðstöðinni Aflagranda 40. Ólafur P. Ólafsson, Ingibjörg Aldís sópran og Stefán Helgi Stefánsson tenór flytja hugljúfa tóna.

## 13:00

**Lífrænn útimarkaður** í Yggdrasli. Bændur mæta með afurðir sínar, beint af akrinum. Upplifðu skemmtilega markaðsstemmningu, gerðu góð kaup og njóttu dagsins með okkur. **Opið til kl. 18.** Skólavörðustígur 16.

**Margslungnar meyjar** í Þjóðminjasafninu. Dagskráin er tileinkuð konum sem ekki eru alltaf mjög sýnilegar. Dagskráin verður mest á blíðlegum nótum þótt stöku tröllskessa stingi upp kollinum. Allan daginn verður boðið upp á ratleik, sögustundir, hljóðfæraslátt og leiðsögn um sýningarnar „Með gullband um sig miðja“ og „Huldukonur í íslenskri myndlist“ **Safnið er opið til kl. 21.** Ástríðukonur og ástríðukaffi í Kaffitári. Sögustund í baðstofu um huldukonur, skessur og álfkonur, endurtekin kl. 16. Þjóðminjasafnið, Suðurgötu 41.

**Ljósmyndasafn Reykjavíkur:** Stefnumót við liðna tíð. Boðið er upp á myndatökur af gestum og gangandi í búningum frá fyrri tíð. Sýningar safnsins á ljósmyndum Andrésar Kolbeinssonar og Hildar Margrétardóttur að Tryggvagötu 15 verða einnig **opnar kl. 13 - 22.** Ljósmyndasafn Reykjvíkur, Tryggvagötu.

**Viðey á Menningarnótt.** Ferðir úr Sundahöfn að venju á heila tímanum **frá 13-19** og til baka stundarfjórðungi fyrir heila tímann. Aukaferðir með lifandi harmonikkuleik úr Gömlu höfninni í smábátahöfninni við Ægisgarð **kl. 14, 15 og 16. Klukkan 14.30, 15.30 og 16.30** mun Hulda Hákonardóttir, listakona og höfundur bókarinnar Ætigarðurinn, ganga með gestum og fræða þá um helstu nytjajurtir Viðeyjar og segja sögur þeim tengdar. Í Viðeyjarstofu verður **opin kaffisala frá 13-18** þar sem hinar rómuðu Viðeyjarvöfflur með Viðeyjarrabarbarasultu verða í boði ásamt Viðeyjarkúmenkaffi og Viðeyjarkúmenkleinum. Ferjutollur er 750 kr fyrir fullorðna og 350 kr fyrir börn. Líka er í boði sérstakt sumartilboð með ferjumiða, vöfflu og kaffi á 1.100 kr fyrir fullorðna og 600 kr fyrir börn. Viðey.

**Bardagalistir á Austurvelli** – íslensk glíma. Á grasflötinni á Austurvelli mætast lipurð og einbeiting í hinum ýmsu bardagalistum. Þar munu nokkur félög kynna íþrótt sína fyrir gestum og gangandi og sýna okkur hvernig við getum virkjað bæði huga og líkama.

**Opið hús á Menningarnótt.** Handverkssala, boccia og veislukaffi. Söngur við flygilinn við undirleik Sigurgeirs Björgvinssonar. Handverksfólk að störfum, m.a. málun, tréútskurðir, hannyrðir og postulínsmálun. Allir velkomnir. Félagsmiðstöðin Vesturgötu 7. **Opið til kl. 16.**

**Frá holti um heiðið hverfi** með Menningarfylgd Birnu. Gangan tekur klukkutíma og lýkur henni neðarlega á Skólavörðustígnum í garðinum hjá Ófeigi og Hildi. Lagt af stað frá Skólavörðuholti.

**+354Guerrilla Store** stendur fyrir líflegri dagskrá allan daginn. **Milli kl. 13-17** verður götumarkaður og myndlistarsýning Dean Darling sem sýnir teiknimyndir í mátunarklefa. Listakonan Marý sýnir líka ljósverkið „Rignandi“. Tilraunastofan Úrbanistan verður opin fyrir nýjungum og hægt verður að leggja inn huglæg verðmæti í hugmynda- og minningabanka á svæðinu. Mýrargata 2.

**Íslenskt handverk.** Hönnun og listiðnaður á sumarsýningu Handverks og hönnunar. **Opið til kl. 21.** Aðalstræti 12.

**Gallerí Fold.** Opnun sýningar á verkum Þorvaldar Skúlasonar. Verkin eru úr einkasafni Braga Guðlaugssonar dúklagningameistara. Sýningin er haldin í tilefni af 100 ára ártíð listamannsins. Einnig verður opnuð sýning á verkum eftir Kjartan Guðjónsson. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

**Stjörnupartí í KB banka Austurstræti.** Fjölbreytt tónlistaratriði fram eftir degi. Krökkunum verður boðið upp á frostpinna og andlitsmálningu á meðan fullorðna fólkið fær rjúkandi Lavazza kaffi. KB banki, Austurstræti 5.

**Reykjavíkurmaraþon Glitnis** – dagskrá á sviði í Lækjargötu. Hljómsveitin Í svörtum fötum tekur lagið.

**Sumarsýning, kórar, leiðsagnir og listsmiðja.** Kjarvalsstaðir eru opnir **til kl. 19** og er dagskráin þar sérstaklega sniðin að barnafólki. Þar verða leiðsagnir um sýningarnar og listasmiðjur og einn þekktasti unglingakór í Svíþjóð syngur ásamt Stúlknakór Reykjavíkur. Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir, Flókagata.

## 13:15

**Listatjald í Listaporti.** Barnasmiðja. Guðbjörg Káradóttir leiðbeinir börnum. Um það bil klukkustundarlangt námskeið í skemmtilegri listsköpun fyrir börn 12 ára og yngri. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

## 13:20

**Bardagalistir á Austurvelli** - Skylmingar. Á grasflötinni á Austurvelli mætast lipurð og einbeiting í hinum ýmsu bardagalistum. Dagskrá allan daginn.

## 13:30

**Margslugnar meyjar í Þjóðminjasafni.** Bára Grímsdóttir flytur tónlist sem hæfir tilefninu. Þjóðminjasafnið.

**Opið hús í Höfða.** Leiðsagnir á 20 mínútna fresti um hið sögufræga hús Reykvíkinga við Sæbraut. Opið til 15.30.

## 13:45

**Reykjavíkurmaraþon Glitnis** – dagskrá á sviði í Lækjargötu. Upphitun fyrir Latabæjarmaraþonið þar sem sjálfur Íþróttaálfurinn hitar þátttakendur upp.

**Listasöngur í Galleríi Fold.** Adolf Fredrik unglingakórinn frá Stokkhólmi undir stjórn Lottu Björkwall og félagar úr Stúlknakór Reykjavíkur undir stjórn Margrétar Pálmadóttur syngja nokkur lög. Dregið í fyrsta skipti í Listahappinu, ókeypis listaverkahappdrætti þar sem allir gestir fá happdrættismiða. Dregið verður á 30 mínútna fresti, alls 17 sinnum eða þar til allir vinningar ganga út. Vinningar eru listaverk eftir þekkt listafólk. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

**Gengið frá félagsmiðstöðinni** Aflagranda 40 að félagsmiðstöðinni Vesturgötu 7.

## 14:00

**Sýning hjá Sævari Karli.** Opnun á sýningu á verkum sem Gallerí Sævars Karls hefur fest kaup á síðustu 18 árin. Sýningin rekur sögu gallerísins og minnir á nokkrar stjörnur listaheimsins sem hófu þar feril sinn. **Opið er til kl. 21.** Sævar Karl, Bankastræti 7.

**Íslenskir víkingar** í fullum herklæðum munu marsera um miðborgina á Menningarnótt.

**Handanudd og heilsute** í verslun Blue Lagoon. Gestum verður boðið upp á handanudd **milli 14.00 og 18.00.** Einnig verður boðið upp á Blue Lagoon te og vöruprufur. Blue Lagoon verslun, Laugavegi 15.

**Danskvikmyndir frumsýndar á Íslandi** í boði Dance Film Association New York: „Ladies and gentlemen over 65“ (Þýskaland) eftir Lilo Mangelsdorff. Fylgst með heillandi æfingaferli og einstökum sýningum danshóps eldri borgara, undir stjórn hinnar goðsagnakenndu Pinu Bausch. „The Cost of Living“ DV8 (England) eftir Lloyd Newson. DV8 dansleikhúshópurinn hefur verið kallaður „The sex pistols of dancers“, með frábæra mynd um kjaftforan Breta og fótalausan vin hans í helstu danshlutverkum. „Zimmer“ (Ísland), eftir Helenu Jónsdóttur. Leikari/dansari Ólafur Darri Ólafsson. Þegar þú ílengist fyrir framan sjónvarpið nógu lengi má búast við að líkami og sál taka að mótast af ástandinu! Tjarnarbíó.

**Málverkasýning utandyra.** Garðar Jökulsson fjallamálari sýnir málverk unnin á þessu og síðasta ári. Garðar verður á staðnum og er tilbúinn til að ræða myndlist og daginn og veginn. Myndirnar eru til sölu, en andvirði tveggja fyrstu myndanna rennur til langveikra barna. Sýningin er háð veðri. Austurvöllur.

**Leiðsögn Hrafnhildar Schram** um sýninguna Huldukonur í íslenskri myndlist í Bogasal. Leiðsögnin er endurtekin **kl. 17.** Þjóðminjasafnið, Suðurgötu 41.

**Bardagalistir á Austurvelli** - Karate. Á grasflötinni á Austurvelli mætast lipurð og einbeiting í hinum ýmsu bardagalistum.

**Ingólfsnaust á Menningarnótt.** Leiksýningin How do you like Iceland? fer með áhorfandann í bráðfyndna en fræðandi skemmtiferð um Íslandssöguna, allt frá landnámi til vorra daga. Höfundur Benóný Ægisson. Leikið á ensku. Upplýsingamiðstöð ferðamanna, Aðalstræti 2.

**Iðandi fjör í Iðu.** Kunnir rithöfundar koma í heimsókn **frá 14 – 22** og lesa upp úr verkum sínum, bæði fyrir börn og fullorðna og því er tilvalið fyrir alla fjölskylduna að koma við og njóta íslenskrar menningar eins og hún gerist best. Iða, Lækjagötu 2a.

**Útimarkaður, handverksfólk og jólasveinar** í Jólahúsinu. Handverksfólk sýnir verk sín í glugga Jólahússins og Grýla hefur verið svo elskuleg að senda tvo syni sína til Reykjavíkur til að taka þátt í Menningarnótt. Jólahúsið, Skólavörðustíg 21a.

**Skapað af list.** Gunnella – Guðrún Elín Ólafsdóttir vinnur við olíumálun í galleríinu. Til kl. 17. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

**Dagskrá framhaldsskólanema í Iðnó.** Ljósmyndasýning á vegum Verslunarskólans opnar. Iðnó, Vonarstræti 3.

**Myntsafn Seðlabanka Íslands og Þjóðminjasafns** verður opið og til sýnis almenningi í Seðlabankahúsinu. Opið **til kl. 17.** Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1 (við Arnarhóli).

**„Komið með til Færeyja“.** Í tilefni Menningarnætur hefur bókaverslun Máls og menningar fengið til landsins listamenn og söngvara frá Færeyjum, þ.á.m. fulltrúa Havnardansifélags. Mál og menning mun standa að kynningu á færeyskum bókum og tónlist meðan á hátíðinni stendur og reyna að auðvelda aðgengi gesta að færeyskri menningu. Zakarías Heinsen opnar sýningu á eigin verkum en hann er sonur hins vinsæla færeyska rithöfundar Williams Heinesen og er sjálfur einn þekktasti listamaður Færeyinga. Fulltrúar Atlantic Airways verða í versluninni og veita upplýsingar um ferðir til Færeyja. Mál og menning, Laugavegi 18.

**Dagskrá framhaldsskólanema í Iðnó.** Baldur Pétursson píanóleikari flytur lög eftir Edward H. Grieg og Johann Pachelbel. Iðnó, Vonarstræti 3.

**Í Porti Hafnarhússins** verður mikil stemning á Menningarnótt. Þar verður opið allan daginn og hægt að tylla sér niður og kaupa veitingar á vægu verði. Í boði verða sýningar, listsmiðjur og lifandi tónlist. Portið er opið **til kl. 22.30.** Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhúsi, Tryggvagötu 17.

**Grænlenski kórinn Inngeratsiler** syngur í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi, Tryggvagötu 17.

**Ingó úr Idol** mætir með gítarinn. KB banki, Austurstræti 5.

**„Sýning eða ekki sýning“** Jóhönnu Bogadóttur í gallerí grafíkfélagsins. Óformleg sýning með áherslu á vinnuferlið og leiðirnar með teikningum, litógrafíum, skissum og fleiru. Opið til kl. 22. Hafnarhús, Tryggvagötumegin.

**Góðir gestir frá Vilnius.** Litháen – 24 stundir. Daginn sem Litháen gekk í Evrópusambandið munduðu fjölmargir ljósmyndarar landsins tæki sín og tól og tóku myndir linnulaust í heila 24 tíma um allt landið. Markmið verkefnisins var að skapa framúrskarandi sýningu um sögulegan viðburð. Sýningin verður opnuð í húsnæði Tryggingamiðstöðvarinnar en litháíska lúðrasveitin Trimitas leikur við opnun. Aðalstræti 6.

**Jurtaapótekið** mun gefa vegfarendum íslenskt heilsute fyrir utan Jurtaapótekið að Laugavegi 2. **Til kl. 17.00.**

**Hjálparstarf og sanngjörn viðskipti** – opið hús í Kirkjuhúsinu. Fyrir utan húsið verður geit í kró til að minna á verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar: „gefðu geit sem gefur“. Í verslun Kirkjuhússins verður Fair Trade hugtakið kynnt sem og viðfangsefni sunnudagaskólans og kirkjunnar kynnt fyrir börnum og foreldrum. Einnig verða fluttar hugvekjur, boðið upp á kirkjukaffi og lífsins brauð. Í rými við hlið aðalinngangs verður kyrrðarherbergi til bæna, samtals og íhugunar **opið frá 14.00 – 22.00.** Laugavegi 31.

**Gull í grjóti** býður fólk velkomið fram á kvöld. Skólavörðustíg 4.

**Landsbankinn** – Hitt sviðið. Bakhjarl Menningarnætur bætir við öðru sviði við útibú sitt við Laugaveg 77 í samstarfi við Gallerí Humar eða frægð! Hljómsveitin Capybara stígur fyrst á svið. Laugavegur 77.

**Opið hús** í versluninni Gjafir jarðar. Læknamiðillinn Ólafur Thorarensen heilar og sýnir gestum hvernig kristallar gefa orku og







# SÍÐDEGISDAGSKRÁ MENNINGARNÆTUR / 14.00 - 16.00

hvernig þeir eru notaðir. Til kl. 20. Gjafir jarðar, Ingólfsstræti 2.

**Barnamyndasamkeppni** í skartgripaversluninni Hún og hún. Sif Ægisdóttir gullsmiður velur mynd og smíðar silfurskartgrip eftir henni sem vinningshafinn fær í verðlaun. **Samkeppnin stendur til kl. 17.** Verslunin er **opin til kl. 22:30.** Hún og hún, Skólavörðustíg 17b.

**Fríkirkjan.** Jón Bjarnason organisti í Seljakirkju heldur orgeltónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík Á efnisskránni eru verk eftir Bach, Vivaldi, Mozart og Mendelsohn auk spuna.

**JCI á Menningarnótt.** Landsforseti JCI Íslands, Arna Björk Gunnarsdóttir flytur ávarp og Bernharð S. Bernharðsson formaður Menningarnætur JCI Íslands kynnir dagskrá. Hellusund 3.

**Gönguferð um Hólavallagarð.** Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma og Fornleifavernd ríkisins bjóða til gönguferðar um Hólavallagarð. Gestum verður skipt í tvo hópa en Þorgeir Adamsson garðyrkjustjóri leiðir annan og kynnir gróðurfar garðsins. Hinn hópinn leiðir Gunnar Bollason verkefnisstjóri og kynnir gestum sögu garðsins. Gangan verður svo strax endurtekin þannig að gestir geta fært sig milli hópa. Hvor ganga tekur um 20 mínútur. Hólavallagarður - gangan hefst við þjónustuhúsið við Ljósvallagötu.

**Austurbær.** Frumsýning á barnaleikrinu Drekaskógur. Verkið er flutt af leikurum á aldrinum 9 – 17 ára sem hafa tekið þátt í námskeiðum vegum Ismedia í Austurbæ í sumar. Í leikritinu takast á góð og ill öfl sem börn þurfa að glíma við. Við sögu koma skógardísir, eldflugur, svarálfar og drekar. Leikstjóri og höfundur er Agnar Jón Egilsson. Austurbær, Snorrabraut 37.

**Gestir að austan.** Fjarðabyggð er gestasveitarfélag Menningarnætur 2006 og stendur fyrir veglegri dagskrá í Ráðhúsinu. Í Austursal verður sýning á málverkum og ljósmyndum og handverkskonur að störfum. Í Vestursalnum verður glæsileg tónlistardagskrá með trúbadorum, jazz og klassík auk hinnar rómuðu stórsveitar BRJÁN, blús-, rokk- og jazzklúbbsins á Nesi. Dagskráin hefst á ávörpum borgarstjórans í Reykjavík, Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar og forseta bæjarstjórnar Fjarðarbyggðar, Guðmundar Rafnkels Gíslasonar. **Dagskrárlok um kl. 22.** Ráðhús Reykjavíkur.

**Opið hús í Vitatorgi,** félagsmiðstöð eldri borgara. Veitingasala, kaffi og kökur. Harmonikuhljómsveit Ulrichs Falkner leikur fyrir dansi **frá kl. 14 –16 . Opið til kl. 17.** Vitatorg, Lindargötu 59.

**Endurmenntun Háskóla Íslands. Opið hús milli kl. 14-16** þar sem gestum býðst að hlýða á fyrirlestra nokkurra af vinsælustu kennurum stofnunarinnar. Meðal fyrirlesara verða Ólafur Gíslason listgagnrýnandi, Gunnar Hersveinn heimspekingur og rithöfundur, Andri Snær Magnason rithöfundur og Steinunn Inga Stefánsdóttir vinnusálfræðingur. **Nánari dagskrá á www.endurmenntun.is.**

**Opið hús** - ættfræðirannsóknir og lífið fyrr á tímum. Eitt fallegasta hús borgarinnar opnar dyr sínar fyrir almenningi **til kl. 20.** Boðið verður upp á ættargrúsk á vegum ættfræðiþjónustunnar ORG allan daginn en garðinn prýða dýr frá Fjölskyldu og húsdýragarðinum. Fríkirkjuvegur 11.

**TÞM (Tónlistarþróunarmiðstöðin).** Snillingar morgundagsins leika á Vegamótastíg á Menningarnótt. Rokkið glymur **til kl 20.** Vegamótastígur.

**Siglingar á Tjörninni** fyrir framan Ráðherrabústaðinn (ef veður leyfir). **Til kl. 19.**

**Opið verður** hjá saumastofunni Hnapp ehf. **Til kl. 22.** Til sýnis verða sérsaumaðir brúðarkjólar og í boði verða léttar veitingar. Njálsgata 11.

**Glæsilegir unglingakórar –** Stúlknakór Reykjavíkur og Adolf Frederik kórinn frá Stokkhólmi flytja fjölbreytta og skemmtilega söngdagskrá allt frá þjóðlögum til jazz og gospel tónlistar. Stjórnendur Margrét J. Pálmadóttir og Lotta Björkwall. Tónleikunum **lýkur kl. 15:30.** Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir, Flókagata.

**Safn**, samtímalistasafn býður gestum upp á sýningar listamannanna Crystal Grey og Roman Signer. **Opið til kl. 21** Laugavegi 37.

**Götuleikhúsið** Hvítir Mávar bregður á leik hér og þar um bæinn **til kl. 18.**

**Opið hús** í Bahá miðstöðinni **til kl. 16.**

Öldugata 2.

**KVIK-MYND** – innsetning í Austurbæ. Arna Valsdóttir setur upp myndbandsinnsetningu í andyrinu. Verkið KVIK – MYND er málverk unnið með myndbandstækni og er hluti af ferlisverkinu ÉG ER ÖGN Í LÍFRÆNNI KVIKSJÁ sem Arna hefur unnið að síðustu ár. **Til kl 19:00.** Austurbær, Snorrabraut 37.

**Íslenskir víkingar** í fullum herklæðum munu marsera um miðborgina á Menningarnótt.

## 14:15

**Listahapp.** Dregið í annað sinn í ókeypis listaverkahappdrætti. Gallerí Fold, Rauðarárstíg

**Reykjavíkurmaraþon Glitnis**
Latabæjarmaraþonið, 1,5 km verður ræst. Hver veit nema liprir íbúar Latabæjar taki þátt í hlaupinu?

## 14:20

**Bardagalistir á Austurvelli** - júdó. Á grasflötinni á Austurvelli mætast lipurð og einbeiting í hinum ýmsu bardagalistum

**Góðir gestir að austan.** BRJÁN - blús rokk og jazzklúbburinn á Nesi flytur nokkur lög. Ráðhúsið.

## 14:25

**Landsbankinn – Hitt sviðið.** Hljómsveitin Benny Crespos Band leikur. Laugavegur 77.

## 14:30

**Skartgripasýning við Miklatún.** Listnám.is býður uppá skartgripasýningu á Menningarnótt, silfur og Faux bone skartgripi eftir Robert Dancik, Sara Cole, Vera Lightstone og Ruth J Greening. Opið til 22:00. Miklabraut 68 (við hlið verslunarinnar Hlíðarblóm)

**Hafnarganga Sjóminjasafnsins.** Helgi M. Sigurðsson leiðir göngu frá Vesturgötu 7 að Vík inni – Sjóminjasafninu við Grandagarð. Gengið verður um „sjómannagöturnar" og sagt frá þróun hafnarinnar sem nefnd hefur verið lífæð borgarinnar. Göngunni lýkur á Sjóminjasafninu á bilinu 15:30 – 16:00.

**Hlaup skrifstofumannsins.** Opið hlaup þar sem þátttakendur klæðast hefðbundnum skrifstofuklæðnaði, jakkafötum eða drögtum. Skjalataska og gsm sími eru nauðsynleg hjálpartæki. Verðlaun fyrir efstu sæti karla og kvenna. Jazzsveitin Dúi heldur uppi kaffihúsastemningu. Til kl. 15:30. Kaffisala er frá 15-17. Hellusund 3

**Listaverkaupplifun á Hótel Holti.** Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur tekur á móti fólki og fer um húsið og fjallar um málverkin og listamennina eins og kostur er, aðaláherslan verður þó á nýtt rými í Þingholtinu þar sem vinnustofu Kjarvals hefur verið komið upp. Hótel Holt, Bergstaðastræti 37.

**Dagskrá framhaldsskólanema í Iðnó.**
Herranótt – leikfélag Menntaskólans í Reykjavík, leikur af fingrum fram. Iðnó, Vonarstræti 3.
Nytjajurtir í Viðey. Hulda Hákonardóttir listakona og höfundur bókarinnar Ætigarðurinn ganga með gestum og fræða um helstu nytjajurtir Viðeyjar. Ferðir úr Sundahöfn að venju á heila tímanum frá 13-19, aukaferðir með lifandi harmonikkuleik úr smábátahöfninni við Ægisgarð kl. 14, 15 og 16. Viðey.

## 14:45

**Listahapp.** Dregið í þriðja sinn í ókeypis listaverkahappdrætti. Gallerí Fold, Rauðarárstíg

**Bardagalistir á Austurvelli** - Aikido. Á grasflötinni á Austurvelli mætast lipurð og einbeiting í hinum ýmsu bardagalistum.

**Góðir gestir að austan.** Örvar Ingi Jóhannesson og Valdimar Másson flytja nokkur sönglög og aríur og Örvar leikur einleik á píanó. Ráðhúsið.

**Gilitrutt.** Kvikmyndin Gilitrutt sýnd í Fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins. Endurtekin á klukkutímafresti **til kl. 19:30.** Þjóðminjasafnið, Suðurgötu 41.

## 14.50

**Landsbankinn – Hitt sviðið.** Hljómsveitin Reykjavík! leikur. Laugavegur 77.

## 15:00

**Alþjóðarallið á Íslandi.** Sigurvegarar í 27. alþjóðarallinu fara um endamark fyrir framan gamla Landsímahúsið.

**Leiðsögn** um Landnámsskálann í Aðalstræti. Aðalstræti 16.

**Indversk Bollywood stemming í Múltí.** Sýndar verða indverskar Bollywood kvikmyndir og ýmis fróðleikur týndur til um Bollywood menningu. Allir velkomnir. **Opið til kl. 21 .** Múltí, Ingólfsstræti 8.

**Opið hús á Menningarnótt.** Handverkssala, boccia og veislukaffi. Dansað við lagaval Þorgilssonar danskennara. Handverksfólk að störfum, m.a. málun, tréútskurðir, hannyrðir og postulínsmálun. Allir velkomnir. Félagsmiðstöðin Vesturgötu 7 **Opið til kl. 16 .**

**Alþjóðahúsið í samvinnu við Listasafn Íslands og VÍS.** Listasmiðjur fyrir börn hljóðfæragerð og sköpunargleði undir yfirskriftinni tröll og þjóðsögur. Sýndur verður trölladans, sagðar tröllasögur og drukkinn trölladrykkur. **Milli kl. 15-17** í porti Alþjóðahússins

**Málþing** - Staða málverksins í samtímanum. Málþing þar sem sýningin Carnegie Art Award 2006 er notuð sem útgangspunktur. Frummælendur eru listfræðingarnir Gunnar J. Árnason, Jón Proppé og Halldór Björn Runólfsson. Stjórnandi málþingsins er Fríða Björk Ingvarsdóttir.

**„Komið með til Færeyja".** Færeyskur dans. Havnardansifélag leiðir gesti í færeyskum dansi og söng. Mál og menning Laugavegi 18.

**Kólnandi kaffi á Hressó.** Dansverkið Kólnandi kaffi eftir Höllu Ólafsdóttur og Lovísu Ósk Gunnarsdóttur. Hressingaskálinn, Austurstræti.

**Opið hús** hjá Sambandi íslenskra myndlistarmanna með opnum vinnustofum listamanna. SÍM hefur nýverið tekið á leigu húsið við Seljaveg 32 sem áður hýsti Landhelgisgæslu Íslands. Sömuleiðis sýna þrjár Huldur, sem allar eru með vinnustofu í húsinu, verk í sýningarsal hússins, þær Hulda Hákon, Hulda Stefánsdóttir og Hulda Vilhjálmsdóttir. **Opið til kl. 18** . Seljavegur 32.

**Tímamót –** myndlistarsýning Sigurðar Örlygssonar í tilefni af 60 ára afmæli hans. Snæbjörn Gauti Snæbjörnsson leikur á jazz á saxófón. Ófeigur gullsmiðja, Skólavörðustíg 5.

**Hönnuðir bjóða í heimsókn.** Vesturgata 17 og Garðastræti 2 eru vinnustofur vöru- og fatahönnuða sem halda hönnunarhátíð á horni Vesturgötu og Garðastrætis þar sem vinnustofur verða opnaðar og Söluturninn Gotti sér um veitingar. Vesturgata 17.

**Dagskrá framhaldsskólanema í Iðnó.** Hljómsveitin Remúkkulaði leikur. Iðnó, Vonarstræti 3.

**Reykjavíkurmaraþon Glitnis** – dagskrá á sviði í Lækjargötu. Dansdeild ÍR sýnir takta og sveiflur.

**Blindskákeinvígi skákmeistara** á Útitaflinu. Skáksamband Íslands og Hrókurinn bjóða upp á blindskákeinvígi stórmeistara á Útitaflinu við Lækjargötu.

**Kvennafans.** Leiðsögn Þorgerðar Þorvaldsdóttur um konur í Þjóðminjasafninu. **Endurtekið kl. 20.** Þjóðminjasafnið, Suðurgötu 41.

**Skáldavaka.** Skáldin Guðbergur Bergsson, Jóhann Hjálmarsson og Vala Þórsdóttir lesa úr verkum sínum. Harpa Arnardóttir les úr verkum Þorsteins frá Hamri. Dagskráin er endurtekin **kl. 16, 17, 20 og 21.** Helgi Guðmundsson úrsmiður og Halla Boga gullsmiður, Laugavegi 82.

**Góðgerðadagur Harley-Davidson eiganda** á Íslandi. Einn rúntur aftan á Harley hjóli kringum tjörnina kostar 500 kr. Allur ágóði rennur til langveikra barna. Til kl. 17 Lagt af stað frá Austurvelli.

**Trúbadorinn Kristján** leikur til **kl.16** , verslunin Oni, Laugavegi 12.

**Skipulagstillögur** sem urðu ekki að veruleika. Borgarskjalasafnið verður með opið hús á 3. hæð Tryggvagötu 15 þar sem hægt er að skoða sýninguna „Skipulagstillögur sem urðu ekki að veruleika" , fá sér kaffi og meðlæti í boði safnsins og njóta þeirrar dagskrár sem í boði er. Fólki gefst einnig kostur á að fletta gömlum úrklippubókum Borgarskjalasafns um lögreglumál og kynna sér hvernig glæpir í Reykjavík og sýn á þá hefur breyst í gegnum tíðina. Borgarskjalasafn, Tryggvagötu

**Bríet Sunna úr Idol** Stjörnuleit tekur nokkur lög, KB banki, Austurstræti 5.

**Íslenskir víkingar og valkyrkjur** sína bardagslistir og vopn sín á Ingólfstorgi.

**Sviðslistahátíðin ArtFart.** Brite Theatre sýnir dansverkið Kjöt. Ó. Johnson & Kaaber húsið, Sætúni 8.

**Sýningaropnun á Menningarnótt** á Listasafni ASÍ. Í Ásmundarsal og Gryfju er sýning sem ber heitið VÍDEÓ- INNSETNINGAR eftir Aleksandra Signer og Tuma Magnússon. Í Arinstofu er sýning á verkum í eigu Listasafns Así. Safnið verður **opið til kl. 22.00.** Listasafn ASÍ, Freyjgötu 41.

## 15:15

**Reykjavíkurmaraþon Glitnis -**
Hljómsveitamaraþon í Lækjargötu - Unghljómsveitir troða upp

**Landsbankinn – Hitt sviðið.** Hljómsveitin Jan Mayen leikur. Laugavegur 77.

**Listatjald í Listaporti.** Barnasmiðja. Guðbjörg Káradóttir leiðbeinir börnum. Um það bil klukkustundarlangt námskeið í skemmtilegri listsköpun fyrir börn 12 ára og yngri. Dregið í fjórða sinn í ókeypis listaverkahappdrætti Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

## 15:20

**Varðeldur í Listaporti.** Fjölskylduskemmtun í umsjón skáta. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

**Góðir gestir að austan.** Svanur Vilbergsson leikur á klassískan gítar.

## 15:30

**Ragnar Bjarnason** syngur sjómannalög af nýútkomnum diski „Vel sjóaður" við undirleik Þorgeirs Ástvaldssonar. Sjóminjasafnið, Grandagarði 8.

**Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari og Sólborg Valdimarsdóttir píanóleikari** leika ljúfa klassíska efnisskrá í Fríkirkjunni. Efnisskráin samanstendur af Rómönsu eftir Saint-Saëns, lögum eftir Fauré og íslenskum þjóðlögum svo eitthvað sé nefnt. **Til kl. 15:45.** Fríkirkjan, Fríkjuvegi 5.

**Sviðslistahátíðin ArtFart.** Leikhópurinn B8 sýnir Íslenska fyndni - lol djók. Ó. Johnson & Kaaber húsið, Sætúni 8.

**Ingólfsnaust á Menningarnótt -** Jazzkvartett Sunnu Gunnlaugsdóttur leikur hressan og skemmtilegan jazz. Upplýsingamiðstöð ferðamanna, Aðalstræti 2.

**Dagskrá framhaldsskólanema í Iðnó.** Tískusýning á vegum Verslunarskólans. Iðnó, Vonarstræti 3.

**Minningabox - Listsmiðja.** Opin skapandi og skemmtileg listsmiðja fyrir alla fjölskylduna **til kl. 18** og leiðsögn um sýninguna „Skoðum myndlist". Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir.

**Landsbankinn – Hitt sviðið.** Hljómsveiti Dikta leikur. Laugavegur 77.

**Nytjajurtir í Viðey.** Hulda Hákonardóttir listakona og höfundur bókarinnar Ætigarðurinn ganga með gestum og fræða um helstu nytjajurtir Viðeyjar og segja sögur þeim tengdar. Viðey.

## 15:45

**Listahapp.** Dregið í fimmta sinn í ókeypis listaverkahappdrætti. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

## 16:00

**Brugðið á leik fyrir alla fjölskylduna.** Dagskrá í garðinum á bakvið Austurbæ þar sem persónur úr leikritunum Hafinu og Ávaxtakörfunni líta við og skemmta sér og öðrum. **Til kl. 17.** Austurbær, Snorrabraut 37.

**Tangó á hreyfingu.** Dansaður verður argentínskur tangó úti á götu. Uti-milonga með tangódiskóteki á hjólum við Kramhúsið á horni Skólavörðustígs og Bergstaðarstrætis og færist svo niður Skólavörðustíg, með viðkomu í Bankastræti og Austurstræti. Ferðinni lýkur kl 17.00 við Geysishúsið. Allir geta slegist í för og tekið sporið. Kramhúsið, við Skólavörðustíg 12

**Grænlenski kórinn** Inngeratsiler syngur í Hallgrímskirkju. Kórinn Inngeratsiler er blandaður kór sem kemur frá bænum Tasiilaq eða Ammassalik á austur strönd Grænlands. Kórinn syngur án undirleiks og þykir söngtækni kórsins mjög sérstök. Kórinn hefur sungið víða um lönd og getið sér góðan orðstír. Kórinn syngur grænlensk þjóðlög og sálma. Hallgrímskirkja, Skólavörðuholti.

**Landsbankinn.** Listaverkaganga um Aðalbanka. Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur sýnir og segir frá listaverkum í eigu bankans. Austurstræti 11.

**Ljósmyndasafn Reykjavíkur** stendur fyrir uppboði á Reykjavíkurmyndum sem hafa prýtt miðbæinn í allt sumar. Uppboðið hefst á Lækjartorgi **kl. 16**, á Austurvelli og **kl. 17** og lokaspretturinn verður í Fógetagarði **kl. 18.** Upphafsboð í hverja mynd er 5000 kr.

**Friðrik Ómar** syngur í húsakynnum JCI, Hellusundi 3.

**Skáldavaka.** Skáldin Guðbergur Bergsson, Jóhann Hjálmarsson og Vala Þórsdóttir lesa úr verkum sínum. Harpa Arnardóttir les úr verkum Þorsteins frá Hamri. Helgi Guðmundsson úrsmiður og Halla Boga gullsmiður, Laugavegi 82.

**Opið hús í versluninni Gjafir jarðar.** Frú Sigríður Klingenberg les í spil og spáir fyrir gestum **til kl. 20.** Gjafir jarðar, Ingólfsstræti.

**„Komið með til Færeyja".** Ellen og Lív spila og syngja fyrir gesti en þær vinna báðar að dagskrárgerð fyrir færeyska sjónvarpið. Mál og menning Laugavegi 18.

**Sviðslistahátíðin ArtFart.** Námskeiðið Veggmyndir styrkir undirmeðvitundina og gerir þig að betri manneskju. Það eina sem þú þarft að gera er að mæta. Ó. Johnson & Kaaber húsið, Sætúni 8.

**DJ þeytir skífum í Glamúr til kl. 20.** Allir velkomnir að líta við í stútfulla búð af nýjum vörum. Glamúr, Laugavegi 41.

**Skapað af list.** Aðalbjörg Þórðardóttir vinnur við olíumálun í galleríinu. **Til kl. 19 .** Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

**Dagskrá framhaldsskólanema í Iðnó.** Hljómsveitin Le Poulet de Romance leikur. Iðnó, Vonarstræti 3.

**Vínuppboð Globus hf.** á Hótel Holti. Einstakt tækifæri fyrir vínáhugamenn að koma og taka þátt í skemmtilegu vínuppboði þar sem hvert eðalvínið á fætur öðru verður boðið upp. Sérstakur Menningarmatseðill er í boði á Menningarnótt. Hótel Holt, Bergstaðastræti 37.

**Suðupottur á Ingólfstorgi.** Ultra Mega Technobandið Stefán tekur lagið.

**Stofutónleikar.** Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, skáld og tónlistarmaður, heldur árlega stofutónleika sína í bókasal. Ljóð og vísnatónlist verður ráðandi á tónleikunum sem verða fernir talsins og aldrei eins, en alltaf fjölskylduvænir og efnið bæði gamalt og nýtt. Guðrún Gunnarsdóttir söngkona og Gunnar Gunnarsson píanóleikari fram ásamt Aðalsteini. Tónleikarnir eru endurteknir **kl. 17, 18 og 20.** Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15.

**Ingólfsnaust á Menningarnótt.** Leiksýningin How do you like Iceland? fer með áhorfandann í bráðfyndna en fræðandi skemmtiferð um Íslandssöguna, allt frá landnámi til vorra daga. Höfundur Benóný Ægisson. Leikið á ensku. Upplýsingamiðstöð ferðamanna, Aðalstræti 2.

**Íslensk tískuhönnun.** Jóna Björg Jónsdóttir sem hannar og framleiðir jbj design fatalínuna verður við á sýningunni og kynnir aðferðirnar sem hún notar við efnisvinnsluna. Jóna Björg hefur náð undraverðum árangri í þæfingu þar sem að hún notar ávallt ull og silki saman í fatnaðinn. Sýningin er á rishæð **til kl. 18.** Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15.

**Hljóðbólur frá hafsbotni.** Dean Ferrell kontrabassaleikari og Anna Helga Guðmundsdóttir, stinga sér til sunds áður en þau taka nokkur lög fyrir kontrabassa, þvottabretti, línubalabassa og rödd. Dagskráin er endurtekin **kl. 18 og 20.** Sundhöll Reykjavíkur.







# SÍÐDEGISDAGSKRÁ MENNINGARNÆTUR / 16:15 - 18:30

**Góðir gestir að austan.** Hilmar Garðarsson trúbador frá Stöðvarfirði leikur útgefin og ný frumsamin lög. Ráðhúsið

**Skapandi skemmtilegt í Hinu húsinu** – inni og úti og allt um kring. Skapandi sumarhópar fara hamförum allan daginn. Dans, leikhús, myndlist, jazz og klassísk og bókmenntir fram á kvöld. Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5.

**Snorri Idolstjarna 2006** skemmtir gestum ásamt Vigni gítarleikara. KB banki, Austurstræti 5.

**Landsbankinn – Hitt sviðið.** Hljómsveitin Jakobínarína leikur. Laugavegur 77.

**Sögustund** í baðstofu Þjóðminjasafnsins þar sem sagt verður af huldukonum, skessum og álfkonum. Þjóðminjasafnið, Suðurgötu 41.

## 16:15

**Listahapp.** Dregið í sjötta sinn í ókeypis listaverkahappdrætti. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

## 16:16

**Dagskrá í Bergshúsi.** Formleg opnun hússins. Vinnustofumenn kynna starfsemina. Hverfisgata 32.

## 16:30

**Sumarsýning úr safneign –** Leiðsögn á ensku. Sýningarstjórinn Fee Quai tekur þátt í leiðsögn. Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir.

**Suðupottur á Ingólfstorgi.** Hljómsveitin Klístur spilar.

**Íslenskir víkingar og valkyrkjur** sína bardagslistir og vopn sín í Hljómskálagarðinum.

**Rökræðueinvígi** í JCI húsinu ásamt stuttri kynningu á þessu skemmtilega ræðuformi. Nýbakaður Evrópumeistari 2006 mun etja kappi við heimsmeistara 2003. **Til kl. 16.** Hellusund 3.

**Sumarsýning úr safneign.** Leiðsögn á ensku um sumarsýningu Listasafns Reykjavíkur í umsjón sýningarstjórans Fee Quai. Kjarvalsstaðir.

**Margslungnar meyjar í Þjóðminjasafni.** Bára Grímsdóttir flytur tónlist sem hæfir tilefninu. Þjóðminjasafnið.

**Góðir gestir að austan.** Blúsgigg frá Stöðvarfirði. Garðar Harðar. og Þorleifur Guðjónsson og fleiri félagar.

**Danskvikmyndir frumsýndar** á Íslandi í boði Dance Film Association New York: „Ladies and gentlemen over 65" (Þýskaland) eftir Lilo Mangelsdorff, „The Cost of Living" DV8 (England) eftir Lloyd Newson, „Zimmer" (Ísland), eftir Helenu Jónsdóttur. Tjarnabíó.

**Landsbankinn – Hitt sviðið.** Hljómsveitin Skátar leikur. Laugavegur 77.

**Samtöl við listamenn og leiðsagnir.** Sýningin Carnegie Art Award 2006 skoðuð með þátttöku frummælenda og listamanna sem eiga verk á sýningunni. Jón Óskar Hafsteinsson og Jón Proppé ræða verk Jón Óskars. Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús, Tryggvagötu 17.

**Sviðslistahátíðin ArtFart.** Leikhópurinn Saga sýnir verkið Billy Boy. Ó. Johnson & Kaaber húsið, Sætúni 8.

**Nytjajurtir í Viðey.** Hulda Hákonardóttir listakona og höfundur bókarinnar Ætigarðurinn ganga með gestum og fræða um helstu nytjajurtir Viðeyjar og segja sögur þeim tengdar. Viðey.

**Suðupottur á Ingólfstorgi.** Hljómsveitin Andrúm leikur.

**Dagskrá framhaldsskólanema í Iðnó.** Ræðukeppni milli úrvalsliðs framhaldsskólanema og nokkra landsþekktra ræðusnillinga en Helgi Hjörvar, og Gísli Marteinn Baldursson hafa tilkynnt komu sína. Iðnó, Vonarstræti 3.

**Sýning á verkum Vinnuskólans í Reykjavík.** Í sumar hafa nemendur 10. bekkjar verið á námskeiði í Hafnarhúsinu og gert myndasögur undir leiðsögn kennara. Fjölnotasalur, Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús, Tryggvagötu 17.

**Fyrirheitna landið** Lesið upp úr ferðasögu Þórðar Diðrikssonar sem tókst á hendur ferðalag frá Suðurlandi til Utah-fylkis á árunum 1855-1856 og settist að í fyrirheitna landinu. **Sýningin er á 2. hæð t.h., endurtekin kl. 17.30.** Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15.

## 16:45

**Listahapp.** Dregið í sjöunda sinn í ókeypis listaverkahappdrætti. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

## 16:50

Eins og þeim einum er lagið. Guðbjörn Guðbjörnsson óperusöngvari flytur létt lög við undirleik. Guðbjörn þarf vart að kynna fyrir Íslendingum, en söngur hans hefur ávallt notið mikillar hylli í dagskrá Galleris Foldar. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

**Landsbankinn – Hitt sviðið.** Hljómsveitin Hairdoctor ærir lýðinn. Laugavegur 77.

## 17:00

**Vinnustofa Péturs Gauts** verður opin á Menningarnótt **til kl. 22. Frá 20–22** mun jazzdívan Kristjana Stefánsdóttir og tríó hennar leika af fingrum fram. Ný verk eftir gestgjafann verða að sjálfsögðu á veggjum og léttar veitingar í boði. Allir velkomnir. Njálsgata 86 (horn Njálsgötu og Snorrabrautar).

**Tískusýning á Arnarhóli.** Break sýning.

**Samtöl við listamenn og leiðsagnir.** Sýningin Carnegie Art Award 2006 skoðuð með þátttöku frummælenda og listamanna sem eiga verk á sýningunni. Steingrímur Eyfjörð og Gunnar J. Árnason ræða verk Steingríms.

**Jazzbandið Sex í djazz** spilar við kaffihúsið Uppsali **til kl 19:00.** Tónleikar eru endurteknir kl 20:30. Uppsalir, Hótel Reykjavik Centrum, Aðalstræti 16.

**Leiðsögn** um Landnámsskálann í Aðalstræti 16.

**Ljósmyndasafn Reykjavíkur** stendur fyrir uppboði á Reykjavíkurmyndum sem hafa prýtt miðbæinn í allt sumar. Uppboðið hófst á Lækjartorgi en færist nú á Austurvöll. Upphafsboð í hverja mynd er 5000 kr.

**Bardagalistir á Austurvelli.** Á grasflötinni á Austurvelli mætast lipurð og einbeiting í hinum ýmsu bardagalistum.

**Reykjavíkurmaraþon Glitnis** – dagskrá á sviði í Lækjargötu. Hljómsveitirnar Mammút, My Summer as a Salvation Soldier, Fálkar, Telepathetics og fleiri spila

**Skáldavaka.** Skáldin Guðbergur Bergsson, Jóhann Hjálmarsson og Vala Þórsdóttir lesa úr verkum sínum. Harpa Arnardóttir les úr verkum Þorsteins frá Hamri. Dagskráin er **endurtekin kl. 17, 20.** Helgi Guðmundsson úrsmiður og Halla Boga gullsmiður, Laugavegi 82.

**Dagskrá framhaldsskólanema** í Iðnó. Þremenningasambandið leikur barokktónlist í dómarahléi ræðukeppninnar. Iðnó, Vonarstræti 3.

**Dagskrá í Friðarhúsi**, Njálsgötu 87. Myndasýning. Sýnd verður fágæt fréttakvikmynd tekin á Austurvelli 30. mars 1949 og „Nafnakall" - upptaka frá sviðsetningu hóps leikara vorið 1989 á atkvæðagreiðslunni á Alþingi við NATO-inngönguna. Sérfróðir menn ræða myndirnar.

**Sumarsýning úr safneign** – Leiðsögn. Sýningarstjóranir Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir og Hafþór Yngvason, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur ganga um sýninguna með gestum. Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir.

**Alþjóðahúsið** í samvinnu við Listasafn Íslands og VÍS. Skrúðganga til Listasafns Íslands. Unnur Guðjónsdóttir ballettmeistari leiðir gönguna og börnin slá taktinn með hljóðfærunum. Á Listasafninu hengja börnin upp verk sín á vinnustofu barna. Kristín Magnús, leikkona í leikhópnum Light Nights, segir börnunum tröllasögu og allir dansa trölladans. Að lokum fá börnin leiðsögn um sýninguna „Landslagið og þjóðsagan" sem byggir á þjóðsagnamyndum Ásgríms Jónssonar.

**Málverkaspjall.** Arnar Ingi Gylfason spjallar við gesti og gangandi um sýningu sína „Support your local painter" á Thorvaldsen bar. Gestum gefst því tækifæri til að ræða við listamanninn um málverk, myndlist og menningu og verða leiddir um sýninguna. Spjallið er **endurtekið kl. 22.** Austurstræti 8-10.

**„Komið með til Færeyja".** Færeyskur dans. Havnardansifélag dansar og syngur fyrir gesti öðru sinni, ef þið misstuð af fyrri dansinum verðið þið að mæta á þennan, þetta er síðasta æfing fyrir lokadansinn. Mál og menning Laugavegi 18.

**Sviðslistahátíðin ArtFart.** Íslenska hreyfiþróunarsamsteypan sýnir Meyjarheftið. Ó. Johnson & Kaaber húsið, Sætúni 8.

**Alþjóðahúsið.** Jazztónleikar í portinu **milli 17-19.**

**Úrslit í ljósmyndasamkeppni JCI Íslands,** „Höfuðborgin í ýmsum myndum", verða kynnt og opnun ljósmyndasýningar á úrvali mynda úr keppninni. Hljómsveit Erlu Stefánsdóttur leikur fyrir gesti og gangandi. **Til kl. 18.** Hellusund 3.

**Grillveisla og tónleikar á Dillon.** Grillveislan verður **til kl. 19.00** en boðið verður upp á gómsætt kjöt og ljúfa tóna þar sem dagskrárgerðarmenn XFM verða á grillinu. **Kl. 19** hefjast tónleikar þar sem fram koma Brain Police, Light's og the Highway, Dr. Mister and Mr. Handsom. Tónleikum **lýkur kl. 22.** Dillon, Laugavegi 30.

**Opið hús** í Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar. Í miðstöðinni geta gestir kynnt sér verk íslenskra listamanna í dvd-safninu og fengið nánari upplýsingar um starfsemi íslenskra myndlistarmanna. Hafnarstræti 16.

**Umhverfi bróður míns.** Bára Kristinsdóttir sýnir ljósmyndir í Anima gallerí. Myndirnar eru allar teknar í Jupiter í Flórída á þessu ári. Þar bjó bróðir Báru, Páll S. Kristinsson. Páll, sem fæddist 30. október 1945, fluttist til Bandaríkjanna árið 1970 og sneri aldrei aftur heim. Hann lést 24. febrúar sl. sextugur að aldri. Anima gallerí, Ingólfsstræti 8.

**Tímamót** – myndlistarsýning Sigurðar Örlygssonar í tilefni af 60 ára afmæli hans. Börn Sigurðar þau Malín og Arnljótur leika jazztónlist. Ófeigur gullsmiðja, Skólavörðustíg 5.

**Stofutónleikar.** Aðalsteinn Ásberg ásamt góðum gestum. Guðrún Gunnarsdóttir söngkona og Gunnar Gunnarsson píanóleikari fram ásamt Aðalsteini. Tónleikarnir eru **endurteknir kl. 18 og 20.** Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15.

**Óvæntur upplestur.** Maríana Klara Lúthersdóttir kemur á óvart. kvk, Laugavegi 27.

**Suðupottur á Ingólfstorgi.** Hjálpræðisherinn tekur lagið.

**Sólarhliðarnar á Stígamótum.** Menningardagskrá Stígamóta verður kærkomin tilbreyting frá hefðbundinni starfsemi hússins. Áherslan verður á sólarhliðarnar í samskiptum fólks og allt tal um ofbeldi og svik sem þrífast í skugga samfélagsins verður lagt til hliðar. Gestum og gangandi verður boðið að flytja í stuttu máli uppáhaldstextana sína, syngja eða segja frá eigin reynslu af hlýju, ást, samkennd, kynlífi, fyndni eða vináttu eða bara koma og njóta samverunnar. **Húsið verður opið til 22 .** Boðið verður upp á svalandi drykki og sætindi. Hverfisgata 115.

**Ingveldur Ýr og Söngflokkurinn** flytja fjölbreytta dagskrá í Fríkirkjunni. Dagskráin inniheldur söngleikjalög, bandarísk þjóðlög, gospel og sígild dægurlög. Fríkirkjan, Fríkirkjuvegi 5.

**Myndasögur fyrir alla** - Listsmiðja Opin listsmiðja þar sem allir geta spreytt sig á myndasöguforminu. Hugleikur Dagson myndasöguhöfundur verður með örnámskeiða við allra hæfi **kl. 17 og 18.** Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús, Tryggvagötu 17.

**Þjálfaðu hugann – hlauptu í bókasafnið!** Uppskeruhátíð lestrarmaraþons á Menningarnótt 2006. Margvísleg dagskrá í Borgarbókasafni auk sýninganna „Skáldin af götunni", klippiljóð sem gestir safnsins settu saman á Safnanótt sýnd á tjaldi og „Lesið í landslagið", ljósmyndir eftir Guðmund Guðmundsson og Þráin Þorvaldsson sem hafa tekið ljósmyndir af alls konar kynjaverum í náttúrunni á leið sinni um landið. Hildur Baldursdóttir og Þorbjörg Mímisdóttir lesa og segja sögur fyrir alla fjölskylduna. Einar Kárason og Árni Johnsen syngja Göllavísur Ása í Bæ. **Til kl. 18.** Borgarbókasafn, Tryggvagötu 15.

**Hrafnhildur Scrhram** er með leiðsötn um sýninguna „Huldukonur í íslenskri myndlist," í bogasal Þjóðminjasafnsins.

**Bongótrommur og dansatriði** fyrir utan KB banka, Austurstræti 5.

**Listflug yfir höfninni.** Litháenski listflugmaðurinn Kairys leikur listir sínar.

## 17:15

**Listatjald í Listaporti.** Barnasmiðja. Guðbjörg Káradóttir leiðbeinir börnum. Um það bil klukkustundarlangt námskeið í skemmtilegri listsköpun fyrir börn 12 ára og yngri. Dregið í áttunda skipti í ókeypis listaverkahappdrætti. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

**Tískusýning á Arnarhóli.** Daniel Oliver.

**Listahapp.** Dregið í listaverkahappdrætti Gallerís Foldar.

## 17:17

**Dagskrá í Bergshúsi** við Hverfisgötu 32. Vinnustofumenn kynna starfsemina. Hestbak, hljómsveit skipuð S.L.Á.T.U.R. – meðlimum. Revíusýning með listrænt ágengri tónlist.

## 17:20

**Varðeldur í Listaporti.** Fjölskylduskemmtun í umsjón skáta. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

**Landsbankinn – Hitt sviðið.** Tríóið Flís og Bogomil Font. Laugavegur 77.

## 17:30

**Suðupottur á Ingólfstorgi.** Línudans með Óla Geir.

**Listasafn Íslands.** Dagskrá fyrir börn í samvinnu við Alþjóðahús. Þjóðsagnamyndir Ásgríms Jónssonar á sýningunni „Landslagið og þjóðsagan". Leiklestur á ensku og íslensku í flutningi Kristínar G. Magnús. Á vinnustofu barna verður sett upp sýning á afrakstri listsmiðju dagsins. Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7.

**Fjölskylduleiðsögn** um sýninguna „Skoðum myndlist", Kjarvalsstaðir.

**Samtöl við listamenn og leiðsagnir.** Sýningin Carnegie Art Award 2006 skoðuð með þátttöku frummælenda og listamanna sem eiga verk á sýningunni. Finnbogi Pétursson og rithöfundurinn Sjón ræða verk Finnboga.

**JCI í Hellusundi.** Kvartett Maríu Magnúsdóttur leikur fyrir gesti og gangandi

**Sviðslistahátíðin ArtFart.** Opið hús þar sem sýndar verða myndir og myndbrot frá vinnuferli leikhópa hússins. Opin umræða um mikilvægi grasrótarstarfs. Tékkneskar teiknimyndir á skjávarpa og karókí fyrir áhugasama. Ó. Johnson & Kaaber húsið, Sætúni 8.

## 17.35

**Landsbankinn – Hitt sviðið.** Hljómsveitin Jeff Who leikur? Laugavegur 77.

## 17:45

**Listahapp.** Dregið í níunda skipti í ókeypis listaverkahappdrætti. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

**Tríóið Moskvitsj** flytur lög frá öllum heimshornum, þ.á.m. frá Grikklandi, Finnlandi og Indlandi. GuSt, Laugavegi 70.

## 18:00

**Danskvikmyndir frumsýndar** á Íslandi í boði Dance Film Association New York: „Ladies and gentlemen over 65" (Þýskaland) eftir Lilo Mangelsdorff, „The Cost of Living" DV8 (England) eftir Lloyd Newson, „Zimmer" (Ísland), eftir Helenu Jónsdóttur. 12 Tónar, Skólavörðustíg.

**Landsbankinn – Aðalsvið.** Gunni og Felix skemmta börnum og fullorðnum Gunna ásamt lukkudýri Landsbankans, orminum Sprota. Austurstræti 11.

**Góðir gestir að austan.** Örvar Ingi Jóhannesson og Valdimar Másson flytja nokkur sönglög og aríur auk þess sem Örvar Ingi leikur einleik á píanó. Ráðhús Reykjavíkur.

**Ljósmyndasafn Reykjavíkur** stendur fyrir uppboði á Reykjavíkurmyndum sem hafa prýtt miðbæinn í allt sumar. Lokaspretturinn í Fógetagarðinum. Upphafsboð í hverja mynd er 5000 kr.

**Kirkjuhúsið.** Kanga sönghópurinn kemur fram á Laugavegi 31.

**Garðveisla í porti á Menningarnótt.** Pikknikk búðin verður með opið fram á kvöld á Menningarnótt og býður upp á fjöruga pikknikk stemningu í portinu. Pikknikk, Héðinsporti, Seljavegi 10

**Dagskrá í Friðarhúsi,** Njálsgötu 87 „Sögur af mótmælavaktinni" - þátttakendur í Kárahnjúkamótmælum sumarið 2006 segja frá reynslu sinni og upplifun í máli og myndum. Einstakar frásagnir og fjörlegar umræður.

**Þjálfaðu hugann – hlauptu í bókasafnið!** Uppskeruhátíð lestrarmaraþons á Menningarnótt 2006. Hljómsveitin Loftvarnir flytur frumsamda tónlist við eftirtalin við ritverkin Kristnihald undir jökli, Hringadróttinssögu og Vesturfarann. **Til kl. 18:30.** Borgarbókasafn, Tryggvagötu 15.

**Sviðslistahátíðin ArtFart**. Leikhópurinn E.L.A. sýnir „Lebanon is a good place for rebirth". Ó. Johnson & Kaaber húsið, Sætúni 8.

**Úrviðgerðir fyrir opnum glugga.** Frank Ú. Michelsen úrsmiður mun flytja vinnuborð sitt út í glugga og gera við úr. Forvitnir gestir geta því augum litið þau örsmáu hjól, skrúfur og aðra hluti sem í úrum eru og þau handverkfæri sem notuð eru við þá vinnu. Einnig verða í glugganum myndir eftir Hauk Dór myndlistarmann og mun hann hafa vinnustofu sína í bakhúsi opna fram eftir kvöldi. Laugavegur 15.

**Lifandi tónlist og dans** frá hinum ýmsu þjóðlöndum. Alþjóðahús, Hverfisgötu 18.

**Iðandi fjör í Iðu.** J.M. Fashion kynnir **frá 16 – 22.** Jóna María Norðdal kynnir sjöl og grefla úr þæfði ull og silki. Iða, Lækjargötu 2a.

**Sænsk vatnakrabbaveisla á Óðinstorgi** – „Kräftskiva" Sænska félagið og Siggi Hall á Óðinsvéum opna glugga að alþýðlegri sænskri menningu fyrir gesti menningarnætur og bjóða upp á ekta sænska vatnakrabbaveislu. Meginuppistaða dagskrár verður hefðbundin, „äkta" sænsk kräftskiva þar sem borinn verður fram vatnakrabbi, brauð, smjör og sænskur ostur gegn mjög vægu gjaldi. Einnig sænskar menningaruppákomur, tal, tónar og listir. Óðinstorg.

**„Komið með til Færeyja".** Söngkonurnar Ellen og Lív stíga aftur á stokk og gleðja gesti með söng. Mál og menning Laugavegi 18.

**Stofutónleikar.** Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, skáld og tónlistarmaður, heldur árlega stofutónleika sína. Kristjana Stefánsdóttir söngkona og Sigurður Flosason saxófónleikari koma fram ásamt Aðalsteini og Gunnari Gunnarssyni píanóleikara. Tónleikarnir eru endurteknir kl. 20. Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15.

**Suðupottur á Ingólfstorgi.** Magadanshópurinn Raks Shari.

**Hjörvar Hjörleifsson** og félagar leika rokktónlist. Ófeigur gullsmiðja, Skólavörðustíg 5.

**Voxfox söngkvartettinn** flytur sönglög í tengslum við einstök verk á sýningunni Landslagið og þjóðsagan. Dagskráin er endurflutt kl. 21 . Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7.

**Samsýning.** Sirrý Hjaltested sýnir leirmuni og Anja Stella Ólafsdóttir sýnir málverk. **Opið til 22:30.** Hverfisgötu 34.

**Tískusýning við Arnarhóli.** Íslenskir og erlendir hönnuðir sýna nýjasta nýtt. Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvalds troða upp.

## 18:15

**Listahapp.** Dregið í tíunda skipti í ókeypis listaverkahappdrætti. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

**Tónleikar Páls Óskars og Moniku** í Listasafni Einars Jónssonar, Njarðargötu.

## 18:18

**Dagskrá í Bergshúsi.** Vinnustofumenn kynna starfsemina á Hverfisgötu 32. Róbert Reynisson og Simon Jermyn leika spunatónlist

# KVÖLDDAGSKRÁ MENNINGARNÆTUR / 18.20 - 23.00

á rafgítara.

## 18:20

**Tískusýning á Arnarhóli.** Kynningarmyndband

## 18:30

**Þjálfaðu hugann – hlauptu í bókasafnið!** Uppskeruhátíð lestrarmaraþons á Menningarnótt 2006. Liðskonur meistaradeildarliða Vals og KR bæta beint af landsleik Íslands og Tékklands og lesa úr uppáhaldsbókunum sínum. **Til kl. 19.30.** Borgarbókasafn, Tryggvagötu 15.

**Tískusýning á Arnarhól.** Touch

**Góðir gestir að austan.** Svanur Vilbergsson leikur á klassískan gítar. Ráðhús Reykjavíkur

**Landsbankinn – Aðalsvið.** Íslenski dansflokkurinn sýnir listir sínar af sinni alkunnu snilld. Austurstræti 11.

**Ljúfir og lifandi tónar.** Tónlistarmenn framtíðarinnar, sem þegar hafa látið að sér kveða, stíga á stokk og flytja ljúfa og þægilega tónlist. Meðal þeirra sem fram koma eru hljómsveitirnar Soundspell, Dayshine og Dúi. **Til kl. 20:30.** Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús, Tryggvagötu 17.

**Ingólfsnaust á Menningarnótt** - Hljómsveitin Moskvitsj leikur tónlist frá ýmsum frá ýmsum heimshornum þ.á.m. frá Balkanskaga, Grikklandi, Indlandi og frumsamið efni í bland. Upplýsingamiðstöð ferðamanna, Aðalstræti 2.

**Sviðslistahátíðin ArtFart.** Brite Theatre sýnir dansverkið Kjöt. Ó. Johnson & Kaaber húsið, Sætúni 8.

**Dagskrá framhaldsskólanema í Iðnó.** Pönkbandið Fjölnir leikur. Iðnó, Vonarstræti 3.

**Suðupottur á Ingólfstorgi.** Breakdans hópur frá Kramhúsinu sýnir flotta takta.

**Hljómsveitin Miðjan** leikur valin lög í húsakynnum JC, Hellusundi 3.

## 18:45

**Listahapp.** Dregið í ellefta skipti í ókeypis listaverkahappdrætti. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

**Góðir gestir að austan.** Djassgigg. Jón Hilmar Kárason tónlistarkennari frá Neskaupsstað og Einar Bragi Bragason saxfónleikari

## 19:00

**Fyrir luktum dyrum.** Heimspeki- og menningarfélag Menntaskólans á Akureyri (HOMMA) og Leikklúbburinn Saga setja á svið leikrit Jean-Paul Satre, Fyrir luktum dyrum. Verkið er í þýðingu Ásgeirs Berg Matthíassonar. Tjarnarbíó.

**Landsbankinn – Aðalsvið.** Guitar Islancio leikur af fingrum fram. Austurstræti 11.

**„Komið með til Færeyja“.** Færeyskur dans og rímnasöngur er góður endir fyrir þá sem eru á heimleið og þá ekki síður skemmtilegur fyrir þá sem eru að byrja kvöldið. Mál og menning Laugavegi 18.

**Trúbadorarnir Gotti og Eisi** spila í Hressógarðinum **til kl. 22 .** Hressingarskálinn, Austurstræti 20.

**Dagskrá framhaldsskólanema í Iðnó.** Hljómsveitin Hress / Fresh leikur. Iðnó, Vonarstræti 3.

**Suðupottur á Ingólfstorgi.** Danshópurinn Street-style frá Kramhúsinu sýnir Urban dans á Ingólfstorgi.

**Alþjóðahúsið.** Tælenskur dans og kennsla í porti Alþjóðahússins. Hópur frá tælensk- íslensk félaginu leiðbeinir.

**Leiðsögn** um Landnámsskálann í Aðalstræti. Aðalstræti 16.

**Skapað af list.** Erlingur Jón Valgarðsson vinnur við akrylmálun í galleríinu. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

**Listasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu.** Carnegie Art Award 2006 – Leiðsögn á ensku Ulirka Levén sýningarstjóri sýningarinnar fer um sýninguna með gestum í Hafnarhúsinu.

**Sviðslistahátíðin ArtFart.** Leikfélagið B8 sýnir Íslenska fyndni lol djók. Ó. Johnson & Kaaber húsið, Sætúni 8.

## 19:15

**Listatjald í Listaporti.** Barnasmiðja. Guðbjörg Káradóttir leiðbeinir börnum. Um það bil klukkustundarlangt námskeið í skemmtilegri listsköpun fyrir börn 12 ára og yngri. Dregið í tólfta skipti í ókeypis listaverkahappdrætti Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

**Tískusýning á Arnarhóli.** Verslanir sýna nýjasta nýtt.

## 19:19

**Dagskrá í Bergshúsi** Vinnustofumenn kynna starfsemina á Hverfisgata 32. Hestbak, hljómsveit skipuð S.L.Á.T.U.R. – meðlimum setur upp revíusýning með listrænt ágengri tónlist.

## 19:30

**Landsbankinn – Aðalsvið.** Brúðuleikhús fyrir fullorðna skipulögð af listamönnum Þjóðleikhússins. Austurstræti 11.

**Reykjavíkurmaraþon Glitnis –** Hljómsveitin Í svörtum fötum spilar í Lækjargötu.

**Suðupottur á Ingólfstorgi.** G.I.G. eða Gospel Invasion Group sem Gospelhljómsveit og lofgjörðarhljómsveit Krossins syngur og leikur.

**Þjálfaðu hugann – hlauptu í bókasafnið!** Uppskeruhátíð lestrarmaraþons Menningarnótt 2006. Sjón afhendir vinninga í lestrarmaraþoni Borgarbókasafns og spjallar um lestraríþróttina. Borgarbókasafn, Tryggvagötu 15.

**Hiphop.is.** Tónleikar, 5th Element breikdanshópurinn og hiphop-dans atriði. Hverfisgata 85-89.
**Sviðslistahátíðin ArtFart.** Saga sýnir Billy Boy. Ó. Johnson & Kaaber húsið, Sætúni 8.

**Jazz tónleikar.** Birta Rós Sigurjónsdóttir syngur og Sigurjón Alexanderson spila á gítar. Gullsmiðja Hansínu Jens, Laugavegi 42

**Dagskrá framhaldsskólanema í Iðnó.** Hljómsveitin Ekkium leikur í Iðnó, Vonarstræti 3.

## 19:45

**Listahapp og ljúfir tónar.** Degið í þrettánda skipti í ókeypis listaverkahappdrætti. Guðbjörn Guðbjörnsson óperusöngvari flytur létt lög við undirleik. Guðbjörn þarf vart að kynna fyrir Íslendingum, en söngur hans hefur ávallt notið mikillar hylli í dagskrá Gallerís Foldar. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

**Tískusýning við Arnarhóli.** Dansatriði úr söngleiknum Footloose.

## 20:00

**Upplestur á Thorvaldsensbazar** – Andri Snær Magnason rithöfundur les. Thorvaldsensbazar, Austurstræti 4.

**Tískusýning á Arnarhóli.** Gréta Mjöll syngur og á eftir henni koma plötusnúðar Flass 104,5.

**Þorgerður Þorvaldsdóttir** leiðir gesti um sýningar Þjóðminjasafnsins.

**Landsbankinn – Aðalsvið.** Gunni og Felix skemmta börnum og fullorðnum á útisviði. Gunna og Felix ættu allir að þekkja en þeir syngja sín bestu lög ásamt barnafígúru Landsbankans, Sprota. Austurstræti 11.

**Friðrik Ómar og Regína Ósk** taka lagið í húsakynnum JCI. Hellusundi 3.

**Góðir gestir að austan.** Bjarni Tryggvason trúbador frá Norðfirði kynnir nýjan geisladiskinn Svartar rósir.

**Dans á Hressó.** Dansverkið Kólnandi kaffi eftir Höllu Ólafsdóttur og Lovísu Ósk Gunnarsdóttur. Sýnt á Hressó.

**Tónleikar á Sirkús.** Tónlist í bakgarðinum hljómsveitirnar Mínus, SCKC og Langiseli og skuggarnir spila. Sirkús, Klapparstíg 30.

**Kenya Nemor** spilar á Thorvaldssen Bar í Austurstræti. **Til kl. 21**.

**Skáldavaka.** Skáldin Guðbergur Bergsson, Jóhann Hjálmarsson og Vala Þórsdóttir lesa úr verkum sínum. Harpa Arnardóttir les úr verkum Þorsteins frá Hamri. Helgi Guðmundsson og Halla Boga Laugavegi 82.

**Leikritið Purpuri.** Verkið endurspeglar ástandið sem fylgir því að vera unglingur, hvorki barn né fullorðinn heldur einhvers staðar á milli. Höfundur er Jon Fosse en leikstjórn annaðist Friðrik Friðriksson. **Sýnt aftur kl. 21:30.** Loftkastalinn, Seljavegi 2.

**Þjálfaðu hugann – hlauptu í bókasafnið!** Hljómsveitin Slagararnir. leikur vinsæl lög við íslenska texta frá fyrri árum. Öllum velkomið að syngja með og taka sporið! Borgarbókasafn, Tryggvagötu 15.

**Ingólfsnaust á Menningarnótt** - Jazzkvartett Sunnu Gunnlaugsdóttur leikur hressan og skemmtilegan jazz. Upplýsingamiðstöð ferðamanna, Aðalstræti 2.

**Lævirkjarnir þrír.** Ragnar Bjarnason, Jón Kr. Ólafsson og Anna Sigríður Helgadóttir syngja gamalkunn dægurlög við undirleik tríós Carls Möller. Fríkirkjan, Fríkirkjuveg 5.

**Tónleikar Páls Óskars og Moniku** í Listasafni Einars Jónssonar, Njarðargötu.

**Leiðsögn um sýninguna** „Landslagið og þjóðsagan“. Dagskráin er **endurflutt kl. 21:45.** Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7.

**Kirsuberjatréð** opnar á Menningarnótt dulúðuga sýningu í nýju rými Kirsuberjatrésins að Vesturgötu 4. Allir hjartanlega velkomnir. Kirsuberjatréð, Vesturgötu 5.

**Ghana dans og kennsla** í porti Alþjóðahúss, **til kl. 21.** Alþjóðahús, Hverfisgötu 18.

**Trúbadorinn Kristján** leikur til **kl.21 .** Verslunin Oni, Laugavegi 12.

**Sviðslistahátíðin ArtFart.** Íslenska hreyfiþróunarsamsteypan sýnir Meyjarheftið. Ó. Johnson & Kaaber húsið, Sætúni 8.

**Óperuveisla á Klambratúni.** BM Vallá býður Reykvíkingum og gestum í sextíu ára afmæli sitt á Klambratúni á Menningarnótt þar sem Sinfóníuhljómsveit Norðurlands flytur vel þekktar óperuperlur ásamt nokkrum ástsælustu einsöngvurum landsins. Fram koma þau Arndís Halla Ásgeirsdóttir, Kolbeinn Ketilsson, Kristinn Sigmundsson, Ólafur Kjartan Sigurðarson og Sigríður Aðalsteinsdóttir ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, stjórnandi Guðmundur Óli Gunnarsson. **Tónleikunum lýkur kl. 21:30.** Klambratún.

**Stofutónleikar.** Aðalsteinn Ásberg ásamt góðum gestum. Kristjana Stefánsdóttir söngkona, Guðrún Gunnarsdóttir söngkona og Sigurður Flosason saxófónleikari koma fram ásamt Aðalsteini og Gunnari Gunnarssyni píanóleikara. Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15.

**Musikkoret Köbenhavn.** Fimmtíu manna kór frá Kaupmannahöfn heldur tónleika í Dómkirkjunni.

**Örtónleikar** Hallveigar Rúnarsdóttur sópransöngkonu og Steingríms Þórhallssonar orgelleikara. Neskirkja, Hagatorgi.

**Suðupottur á Ingólfstorgi.** Ska-deildin skemmtir á torginu.

**Jazzkvartettinn Tepoki** leikur fyrir utan Deli í Bankastræti. Tepokinn samanstendur af fjórum ungum jazznemum úr FÍH og ætla þeir félagar að leika tónsmíðar Miles Davis, Charlie Parker og John Zorn. **Til kl. 21:30.** Bankastræti 14.

**Út og innum gluggann.** Ásta Júlía og Haukur M. sýna yfir 300 ljósmyndir sem teknar voru á einu ári. Ein mynd á dag út um stofugluggann á Laugaveginum. Skemmtileg sýn á hvernig umhverfið er á sífelldri hreyfingu. Gel gallerí, Hverfisgata 37.

**Þéttur tími.** Guðlaugur Kristinn Óttarsson flytur tónlist sína, „Í annan tíma“. Ófeigur gullsmiðja, Skólavörðustíg 5.

**Dagskrá framhaldsskólanema í Iðnó.** Skólahljómsveit Verslunarskólans leikur. Iðnó, Vonarstræti 3.

**Páll Óskar og Monika** halda tónleika í Listasafni Einars Jónssonar á Skólavörðuholti.

**Harmonikkufélag Reykjavíkur** sendir ljúfa tóna út í kvöldið úr húsi Menntasviðs Reykjavíkurborgar - gamla miðbæjarskólanum, Fríkirkjuvegi 1.

## 20:15

**Listahapp.** Degið í fjórtánda skipti í ókeypis listaverkahappdrætti. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

**Tríóið Moskvitsj** flytur lög frá öllum heimshornum, þ.á.m. frá Grikklandi, Finnlandi og Indlandi. GuSt, Laugavegi 70.

## 20:20

**Gömlu dansarnir í Listaporti.** Hljómsveit Hjördísar Geirsdóttur heldur uppi fjörinu. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

**Dagskrá í Bergshúsi.** Vinnustofumenn kynna starfsemina. Hverfisgata 32. Sæborg, hátæknihljómsveit skipuð S.L.Á.T.U.R - meðlimum. Þeir leika lög af óútgefinni plötu sinni „Hálfur maður, hálfur skuttogari“.

**Tískusýning á Arnarhóli.** Kynningarmyndband

## 20:30

**Fræbblarnir og Megasukk** halda tónleika í portinu bak við veitingastaðinn Við Tjörnina. **Til kl. 21:30.** Templarasundi 3.

**Landsbankinn – Aðalsvið.** Kántrísveitin Baggalútur leikur hugljúfar perlur. Austurstræti 11.

**Góðir gestir að austan.** Félagar úr hljómsveitinni Súellen leika órafmagnað. Ráðhúsið

**Suðupottur á Ingólfstorgi.** Gísli Magnússon trúbadúr leikur.

**Hljómsveitin Mrs. Pine** heldur uppi fjörinu í húsnæði JCI á Íslandi, **til kl. 21:30.** Hellusund 3.

**Dagskrá framhaldsskólanema í Iðnó.** Pönkhljómsveitin The Neighbours leikur. Iðnó, Vonarstræti 3.

Douglas A. Brotchie leikur á orgel. Dómkirkjan.

**Sviðslistahátíðin ArtFart.** Leikhópurinn E.L.A. sýnir leikritið „Lebanon is a good place for rebirth“. Ó. Johnson & Kaaber húsið, Sætúni 8.

**Jazzbandið Sex í djazz** spilar við kaffihúsið Uppsali **til kl 19:00.** Uppsalir, Hótel Reykjavik Centrum, Aðalstræti 16.

**Nektar** leikur létta og frísklega tónlist; allt frá jassi yfir í gamla íslenska slagara og latín tónlist. Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús, Tryggvagötu 17.

**+354Guerilla Store.** Magadanssýning Raks Sharki - Dansinn úr Austrinu. Magadansarar sýna mismunandi magadansstíla

**Dagskrá í Friðarhúsi,** Njálsgötu 87 „Sögur af mótmælavaktinni“ - þátttakendur í Kárahnjúkamótmælum sumarið 2006 segja frá reynslu sinni og upplifun í máli og myndum. Einstakar frásagnir og fjörlegar umræður.

**Tískusýning við Arnarhóli.** Rottweilerhundarnir troða upp.

## 20:45

**Listahapp.** Degið í fimmtánda skipti í ókeypis listaverkahappdrætti. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

**Harmonikkudúó** leikur í Kron, Laugavegi 48.

## 21:00

**Landsbankinn – Aðalsvið.** Stórsveit Benna Hemm Hemm skemmtir. Austurstræti 11.

**Góðir gestir að austan.** Blús-, rokk- og jazzklúbburinn á Nesi (BRJÁN) leika brot af því besta frá liðnum árum.

**Tískusýning á Arnarhóli.** Kynningarmyndband.

**Voxfox söngkvartettinn** flytur sönglög í tengslum við einstök verk á sýningunni „Landslagið og þjóðsagan“. Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7.

**Ljóð í Hallargarðinum.** Nykur - skáldafélag og útgáfa, mun standa fyrir fjölbreyttri ljóðadagskrá í Hallargarðinum við Fríkirkjuveg (fyrir framan ÍTR-húsið) til klukkan 23 . Nykurskáldin Arngrímur Vídalín, Björk Þorgrímsdóttur, Davíð A. Stefánsson, Halldór Marteinsson, Helgi Hrafn Guðmundsson, Kári Páll Óskarsson og Urður Snædal koma fram.

**Wladimir Kaminer.** Þýsk-rússneski rithöfundurinn kynnir verk sín og Þorsteinn Guðmundsson les úr bók hans Plötusnúður Rauða hersins sem er nýkomin út. Mál og menning, Laugavegi 18.

**Groovebox á Angelo.** Jazz og lounge tónlist sem fær fólk út á gólfið. Angelo, Laugavegi 22A.

**+354Guerilla Store.** Íslensk stuttmyndaveisla. Myndirnar Töframaðurinn eftir Reyni Lyngdal, Pjakkur eftir Valdimar Jóhannsson og Hákon Sverrisson og Ég missti næstum vitið eftir Bjargeyju Ólafsdóttur. Sægreifinn verður með ljúfeng sjávarföng til sölu á meðan sýningu stendur. Mýrargata 2, gengið inn slippmeginn.

**Austurbær, nýtt íslensk leikrit.** Afgangar er verk fyrir tvo leikara og gerist á hótelherbergi í Reykjavík í nútímanum á einni nóttu. Tekist er á um ástina og hennar mörgu andlit og hugmyndum velt fram um hugrekkið sem einstaklingurinn þarf að hafa til að takast á við ástina. Leikendur er Elma Lísa Gunnarsdóttir og Stefán Hallur Stefánsson. Höfundur og leikstjóri er Agnar Jón Egilsson. Austurbær, Snorrabraut 37.

**Tríó Guðmundar Steingrímssonar ásamt Ragga Bjarna** leika í Eymundsson, Tríóið skipa Guðmundur Steingrímsson, Gunnar Hrafnsson og Karl Möller. Austurstræti 18.

**Hljómsveitirnar Fræ og Sometime** troða upp í boði Tíu dropa og KVK fyrir utan Laugaveg 27.

**Hljómsveitin Dyers** leikur í bakgarði skartgripaverslunarinnar Húnoghún **til kl. 21:30.** Skólavörðustígur 17b.

**Sviðslistahátíðin ArtFart.** Sviðslistahópurinn Sarent sýnir RE: RE: RE: RE: RE: RE: RE: RE: No Subject. Ó. Johnson & Kaaber húsið, Sætúni 8.

**Erró og grafíkin – Leiðsögn.** Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir, sýningarstjóri sýningarinnar, gengur um sýninguna með gestum. Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús, Tryggvagötu 17.

**Sönghópurinn Litli kórinn** syngur létt klassík og dægurflugur. Skemmtilegur hópur 13 ungra söngvara sem öll eru í söngnámi. Dómkirkjan.

**Kirkjuhúsið.** Þorvaldur Halldórsson kemur fram.

**Balkandans og kennsla** í porti Alþjóðahúss, **til kl. 22.** Alþjóðahús, Hverfisgötu 18.

**Suðupottur á Ingólfstorgi.** Hljómsveitin Hugsýki kemur fram.

**Jón Möller píanóleikari og Erlingur Reynisson harmonikkuleikari** flytja íslensk sönglög og franska harmonikkutónlist. Miðbar, Laugavegi 73.

**Hjónabandið austan úr Fljótshlíð** flytur frumsamin lög. Einnig mun María Jónsdóttir og niðjar hennar kveða nokkrar stemmur. Skemmtikraftarnir **endurtaka leikinn kl. 22.** **Art-iceland.com** verður með létttar veitingar í boði hússins. Skólavörðustíg 1a.

**Uppboð** á myndunum á útisýningu Ljósmyndasafnsins á Austurvelli, Lækjartorgi og í Fógetagarði. Austurvöllur.

**Dagskrá framhaldsskólanema í Iðnó.** Hljómsveitin Slugs leikur. Iðnó, Vonarstræti 3.

**Theresusystur við Útitaflið.** Nunnur frá Indlandi, Filippseyjum, Svíþjóð og víðar sem þjóna kaþólsku kirkjunni hér á landi ætla að syngja fyrir börnin og færa þeim sérstakar blöðrur með skilaboðum og fallegum boðskap. Kynnir verður Guðrún Ásmundsdóttir.

**Hljómsveitin Bermúda** leikur í Hressógarðinum. Hressingarskálinn, Austurstræti 20.

## 21:15

**Listahapp.** Degið í sextánda skipti í ókeypis listaverkahappdrætti. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

## 21:21

**Dagskrá í Bergshúsi.** Vinnustofumenn kynna starfsemina. Hverfisgata 32. Haraman og félagar, Guðmundur Haraldsson leikur frumsamin lög ásamt hljómsveit.

## 21:30

**Landsbankinn – Aðalsvið.** Mezzoforte spilar í fyrsta sinn á Íslandi í 20 ár í sinni upprunalegu mynd. Mezzoforte flytur öll gömlu góðu lögin í upprunalegum útsetningum. Austurstræti 11.

**Hliðrun - glóandi leirskúlptúr.** Þriggja metra hár leirskúlptúr úr 8 tonnum af leir hefur verið reistur við hlið Norræna hússins af leirlistamanninum Jörgen Hansen ásamt tíu manna fjölþjóðlegu hjálparteymi. Eldur logar í skúlptúrnum sem lýsir upp og hitar umhverfið og gesti þess. **Til 23.** Norræna húsið.

**Hljómsveitin Frú Grímhildur** skemmtir í húsakynnum JCI í Hellusundi.

**Fríkirkjan í Reykjavík.** Poppmessa í umsjón tónlistamannsins KK, **til kl. 22.**

**Góðir gestir frá Vilnius.** Sönghópurinn LT United, sem söng svo eftirminnilega „We are the winners of Eurovision“ í Söngvakeppni Evrópskra sjónvarpsstöðva 2006 treður upp á Ingólfstorgi.

**Dixiebandið Öndin** leikur dixielandtónlist á Kaffi Vín, Laugavegi 73.

**Dagskrá framhaldsskólanema í Iðnó.** Ádeilurappsveitin Thugz on Parole leikur. Iðnó, Vonarstræti 3.

**Tónleikar Páls Óskars og Moniku** í Listasafni Einars Jónssonar, Njarðargötu.

## 21:45

**Listahapp.** Degið í sautjánda og síðasta skipti í ókeypis listaverkahappdrætti. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

**Tískusýning við Arnarhóli.** Íslenskir og erlendir hönnuðir sýna nýjasta nýtt. Dr. Mister og Mr. Handsome troða upp.

## 22:00

**Salsadans og kennsla** í porti Alþjóðahúss, Hverfisgötu 18.

**Kammerkór MR-stúdenta** syngur þekkt íslensk og erlend stemningslög í Dómkirkjunni.

**Íslensk list – ljós og lifandi.** Gallerí art-iceland.com fagnar eins árs afmæli sínu. Hjónabandið úr Fljótshlíð leikur frumsamin lög og María Jónsdóttir og niðjar hennar kveða nokkrar stemmur. Skólavörðustíg 1a.

**Sýning Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar** í Reykjavík á Lækjartorgi. Íslenskum stuttmyndum verður varpað á húsvegg Hæstaréttar.

## 22:30

**Örtónleikar** Hallveigar Rúnarsdóttur sópransöngkonu og Steingríms Þórhallssonar orgelleikara. Dómkirkjan.

**Tískusýning á Arnarhóli.** Kynningarmyndband.

## 22:31

**GLÆSILEG FLUGELDASÝNING Á HAFI ÚTI.** Skotið verður upp af varðskipinu Ægi sem Landhelgisgæslan leggur til viðburðarins. Ægir mun liggja utan við Sæbraut þannig að áhorfendur geta komið sér fyrir austureftir Sæbrautinni. Félagar úr Brokey skreyta flóann með upplýstum bátum.

# GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR Á MENNINGARNÓTT

**Vegna Menningarnætur verða óhjákvæmilegar breytingar á akstursleiðum Strætó bs.**

**Frá 07.00 – 15.00:** Er akstur að og frá miðbæ um Tjarnargötu, Vonarstræti og Suðurgötu.
**Frá 15.00 – 24.00:**
Stofnleiðir á leið í úthverfi ásamt leiðum í vesturbæ hafa viðkomu í Vonarstræti.
Stofnleiðir á leið að Hlemmi ásamt leiðum í austurbæ hafa viðkomu á Skothúsvegi / Sóleyjargötu, en hægt er að nálgast allar leiðir á Hlemmi.

**Síðasti vagn í öll hverfi fer úr miðborg kl. 24.00**

### Menningarstrætó kl. 15.00 – 22.00

Leiðin: Grandagarður – (Sjóminjasafn.) Ánanaust – Hringbraut – Framnesvegur – Vesturgata – Garðastræti – Túngata – Suðurgata – Hringbraut –(Þjóðminjasafn) gamla Hringbraut – Bústaðavegur – Miklabraut – Langahlíð – Flókagata – Rauðarárstígur – Skúlagata – Borgartún – Sætún (Ó.Johnson og Kaaber húsið) Höfðatún – Skúlagata – Rauðarárstígur – Flókagata – Langahlíð – Miklabraut –gamla Hringbraut – Hringbraut – (Þjóðminjasafn) Suðurgata – Skothúsvegur – Fríkirkjuvegur – Vonarstræti – Suðurgata – Túngata – Garðastræti – Vesturgata – Framnesvegur – Hringbraut – Ánanaust – Grandagarður.

Menningarstrætó verður á 30 mínútna fresti á heila og hálfa tímanum frá Grandagarði, en þó geta orðið óhjákvæmilegar tafir vegna dagskrár Menningarnætur. Ókeypis er í Menningarstrætó og er hann sérstaklega merktur sem slíkur.

### Leigubílar

Leigubílar verða staðsettir í bílastæðahúsinu Traðarkoti við Hverfisgötu og aka um Hverfisgötu frá 10.00 – 24:00. Eftir þann tíma er safnstaður leigubíla í Lækjargötu við Bókhlöðustíg.

### Lokun gatna

Fjölmargar götur í miðborginni verða lokaðar vegna dagskrár Maraþons og Menningarnætur og búast má við umferðartöfum á stærra svæði.
Lækjargata og Bankastræti eru lokuð allri almennri umferð.
Vonarstræti, Tjarnargata, Fríkirkjuvegur og Skothúsvegur eru lokuð nema fyrir Strætó.
Hellusund milli Þingholtsstrætis og Grundarstígs auk Ingólfstrætis eru lokuð eftir kl. 12.00.
Laugavegur er lokaður frá Snorrabraut eftir kl. 13.00.
Sæbraut verður lokuð frá Langholtsvegi að Geirsgötu frá kl. 10.00 – 15.00 og frá Snorrabraut að Geirsgötu frá kl. 15.00. Þvergötur á Sæbraut verða opnar.
Tryggvagötu og Mýrargötu frá Ánanaustum verður lokað milli 11.00 – 15.00 vegna Maraþons. Geirsgata frá Ægisgötu verður lokað frá 11.00.
Hverfisgata er lokuð allri almennri umferð.
Almennt gilda lokanir í miðborg til kl. 24.00.

**BÍLAHÚS ERU LOKUÐ Á MENNINGARNÓTT 2006**
Vegna mikilla umferðatakmarkana og lokunar gatna í og við miðborg Reykjavíkur verða öll bílahús Bílastæðasjóðs lokuð á Menningarnótt.

**Sérstök bílastæði fyrir fatlaða eru á Grófartorgi, aðkeyrsla frá Vesturgötu / Garðarstræti eingöngu fyrir bifreiðar merktar P merki.**

### Útisalerni

Útisalerni eru staðsett:
Bílastæði norðan Lækjartorgs
Miklatún (við Kjarvalsstaði og við leiksvæði)
Nálægt Laugavegi 77
Við Ingólfstorg
Lækjargata við Vonarstræti
Sæbraut, á bílastæði vestan við Olís
Grófartorgi
Í Hljómskálagarði
Almenningssalerni eru við Ingólfstorg, Hlemm, Lækjargötu, Vegamótastíg og Frakkastíg
Bankastræti 0 er opið til kl 03.00

Salernin eru opin frá 11.00 – 24.00 á Menningarnótt nema annað sé tekið fram.

### Upplýsingaþjónusta

Upplýsingaþjónusta í Ráðhúsi Reykjavíkur er opin til kl. 23.00 og símsvörun í 411 1111 er opin til 23.30. Neyðarsími eftir það er 112.

Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Ingólfsnausti, sími 590 1550 er opin til kl. 22.00.

**Athvarf fyrir týnd börn er í húsnæði Unglingasmiðjunnar Stígs, Amtmannsstíg 5a milli kl. 16.00 og 01.00. Sími 411 1111 og 112 eftir kl. 23.30.**

### Bækistöð slökkviliðs, sjúkraflutninga og lögreglu

Lögreglan í Reykjavík og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins verða með bækistöð á mótum Ingólfsstrætis og Sölvhólsgötu, við Menntamálaráðuneytið. M.a. verða sjúkrabílar slökkviliðs staðsettir þar, svo og körfubíll, vel merktur bæði slökkviliði og lögreglu. Þannig verður auðvelt að sjá hvert á að leita bjáti eitthvað á.
Í neyðartilfellum skal hringt í neyðarlínuna 112.

**Menningarnótt – hreinlega góð!**
**Látum ekki okkar eftir liggja - skilum borginni hreinni.**

Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar.
Einnig má finna dagskrá Menningarnætur á www.menningarnott.is og á ensku á www.visitreykjavik.is

Höfuðborgarstofa, Aðalstræti 2, sími 590 1500 hefur umsjón með Menningarnótt í miðborginni.

Landsbankinn er máttarstólpi Menningarnætur en flugeldasýningin er í boði Orkuveitu Reykjavíkur. Fjölmargir hafa stutt hátíðina með ýmsum hætti og verkefnisstjórn Menningarnætur þakkar öllum sem lögðu hönd á plóg.

# Metþátttaka í maraþoninu

*Reykjavíkurmaraþon Glitnis fer fram í tuttugasta og þriðja sinn á laugardaginn en hlaupið markar upphaf Menningarnætur.*

Frímann Ferdinandsson er framkvæmdastjóri maraþonsins og segir allt stefna í metþátttöku. „Það mun þó koma í ljós þegar hlaupið byrjar hversu margir taka þátt. Þegar hafa skráð sig 800 erlendir hlauparar frá um þrjátíu löndum. Stærsti erlendi hópurinn er frá Kanada en sá hópur hleypur til styrktar sykursjúkum. Þá eru einnig stórir hópar frá Þýskalandi, Bretlandi og Bandaríkjunum," segir Frímann og bætir því við að reynt sé að höfða til allra aldurshópa með mismunandi vegalengdum. „Síðan erum við með sérstakt Latabæjarhlaup fyrir yngstu kynslóðina og mun sjálfur íþróttaálfurinn sjá um upphitun og sprella með krökkunum fyrir hlaupið. Þá má búast við því að einhverjir íbúar Latabæjar muni hlaupa með börnunum maraþonið en það eru 1,5 km í Latabæjarhlaupinu."

Allir ættu að geta fundið sér vegalengd við sitt hæfi í Reykjavíkurmaraþoninu því auk Latabæjarhlaupsins verður skemmtiskokk, 10 km hlaup fyrir þá sem eru í þokkalegu formi og síðan að sjálfsögðu hálft og heilt maraþon fyrir þá sem eru búnir að vera að æfa sig lengi. „Með þessu móti höfðum við til breiðs hóps þátttakenda. Hins vegar langar mig að benda þeim á það sem ekki ætla að hlaupa sjálfir að hvetja hina til dáða. Það hefur oft myndast mikil stemning í kringum hlaupið í ákveðnum götum þar sem íbúarnir hafa komið út og látið vel í sér heyra þegar hlaupararnir fara hjá," segir Frímann, sem hlakkar mikið til hlaupsins.

Margir hafa fengið sinn fyrsta verðlaunapening í Reykjavíkurmaraþoni því allir eru sigurvegarar og fá fallegan verðlaunapening að hlaupinu loknu.






Hve marga þjóna vilt þú hafa?

Eitt sinn í árdaga rafmagnsins var sagt að not af rafmagni á heimili væri á við marga þjóna. Heimilistækin t.d. þvottavélin, örbylgjuofninn, eldavélin, ljósin og tölvurnar vinna margra manna verk á hverjum degi með hjálp rafmagns. Nú á dögum er þörf fyrir enn fleiri þjóna og þá getum við hjálpað.

Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?

RARIK
lifandi afl

RARIK HF • RAUÐARÁRSTÍG 10 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 528 9000 • WWW.RARIK.IS


## AF HLAÐBORÐI MENNINGARNÆTUR

### RÚNTA UM REYKJAVÍK

Félag Harley Davidson eigenda á Íslandi (Chapter Iceland) lætur ekki sitt eftir liggja á Menningarnótt og býður gestum hátíðarinnar í hjólaferðir frá Austurvelli kl. 15-17. Daníel Guðmundsson er formaður félagsins og er bjartsýnn á góða þátttöku í hjólaferðunum. „Við höfum tileinkað börnum einn dag á hverju ári og safnað fé fyrir eitthvert málefni tengdu þeim. Í fyrra settum við okkur í samband við Reykjavíkurborg til að fá að vera með í dagskrá Menningarnætur og það gekk upp. Þannig að það verður framhald á því þetta árið. Ekið verður með farþega fyrirfram ákveðinn Tjarnarhring og kostar hver ferð 500 krónur. Allur ágóðinn í ár mun renna beint til Umhyggju, sem eru regnhlífarsamtök fyrir öll félög langveikra barna á Íslandi," segir Daníel og bætir því við að á Menningarnótt í fyrra hafi verið farnar liðlega 500 ferðir með farþega. „Allir félagarnir í Chapter Iceland munu mæta á svæðið og hjóla með farþega en það eru rétt tæplega hundrað manns í félaginu, þannig að þetta ætti allt saman að ganga vel fyrir sig. Þetta er alveg kjörið tækifæri fyrir þá sem aldrei hafa átt þess kost að setjast á mótorhjól að láta þann draum rætast."

### SVEFNSKÚLPTÚRAR, SÝRUDJASS OG SVOLÍTIÐ RÓMANTÍSK LJÓÐ

Skapandi sumarhópar leggja undir sig portið og kjallara Hins hússins í Pósthússtræti. Þar verður heljarinnar húllum-hæ allan daginn þar sem frumleikinn skorar hversdagsleikann á hólm og ungir listamenn sýna hvað í þeim býr. Í kjallaranum verður flutt frumsamið trommuverk, en einnig verður mun heyrst djasstónlist, klassík, house og trans. Dansverk Íslensku hreyfiþróunarsamsteypunnar, Meyjarheftið, verður sýnt auk þess sem Tríóið Taumlausa flytur Hamskiptin og ofurrómantísk frumsamin ljóð. Götuleikhúsið verður á vappi og félagsmenn hljómsveitarinnar Loftvarna flytja eigin tónlist við upplestur þekktra bókmenntaverka.
Úti á stétt og um aðrar trissur verða Grísalappalísur á ferð og sýna svefnskúlptúra. Myndlistarnemar spila á heimasmíðað hljóðvirki og leyfa gestum að leika með. Aðstandendur femíníska veftímaritsins Lata stelpan kynna starf sitt og Hönnunartvíeykið Stígvél sýnir afrakstur sumarsins. *Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5.*

NOVARTIS
CONSUMER HEALTH

# Nicotinell®
## Classic






## 20% afsláttur
af 2 mg nikótíntyggigúmmi

## 40% afsláttur
af 4 mg nikótíntyggigúmmi

**Í apótekum á meðan birgðir endast.**

Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem losnar þegar tuggið er, frásogast í munninum og dregur úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega til að vinna gegn reykingaþörf. Skammtur er einstaklingsbundinn, en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Nikótín getur valdið aukaverkunum, s.s. svima, höfuðverk, ógleði, hiksta og ertingu í meltingarfærum. Sjúklingar með slæma hjarta- og æðasjúkdóma eiga ekki að nota nikótínlyf. Lyfið ekki ætlað á meðgöngu / brjóstagjöf án samráðs við lækni. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið.Nicotinell tyggigúmmí er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

# Veislustemning við Vesturgötuna

*Félagsmiðstöðin við Vesturgötu verður með opið hús á Menningarnótt og býður upp á margs konar áhugaverða skemmtun fyrir gesti sína. Þar verður boðið upp á kaffi og með því auk þess sem dansað verður og sungið.*





## NOTALEGT FÉLAGSSTARF

Það er líf og fjör alla daga í Félagsmiðstöðinni við Vesturgötu 7 þar sem eldri borgarar koma saman og eiga notalegar stundir ýmist við handavinnu, spilamennsku, söng eða annað sem hugurinn býður hverju sinni. Halldóra Guðmundsdóttir er verkefnastjóri Félagsmiðstöðvarinnar, en þar verður opið hús á Menningarnótt kl 13-16 með hinum ýmsu uppákomum. „Þetta verður í fyrsta sinn sem við tökum þátt í Menningarnótt og við hlökkum mikið til," segir Halldóra og bætir við: „Það verður veislukaffi hjá okkur allan tímann sem opið er auk þess sem það verður sungið við flygilinn við undirleik Sigurgeirs Björgvinssonar. Árni Ísleifs ætlar líka að koma fram og leika dixielandtónlist sem hægt verður að dansa við en á eftir Árna mun Sigvaldi Þorgilsson danskennari velja tónlist og stýra dönsum, þannig að það verður nóg um að vera í tónlistaratriðum." Auk tónlistaratriðanna verður fólk að störfum í Félagsmiðstöðinni við ýmiss konar handavinnu. Þá verður handverkssala á afurðum stöðvarinnar og gestum verður einnig boðið að spila boccia.

## ALLIR VELKOMNIR – EKKERT ALDURSTAKMARK

Félagsmiðstöðin er opinn alla virka daga kl 9-16.30 og kemur þar saman fólk á öllum aldri þó að mest fari fyrir eldri borgurum. „Aðsóknin hér er mjög góð og fólki þykir notalegt að koma hér saman en opið er fyrir allan aldur. Áður var einungis opið fyrir 67 ára og eldri en nú þarf ekki lengur að vera orðinn gamall til að fá að taka þátt í námskeiðunum eða dagskránni hjá okkur," segir Halldóra og bætir við að gaman væri að sjá meira af yngra fólki líta inn í miðstöðina. „Hér er matur í hádeginu og alltaf eitthvað gott með kaffinu og eru allir velkomnir í það þrátt fyrir að vera ekki endilega með í annarri dagskrá. Annars er fólkið hér mikið í handavinnu hvers konar auk þess sem haldin eru tungumálanámskeið, tískusýningar, helgistundir og fleira en ekki má gleyma kór félagsstarfs aldraðra í Reykjavík sem kallast Söngfuglarnir þar sem eru 40-50 manns. Föstudagarnir eru alltaf rosalega skemmtilegir því þeir eru sparidagar," segir Halldóra glöð í bragði. „Þá er sungið við undirspil á flygilinn og oft myndast mikið fjör. Oft er stiginn dans í matsalnum og eitthvað enn betra með kaffinu en vanalega."
Halldóra segir ýmislegt gert sér til gamans utan venjulegs opnunartíma og má þar nefna flóamarkaði, þorrablót, jólafagnaði, leikhúsferðir, bíóferðir, ýmsar sýningar og svo mætti lengi telja, þannig að það er augljóst að engum ætti að leiðast í Félagsmiðstöðinni við Vesturgötu.

**FÉLAGSMIÐSTÖÐIN VIÐ VITATORG VERÐUR EINNIG MEÐ OPIÐ HÚS Á MENNINGARNÓTT MILLI 14-16 EN ÞAR MUN HARMONIKKUHLJÓMSVEIT ULRICHS FALKNER LEIKA FYRIR DANSI.**




## EITTHVAÐ ALLAN DAGINN

### IÐNÓ

Framhaldsskólanemar leggja undir sig leikhúsið gamla og standa fyrir ægifagurri og æsilegri listadagskrá langt fram á kvöld. Í boði verður ljósmyndasýning, tískusýning, leiklist, dans og músík allt frá Grieg og Pachelbel til pönks og teknó auk annars hressandi menningarefnis. Einnig er stefnt að ræðukeppni milli landsþekktra mælskusnillinga en Helgi Hjörvar, Oddný Sturludóttir og Gísli Marteinn Baldursson hafa tilkynnt komu sína.

### RÁÐHÚSIÐ

Austfirðingar ráða ríkjum á Menningarnótt en Fjarðabyggð er gestasveitarfélag þetta árið. Í Austursal hússins verður ljósmynda- og málverkasýning auk þess sem handverkskonur verða á staðnum. Í Vestursalnum verður tónlistardagskrá með klassískum gítarleik, óperuaríum, djass og trúbadortónum sem berast munu út í Vonarstrætið, félagar úr Sú Ellen flytja órafmagnaðar útsetningar á eigin lögum og hin heimsþekkta og geðþekka hljómsveit BRJÁN (Blús-, rokk- og djassklúbburinn á Nesi) leikur listir sínar. Dagskrárlok eru áætluð upp úr kl. 22.

### ÞJÓÐMINJASAFNIÐ

Margslungnar meyjar verða í fyrirrúmi á Þjóðminjasafninu en dagskráin þar verður tileinkuð konum og mest öll á blíðlegum nótum þó að stöku skessa dúkki upp. Þar verður boðið upp á ratleik, hljóðfæraslátt og sögustundir þar sem leikkonan Hildigunnur Þráinsdóttir mun meðal annars segja hrikalega spennandi sögur af skessum og forynjum og leiðsögn um sýningar safnsins „Með gullband um sig miðja" og „Huldukonur í íslenskri myndlist". Safnið verður opið til kl. 21.

### PORT HAFNARHÚSSINS

Það iðar allt af menningu frá morgni til kvölds í porti Hafnarhússins við Tryggvagötu. Listasafn Reykjavíkur stendur að fjölbreyttri skemmti- og fræðsludagskrá fyrir alla fjölskylduna milli kl. 10-23 og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi hvort sem það tengist myndlist og myndlistarumræðu, leikandi skemmtilegum listsmiðjum eða bara því að slappa af undir þægilegri tónlist og njóta góðra veitinga.

### KJARVALSSTAÐIR

Listasafn Reykjavíkur skipuleggur einnig fjölskylduvæna dagskrá á Kjarvalsstöðum en þar verður líka boðið upp á leiðsögn um sýningar safnsins, sænskur unglingakór mun syngja ásamt Stúlknakór Reykjavíkur.









# „Á Menningarnótt komum við suður til að segja ykkur að koma austur“

**Fjarðabyggð** er gestur Reykjavíkur á Menningarnótt. Við hlökkum til að veita höfuðborgarbúum innsýn í blómstrandi menningarsamfélag okkar. Í Fjarðabyggð ert þú á góðum stað.

Fjarðabyggð er fjölbreytt samfélag þar sem höfuðáhersla er lögð á að hlúa að þeim þáttum sem tryggja raunveruleg lífsgæði fólks. Á traustum undirstöðum er byggt upp framsækið og fjölskylduvænt samfélag þar sem allir eru mikilvægir og allir fá tækifæri.

FJARÐABYGGÐ | *þú ert á góðum stað*

fjardabyggd.is

Mjóifjörður | Neskaupstaður | Eskifjörður | Reyðarfjörður | Fáskrúðsfjörður | Stöðvarfjörður

ÍSLENSKA AUGL SINGASTOFAN/SIA.IS FJA 33665 08/2006

# EKKI GLEYMA SMÁFÓLKINU

**Á Menningarnótt er öllu tjaldað til en ekki má gleyma börnunum og úti um allar trissur verður ýmislegt fjör að finna fyrir smáfólk og aðeins stærra fólk og heilu fjölskyldurnar auðvitað líka.**

**Fyrst má geta þess að góðir gestir munu leggja leið sína úr Laugardalnum og koma sér haglega fyrir í nágrenni Tjarnarinnar en íbúar úr Húsdýragarðinum ætla að halda til í garðinum við Fríkirkjuveg 11.** Dýrin munu vappa um í bakgarði Thorsarana svo þar er kjörinn áningarstaður fyrir þreytta fætur. Inni verður líka afþreyingardagskrá fyrir þá eldri sem hafa áhuga á ættfræði og slíku sem er ágætt fyrir dýravini sem fá þá að una sér í garðinum, klappa og dáðst að ferfætlingunum í friði.

**Niðri í Austurstræti verður árleg litasamkeppni hjá Pennanum Eymundsson þar sem allir geta tekið þátt og teiknað kúnstuga mynd í von um verðlaun.** Crayola-karlinn verður á svæðinu til að veita ráðgjöf, stuðning eða innblástur. Keppnin stendur til kl. 16 en þá verða veitt verðlaun fyrir þrjár flottustu myndirnar. Þar í nágrenninu verður líka iðandi fjör í Iðuhúsi því þar ætla rithöfundar að kíkja í heimsókn og lesa úr verkum sínum milli kl. 14-22, bæði fyrir börn og fullorðna. Það getur verið róandi að tylla sér örlítið og njóta íslenskrar bókmenningar í litríkum og lifandi flutningi.

**Alþjóðahúsið fer mikinn á Menningarnótt og stendur fyrir listasmiðjum í samstarfi við Listasafn Íslands.** Þema smiðjanna verður tengt við sumarsýningu safnsins sem hefur yfirskriftina „Landslagið og þjóðsagan“ og munu trölla- og þjóðsagnamyndir Ásgríms Jónssonar vera hafðar til hliðsjónar. Kl. 14 verður efnt til skrúðgöngu frá Alþjóðahúsinu að Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg og mun Unnur Guðjónsdóttir balletmeistari leiða gönguna og börnin slá takt með nýsköpuðum hljóðfærum. Verk barnanna verða síðan hengd upp á safninu og mun Kristín G. Magnús leikkona segja tröllasögur og leiða trölladans. Síðan verður boðið upp á leiðsögn um sumarsýninguna.

**Hjá Gallerí Fold við Rauðarárstíg verður einnig boðið upp á listasmiðjur en þar leiðbeinir Guðbjörg Káradóttir krökkum í Listaportinu.** Hvert námskeið er um klukkustundarlangt og eru þau ætluð krökkum 12 ára og yngri. Hið fyrsta hefst kl. 13.15 en hið síðasta kl. 19.15.

**Tónelsk börn munu að líkindum dilla sér yfir músíkinni sem berast mun að öllum kimum á Menningarnótt.** Pönksveitir og etýður eiga kannski ekki upp á pallborðið hjá öllum en ýmissa grasa mun kenna á sviðum Landsbankans í Austurstræti og á Laugavegi en þar troða til dæmis upp hressleikahljómsveitirnar Jakobínarína, Baggalútur og Jeff Who? en félagarnir Gunni og Felix munu líka stíga á svið og skemmta ásamt lukkuorminum Sprota og taka nokkur lög. Um hálf átta verða líka stuðandi hip-hop tónleikar við Hverfisgötu 85-89 þar sem 5th Element breikdanshópurinn kemur fram og sýnir listir sínar.

**Hreyfiglöð börn geta tekið þátt í Latabæjarmaraþoninu sem hefst kl. 14.15.** Hlaupið er skipulagt sem hluti af Reykjarvíkurmaraþoni Glitnis en allir áhugasamir krakkar geta skráð sig og hlaupið 1,5 kílómetra. Sjálfur íþróttaálfurinn hjálpar til við upphitun og hver veit nema fleiri íbúar Latabæjar láti sjá sig í hlaupinu.

**Í Austurbæ við Snorrabraut verður frumsýnt splúnkunýtt og ævintýralegt barnaleikrit en þar starfar nýstofnað Barna- og unglingaleikhús Austurbæjar.** Leikritið Drekaskógur verður sýnt kl. 14 en í verkinu leika krakkar á aldrinum 9-17 ára sem tekið hafa þátt í leiklistarnámskeiðum Ismedia í sumar. Í leikritinu takast á góð og ill öfl sem börn þurfa að kljást við með hjálp skógardísa, dreka og eldfluga. Leikstjóri og höfundur er Agnar Jón Egilsson.

**Í þvögunni á Menningarnótt getur verið óumræðanlega erfitt að vera lítill og þegar margt gleður augun er vissara að passa upp á foreldrana líka.** Fyrir þær fjölskyldur sem verða fyrir því óláni að skiljast í sundur verður komið upp sérstöku sameiningarskjólshúsi við Amtmannsstíg 5a þar sem týnd börn og foreldrar geta fundið hvert annað. Upplýsingar um þá þjónustu og allt annað sem tengist Menningarnótt verður að finna í þjónustusíma Reykjavíkurborgar: 411 1111.




**KNUD HOLSCHER/d line**

PRÓFESSOR, ARKITEKT

Hann lauk námi í Arkitektaskóla Listaakademíunnar og varð prófessor þar 1968. Hann varð síðar meðeigandi í Arkitektastofunni KHR A/S arkitektar. Stofnaði síðan eigið fyrirtæki 1995, Knud Holscher Indstriel Design (Iðnhönnun).

Hann hefur fengið mörg verðlaun og viðurkenningar í gegn um tíðina – nú síðast ID verðlaunin fyrir d line snyrtiþilin fyrir almenningssalerni, ásamt ID verðlaunin fyrir klassíska hönnun 1999.

d line
Heimsklassa hönnun

ASETA
BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI
Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is


## TÍSKAN



**NAKTI APINN** í Bankastræti verður iðandi af fjöri langt fram á kvöld á Menningarnótt. Þrír ungir listamenn opna sýningu og plötusnúður sér til þess að fjörið detti ekki niður eitt augnablik. Opið til 23. Bankastræti 14.



**Í KRONKRON** ríkir alræði uppátækjaseminnar þar sem eigendurnir ætla að koma sjálfum sér og öðrum á óvart. Opið til kl. 22. Laugavegur 63b.

**VERKSMIÐJAN** á Skólavörðustíg 4a verður í fullum gangi. Hönnuðir og listamenn rífa hurðina upp á gátt og tjalda því sem til er. Allt frá ullarkjólum til skótaus úr fiskroði. Síðdegis líta við liprir magadansarar.



**HÖNNUÐIR** bjóða gesti velkomna á vinnustofur vöru- og fatahönnuða í Garðastræti 2 og Vesturgötu 17. Söluturininn Gotti sér fyrir góðu í gogginn.

**RISA-TÍSKUSÝNING** á Arnarhóli. Brot af því besta frá íslenskum og erlendum hönnuðum í bland við hressileg tónlistar- og dansatriði.

**VERSLUNIN KVK** Prúttað frá hádegi til síðdegis en þá mætir leikkonan Maríanna Clara Lúthersdóttir og les úr Draumalandinu eftir Andra Snæ Magnason. Hljómsveitirnar Fræ og Sometime troða upp kl. 21. Laugavegur 27.

**GuSt** verslunin býður upp á tónlist og tísku. Tríóið Moskvitsj leikur tónlist frá öllum heimsins hornum kl. 17.45. Laugaveg 70.

**KIRSUBERJATRÉÐ** opnar dulúðuga sýningu í nýju rými að Vesturgötu 4.

**GÖTUMARKAÐUR +354GUERILLA STORE** í bakgarðinum við Mýrargötu 2. Kostakjör, myndlist, stuttmyndir og almennar stórfenglegar uppákomur kl. 13-17.



Við bjóðum til

# Óperutónleika á Miklatúni

## Í KVÖLD
## 19. ÁGÚST KL.20

**Fram koma: Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og óperusöngvararnir:**



















BM Vallá hf. býður til Óperutónleika á Miklatúni. Þar koma fram allir helstu stórsöngvarar landsins ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

Komdu og sjáðu Kristinn Sigmundsson, Arndísi Höllu Ásgeirsdóttur, Ólaf Kjartan Sigurðarson, Kolbein Ketilsson og Sigríði Aðalsteinsdóttur flytja allar helstu perlur klassískrar tónlistar.

Missið ekki af fágætum tónlistarviðburði fyrir alla fjölskylduna á Menningarnótt.

Efnisskrá:

| | | |
|---|---|---|
| G. Verdi: | Forleikurinn að ,,La Forza del destino" | |
| G.Rossini: | Largo al factotum úr ,,Rakaranum frá Sevilla": | Ólafur Kjartan Sigurðarson, barítón. |
| G.Rossini: | Una voce poco fa úr ,,Rakaranum frá Sevilla": | Arndís Halla Ásgeirsdóttir, sópran |
| W.A.Mozart: | Finch'han dal vino úr ,,Don Giovanni": | Kristinn Sigmundsson, bassi. |
| G. Bizet: | Habanera úr ,,Carmen": | Sigríður Aðalsteinsdóttir, Mezzósópran |
| G.Bizet: | La Fleur que tu m'avais jetée úr ,,Carmen": | Kolbeinn Ketilsson, tenór. |
| Ch. Gounod: | Danse antique, balletttónlist úr ,,Faust" | |
| Ch Gounod: | Le veau d'or est toujour deboute úr ,,Faust": | Kristinn Sigmundsson, bassi |
| J.Offenbach: | Barcarolle úr ,,ævintýrum Hoffmanns": | Arndís Halla og Sigríður |
| G.Verdi: | Dio che nell´alma úr ,,Don Carlos": | Kolbeinn og Ólafur Kjartan |
| R.Wagner: | Mögst du, mein Kind úr ,,Hollendingnum fljúgandi": | Kristinn Sigmundsson, bassi |
| G.Verdi: | Un di, se ben rammentomi úr ,,Rigoletto": | Arndís, Sigríður, Kolbeinn og Ólafur Kjartan |
| G.Verdi: | Come dal ciel precipita úr ,,Macbeth": | Kristinn Sigmundsson, bassi |
| G. Verdi: | Libiamo ne' lieti calici úr ,,La traviata": | allir |

**Sérstakur verndari tónleikanna er:**
**Frú Vigdís Finnbogadóttir.**

BM·VALLÁ



# MENNINGARLEGT FJÖR ÚR FJARÐABYGGÐ

*Gestasveitarfélag Menningarnætur*

**Sveitarfélagið Fjarðabyggð er gestasveitarfélag Menningarnætur þetta árið og sendir sína bestu listamenn í Ráðhús Reykjavíkur með glæsilegar listasýningar og frábæra tónlistardagskrá. Ingibjörg Ólafsdóttir er upplýsinga- og kynningarfulltrúi Fjarðabyggðar og er að vonum stolt af dagskrá hins unga sveitarfélags sem samanstendur af sex byggðarkjörnum, Mjóafirði, Neskaupstað, Eskifirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði. Sveitar-félagið telur rúmlega 5.500 íbúa en það var sameinað 9. júní 2006.**

**HEITIR FIMMTUDAGAR OG FÍNIR FÖSTUDAGAR** Fjölbreytt Listasumarsdagskrá um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

## > Ekki missa af...



aukasýningum á leikritunum **Fullkomnu brúðkaupi** og **Litlu hryllingsbúðinni** hjá Leikfélagi Akureyrar.

myndlistarsýningunni **Eilandi** í Gróttu. Fimm myndlistarmenn sýna fjölbreytt verk í **vitanum** og nágrenni hans. Síðan er tilvalið að fá sér **kaffisopa** og með því á staðnum.

**90's partíi** á **Bar 11** á föstudagskvöldið. Óborganleg kvöldskemmtun þar sem plötusnúðurinn **Curver** tælir hlustendur aftur til fortíðar. **Tíðarandaklæðnaður** æskilegur en ekki skilyrði.

# Málið er lykill að heiminum

**Áhugi útlendinga á íslensku máli fer sífellt vaxandi og í dag hefst ráðstefna um íslensku sem annað og erlent mál á vegum Stofnunar Sigurðar Nordal.**



**ÚLFAR BRAGASON** Segir áhugann á íslenskri tungu og tungumálakennslu vera sífellt að aukast. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Úlfar Bragason, forstöðumaður Stofnunar Sigurðar Nordals, segir að rúmlega tuttugu fyrirlestrar verði haldnir á ráðstefnunni en þar munu þekktir fræðimenn fjalla um málefni íslenskukennslu í samhengi við aðra tungumálakennslu, sögu hennar og þróun í samfélaginu. „Aðalviðfangsefni ráðstefnunnar eru málvísindalegar rannsóknir á máltileinkun, það er að segja hvernig fólk lærir málið, kennslufræði íslensku sem annars máls eða erlends mál, menningarmiðlun eða menningarlæsi og síðan saga og núverandi aðstæður til íslenskukennslu,“ segir Úlfar.

Aðalfyrirlesararnir eru Kenneth Hyltenstam, prófessor við Stokkhólmsháskóla sem er þekktur í tvítyngisfræðum, en Úlfar segir að hann muni til dæmis ræða hvernig mismunandi aldurshópar læra tungumál, Maisa Martin, prófessor við Jyväskylä-háskóla í Finnlandi, sem hefur sérstakan áhuga á því hvernig fólk lærir beygingamál, eins og til dæmis íslensku, öðruvísi en setningafræðileg mál eins og ensku.

Þriðji fyrirlesarinn er Ulla M. Connor, prófessor við Indíanaháskóla, og mun hún fjalla um menningarlæsi og hversu mikilvægt það er fyrir tungumálanám. „Við fáum til dæmis nemendur hingað til okkar sem hafa fræðilegan áhuga á íslensku og skilja ekki hvers vegna við erum að kenna þeim um íslenska menningu og sögu. Ef maður ætlar að nota tungumálið verður maður að skilja stóra samhengið. Það er sagt að tungumál séu lykillinn að heiminum en hvers vegna er maður að læra á þann lykil ef maður vill ekki nota hann eða vita að hverju hann gengur?“ spyr Úlfar.

Úlfar útskýrir að rekja megi sögu íslenskukennslu við erlenda háskóla aftur á 19. öld en nú er hægt að taka B.A. próf í íslensku sem annað eða erlent mál við Háskóla Íslands. „Þetta varð smásaman að fagi en það hefur skort rannsóknir á þessum málefnum hérlendis. Þetta er mjög nýtt því þótt búið sé að kenna íslensku við erlenda háskóla í meira en hálfa öld hefur þetta verið álitin aukageta fremur en sérfag.“ Úlfar bendir ennfremur á að þær kennsluaðferðir og bækur sem við höfum notað séu ef til vill ekki nógu vel ígrundaðar með tilliti til þess að fólk læri íslensku öðruvísi en ensku eða önnur setningafræðileg tungumál en verið er að þróa nýjar kennsluaðferðir, til dæmis með heimasíðunni Icelandic Online, sem yfir 300 nemendur hvaðanæva úr heiminum heimsækja daglega.

„Það er auðvitað allt annað að kenna stúdentum sem hafa lært önnur mál eða innflytjendum sem kannski skortir undirbúningsmenntun,“ segir Úlfar og bætir við að kennslan eða fagið hafi þróast á Norðurlöndunum þegar innflytjendum fjölgaði þar. „Þetta er að gerast hér núna, þörfin eykst og áhuginn vaknar.“ Meðal þátttakenda í málstofunum verða kennarar sem starfa við íslenskukennslu í erlendum háskólum sem Stofnun Sigurðar Nordals hefur meðal annars milligöngu um. Úlfar útskýrir að á annað þúsund nemendur stundi slíkt nám og fjöldinn fari vaxandi með ári hverju.

Ráðstefnan fer fram í stofu 101 í Odda og hefst kl. 18 í dag. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.nordals.hi.is. - khh

# Ísafold á Ísafirði

Kammersveitin Ísafold heldur tónleika á Hömrum á Ísafirði kl. 20 í kvöld. Hópurinn er skipaður ungu og metnaðarfullu tónlistarfólki sem flytja mun fjölbreytta efnisskrá, þar á meðal verk eftir Toru Takemitsu, Anton Webern og Luigi Dallapiccola. Einnig frumflytur hópurinn tónverkið PAR eftir Hauk Tómasson sem hann samdi sérstaklega fyrir hópinn.

Tónleikarnir marka upphaf sumartónleikaferðar Ísafoldar sem leikur í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju á sunnudag og á Listasafni Íslands á mánudags og þriðjudagskvöld. Stjórnandi hópsins frá upphafi er Daníel Bjarnason.



**HAUKUR TÓMASSON TÓNSKÁLD** Samdi verkið PAR sérstaklega fyrir Kammersveitina Ísafold.


















# Við erum Mazda

mazda




# sóltilboð



**Mazda6 Touring 2,0i**
**4 dyra, sjálfskiptur***
**Sóltilboð 2.525.000 kr.**
Bílasamningur 34.726 kr.
Rekstrarleiga 46.100 kr.



**Mazda6 Touring 2,0i**
**5 dyra, sjálfskiptur***
**Sóltilboð 2.575.000 kr.**
Bílasamningur 35.414 kr.
Rekstrarleiga 47.100 kr.



**Mazda6 Touring 2,0i**
**Wagon, sjálfskiptur***
**Sóltilboð 2.625.000 kr.**
Bílasamningur 36.102 kr.
Rekstrarleiga 48.700 kr.

## Sumarið er komið í Brimborg. Vertu Mazda.

Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríið á sérstöku sóltilboði Brimborgar. Gerðu samanburð á japönskum gæðum. Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring, 4 dyra, sjálfskiptum og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.525.000 kr. á sérstöku sóltilboði til þín. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.860.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda - á sérstöku sóltilboði Brimborgar.

**Það sem er umfram í Mazda6 Touring:**

- *2,0 lítra vél*
- *5 þrepa sjálfskipting*
- *16” Álfelgur*
- *Hraðastillir*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.mazdabrimborg.is

## Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Við erum Mazda. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda á sóltilboði Brimborgar.

## Skoðaðu úrval Mazda á sóltilboði.



**Mazda2 Core 1,4i**
**5 dyra, 5 gíra***
**Sóltilboð 1.590.000 kr.**
Bílasamningur 19.670 kr.
Rekstrarleiga 31.900 kr.



**Mazda3 Touring 1,6i**
**4 dyra, 5 gíra***
**Sóltilboð 1.920.000 kr.**
Bílasamningur 26.307 kr.
Rekstrarleiga 35.200 kr.



**Mazda5 Touring 2,0i**
**7 manna, 5 gíra***
**Sóltilboð 2.390.000 kr.**
Bílasamningur 32.748 kr.
Rekstrarleiga 43.400 kr.

## Við erum Mazda

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Sumarið er í Brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

GCI ALMANNATENGSL · GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: sóllúga. Skv. verðlista Toyota 07/06. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

*Son, we live in a world that has walls, and those walls have to be guarded by men with guns. Whose gonna do it? You? You, Lt. Weinburg?*

Jack Nicholson æsir sig upp við Kevin Pollack í kvikmyndinni A Few Good Men. Stórleikur Nicholson stendur upp úr og lyftir myndinni upp yfir meðalmennskuna.

# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN HRAFNHILDUR GUNNARSDÓTTIR KVIKMYNDALEIKSTJÓRI

# Vill sjá Sirrý í endurgerð Möltufálkans



**Eftirlætiskvikmynd:** „Það er Dekalog eftir Krzysztof Kieslowski en þetta eru reyndar tíu myndir. Mér finnst viðfangsefnið, boðorðin tíu, mjög spennandi en þarna dansar leikstjórinn á línunni og bilið á milli heimildarmyndar og leikinnar myndar er á gráu svæði.

**Eftirlætisatriði:** Atriðið þegar faðirinn uppgötvar að það hefur orðið slys og strákurinn hans er horfinn í fyrstu Dekalog-myndinni. Magnað atriði.

**Uppáhaldsleikstjóri:** Krysztof Kieslowski er í miklu uppáhaldi auk Miu Derren sem gerði tilraunakenndar kvikmyndir á fjórða og fimmta áratugnum í Hollywood.

**Mesta hetja hvíta tjaldsins:** Mesta hetjan er úr kvikmyndinni Fire sem er í leikstjórn Deepa Mehta en persónan heitir Radha og er leikin af Shabana Asmi. Stórkostleg persóna og ótrúleg túlkun hjá leikkonunni.

**Versti skúrkurinn:** Íþróttaþjálfarinn í kvikmyndinni Mysterious Skin eða Dularfull snerting.

**Hvaða persóna fer mest í taugarnar á þér?** Foreldrarnir í dönsku kvikmyndinni Festen. Mér leið hreinlega eins og ég væri komin í íslenskt fjölskylduboð.

**Ef þú fengir að velja þér mynd, leikstjóra og leikara, um hvað yrði hún og hverjir væru hinir heppnu?** Mig hefur alltaf dreymt um að endurgera Möltufálkann með Sirrý og Kristjáni Franklín Magnús í aðalhlutverkum. Að öllum líkindum myndi ég hins vegar gera kvikmynd um innrás Ísraela í Líbanon, Mira Nair yrði leikstjóri og Uma Thurman og George Clooney í aðalhlutverkum auk James Gandolfini sem ísraelskur herforingi og Omar Shariff.



# Furðudýr frá fornöld

Ævintýramyndin Five Children & It fjallar um fimm börn sem finna furðudýrið Psammead á leynilegri strönd við villu frænda síns. Börnin eru að sjálfsögðu himinlifandi með þennan fund sem á eftir að lífga upp á tilveruna á þessum einangraða stað. Psammead er nefnilega þeim hæfileikum gæddur að geta uppfyllt eina ósk á hverjum degi sem endist þangað til sól fer að setjast. Fljótlega uppgötva börnin fimm að það er ekki alveg jafn auðvelt að upphugsa skemmtilegar óskir á hverjum degi og galdrar eru vandmeðfarnir þótt spennandi séu.

Það eru þeir Eddie Izzard (talar fyrir dýrið) og Kenneth Brannagah sem fara fyrir leikhópnum en þeir eru fyrir löngu orðnir kunnir af verkum sínum, Izzard sem skemmtikraftur og Brannagah sem einhver fremsti Shakespeareleikari Breta. Leikstjóri er John Stephenson en hann gerði sjónvarpsmyndina Animal Farm þar sem stórstjörnur á borð við Kelsey Grammer, Ian Holm og Peter Ustinov töluðu fyrir dýrin.



**PSAMMEAD OG BÖRNIN FIMM** Furðudýrið, sem börnin fimm finna á leynilegri strönd við hús frænda síns, á heldur betur eftir að lífga upp á tilveruna.






# Roth leitar að mafíuforingja og fyrirsætu fyrir Hostel 2

Kvikmyndaleikstjórinn Eli Roth er væntanlegur til landsins í haust í þeim erindagjörðum að taka hér upp hluta framhaldsmyndarinnr Hostel 2. Tökur fara væntanlega fram í október og nóvember en leikstjórinn er mikill Íslandsvinur enda dvaldi hann hér sem unglingur við útreiðar og sveitastörf. True North-kvikmyndafyrirtækið leitar nú að fólki fyrir þessar tökur og fara prufur fram á sunnudaginn en fyrirtækið mun aðstoða tökuliðið þegar það kemur hingað til lands.

Myndin Hostel sló eftirminnilega í gegn í fyrra þrátt fyrir allan hryllinginn. Þrjú hlutverk af stærri gerðinni verða væntanlega skipuð Íslendingum og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er verið að leita að gullfallegri fyrirsætu, mafíuforingja auk konu á aldrinum þrjátíu til fjörtíu ára sem er nokkuð sterkbyggð og ljóshærð.

Eins og margir muna lék Eyþór Guðjónsson nokkuð stórt hlutverk í fyrstu Hostel-myndinni og ferðaðist um víðan völl til að kynna myndina. Má því reikna með að fjöldi Íslendinga geri sér vonir um að feta í fótspor hans og ætli sér að taka þátt í framhaldi af einhverri óhugnalegustu hrollvekju allra tíma.

-fgg



**HOSTEL** Myndin gekk fram af mörgum en naut mikilla vinsælda hjá aðdáendum hrollvekjunnar.



**ELI ROTH** Er mikill aðdáandi Íslands og kemur hingað í haust til að taka upp hluta af framhaldsmyndinni Hostel 2.

# Snákahræðsla í háloftunum

Kvikmyndin Snakes on Plane hefur á einhvern undarlegan hátt orðið að netsmelli sem hefur skilað sér í eftirvæntingu meðal kvikmyndahúsagesta.

Myndin segir frá hjólreiðakappanum Sean Jones sem er að hjóla úti í hinni gullfallegu náttúru Hawaii. Sér til mikillar skelfingar verður hann vitni að því þegar glæpamaðurinn Eddie Kim drepur saksóknara sem hafði hann undir smásjánni. Jones er því orðið mjög mikilvægt vitni í stóru sakamáli og þarf að komast frá eldfjallaeyjunni til Los Angeles.

Það er einmitt þá sem FBI-lögreglumaðurinn Neville Flynn kemur til skjalanna en hann er sérfræðingur í að vernda vitni fyrir glæpamönnum sem hugsa þeim þegjandi þörfina. Flynn hefur þegar bjargað Jones frá fyrsta morðtilræðinu og hyggst koma honum í heilu lagi til Englaborgarinnar. Eddie Kim kemst þó að því með hvaða flugvél Jones og Flynn fljúga og með hjálp mafíu sinnar kemur glæpamaðurinn snákum fyrir í flugvélinni en þeir eiga eftir að valda miklum usla í háloftunum.

Samuel L. Jackson leikur lögreglumanninn Neville Jones en ferill þessa fína leikara hefur verið mikil rússíbanareið, góðar myndir í bland við algjöran hryllíng. Ef marka má listann yfir næstu kvikmyndir Jacksons, sem birtur er á imdb.com, er ljóst að ekki verður nein breyting þar á. Leikstjóri Snakes on Plane er David Ellis en hann var áður áhættuleikari í Hollywood og hefur komið að flest öllu því sem snertir kvikmyndagerð. Hann gerði síðast hina ágætu Cellular.



**SNAKES ON PLANE** Samuel L. Jackson leikur FBI-manninn Neville Flynn sem þarf að bjarga mikilvægu vitni frá morðtilraun um borð í flugvél.

„Pabbi er mín fyrirmynd!“
Foreldrar eru bestir í forvörnum
Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið
LISTAGÓÐ MENNINGARNÓTT 19. ÁGÚST 2006

# Draugagangur á tökustað

Mikið hefur gengið á við tökur á nýjustu Bond-myndinni, Casino Royale. Þó að Bond sé öllu vanur og geti lagt stórhættulega hryðjuverkamenn jafnt sem tálkvendi að velli er ekki víst að leyniþjónustumaðurinn ráði við þann vanda sem götublaðið The Sun greindi frá.

Samkvæmt blaðinu er flugvél sem notuð er við áhættuatriði andsetin. Farartækið, sem er af gerðinni Boeing 747, átti það til að „kveikja“ á ljósum og stundum fóru viðvörunarkerfi af stað, jafnvel þótt enginn væri um borð og allt rafmagn væri tekið af því. Starfsmennirnir urðu skelfingu lostnir og hafa neitað að starfa við vélina.

The Sun hefur eftir einum starfsmanninum að sögusagnir séu á kreiki um að orsökin sé draugur manns sem lést um borð í vélinni fyrir þrjátíu árum. „Við höfum verið beðin um að starfa við flugvélina að næturlagi en sumir hafa frábeðið sér slíkt,“ sagði ónefndur starfsmaður við kvikmyndina The Sun. Að sögn talsmanns Dunsfold Aerodome í Surrey, þaðan sem „draugavélin“ var keypt, hefur umrædd flugvél lengi verið til trafala og sú saga að draugur gangi laus um borð sé velþekkt meðal starfsfólksins.



**DRAUGAVÉL** Orsök draugagangsins er talin vera maður sem lést í vélinni fyrir 30 árum síðan. Myndin er þó ekki af umræddri vél.



**RÆÐUR HANN VIÐ DRAUGINN?** Draugur gengur laus í flugvél sem notuð er við tökur á nýjustu Bond-myndinni, Casino Royal.



**CLOONEY** Hefur fengið tilboð frá fyrrverandi samstarfskonu sinni sem vill fá að leika undir hans stjórn. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

# Marguiles vill Clooney

Leikkonan Julianna Marguiles hefur biðlað til fyrrum ástmanns síns á skjánum, George Clooney, um að hún fái hlutverk í næstu kvikmynd hans. Marguiles hefur ekki tekist að fylgja eftir vinsældum sínum úr þáttaröðunum E.R. og vill því nýta sér vinskapinn við Clooney sem hefur á undanförnum árum söðlað undir sig Hollywood á örskömmum tíma. Marguiles og Clooney heilluðu sjónvarpsáhorfendur með innilegu sambandi í sjónvarpsþáttunum sem gerðust á bráðamóttökunni og hefur leikkonan fulla trú á að þau geti endurtekið leikinn. „Ég held að það sé af væntumþykju sem hann valdi mig ekki í Ocean‘s myndirnar,“ sagði Marguiles. „Það er strákaklúbbur,“ bætti hún við. „Ég vil leika í mynd sem hann leikstýrir og hún þarf að vera sú rétta,“ sagði Marguiles.



**MATT DILLON** Segist loksins sætta sig við að vera kallaður „hjartaknúsari“.

# Dillon sáttur sem kyntákn

Leikarinn Matt Dillon segist loksins vera búinn að sætta sig við að hann sé kallaður „hjartaknúsari“ í fjölmiðlum. Dillon hefur árum saman hatað þetta viðurnefni og segir að þetta hafi hamlað honum að fá hlutverk í alvöru kvikmyndum. Hins vegar þegar aldurinn færist yfir sé hann sáttur við að vera talinn myndarlegur maður. „Þegar ég var yngri þoldi ég ekki að vera kallaður hjartaknúsari,“ sagði Dillon í samtali við Cosmopolitan. „En núna þá líkar mér að vera kallaður þetta. Ef ég les einhvers staðar að ég sé hjartaknúsari þá hoppa ég af kæti og öskra: „Húrra, þeir kölluðu mig hjartaknúsara!“ segir Dillon sem virðist hafa blásið lífi í feril sinn með kvikmyndinni Crash sem sló í gegn í fyrra.



**SKREYTINGAR ÚR GARÐINUM**

*Sumargróðurinn gefur tækifæri til að hressa upp á matardiskana með fallegum og ókeypis skreytingum. Villt íslensk sumarblóm geta gert óspennandi diska ótrúlega fallega ef ímyndunaraflinu er gefinn laus taumurinn.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN **SÖLVI SVEINSSON SKÓLASTJÓRI VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS**

## *Einstakar kvöldmáltíðir á fjöllum*



**Hvaða matar gætir þú síst verið án?**
Ætli það sé ekki fiskur, eldaður með margvíslegu móti.

**Fyrsta minningin um mat?**
Kakó og kleinurnar hennar ömmu.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Allar kvöldmáltíðir á fjöllum eru einstaklega góðar eftir langa dagsgöngu.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Því miður finnst mér hákarl vondur, en ég öfunda þá sem geta borðað hann því þeir verða svo matar- og nautnalegir á meðan þeir tyggja.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?**
Það er gott að eiga alltaf dálítið af ostum til að borða eina sér, með brauði, setja í sósuna, á grillið og svo framvegis.



**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Hvað sem er en gjarnan ávöxt af einhverju tagi.

**Hvað átt þú alltaf í ísskápnum?**
Skyrdrykk og undanrennu.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Mjólkurkú.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Soðin skreið sem við smásveinar hirtum úr hjalli kaupfélagsins á Króknum og suðum í bauk yfir opnum eldi úti á Eyri. Það var ægilegur matur.



## ÞRÚGUR GLEÐINNAR
### > EINAR LOGI VIGNISSON

# Þýsk vonarstjarna á Ítalíu

Ítalía er mikið karlveldi og fáar atvinnugreinar jafn íhaldssamar og víngerð. Konur hafa sótt gríðarlega í sig veðrið í ítalskri víngerð og er áhrifum þeirra og góðum smekk þakkað margt það besta sem gerst hefur í ítalskri víngerð síðustu ár. Margar ítalskar víngerðarkonur eru heimskunnar, má t.d. nefna dætur Antinori greifa, einkum Alessiu Antinori. Í viðtali sem ég tók við hana í fyrra sagði Alessia um stöðu kvenna í ítalskri víngerð: „Konur láta sífellt meira til sín taka og það sést einna best á fjölda kvenstúdenta í vínfræðum. Konur eru oft afar nákvæmar í blöndun vínanna, leita vel að jafnvægi í bragði og eru næmari á blæbrigði. Gleymum því ekki heldur að æ fleiri konur drekka vín og stjórna innkaupum á vínum.“

Hér á landi er stödd þessa dagana kornung víngerðarkona sem stýrir víngerðinni hjá einu framsæknasta vínhúsi Toskana, Dievole. Hún heitir Kathrin Puff, er þýsk eins og nafnið gefur til kynna og aðeins 27 ára gömul. Kathrin er mikið náttúrubarn og íþróttakona og er, þegar þetta er skrifað, í átta daga hestaferð yfir Kjöl. Þegar hún kemur til byggða verður hún með vínsmökkun og kynningu á Vínbarnum. „Ég átti íslenskan hest í tíu ár þegar ég var barn og það var langþráður draumur minn að koma til Íslands og fara í hestaferð,“ segir Kathrin. Áhugi hennar á víngerð vaknaði á unglingsárunum þegar faðir hennar tók hana með í ferðir í vínhús í Þýskalandi og Frakklandi. Hún aðstoðaði hann við val á vínum og kom í ljós að hún hafði afar gott bragðskyn. „Ég gerðist lærlingur í freyðivínsgerð í Rheinhessen og var svo á Spáni í fjögur ár. Síðan fór ég í Vínháskólann í Geisenheim en eftir tvö ár þar ákvað ég að óska eftir því að taka síðari hluta námsins í Vínháskólanum í Udine þaðan sem ég útskrifaðist 2001. Ég starfaði fyrst í Friuli og þar frétti Schwenn-fjölskyldan, sem á Dievole, af mér en þau réðu mig sem yfirvíngerðarmann árið 2004.“



Schwenn-fjölskyldan þýska hefur búið á Ítalíu í 30 ár og auðgast á fasteignaviðskiptum. Hún keypti gamla víngerð í nágrenni Siena fyrir tuttugu árum og umbreytti í hágæða vínhús. Hefur Dievole vakið mikla athygli fyrir framsækna hönnun og snjalla markaðssetningu. Innihaldið er sömuleiðis í góðu lagi, vínin hafa fengið háar einkunnir í víntímaritum erlendis og einnig hér á landi. Má nefna að Rinascimento var eitt þeirra vína sem hlutu gyllta glasið hjá Vínþjónasamtökunum síðastliðið haust.

**VERT AÐ SPÁ Í:** Létt og einföld chianti-vín eru mest áberandi á markaðnum en Dievole Novecento Reserva er stórt og mikið vín sem sýnir hverju  ná má út úr sangiovese-þrúgunni.






# Rifsber gefa sérstakt bragð

**Hildigunnur Rúnarsdóttir tónskáld er reglusamur sælkeri sem gerir einn tilraunarétt í viku og þykir fátt skemmtilegra en að fá fólk í mat.**



**HILDIGUNNUR RÚNARSDÓTTIR TÓNSKÁLD** Matseðlar undanfarinna tíu ára eru geymdir í tölvu Hildigunnar sem segist vera mjög skipulögð þegar kemur að eldamennskunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

„Við gerum alltaf matseðla og reynum að gera einn tilraunarétt í hverri viku,“ segir Hildigunnur, en hún og maður hennar, Jón Lárus Stefánsson, hafa haldið fast í þá venju að skipuleggja eldamennsku vikunnar og kaupa inn með tilliti til þess. Hildigunnur segir að kerfið krefjist auðvitað töluverðar skipulagningar og staðfestu, en sveigjanleiki rýmist auðvitað innan marka þess. „Maður er kannski búinn að setja soðinn fisk á mánudag en þegar mánudagurinn kemur langar mann kannski alls ekki í hann, og þá svissar maður bara við einhvern annan dag. Matseðillinn stendur þess vegna alltaf, að minnsta kosti að nafninu til,“ segir hún. Allir matseðlarnir, frá árinu 1996, eru vistaðir í tölvunni ásamt uppskriftunum og einkunnagjöf fjölskyldunnar fyrir hvern og einn rétt. „Einu sinni á ári förum við svo yfir matseðlana og gerum lista yfir þá rétti sem fengu góða einkunn og reynum svo að matreiða þá oftar,“ segir Hildigunnur og bætir við að nokkrir af uppáhaldsréttum fjölskyldunnar hafi komið til í gegnum þetta kerfi.

Hildigunnur og Jón hafa unun að því að bjóða fólki upp á eigin eldamennsku. „Við erum alltaf að bjóða fólki í mat og það er með því skemmtilegra sem við gerum,“ segir Hildigunnur. Þau eru þar að auki í þremur misvirkum matarklúbbum, og meðal þeirra sem skrifa á heimasíðunni brallibauk.blogspot.com, þar sem má finna uppskriftir frá ýmsum heimshornum.

Meðal uppskriftanna sem Hildigunnur hefur sett á heimasíðuna er kjúklingur með rifsberjum sem hún deilir hér með lesendum í tilefni þess að rifsberin eru farin að roðna, meðal annars í garðinum hennar. Hún segist reyna að nota árstíðabundið hráefni eftir fremsta megni. „Ég reyni það eins og ég get, en auðvitað er ekki nærri jafn mikið gert af því hérna eins og á Ítalíu eða þessum stöðum þar sem borðin svigna undan akkúrat því sem er á akrinum fyrir utan,“ segir Hildigunnur. Greinarnar á rifsberjarunnanum bogna aftur á móti undan berjunum og því vel við hæfi að útbúa þennan rétt.



**RIFSBERIN FARIN AÐ ROÐNA** Greinarnar svigna undan gómsætum rifsberjunum sem gefa skemmtilegt bragð í kjúklingarétt Hildigunnar.

**KJÚKLINGUR MEÐ RIFSBERJUM**
**Nokkrir kjúklingabitar (ekki bringur)**
**15 grömm smjör**
**salt og pipar**
**1 lítill laukur, skorinn í teninga**
**100 grömm rifsber**
**2 desilítrar kjúklingasoð**
**1 til 2 teskeiðar púðursykur**
**hálfur desilítri rjómi (má vera kaffi- eða matreiðslurjómi)**
**1 teskeið maízena**

Brúnið kjúklingabitana vel á heitri pönnu í smjörinu. Kryddið með salti og pipar. Takið kjúklinginn af pönnunni og steikið laukinn. Setjið kjúklinginn aftur á pönnuna ásamt rifsberjum og soði. Látið malla undir loki í 35 til 40 mínútur eða þar til kjúklingurinn er fulleldaður. Takið bitana af pönnunni og haldið heitum. Hrærið saman rjóma og maízena og þykkið sósuna með blöndunni. Smakkið til með púðursykri, salti og pipar.
Berið fram með hrísgrjónum og góðu salati. Ekki er verra að hafa gott hvítvín með.

## SLÁTRUNIN ER HAFIN

# *Lambakjötið er lostæti*

Flest sláturhús hafa hafið sumarslátrun sauðfjár og liggur lambakjötið því splunkunýtt og ófryst í kjötborðum landsins. Það er um að gera að nýta þetta tækifæri og gæða sér á ljúffengu lambakjöti af nýslátruðu.
Í dag hefst sumarslátrun hjá Norðlenska á Húsavík þar sem slátrað verður um sex hundruð lömbum. Að mestu leyti eru þetta lömb úr Svarfaðardal og af Austurlandi og kemur allt kjötið ferskt á markaðinn.
Á heimasíðu Sláturfélags Suðurlands kemur svo fram að sumarslátrunin hófst fyrir nokkru fyrir sunnan. Var slátrað lömbum af suðvesturhluta landsins, frá Mýrdal og vestur í Borgarfjörð. Er kjötið kærkomið fyrir félagið enda kemur þar fram að birgðir lambakjöts hafi verið í sögulegu lágmarki fyrir slátrun.
Lambakjöt af nýslátruðu er að sjálfsögðu ljúffengt hvernig sem það er matreitt, og tilvalið hvort sem er í ofninn, á grillið eða eitthvað annað. Einnig getur verið tilvalið að skella í kjarngóða íslenska kjötsúpu enda vandfundinn betri tími ársins en nú, þegar kartöflurnar eru nýuppteknar og flest annað hráefni í súpuna er ferskt og gott.



**KINDURNAR JARMA** Sumarslátrun er hafin á mörgum stöðum á landinu og því tilvalið að matreiða lambakjöt af nýslátruðu.

ENGLAR.IS KYNNA:

# HELGIN SEM GJÖRBREYTIR LÍFI FÓLKS!



**UNLEASH THE POWER WITHIN** er fjögurra daga ofurnámskeiðið með Anthony Robbins sem er einn fremsti lífsþjálfari heims og metsöluhöfundur. Bækurnar hans fjalla m.a. um leiðtoga, viðskipti og stjórnun og hefur hann haldið fjölda fyrirlestra fyrir æðstu leiðtoga heims og hlotið fjölda viðurkenninga fyrir árangur sinn í viðskiptum.

Allir þátttakendur eru sammála um að þessi helgi sé nánast ólýsanleg. Það er www.englar.is sem aðstoða þá framsæknu Íslendinga sem vilja kynnast þessari einstöku upplifun. Þetta er frábært tækifæri fyrir alla þá sem vilja efla líf sitt og starf.

Láttu drauma þína verða að veruleika!

## London 29. september - 2. október 2006

„Þetta var ótrúleg upplifun.Ég mæli sterklega með námskeiðinu fyrir alla þá sem vilja bæta lífsgæði sín."



**Margrét Dan Þórisdóttir**
TANNSMIÐUR

„Stórkostleg upplifun. Ein stærsta upplifun sem ég hef orðið fyrir og ein besta fjárfesting sem ég hef gert...."



**Gunnlaugur Briem**
TÓNLISTARMAÐUR

„Frábær leið til að finna leynda innri krafta og nýta þá til að láta drauma sína rætast. Fyrir alla þá sem vilja ná lengra í lífinu."



**Jóhanna Bóel**
MARKAÐSFULLTRÚI

„Frábært, margfalt virði í þessu námskeiði. Hika er sama og tapa, farðu!!!"



**Stefán Álfsson**
VERÐBRÉFAMIÐLARI

„Mér fannst þetta alveg frábært námskeið! Í framhaldi af því hafa orðið stórtækar breytingar á lífi mínu."



**Guðrún G. Bergmann**
HÓTELEIGANDI

„Þetta er lang flottasta námskeið sem ég hef upplifað og engu öðru líkt."



**Alexander V. Kárason**
SÖLUSTJÓRI

„Þetta er engu öðru líkt, eitthvað sem allir hafa gott af því að prófa. Skráðu þig strax! Þú munt ekki sjá eftir því."



**Kiddi B.**
STUDIO PARADÍS

„Þetta er fyrir þá sem vilja sjá raunverulegan árangur á mettíma. Það hefur enginn efni á að sleppa tækifærum á borð við þetta."



**Unnar Karlsson**
SÖLUFULLTRÚI OG FJÁRFESTIR

„Þetta er einstakt námskeið, nánast ólýsanlegt. Ég kom tvíefld til baka."



**Katrín Jónsdóttir**
SÖLURÁÐGJAFI

## NÁMSKEIÐIÐ SNÝST M.A. UM AÐ:

- Brjótast úr viðjum vanans
- Yfirbuga ótta og takmarkanir í lífinu
- Ná markmiðum og átta sig á eigin löngunum
- Breyta draumum í raunveruleika
- Mynda og viðhalda samböndum
- Tileinka sér áætlanir þeirra sem hafa náð hámarksárangri

pipar / SÍA

Námskeiðið er sett upp þannig að þátttakendur læra að eyða öllu því sem hefur aftrað þeim frá því að taka næsta skref í lífinu. Þátttakendur læra að nýta sína innri orku til að m.a. ganga berfættir yfir glóandi kol - og það á fyrsta degi!

**Skráðu þig strax í dag á www.englar.is eða í síma 567 6617 & 699 6617**

**TAKMARKAÐUR MIÐAFJÖLDI**

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Bruno Kirby látinn úr hvítblæði

Bandaríski leikarinn Bruno Kirby lést á mánudaginn, aðeins 57 ára að aldri, eftir harða baráttu við hvítblæði. Eiginkona hans, Lynn Sellers, tilkynnti fjölmiðlum um þetta í gær. „Við erum djúpt snortin yfir þeim stuðningi sem við höfum fengið frá aðdáendum Brunos og samstarfsfólki hans,“ sagði hún. „Andi hans mun lifa um ókomna tíð, ekki eingöngu í þeim kvikmyndum og sjónvarpsþáttum sem Bruno lék í heldur einnig í hjörtum fólksins sem hann heillaði svo oft,“ bætti hún við.

Kirby er flestum kunnur fyrir hlutverk sitt sem besti vinur Harrys í kvikmyndinni When Harry Met Sally auk hlutverksins í City Slickers en í þeim báðum lék hann við hlið vinar síns, Billys Crystal. Kirby er fæddur í New York og þrátt fyrir velgengni í gamanmyndum lagði hann einnig fyrir sig leik í dramatískum hlutverkum og lék í kvikmyndum á borð við The Godfather II, Donnie Brasco og Good Morning, Vietnam.

Kirby er af mikilli leikaraætt í Hollywood og lék faðir hans, Bruce, meðal annars í Crash, sem fékk Óskarsverðlaunin fyrir bestu myndina. Þá er bróðir hans leiklistarkennari og starfaði við gerð ævintýramyndarinnar um Narníu sem sýnd var við miklar vinsældir um jólin.



**Í GUÐFÖÐURNUM** Þrátt fyrir að hafa einbeitt sér að mestu að gamanleik þá lék Kirby meðal annars í Godfather II og Good Morning, Vietnam. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES



**BROSKARLAR** Voru áberandi á níunda áratugnum.

# Broskarlar á ‘90 kvöldi

Föstudaginn 18. ágúst munu Dj. Curver og Kiki-Ow halda þriðja 90´s partý sumarsins á Bar 11. Fyrri kvöld hafa vakið mikla lukku gesta og komust færri að en vildu. Kvöldin einkennast af lögum og fatnaði frá tíunda áratugnum en flestir muna nú eftir lögunum „It´s my life“ með Dr Alban og „I´m the Scatman“ með Scatman John, en þau lög ásamt mörgum fleiri munu óma um barinn á. Kvöldið á föstudaginn verður með þeirri nýbreytni að það eru verðlaun í boði fyrir besta 90´s búninginn. Fólk er því eindregið hvatt til að mæta með broskalla, flautur, hvíta hanska, smekkbuxum og annað sem kemur frá tíunda áratugnum en allt lítur út fyrir að fatnaður og lög frá þessu tímabili sé að ryðja sér rúms í nútímanum.



**DJ CURVER OG DJ KIKI-OW** Standa fyrir 90´s kvöldi á Bar 11 á föstudagskvöldið þar sem tónlist og fatnaður frá tíunda áratugnum mun ráða ríkjum.




# Hellisbúinn Bjarni snýr aftur

**Fyrir tæpum tíu árum sló einleikur Bjarna Hauks Þórssonar, Hellisbúinn, í gegn á fjölum Íslensku óperunnar. Í byrjun næsta árs snýr Bjarni Haukur aftur með nýtt leikrit sem sett verður upp í Iðnó.**



**BJARNI HAUKUR ÞÓRSSON** Mun stíga á svið í fyrsta sinn síðan að Hellisbúinn sló í gegn fyrir tíu árum og deila með Íslendingum hugleiðingum sínum um föðurhlutverkið.

Leikritið ber heitið Pabbinn og fjallar um hvernig foreldrahlutverkin hafa breyst á síðastliðnum þrjátíu árum. Þegar Fréttablaðið náði tali af Bjarna Hauk sat hann rólegur inni í klippiherbergi og var að skoða tökur frá sjónvarpsþættinum KF Nörd sem hefur göngu sína á Sýn í lok mánaðarins en Bjarni er einmitt leikstjóri þáttanna. „Pabbinn verður settur upp í byrjun janúar en þetta eru hugleiðingar mínar um breytt hlutverk foreldranna,“ útskýrir Bjarni en sem fyrr verður hann einn á sviðinu. „Ég mun aðallega beina sjónum mínum að því hvernig föðurhlutverkið hefur breyst á þessum þrjátíu árum en þetta hefur aldrei áður verið tekið fyrir á þennan hátt,“ bætir hann við.

Að sögn Bjarna er þetta ekki ósvipað því sem var í gangi í Hellisbúanum en hann hefur gengið með þetta í maganum í tæp þrjú ár. „Ég hef verið að leikstýra undanfarin en fannst núna vera rétta augnablikið,“ segir Bjarni en hann varð sjálfur pabbi í fyrsta skipti fyrir þremur árum og fá áhorfendur eflaust innsýn inn í hvernig Bjarna hefur tekist upp á þessum þremur árum.

Hundrað þúsund Íslendingar lögðu leið sína í Íslensku óperuna á árunum 1998 til 2001 en það er algjört met í íslensku leikhúslífi. Sýningin hefur síðan þá farið sigurför um heiminn og má reikna með að einhverjir verði forvitnir hvernig „hellisbúanum“ Bjarna hefur gengið að verða pabbi.







**HELLISBÚINN** Leikritið hefur farið sigurför um Norðurlöndin og verður forvitnilegt að sjá hvernig „hellisbúanum“ gengur með föðurhlutverkið.

# Daðrað við Danmörku

Orgelkvartettinn Apparat, Trabant, Unsound og plötusnúðarnir Margeir og Alfons X koma fram á tónlistarhátíð í Kaupmannahöfn um helgina. Um er að ræða hátíðina Public Service í miðborg Kaupmannahafnar og fara Íslendingarnir út á vegum Iceland Airwaves. Í tilkynningu frá Iceland Airwaves kemur fram að tilgangur þessa sé að kynna íslenska tónlistarhátíðina og íslenska tónlist fyrir frændum vorum Dönum.

Airwaves stendur líka að sérstöku kvöldi á skemmtistaðnum Vega í Kaupmannahöfn hinn 1. september næstkomandi. Þar koma fram íslenska hljómsveitin Jeff Who? og tónlistarmaðurinn Eberg auk áðurnefndra plötusnúða. Vega er þekktur tónleikastaður í Kaupmannahöfn en þar leika þekkt alþjóðleg nöfn gjarnan þegar Danmörk er sótt heim.

Þriðji hluti íslensku innrásarinnar er svo tónleikar Hudson Wayne í lok mánaðarins. Hljómsveitin spilar á Loppen í Kristjaníu 30. ágúst.



**TRABANT** Spilar á danskri tónlistarhátíð um helgina.



**JEFF WHO?** Býður Dönum upp á diskórokk sitt í september.

# Aflýsa tónleikum


**MICK JAGGER** Fékk vírussýkingu í hálsinn og þurfti að aflýsa tónleikum á Spáni.

Gömlu rokkararnir í Rolling Stones þurftu að aflýsa tónleikum sínum á Spáni á dögunum sökum þess að söngvarinn Mick Jagger fékk vírussýkingu í hálsinn og ráðlögðu læknar honum að fara ekki á svið. Tónleikana átti að halda í bænum Valladolid á Spáni og var löngu orðið uppselt á tónleikana. Hljómsveitin þurfti því að endurgreiða 37 þúsund miða og sagði Jagger spænskum aðdáendum sínum að honum þætti þetta mjög leiðinlegt. Söngvarinn hefur áður lent í vandræðum með hálsinn á sér og er nú í söngtímum til að beita rödd sinni rétt, en það er betra seint en aldrei því Jagger hefur verið söngvari í 35 ár.

# Pitt með börnin í tökum


**BRAD PITT** Tekur Maddox og Zahöru með sér á tökustað kvikmyndarinnar Ocean's 13.

Leikarinn Brad Pitt hefur uppgötvað það að ekki er hægt að taka sér frí frá föðurhlutverkinu þó að hann sé vinsæll leikari. Pitt er þessa dagana við upptökur á kvikmyndinni Ocean's 13 í Los Angeles og hefur brugðið á það ráð að taka þau Maddox og Zahöru með sér í vinnuna. Þau una sér því allan daginn í barnapössun á tökustað á meðan hann er í tökum. Miklar ráðstafanir eru hjá starfsfólkinu á barnaheimilinu til þess að koma í veg fyrir að Brad Pitt og börn hans lendi í klóm æstra aðdáenda.









# Stofna strippskóla

Fyrirsætan og leikkonan góðkunna Pamela Anderson ætlar að stofna súludansskóla ásamt eiginkonu rokkarans Marilyns Manson, Ditu Von Teese. Stöllurnar eiga það sameiginlegt að hafa einhvern tíma dansað í kringum súluna áður en þeim hlotnaðist frægð og frami. Anderson og Von Teese vilja að aðrar konur fái að finna fyrir sælunni og frelsinu sem fylgir því að dansa súludans og er reiknað með að skólinn verði opnaður bæði í London og Los Angeles.

Súludansæfingar er nýjasta æðið í Hollywood enda þykja þær reyna vel á vöðva líkamans ásamt því sem konur tileinki sér fallegar og kynþokkafullar hreyfingar. Madonna og Gwyneth Paltrow eru meðal frægra kvenna til að prófa þessa nýju líkamsrækt.



**DITA VON TEESE** Ein frægasta strippdansmær Bandaríkjanna er nú kærasta rokkarans Marilyns Manson.



**PAMELA ANDERSON** Gekk nýlega í það heilaga með Kid Rock og vill nú stofna strippskóla með Ditu Von Teese.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES






**VERSLUNARSTJÓRINN** Blængur Sigurðsson stýrir nýju búðinni og er hann sérstaklega hrifinn af kvenlínunni sem er kynþokkafull og töffaraleg í bland.

# Hollenskur gallabuxnarisi

„Þetta er svokölluð „monobrand“ verslun með hollenska fatamerkinu G-Star,“ segir Blængur Sigurðsson, verslunarstjóri í G-star tískuvöruversluninni sem opnaði síðastliðinn laugardag á Laugaveginum.

G-star fyrirtækið var stofnað árið 1989 og hefur síðan þá náð skapa sér sess meðal stærstu gallabuxnamerkja í heiminum í dag. Merkið er þekkt fyrir tilraunakenndan stíl með töffaralegu yfirbragði. „G-Star leggur mikið upp úr „hráu“ gallaefni sem þýðir að það er alveg óunnið og ekkert þvegið. Bæði kvenna- og herralínan í gallabuxum einkennist af því,“ segir Blængur en hann segir að viðtökurnar hafi hingað til verið góðar enda þekkja margir til merkisins sem er gríðarlega vinsælt úti um allan heim. Einnig býður verslunin upp á flottar hettupeysur, jakka, úlpur og belti fyrir bæði kynin.

Búðin er staðsett fyrir ofan bílastæðahúsið þar sem gamla Stjörnubíó var einu sinni. Góð lofthæð og stórir gluggar einkenna búðina sem er innréttuð í stíl við fatnaðinn, töff og hrátt. Fyrirhugaðar eru sex verslanir í þessu húsnæði og til dæmis mun tískuvöruverslun með danska merkinu Day opna þar innan tíðar. Það verður því nóg af skemmtilegum verslunum í miðbænum.



**HETTUPEYSA** Vel sniðin hettupeysa frá Marc Newsom-línunni sem er fatalína fyrir bæði kynin, litaglöð og skemmtileg.



**VINSÆLASTA SNIÐIÐ** Elwood sniðið frá G-Star er mest selda sniðið þetta árið og er bæði á konur og karla.



**MIKIÐ ÚRVAL** Búðin býður upp á mjög gott úrval af gallabuxum fyrir bæði kynin.



**MIÐBÆRINN** Staðsetning búðarinnar er góð og tískuvöruverslanirnar Gallerí 17 og Eva eru beint á móti.

# Kastast í kekki milli Pauls McCartney og Heather Mills

Svo virðist sem leikar séu farnir að æsast í samskiptum þeirra Sir Paul McCartney og Heather Mills sem skildu að borði og sæng fyrir skömmu. McCartney hefur meinað Heather að sækja dóttur þeirra Beatrice inn á heimili hans. Þess í stað þarf fyrirsætan fyrrverandi að sækja barnið á hlutlaust svæði og hitta hina tveggja ára gömlu dóttur á Flackley Ast hótelinu sem er aðeins í 300 metra fjarlægð frá heimili Bítilsins fyrrverandi.

McCartney hefur séð um barnið síðustu vikur og sendi dóttur þeirra á hótelið í fylgd barnapíu.

„Paul gerði það ljóst að hann vildi ekki að Heather kæmi í húsið til að hitta telpuna. Heather var þó hvorki reið né æst þegar hún frétti þetta. Hún yppti bara öxlum og sagði: „Ef hann vill leika á þennan hátt þá hann um það“,“ var haft eftir heimildarmanni Daily Mirror. „Heather telur að það væri hægt að leysa þetta á mun farsælli hátt fyrir Beatrice en hún vildi ekki búa til nein leiðindi og leyfði honum að fá sitt fram.“

Þegar Heather hafði hitt dóttur sína flaug hún með hana í þyrlu á Heathrow-flugvöll þar sem flugvél beið þeirra og flaug með þær beint vestur til Los Angeles. Klukkutíma síðar hélt Paul McCartney til New York.



**PAUL MCCARTNEY OG HEATHER MILLS** Hjónakornin skildu að borði að sæng fyrir nokkru og vildu reyna að leysa málin friðsamlega. Það virðist hins vegar ekki ætla að takast.

# NASA

FÖSTUD. 18. ÁGÚST 2006

# WLADIMIR KAMINER

## PLÖTUSNÚÐUR FRÁ RÚSSLANDI

HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
MIÐAVERÐ 500 KR.

LAUGARD. 19. ÁGÚST 2006

MENNINGARNÓTT

# SÁLIN



HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
MIÐAVERÐ 1900 KR.
FORSALA Á NASA FÖSTUDAGINN
18. ÁGÚST MILLI KL. 13-17

NASA

NASA – ÞAR SEM ÍSLENDINGUM
FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA.

PRIMUS 2006




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| MIAMI VICE | kl. 5, 8 og 10.50 B.I. 16 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 10.50 |
| THE SENTINEL | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 14 ÁRA |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 4 og 6 |
| SILENT HILL | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |
| OVER THE HEDGE ÍSL. TAL | kl. 4 og 6 |
| OVER THE HEDGE ENSKT TAL | kl. 4 og 8 |
| STICK IT | kl. 8 og 10.20 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| A PRAIRIE HOME COMPANION | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 6 og 8 |
| SILENT HILL | kl. 8 og 10.40 B.I. 16 ÁRA |
| CLICK | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 10 ÁRA |
| DA VINCI CODE SÍÐ. SÝNINGAR | kl. 5 og 10 B.I. 14 ÁRA |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| MIAMI VICE | kl. 8 og 10.40 B.I. 16 ÁRA |
| THE SENTINEL | kl. 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 6 |
| STORMBREAKER | kl. 6 |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Rachel Hunter vill börn fyrir fertugt

Fyrirsætan Rachel Hunter lýsti því yfir á dögunum við blaðið Daily Star að hún vildi eignast fleiri börn en til þess þarf karlmann. Hunter er frægust fyrir að hafa verið gift söngvaranum Rod Stewart í langan tíma og á með honum tvö börn. Hunter og Stewart skildu á síðasta ári og hefur fyrirsætan verið orðuð við marga an karlinn síðan þá, eins og Tommy Lee, Robbie Williams og Bruce Willis. Hunter er nú orðin 37 ára gömul og segist ætla að ná sér í mann og vera búin að eignast barn áður en hún verður fertug.

Hunter var mjög fræg fyrirsæta á áttunda áratugnum og hefur leikið í nokkrum bíómyndum.



**RACHEL HUNTER** Þessi fyrrverandi fyrirsætan ætlar að ná sér í mann og eignast barn innan þriggja ára. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS


## Öldungadeild MH

Viltu læra eitthvað nýtt og spennandi?
Viltu gæðakennslu?
Viltu styrkja undirstöðuna?
Skelltu þér þá í skemmtilegt og fjölbreytt nám hjá okkur.

*Innritað verður dagana 16., 17. og 18. ágúst í skólanum frá 16:00 – 19:00 í síma frá 9:00 – 15:00 og yfir netið allan sólarhringinn.*

**Nánari upplýsingar á heimasíðu MH - www.mh.is.**

**Danska**
DAN1036

**Eðlisfræði**
NÁT1336
EÐL1036

**Efnafræði**
EFN2036
NÁT1236

**Enska**
ENS1036
ENS3036
ENS4036

**Félagsfræði**
FÉL1036 (Dreifnám)
FÉL2036 (Dreifnám)
FÉL2636

**Franska**
FRA1036
FRA3036

**Hagfræði**
ÞJÓ1036

**Íslenska**
ÍSL1036
ÍSL2036
ÍSL3036
ÍSL3224
ÍSL3736
ÍSL4036
ÍSL4224
ÍSL5036

**Ítalska**
ÍTA1036
ÍTA3036
ÍTA4036

**Jarðfræði**
NÁT1136
JAR1036

**Líffræði**
NÁT1036
LÍF1036

**Náttúrufræði**
NÁT1036
NÁT1136
NÁT1236
NÁT1336

**Norska**
NOR1036
NOR3036

**Saga**
SAG1036
SAG3036
SAG3836

**Sálfræði**
SÁL1036
SÁL2036

**Spænska**
SPÆ1036
SPÆ3036

**Stærðfræði**
STÆ1036
STÆ2636
STÆ3036
STÆ5036
STÆSTO (Stoðtími)

**Sænska**
SÆN1036
SÆN2036
SÆN3036

**Tölvufræði**
TÖL1036 (Dreifnám)
TÖL1136 (Dreifnám)

**Þýska**
ÞÝS1036
ÞÝS3036
ÞÝS5136


# Ferskari Bogomil Font

[ TÓNLIST ]
UMFJÖLLUN

Á Bananaveldinu leiða saman hesta sína djasstríóið Flís sem gerði það m.a. gott í fyrra með túlkun sinni á tónlist Hauks Morthens og krúnerinn Bogomil Font sem er þekktastur fyrir mambóið sitt með Millunum. Öll lög plötunnar nema tvö eru úr smiðju kalypsósöngvarans Rafaels De Leon frá Trinídad, en hann lést árið 1999 eftir 65 ára feril og er þekktastur fyrir tónlist sem hann gerði á árunum 1930-1950. Textarnir eru allir á íslensku. Sumir eru bein þýðing á textum Rafaels sem hafði nokkuð sérstaka kímnigáfu, en í öðrum syngur Bogomil um nokkur af þeim málefnum sem ber hæst í íslenskri þjóðmálaumræðu í dag; kvótann, nýríka Hummer-eigendur og stóriðjustefnuna svo eitthvað sé nefnt. Allt er þetta þó á léttum nótum og húmor textahöfundarins Sigtryggs Baldurssonar skín í gegn.

Bananaveldið er að uppistöðu tökulagaplata. Aðeins eitt lag, hið frábæra Hera, er frumsamið, eftir Sigtrygg og Flís. Ólíkt þekktasta Bogomil Font og Milla-efninu eru þetta samt ekki nýjar útgáfur af þekktum krúnerasmellum. Þetta er ferskara og flottara efni. Platan virkar öðrum þræði eins og kynning á þessari gömlu kalypsótónlist. Og hún er alveg að virka enn í dag. Þetta er líka sérstaklega vel unnin plata. Útsetningarnar eru kraftmiklar, hljómurinn er tær og lifandi og það er unun að hlusta á spilamennsku Flís-liða og annarra þeirra sem spila á plötunni. Bogomil sjálfum hefur líka tekist að hrista af sér Spariballsslenið. Fín sumarplata.

Trausti Júlíusson



**BOGOMIL OG FLÍS**
BANANAVELDIÐ

**Niðurstaða:** Bananaveldið er vel heppnuð og lifandi tökulagaplata sem sýnir að gömlu kalypsó-smellirnir svínvirka enn í dag.


**Opið hús**

Laugardaginn 19. ágúst frá 13 -16

Stuttar kynningar á öllum námskeiðum skólans á hálftíma fresti.
10 heppnir gestir fá gjafabréf að verðmæti 25.000.-

ntv.is

Hlíðasmára 9 - 201 Kópavogur - Sími 544 4500

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






**INTERPOL** Vinnur nú að þriðju breiðskífu sinni, Það hefur ekki gengið þrautalaust fyrir sig og sveitin hefur alls hætt fjórum sinnum á síðustu sex mánuðum.

# Hættu fjórum sinnum

Bandaríska rokksveitin Interpol er nú að vinna að þriðju breiðskífu sinni. Vinnan hefur gengið afar misjafnlega síðustu sex mánuði og segjast meðlimir sveitarinnar hafa hætt fjórum sinnum á meðan á upptökunum stóð. „Við hættum alls fjórum sinnum en það er nú allt að baki,“ segir í tilkynningu á heimasíðu sveitarinnar. „Við erum allir mjög spenntir fyrir plötunni og höldum að þið verðið það líka. Þar sem við erum ekki enn búnir með upptökurnar getum við bara upplýst að platan kemur út á næsta ári.“

Plata Interpol hefur ekki enn fengið nafn en búist er við því að lögin The Heinrich Maneuver og Pawn Shop, sem sveitin hefur spilað opinberlega, verði á meðal laga á henni. Tvær fyrri plötur Interpol, Turn on the Bright Lights og Antics, hafa fengið frábærar viðtökur gagnrýnenda og skapað sveitinni traustan aðdáendahóp. Interpol skipti nýverið um plötufyrirtæki og er nú á mála hjá Capitol. Á vef Billboard kemur fram að Capitol búist við því að platan verði gefin út í júlí á næsta ári.

# Góður samningur

Kevin Federline, eiginmaður poppprinsessunnar Britney Spears, gerði góðan hjúskaparsamning þegar þau giftust, hann fær nefnilega peninga fyrir frjósemi sína en þetta upplýsti sjónvarpstöðin MSNBC.

Hjónakornin hafa gengið í gegnum súrt og sætt að undanförnu og þær sögur hafa gengið fjöllunum hærra að parið hygðist skilja. Þegar orðrómurinn náði hámarki kom í ljós að Spears átti von á öðru barni þeirra hjóna þó að ekki sé liðið ár síðan hún átti sitt fyrsta barn, strákinn Sean Preston. Spekingar segja að Federline og Spears muni því frjósamir foreldar sem þýðir smá „vasapeningur“ fyrir Federline.



**HJÓNIN** Federline gerði góðan samning þegar hann giftist Spears en hann fær væna summu fyrir hvert barn sem þau eignast. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Sögumaðurinn frá Indlandi

**Leikstjórinn M.Night Shyamalan skaust upp á stjörnuhimininn þegar Bruce Willis reyndi að fást við sjötta skilningarvitið. Margir töldu að þarna væri kominn réttkjörinn arftaki Alfreds Hitchcock, þar sem hið óvænta kemur áhorfandanum í opna skjöldu.**



**M. NIGHT ÁSAMT PAUL GIAMATTI** Leikstjórinn hefur auðgast vel á því að hræða áhorfendur og koma þeim í opna skjöldu.

M, eins og M. Night Shyamalan er gjarnan kallaður, er fæddur á Indlandi en alinn upp í Fíladelfíu. Foreldar hans sendu M. Night í kaþólskan skóla þó að fjölskyldan aðhylltist hindúisma. Ástæðan var sú að þeim þótti aginn þar vera „viðunandi“.

Leikstjórinn vakti fyrst athygli fyrir kvikmyndina Praying with Anger þar sem hann lék sjálfur aðalhlutverkið, skrifaði handritið og framleiddi. Myndin fjallaði um ungan Indverja sem er sendur aftur til föðurlandsins og uppgötvar þar margt forvitnilegt um trú sína og sjálfan sig. Þó að Praying with Anger hefði ekki fengið glæsilega dóma opnaði hún honum einhverjar dyr í Hollywood.

Hann hófst handa við gerð myndarinnar Wide Awake en lét nú „alvöru“ leikurum eftir að standa fyrir framan myndavélarnar og hafði litlar áhyggjur af fjármögnun myndarinnar. Wide Awake segir frá tíu ára gömlum strák sem heldur af stað í leit að guði eftir að afi hans deyr. Dauðinn var M. Night enn hugleikinn ári síðar þegar Sixth Sense var frumsýnd. Myndin sló öllum að óvörum í gegn en fléttan þykir með þeim betri í kvikmyndasögunni. Bruce Willis þótti sýna stjörnuleik sem sálfræðingurinn Dr. Malcolm Crowe sem aðstoðar Cole Sear við að losa hann við „dauða fólkið“. Shyamalan var allt í öllu, skrifaði handritið, leikstýrði og framleiddi. Áður en hann sneri sér að næsta verkefni skrifaði M. Night handritið að stórskemmtilegri fjölskyldumynd um litlu músina Stuart sem alla heillaði með einstökum persónumtöfrum.



**KONAN ÚR VATNINU** Kvikmyndin Lady in the Water er byggð á kvöldsögu sem leikstjórinn M. Night Shyamalan sagði stelpunum sínum áður en þær fóru að sofa.

Við miklu var búist af Shyamalan fyrir næstu mynd og hann stóðst þrekraunina með hreinum ágætum. Unbreakable var stórskemmtileg saga af venjulegum manni sem uppgötvar að hann er ofurhetja í hinum raunverulega heimi. Bruce Willis var enn og aftur í aðalhlutverki og skilaði sínu með hreinum sóma auk þess sem Samuel L. Jackson var skemmtilegur í hlutverki Elijah Prince. Leikstjórinn var sem fyrr potturinn og pannan í gerð myndarinnar en honum brá einnig fyrir í hlutverki eiturlyfjasala á lestarstöð.

Hvorki Signs né The Village náðu að fylgja eftir þeirri velgengni og virðingu sem Shyamalan hafði hlotnast á örskömmum tíma og nýjasta afurð hans, Lady in the Water, hefur ekki náð þeirri hylli sem vonast hefur verið til en Shyamalan gaf gagnrýnedum kærkomið skotfæri með því að leika eitt af aðalhlutverkunum í þeirri mynd. Þrátt fyrir það er leikstjórinn hvergi banginn. „Ég er hvorki Woody Allen né Alfred Hitchcock, ég er hvorki í feluhlutverkum né í aðalhlutverkum. Ég geri bara það sem hreyfir við mér,“ sagði leikstjórinn við kvikmyndatímaritið Empire. **-fgg**








## Ísland upp um eitt sæti

Íslenska landsliðið hefur hækkað sig um eitt sæti á nýjum styrkleikalista FIFA sem birtur var í gær. Ísland er nú í 106. sæti en ekki er búið að reikna inn jafnteflið gegn Spáni á þriðjudagskvöldið. Spánverjar eru í sjöunda sætinu en Brasilía er á toppi listans.

# sport

sport@frettabladid.is

LUKA KOSTIC, ÞJÁLFARI U21 LANDSLIÐSINS: HEFÐI VILJAÐ SJÁ LIÐIÐ NÁ AÐ SIGRA AUSTURRÍKI

## *Ég er svekktur fyrir hönd strákanna*

U21-landslið Íslands gerði markalaust jafntefli gegn Austurríki á útivelli í gær. Þetta var fyrri leikur liðsins í undanriðli fyrir Evrópumótið sem fram fer á næsta ári. Lukas Kostic, landsliðsþjálfari Íslands, sagði eftir leikinn að mótherjarnir hefðu verið meira með boltann, en íslenska liðið hefði fengið mun fleiri færi og verið óheppið að ná ekki sigri.
„Austurríkismennirnir náðu aðeins einu sinni að ógna marki okkar og þá var það varla meira en hálffæri. Þeir voru mikið í löngum sendingum og áttum við ekki í erfiðleikum með að stöðva þá. Við fengum hins vegar fullt af færum og sum þeirra voru algjör dauðafæri. Þá áttum við að fá tvær vítaspyrnur en búlgarski dómarinn dæmdi ekkert, í seinna skiptið var Rúrik (Gíslason) kominn einn í gegn, búinn að leika á markvörðinn og ætlaði að skjóta en þá fer maður beint í hann og hann fellur en dæmd var aukaspyrna á Rúrik," sagði Lukas.
„Í blálok leiksins fengum við síðan aukaspyrnu og upp úr henni komst Rúrik einn gegn markverði en skotið fór rétt framhjá. Ég er bara svekktur fyrir hönd strákanna að ekki hafi náðst sigur í þessum leik, við erum með talsvert betra lið en þeir. Eftirlitsmaðurinn sagði við mig eftir leikinn að við værum með frábært lið og sagði að við ættum að byggja í kringum þessa stráka," sagði Luka en margir stórefnilegir leikmenn eru í U21-landsliði Íslands.
Seinni leikur íslenska liðsins í riðlinum er á heimavelli gegn gríðarsterku liði Ítalíu þann 1. september og með sigri í honum kemst það mjög líklega áfram. „Það er ýmislegt í okkar stráka spunnið og með smá heppni þá getum við náð góðum úrslitum gegn ítalska liðinu," sagði Lukas Kostic.



## > Straumur til Eyja

Handknattleiksdeild ÍBV er að vinna hörðum höndum að því þessa dagana að styrkja karla- og kvennalið sín fyrir komandi tímabil. Ungversk stúlka bættist við kvennaliðið í gær en hún er 26 ára og heitir Andrea Löw. Hún getur leikið í vinstra horninu og einnig á miðjunni og hefur síðustu ár leikið með Cornexi í heimalandinu en liðið varð meðal annars Evrópumeistari félagsliða á síðasta tímabili. Þá hafa tveir leikmenn samið við karlaliðið, annar þeirra er markvörðurinn Jóhann Ingi Guðmundsson sem var í fríi á síðasta tímabili og þá hefur Leifur Jóhannesson snúið aftur eftir árs dvöl hjá ÍR.

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Undankeppni EM:*

| | |
|---|---|
| EISTLAND - MAKEDÓNÍA | 0-1 |
| 0-1 Goce Sedloski (73) | |
| FÆREYJAR - GEORGÍA | 0-5 |
| 0-1 Kankava (16), 0-2 Iashvili (18), 0-3 Arveladze (37), 0-4 Kobiaschwili (51), 0-5 Arveladze (62), 0-6 Arveladze (82) | |
| BELGÍA - KAZHAKSTAN | 0-0 |

### *Helstu vináttulandsleikir:*

| | |
|---|---|
| RÚSSLAND - LETTLAND | 1-0 |
| 1-0 Pogrebnik (90) | |
| FINNLAND - NORÐUR ÍRLAND | 1-2 |
| 0-1 David Healy (34), 0-2 Lafferty (64), 1-2 Väyrynen (74) | |
| DANMÖRK - PÓLLAND | 2-0 |
| 1-0 Bendtner (32), 2-0 Rommedahl (62) | |
| NOREGUR - BRASILÍA | 1-1 |
| 1-0 Morten Pedersen (51), 1-1 Carvalho (62) | |
| TÉKKLAND - SERBÍA | 1-3 |
| 1-0 Stajner (3), 1-1 Lazovic (41), 1-2 Pantelic (54), 1-3 Trisovic (54) | |
| ÞÝSKALAND - SVÍÞJÓÐ | 3-0 |
| 1-0 Schneider (4), 2-0 Klose (8), 3-0 Klose (44) | |
| ÍTALÍA - KRÓATÍA | 0-2 |
| 0-1 Silva (27), 0-2 Modric (42) | |
| BOSNÍA/HERZ.- FRAKKLAND | 1-1 |
| 1-0 Barbarez (16), 1-1 Gallas (40) | |
| ENGLAND - GRIKKLAND | 4-0 |
| **1-0** Terry (14), 2-0 Lampard (30), 3-0 Crouch (35), 4-0 Crouch (42) | |

Thomas Gravesen:

## Newcastle eða Celtic?

**FÓTBOLTI** Newcastle United og Glasgow Celtic eru bæði talin vera að berjast um danska miðjumanninn Thomas Gravesen sem leikur með Real Madrid. „Augljóslega er meira freistandi fyrir leikmenn að spila í ensku úrvalsdeildinni en þeirri skosku en Celtic er í Meistaradeild Evrópu og það hefur sitt að segja," sagði John Sivebaek, umboðsmaður Gravesen og fyrrum leikmaður Manchester United. Real Madrid eru sagðir tilbúnir að hlusta á öll tilboð sem ekki eru undir tveimur milljónum punda en launamál gætu sett strik í reikninginn þar sem talið er að Gravesen þéni um áttatíu þúsund pund á viku á Spáni. **- dsd**

# Við ætlum að koma fólki á óvart

**Enska úrvalsdeildin hefst á laugardaginn og eigum við Íslendingar tvo nýja fulltrúa í deildinni, báðir leika þeir með nýliðum Reading. Annar þeirra er varnarmaðurinn Ívar Ingimarsson sem ólst upp á Stöðvarfirði.**

**FÓTBOLTI** Það er eflaust mikið af fólki sem bíður spennt eftir að boltinn fari að rúlla í ensku úrvalsdeildinni, en þeirri bið mun ljúka á laugardaginn. Meðal leikja sem þá fara fram er viðureign Reading og Middlesbrough en með fyrrnefnda liðinu leika tveir íslenskir landsliðsmenn, Brynjar Björn Gunnarsson og Ívar Ingimarsson.

„Það er gríðarleg spenna í bænum fyrir leiknum á laugardag enda er þetta í fyrsta skipti sem félagið er í úrvalsdeild í rúmlega 130 ár. Það er mjög mikil eftirvænting sem ríkir og við leikmenn hlökkum til að takast á við þetta erfiða en skemmtilega verkefni," sagði Ívar Ingimarsson við Fréttablaðið eftir landsleikinn á þriðjudag. Ívar lék á sínum tíma með Val og ÍBV hér á landi en hann er þó uppalinn á Stöðvarfirði, þar sem hann hóf ferilinn hjá liði Súlunnar.

Ekki eru mjög miklar breytingar á leikmannahópi Reading fyrir tímabilið. „Það verður nú aðeins meiri samkeppni um stöður núna heldur en í fyrra en það er bara af hinu góða. Maður fer inn í tímabilið og verður að standa sig vel til að halda sér inni í byrjunarliðinu. Við höfum reyndar aðeins fengið tvo nýja menn, markaðurinn er þannig að það er erfitt að fá réttu leikmennina á réttu verði."

Ívar kom til Reading árið 2003 en þá var hann keyptur á hundrað þúsund pund frá liði Wolves. Hann hefur verið hjá félaginu síðan og gildir núverandi samningur hans út næstu tvö tímabil. „Þrátt fyrir að það líti út fyrir að við förum inn í tímabilið með tvo nýja leikmenn gerum við það fullir sjálfstrausts. Það vill oft vera þannig með öll lið sem voru að komast upp að ekki er búist við miklu af þeim. Þannig er það með okkur og við erum bara ánægðir með það, við ætlum að koma fólki á óvart," sagði Ívar.



**ÍVAR INGIMARSSON** Átti frábæran leik í hjarta varnarinnar gegn Spánverjum á þriðjudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Reading vann 1. deildina af öryggi síðasta tímabil og liðið setti einnig stigamet í deildinni þegar það lauk keppni með alls 106 stig. „Það er enginn sem á fast sæti í þessu liði, við erum með frekar jafnt lið og það eru allir í baráttu um að vera í byrjunarliðinu," sagði Ívar, sem átti mjög gott tímabil í fyrra og hefur staðið sig vel á undirbúningstímabilinu núna. Hann skoraði til að mynda sigurmark í æfingaleik gegn Feyenoord fyrir skömmu.

„Ég tel okkur spila mjög góðan bolta en það er náttúrulega allt öðruvísi fótbolti spilaður í úrvalsdeildinni. Þegar við vorum að leika í ensku 1. deildinni þá gátum við spilað þennan hefðbundna breska neðri deildar bolta þegar þess þurfti. Notuðum langar sendingar fram völlinn og sóknarmennirnir okkar frammi voru að vinna skallaboltana. Að sama skapi þá höfðum við mjög flinka leikmenn sem gátu spilað boltanum vel meðfram jörðinni og hefur þetta verið svona blanda af þessu tvennu."

Brynjar Björn kom til liðsins í fyrrasumar og hefur öðlast lykilhlutverk hjá liðinu líkt og Ívar.

„Enska úrvalsdeildin er náttúrulega ein sterkasta deildin í heiminum og það er frábært tækifæri að fá að taka þátt í henni. Öll liðin í henni eru sterk og það er því ekki bara mikil eftirvænting að fá að kljást við þessi stórlið heldur verður bara gaman að taka þátt í öllum leikjum. Það er allt brjálað í bænum og hefur eiginlega verið síðan við komumst upp. Alvaran byrjar á laugardaginn og við hlökkum til þess," sagði Ívar.

Fyrsti leikur Reading verður á heimavelli félagsins, Madejski Stadium. „Þetta byrjar nokkuð þétt, það kemur náttúrulega þetta landsleikjahlé í september og því byrjar tímabilið af krafti," sagði Ívar en hann telur mikilvægt fyrir Reading að byrja á heimavelli. „Það er sérstaklega mikilvægt fyrir lið sem eru nýkomin upp að fá góða byrjun og vonandi ná inn einhverjum stigum. Það róar mannskapinn og myndi gera okkur mjög gott." **elvargeir@frettabladid.is**






Fjölmargir landsleikir fóru fram víðs vegar um Evrópu í gærkvöldi:

# Rúllað yfir Evrópumeistarana

**FÓTBOLTI** Í gærkvöldi voru ótalmargir vináttulandsleikir á dagskránni en þá hófst einnig undankeppni Evrópumótsins með þremur leikjum. Belgía og Kazakhstan gerðu óvænt markalaust jafntefli í A-riðli, Georgíumenn rúlluðu yfir Færeyjar á útivelli 6-0 í B-riðli þar sem Shota Arveladze, leikmaður AZ Alkmaar, skoraði þrennu og svo vann Makedóna sigur á Eistlandi í Tallinn með sigurmarki á lokamínútunni í E-riðlinum.

Á Old Trafford í Manchester vann England fjögurra marka stórsigur á Evrópumeisturunum frá Grikklandi í vináttulandsleik. Leikurinn fór rólega af stað en heimamenn voru meira með boltann og komust yfir í leiknum, en þar var að verki sjálfur fyrirliðinn John Terry. Hætta skapaðist eftir aukaspyrnu frá Frank Lampard sem endaði með því að Stewart Downing skallaði á Terry, sem skoraði fyrsta mark leiksins. Lampard skoraði ekkert á HM en hann skoraði frekar furðulegt mark fyrir enska liðið stuttu eftir mark félaga síns.



**BRAUT ÍSINN** John Terry var mættur með fyrirliðabandið og skoraði fyrsta mark Englands í gær. NORDICPHPOTOS/GETTY

Englendingar voru komnir á flug og Peter Crouch, hinn hávaxni sóknarmaður, bætti við tveimur mörkum fyrir leikhlé. Það fyrra eftir að hann náði að fylgja eftir skoti sem var varið frá Lampard og það síðara eftir fyrirgjöf Stewart Downing frá vinstri.

Síðari hálfleikurinn var mun rólegri en þar leit ekkert mark dagsins ljós, gríska liðið náði lítið að ógna marki enska liðsins og úrslitin því 4-0. Fjölmargir aðrir vináttulandsleikir voru í gær, Norður-Írar sem eru með okkur Íslendingum í riðli í undankeppni EM unnu góðan útisigur á Finnum og Danir, sem einnig eru með okkur í riðli, unnu sannfærandi sigur á Póllandi svo einhver úrslit séu nefnd. **- egm**


515 6100 I SYN.IS I SKÍFAN I OG VODAFONE
FYRSTI ALVÖRU LEIKURINN MEÐ BARCELONA
FAXE
Pizza Hut
GOTT FÓLK McCANN
Í KVÖLD KL. 19:50
ESPANYOL
BARCELONA
SPÆNSKI BOLTINN / SUPER COPA
SMÁRI
sýn
besta sætið

# Leiðindi á Laugardalsvelli

**Spænskir fjölmiðlar voru ekki hrifnir af leik Íslands og Spánar á Laugardalsvelli í fyrrakvöld. Segja þeir að leikurinn hafi verið hreint út sagt leiðinlegur og úrslit hans ekki til fyrirmyndar fyrir spænska landsliðið.**

**FÓTBOLTI** Um fjörutíu spænskir fjölmiðlamenn komu hingað til lands til að fylgjast með vináttulandsleik Íslands og Spánar, en leikurinn var sá fyrsti hjá spænska liðinu síðan það féll úr leik á HM eftir tap fyrir Frökkum í sextán liða úrslitum.

El Mundo Deportivo segir í fyrirsögn að leikurinn á Íslandi hafi verið leiðinlegur. Segir í greininni að leikurinn, sem hafi verið furðulegur vináttuleikur, hafi enga þýðingu haft fyrir spænska liðið. „Ekki var verið að byggja liðið upp eftir að hafa dottið úr leik á HM né heldur undirbúa liðið fyrir átökin framundan í undankeppni EM,“ sagði í umfjöllun blaðsins.

Heimasíðan As.com sagði dag Raul, sem í leiknum lék sinn hundraðasta landsleik, hafa verið dag leiðinda. „Tostonsson,“ segir í fyrirsögninni en Toston þýðir leiðindi og endingin á orðinu er sú sama og á öllum íslensku landsliðsmönnunum sem léku leikinn gegn Spáni. Spáni tókst ekki að skora gegn veiku liði Íslands. Þetta var versti leikur liðsins undir stjórn Luis. Landsliðið varð sér til skammar enn á ný. Raul mun ekki segja barnabörnunum frá sínum hundraðasta landsleik, né heldur nokkrum öðrum manni. Þeir hundrað stuðningsmenn Spánar sem mættu á leikinn áttu meira skilið en þennan leiðindaleik gegn Íslandi. Liði sem í sínum síðasta leik tapaði 2-0 fyrir Trínidad og Tóbagó,“ segir í greininni.



**SPÆNSKA PRESSAN** Ræðir hér við Jose Antonio Reyes eftir leikinn í Laugardalnum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

El Diario Mundial tók í svipaðan streng og sagði það spænska liðinu til skammar að hafa ekki náð að skora gegn smáliði Íslands.

Íþróttablaðið Have sagði að Spánverjarnir hafi furðað sig á hversu harkalegir íslensku landsliðsmennirnir voru og bætti við að leikurinn hafi verið sá versti í stjórnartíð Aragones, sem hefur stýrt spænska liðinu undanfarin tvö ár.

Marca segir í fyrirsögn að leikurinn hafi verið „kjánalegasti leikur sumarsins“ og veltir fyrir sér réttmæti þess að Luis Aragones hafi haldið áfram sem landsliðsþjálfari Spánar eftir gengi liðsins á HM í sumar. Leikurinn gegn Íslandi hafi síst verið til að bæta fyrir þann árangur.

Allir fjölmiðlar eru sammála um að hápunktur leiksins hafi verið sú staðreynd að um hafi verið að ræða 100. landsleik fyrirliðans Raul Gonzalez. En margir segja að leikurinn sjálfur hafi skemmt þann fagnað.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**RAUL** Fyrirliði Spánverjanna í strangri gæslu Arnars Þórs Viðarssonar og Kára Árnasonar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Landsliðsfyrirliðinn Raul:

## Stoltur af 100 leikjum

**FÓTBOLTI** Landsliðsfyrirliði Spánar, Madrídingurinn Raul Gonzalez, sagði í samtali við spænska fjölmiðla eftir leikinn gegn Íslandi í fyrrakvöld að hann væri stoltur af 100 landsleikjum sínum fyrir Spán. „Ég var mjög hamingjusamur og stoltur,“ sagði kappinn. „Það er mjög mikilvægt fyrir mig að hafa náð þessum áfanga. Það var synd að úrslit leiksins hafi ekki verið betri en þetta var erfitt fyrir okkur.“ - esá

Ísland-Spánn:

## Þrjár milljónir horfðu á Spáni

**FÓTBOLTI** Tæpar þrjár milljónir sjónvarpsáhorfenda á Spáni fylgdust með leik Íslands og Spánar í sjónvarpi en leikurinn fór fram á Laugardalsvelli í fyrrakvöld. Meðaláhorf var um 2.786.000 manns en samkvæmt mælingu á Spáni horfðu flestir á leikinn undir lok fyrri hálfleiks, er um þrjár og hálf milljón manna stilltu inn á leikinn.



**KOMU INN Á Í HÁLFLEIK** Jose Antonio Reyes kom inn á fyrir Torres í hálfleik, á sama tíma og Joaquin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fernando Torres:

## Meiddist lítillega á ökkla

**FÓTBOLTI** Fernando Torres, leikmaður Atletico Madrid á Spáni, meiddist lítillega í leik Íslands og Spánar á Laugardalsvelli í fyrrakvöld. Hann snerist á ökkla í fyrri hálfleik en hélt engu að síður áfram. „Þetta voru aðeins smávægileg meiðsli og útlitið er gott,“ sagði læknir spænska liðsins.

Joaquin kenndi sér einnig meins eftir leikinn. „Hann fékk högg á hnéð og varð var við smá óstöðugleika í hnénu,“ sagði læknirinn. Hann bætti því þó við að þar væri einnig um smávægileg meiðsli að ræða og að hann yrði fljótur að ná sér. - esá

Landsliðsþjálfari Norður-Íra:

## Ætlar sér sigur gegn Íslandi

**FÓTBOLTI** Lawrie Sanchez, landsliðsþjálfari Norður-Írlands, segir það vera draum sinn að fara með liðið í úrslitakeppni EM 2008. Fyrsti leikur liðsins í undankeppninni verður gegn Íslandi á Windsor Park þann 2. september. „Ef ég trúi ekki að þetta gæti gerst gerir liðið það ekki heldur,“ sagði Sanchez. „Ég mun segja leikmönnunum að markmiðið sé að komast áfram.“ - esá






**XABI ALONSO** Spilaði ekkert í leiknum gegn Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Luis Aragones var ekki ánægður með sína menn:

## Versta frammistaða liðsins í minni stjórnartíð

**FÓTBOLTI** Luis Aragones, landsliðsþjálfari Spánar, var vitanlega ekki sáttur við að ná aðeins markalausu jafntefli gegn Íslendingum á Laugardalsvelli í fyrrakvöld, en í samtali við spænska fjölmiðlamenn eftir leikinn viðurkenndi hann að frammistaða spænska liðsins hafi sennilega verið sú versta undir hans stjórn.

„Jú, þetta er væntanlega versti leikur liðsins síðan ég tók við því,“ sagði hann, spurður um hvort leikurinn hafi þjónað einhverjum tilgangi fyrir landslið Spánar. „En ég bjóst við þessu af nokkrum ástæðum. Leikmenn eru enn að komast á fullt skrið með sínum liðum og okkur skorti margt í okkar leik, svo sem hraða og þrautseigju. Þar fyrir utan voru leikmenn mjög þreyttir.“

Aragones sagði sína menn hafa reynt hvað þeir gátu til að skora í síðari hálfleik. „Íslendingar lokuðu svæðunum mjög vel og staðfestu að það verður mjög erfitt að mæta þessum liðum frá Norðurlöndunum í undankeppninni,“ sagði Aragones, en Spánn er í riðli með Íslandi, Danmörku og Svíþjóð í undankeppni EM 2008. „Þetta verða mjög erfiðir leikir.“

Aragones var því næst spurður af hverju hann hafi ekki notað alla varamenn sína í leiknum, rétt eins og Eyjólfur Sverrisson gerði í íslenska liðinu. Sér í lagi af hverju Borja Oubina fékk ekki að spreyta sig í sínum fyrsta landsleik.

„Þetta var ekki eina tækifæri Oubina með landsliðinu. Hann fær fleiri leiki. Ég vildi frekar freista þess að skora með þá menn sem voru inni á vellinum. Svo vildi ég heldur ekki setja Xabi Alonso inn á þar sem hann átti við smávægileg meiðsli að stríða. Ég er líklegast ánægðastur með að Raul lék sinn hundraðasta landsleik, hann átti það sannarlega skilið að ná þessum merka áfanga.“ - esá



FLOYD MAYWEATHER Sést hér fagna sigri gegn Zab Judah í apríl sl. NORDIC PHOTOS/GETTY

Floyd Mayweather:

## Berst gegn Baldomir

**HNEFALEIKAR** Floyd Mayweather mun berjast gegn WBC-meistaranum Carlos Baldomir í Las Vegas 4. nóvember nk. Mayweather er ósigraður í 36 bardögum á sínum ferli og þar af hafa 24 þeirra endað með rothöggi á meðan Baldomir hefur unnið 43 bardaga og tapað 9 á sínum ferli. Baldomir er þó alls ekkert lamb að leika við og hefur t.d. unnið bæði Zab Judah og Arturo Gatti á þessu ári. Goðsögnin Oscar de la Hoya hefur látið hafa það eftir sér að hann vilji berjast við Mayweather áður en hann líkur ferli sínum á næsta ári. - dsd

Ármann Smári Björnsson framlengdi samning sinn við FH:

# Nýr þriggja ára samningur við FH

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Ármann Smári Björnsson hefur framlengt samning sinn við Íslandsmeistara FH. Ármann hefur vakið athygli erlendis og hefur heyrst af áhuga Molde og Brann í Noregi en hvorugt lið hefur þó gert FH tilboð í leikmanninn enn sem komið er.

„Gamli samningurinn átti að renna út í lok tímabilsins og ákvað ég því að gera þriggja ára samning við FH,“ sagði Ármann Smári við Fréttablaðið í gær. „Nú er bara að sjá hvað gerist og hvort þetta muni fæla lið frá mér. Það verður þá bara þannig. Ég vildi halda tryggð við FH og ekki fara frá því í haust án greiðslu.“

Ármann Smári hefur heyrt af áhuga erlendra liða en þar við situr. „Ég þori ekkert að segja um hvað gerist í framtíðinni. Það verður bara að fá að koma í ljós.“

Ármann Smári var valinn í A-landslið karla í fyrsta sinn nú í mánuðinum og fékk að spreyta sig í nokkrar mínútur gegn Spánverjum á Laugardalsvellinum í fyrradag. „Það var gaman að koma inn á enda mikil upplifun. Það var heldur ekki slæmt að vinna einn skallabolta,“ sagði hann og hló. „Ég sá þó ekki gegn hverjum.“



ÁRMANN SMÁRI Á LANDSLIÐSÆFINGU Hér ásamt Ívari Ingimarssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Annar leikmaður í Landsbankadeildinni, Blikinn Marel Baldvinsson, hefur verið orðaður við Molde í Noregi en liðið gerði Breiðabliki tilboð í hann fyrr í vikunni. Einar Kristján Jónsson, formaður Breiðabliks, sagði félagið ekki hafa svarað tilboðinu og ætlaði að bíða fram yfir helgi en á sunnudag mætir Breiðablik liði KR. Nái Breiðablik þremur stigum úr þeim leik eru allar líkur á því að Marel sé á leiðinni út hið fyrsta. - esá



PASCAL CHIMBONDA Vill ólmur fara til Tottenham. Er hér í baráttu við Heiðar Helguson. NORDIC PHOTOS/GETTY

Pascal Chimbonda:

## Tottenham að missa áhugann

**FÓTBOLTI** Pascal Chimbonda á þá ósk heitasta að verða seldur frá Wigan til Tottenham. En þrátt fyrir það virðast liðin eiga töluvert með að ná í land. Nýlega neitaði Paul Jewell, framkvæmdarstjóri Wigan, boði Tottenham í leikmanninn og sagði að öllum boðum undir 6 milljónum punda yrði hafnað. Í kjölfarið bárust fréttir af því að Tottenham hafi lagt inn nýtt tilboð í leikmanninn en ummæli eins talsmanns Tottenham í gær tóku af allan vafa um það. „Við höfum ekki endurnýjað áhuga okkar á Chimbonda og höfum ekki lagt inn nýtt tilboð,“ sagði talsmaðurinn. Samkvæmt því er engu líkara en að Tottenham sé að gefast upp. - dsd




Í skólann á ný

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580



Allar pottaplöntur á útsölu.

Allt að **70%** afsláttur

Aðeins í dag í Skútuvogi

**Kaktus 10kr**

aðeins 2 stk á mann

# Risa...risa



Garðplöntu-sölunni **lýkur**



Allar garðplöntur á rýmingarsölu **50%** afsl.

Orkideur **ný** sending **1199**




SUBSTRAL blómaáburður á tilboði **399**

Gróðurmold 10 ltr. **199**



Afskorin blóm 30% afsl.
fimmtud - sunnud
Öll kerti 30% afsl. fimmtud - sunnud
útsala
Soldis
Silkitré & silkiblóm
25% af öllu
Valdar vörur á 50% afsl.
Frostþolnir útipottar 25% afsl.
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?
**„In the end it's all nice.“**

Svar: Sara Goldfarb úr Requiem for a Dream frá 2000.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ANNA TRYGGVADÓTTIR SKRÍKIR YFIR ENDURKOMU LAUNRÁÐA

# *Brjóstin þurfa ekki að flækjast fyrir*

Mér til mikillar hamingju er sjónvarp allra landsmanna farið að sýna aftur hina stórgóðu þætti Launráð, eða Alias. Stórvinkona mín, leynilögreglukonan Sydney Bristow, verður því fastur liður í sjónvarpsvikunni minni í vetur.

Þar sem ég skríkti af gleði yfir endurkomu hennar í líf mitt rifjaðist upp fyrir mér óbeitin sem ég hafði á Alias þegar byrjað var að sýna þættina fyrir nokkrum árum. Þá hafði ég aldrei komist inn í söguþráðinn og bókstaflega skildi ekki af hverju leynilögreglukonan þurfti alltaf að vera í flegnum fötum. Hvort sem Sydney var að koma fyrir sprengjum í framandi landi, grátandi í jarðarförum skyldmenna sinna eða úti að skemmta sér með félögunum, alltaf þurfti áhorfandinn vera meðvitaður um brjóstastærð hennar.

Þessi sjúklegi brjóstaáhugi framleiðandanna fór svo mikið í taugarnar á mér að ég gaf þættinum aldrei séns og slökkti um leið og þessi brjóst fóru að dingla



á skjánum. Það var svo ekki fyrr en píndi mig í gegn um tvo þætti af Alias sem töfrar þáttanna urðu mér ljósir, en þeir voru sýndir á sádí-arabísku sjónvarpsstöðinni MBC fjögur og ég glápti á þá vegna þess að þolinmæði mín fyrir egypskum sápuóperum og beinum útsendingum frá Mekku var að þrotum komin. Síðan var ekki aftur snúið og ég varð forfallinn Alias aðdáandi.

Ég skil reyndar ekki enn af hverju fagurlega myndaður barmur Sydneyjar þarf alltaf að vera í sjónmáli. En ég nenni ekki lengur að láta það fara svo mikið í taugarnar á mér. Svo hugga ég mig við að ég met Sydney mikils þrátt fyrir brjóstastærðina. Mér finnst hún hress karakter sem fer eigin leiðir og ætti algjörlega að geta dregið að sér aðdáendur íklædd jussulegum rúllukragabolum.

Við upphaf hvers þáttar vona ég þó að brjóstasýningunni fari að linna. Og að framleiðendur Alias fari að gera sér grein fyrir að brjóstin hennar Sydneyjar flækjast bara fyrir henni þegar hún hleypur til að bjarga heiminum.



**21.15** *Spenna*
ALIAS



**20.05** *Matur*
JAMIE OLIVER



**21.00** *Spenna*
KILLER INSTINCT



**21.00** *Gaman*
EVERYBODY HATES CHRIS



**21.10** *Skýringar*
60 MÍNÚTUR

## SJÓNVARPIÐ

**16.20** Íþróttakvöld **16.35** Mótorsport **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar (12:31)

**18.30** **Slöngustrákurinn og sandkastalinn** Leikin bresk barnamynd. e.
**18.47** **Sögurnar okkar (10:13)**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.10** **Geimskotið (2:6)** (Rocket Man) Bresk þáttaröð um mann í velskum bæ sem á sér þann draum að smíða eldflaug og skjóta ösku konunnar sinnar út í geiminn.
▶ **21.15** **Launráð (90)** (Alias V) Bandaríska spennuþáttaröðin Launráð hefur unnið Golden Globe-verðlaunin og verið tilnefnd til fjölda Emmy-verðlauna. B. börnum.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.25** **Mannamein (5:10)** (Bodies) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.25** Aðþrengdar eiginkonur (28:47) **0.10** Kastljós **0.45** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** Alf **10.45** 3rd Rock from the Sun **11.10** Whose Line Is it Anyway? **11.35** My Wife and Kids

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** My Sweet Fat Valentina **13.50** My Sweet Fat Valentina **14.35** Two and a Half Men **15.00** Related (8:18) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.40** **The Simpsons (11:22)** (Simpson-fjölskyldan)
▶ **20.05** **Ítalíuævintýri Jamie Olivers (6:6)** (Amalfi) Jamie Oliver bregður sér í pílagrímsferð til fyrirheitna landsins og kynnist hinni einu sönnu ítölsku matargerð.
**20.30** **Bones (17:22)** (Bein) Þegar Angela finnur hauskúpu í eyðimörk er hún hrædd um að það kunni að vera kærasti hennar sem hafði horfið við störf sín sem leiðsögumaður.
**21.20** **Footballers' Wives (7:8)** (Ástir í boltanum)
**22.10** **Silverado** Þriggja stjarna vestri. Bönnuð börnum.

**0.20** Murder Investigation Team (B. börnum) **1.30** Huff (B. börnum) **2.25** The Crocodile Hunter: Collision Course **3.50** Bones (B. börnum) **4.35** Footballers' Wives (7:8) (B. börnum) **5.20** Fréttir og Ísland í dag

## SIRKUS TV

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.30** **Sushi TV (10:10) (e)**
**20.00** **Seinfeld (18:22)** (The Fire)
**20.30** **Twins (12:18)** (Blonde Ambition)
▶ **21.00** **Killer Instinct (12:13)** (Love Hurts) Hörkuspennandi þættir um lögreglumenn í San Francisco og baráttu þeirra gegn hættulegustu glæpamönnum borgarinnar.
**22.00** **Pípóla (6:8)**
**22.30** **X-Files** (Ráðgátur) Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið. Mulder og Scully rannsaka dularfull mál sem einfaldlega eru ekki af þessum heimi.

**23.20** Smallville (14:22) (e) **0.05** Rescue Me (11:13) **0.50** Seinfeld (18:22)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**16.00** Run of the House (e) **16.25** Beautiful People (e) **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00** **Beverly Hills 90210**
**19.45** **Melrose Place**
**20.30** **Courting Alex** Glæný gamanþáttaröð sem fengið hefur frábæra dóma.
▶ **21.00** **Everybody Hates Chris** Gamanþættir með svörtum húmor byggðir á æsku grínleikarans og uppistandarans Chris Rock.
**21.30** **Rock Star: Supernova – úrslit vikunnar** Íslendingur er nú með í fyrsta sinn í einum vinsælasta þætti í heimi sem í ár er kenndur við hljómsveitina Supernova.
**22.30** **C.S.I: Miami** Ekki lítur framtíðin vel út fyrir Horatio þegar hann er grunaður um morð á konu, en hann var sá síðasti sem sá hana á lífi.

**23.20** Jay Leno **0.05** Emily's Reason Why Not! (e) **1.00** Beverly Hills 90210 (e) **1.45** Melrose Place (e) **2.30** Óstöðvandi tónlist

## NFS

#Verk=DAG-**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30** **Kvöldfréttir**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.40** **Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.20** **Brot úr fréttavakt**
**21.00** **Fréttir**
▶ **21.10** **60 Minutes**
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Rasmus fer á flakk **8.00** Flight Of Fancy **10.00** Race to Space **12.00** The Truman Show **14.00** Rasmus fer á flakk **16.00** Flight Of Fancy **18.00** Race to Space **20.00The Truman Show** (Truman-þátturinn). Aðalhlutverk: Jim Carrey, Ed Harris, Laura Linney. Leikstjóri: Peter Weir. 1998. Leyfð öllum aldurshópum. **22.00 Ash Wednesday** (Öskudagur) Dramatísk kvikmynd. Bræðurnir Sean og Francis geta vitnað um það að ekkert er verra en að eiga í útistöðum við mafíuna. Sagan gerist snemma á níunda áratugnum, þremur árum eftir að Sean var talinn látinn. Aðalhlutverk: Brian Burns, Elijah Wood, Jimmy Cummings, Edward Burns. Leikstjóri: Edward Burns. 2001. Str. bönnuð börnum. **0.00** My Little Eye (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** The Fourth Angel (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Ash Wednesday (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** THS Johnny Depp **15.00** What Hollywood Taught Us About Sex **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Lindsay Lohan **20.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **21.00** Sexiest Celebrity Brunettes **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** THS Lindsay Lohan **1.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **2.00** 101 Most Starlicious Makeovers

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15





REYKJAVÍK SÍÐDEGIS
16-18.30 ALLA VIRKA DAGA

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?

Bylgjan er vinsælasta útvarpsstöð landsins skv. nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup. Það eru sérlega ánægjuleg tíðindi á afmælisárinu sem eru okkur hvatning til frekari afreka.

BYLGJAN 20 ÁRA

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Espanyol - Barcelona **Sýn** kl. 19.50

### *Fyrsti alvöru leikur Eiðs*



Fyrstu stórleikir spænska boltans eru leikirnir um súperbikarinn en þar mætast Spánarmeistarar síðasta tímabils bikarmeisturunum. Að þessu sinni eru það liðin Barcelona og Espanyol sem keppa um bikarinn en liðin mætast bæði heima og að heiman. Fyrri leikurinn verður einmitt háður í kvöld en leikið er á heimavelli Espanyol og verður seinni leikurinn á sunnudaginn kemur. Fyrir okkur Íslendinga er það langmerkilegasta við þennan leik að sjálfsögðu það að þar mun Eiður Smári Guðjóhnsen stíga sín fyrstu skref með stórliði Barcelona. Undirbúningstímabilið hefur gengið vel hjá okkar manni og hefur Frank Rjikaard, þjálfari liðsins, sagt að Eiður hafi fallið óvenju fljótt og vel inn í liðið. Nú er hins vegar komið að alvörunni og verður gaman að sjá hvernig okkar maður stendur sig.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | 9 | | 2 | | | |
| | 3 | | | 5 | | | 8 | 7 |
| 6 | | | | | | | 1 | |
| | 5 | | | 3 | | | | |
| 4 | | | 5 | | 8 | | | 6 |
| | | | | 2 | | | 4 | |
| | 1 | | | | | | | 9 |
| 9 | 6 | | | 1 | | | 2 | |
| | | | 2 | | 9 | 4 | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 1 | 9 | 2 | 5 | 8 | 4 | 3 |
| 5 | 4 | 3 | 8 | 7 | 6 | 9 | 1 | 2 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 7 | 5 | 6 |
| 9 | 2 | 5 | 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 1 |
| 1 | 7 | 8 | 5 | 3 | 2 | 4 | 6 | 9 |
| 6 | 3 | 4 | 7 | 9 | 1 | 2 | 8 | 5 |
| 4 | 1 | 7 | 2 | 5 | 9 | 6 | 3 | 8 |
| 8 | 5 | 2 | 6 | 4 | 3 | 1 | 9 | 7 |
| 3 | 9 | 6 | 1 | 8 | 7 | 5 | 2 | 4 |



▶ **19.00**

*Raunveruleiki*

SÆNSKU NÖRDARNIR

**16.20** England – Grikkland (England – Grikkland) **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **US PGA í nærmynd** (Inside the PGA)

▶ **19.00** **Sænsku nördarnir** (FC Z) Hvað gerist þegar 15 Nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta mynda knattspyrnulið?

**19.50** **Supercopa 2006** (Espanyol – Barcelona)

**21.50** **PGA meistaramótið í golfi 2006** (US PGA Championship 2006) Bein útsending frá fyrsta degi PGA meistaramótsins í golfi sem er hið síðasta í röðinni af hinum fjórum árlegu risamótum. Phil Mickelson á titil að verja en að þessu sinni er mótið haldið á Medinah vellinum í Illinois.

**0.50** Sterkasti maður í heimi 2005

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Músík og mas **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Besti tíminn **15.03** Schumann og fjölskylda: Clara **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Bíótónar **19.30** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **22.30** Kvöldsagan **23.00** Djassheimar

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Píkupopp **0.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður






## HRÓSIÐ FÆR

*...Íslenska landliðið í knattspyrnu fyrir að gefa ekkert eftir og ná markalausu jafntefli gegn stórliði Spánverja á Laugardalsvelli.*

# Flottustu yfirvaraskegg landsins verðlaunuð

„Ég á von á því að á milli 20-30 manns taki þátt í keppninni og garðurinn verður þéttsetinn, það er ekki spurning,“ segir Jóhannes Bjarnason, betur þekktur sem Jói B, sem er einn skipuleggjenda Tom Selleck keppninnar. Í Tom Selleck keppninni keppa karlmenn í skeggvexti og þrjú flottustu yfirvaraskegg landsins eru verðlaunuð. Þetta er fjórða árið í röð sem keppnin er haldin á skemmtistaðnum Sirkus og hefjast leikar klukkan 20 í kvöld.



**JÓN ATLI** Þarf ekki að snyrta skegg keppenda í ár, enda eru þeir flestir reynsluboltar og kunna að snyrta eigið skegg.

Undanfarnar vikur og mánuði hefur mátt merkja það að keppnin standi fyrir dyrum því stöðugt fleiri menn ganga nú um göturnar með mottur í andlitinu. Hárgreiðslumaðurinn Jón Atli Helgason tekur þátt í keppninni en hann hefur síðustu ár fengið það verkefni að snyrta skegg margra þátttakenda fyrir keppnina. Svo verður þó ekki í ár enda eru menn nú reynslunni ríkari: „Það eru engir nýburar sem taka þátt núna heldur vanir menn sem kunna að snyrta skegg sitt sjálfir,“ segir Jón Atli.

Dómnefnd Tom Selleck-keppninnar er jafnan skipuð þjóðþekktum einstaklingum í bland við fagfólk. Að þessu sinni eru í dómnefndinni þau Björgvin Halldórsson söngvari, Ragnhildur Gísladóttir söngkona, Svavar Örn Svavarsson hárgreiðslumaður og Ragnar Páll Steinsson bassaleikari, sem sjálfur hefur sigrað í keppninni einu sinni. Jón Atli Jónasson rithöfundur verður kynnir í kvöld og tónlistarmennirnir Davíð Þór og Helgi Svavar úr Flís leika undir á meðan á keppninni stendur. Skráningareyðublöð fyrir þá sem vilja taka þátt liggja frammi á Sirkus allt fram til klukkan 19 í kvöld. -hdm



**TVEIR REYNDIR** Jói B, einn skipuleggjendanna, og Maggi legó sem sigraði í fyrra. Þeir verða báðir með í ár.

| 1 | | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 10 | | 11 | |
| 12 | | 13 | | | |
| | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | | |

**LÁRÉTT**
**2** hróss **6** í röð **8** hamfletta **9** stök **11** mjöður **12** kjöt **14** fimur **16** upphrópun **17** geislahjúpur **18** blóm **20** í röð **21** hvæs.

**LÓÐRÉTT**
**1** munnvatnsrennsli **3** ógrynni **4** óglatt **5** andi **7** tala **10** andmæli **13** forsögn **15** glufa **16** heyskaparamboð **19** sjó.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** lofs, **6** lm, **8** flá, **9** ein, **11** öl, **12** flesk, **14** lipur, **16** oj, **17** ára, **18** rós, **20** tu, **21** fnæs. **LÓÐRÉTT: 1** slef, **3** of, **4** flökurt, **5** sál, **7** milljón, **10** nei, **13** spá, **15** rauf, **16** orf, **19** sæ.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8

1. Ósk Vilhjálmsdóttir.
2. Flundra.
3. Ásdís Rán Gunnarsdóttir.








**MÓTMÆLI** Það er ekki nýtt að lögreglu og mótmælendum lendi saman. Herstöðvaandstæðingar gengu oft vasklega fram á árum áður þegar Ragnar og Bjarki elduðu grátt silfur saman og þá tók lögregla þá engum vettlingatökum.

RAGNAR STEFÁNSSON OG BJARKI ELÍASSON: HITTUST Á FISKIDEGINUM MIKLA

# Grófu stríðsöxina á Dalvík

Sögulegar sættir urðu á Fiskideginum mikla á Dalvík um síðustu helgi þegar Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur og Bjarki Elíasson, fyrrverand yfirlögregluþjónn í Reykjavík, grófu stríðsöxina. Eins og margir muna elduðu þeir grátt silfur saman um árabil þegar Ragnar mótmælti af miklum móð stríðsrekstri Bandaríkjanna í Víetnam og veru NATO hér á landi en það kom í hlut Bjarka að reyna að sjá til þess að mótmælin færu vel fram. Það kom þó fyrir að upp úr sauð á milli mótmælenda og lögreglu.



„Ég var í miklum gleðskap á veitingahúsinu Sogni en Bjarki var staddur í íbúð á hæðinni fyrir ofan. Frænka hans sá mig og dró mig upp til Bjarka sem sat á veröndinni og fylgdist með,“ segir Ragnar um aðdraganda þessara sögulegu sætta. „Við sátum þar dágóða stund og ræddumst við. Við erum sveitungar og það er enginn kali á milli okkar. Ég held að hann hafi haft gaman af þessu spjalli og við skildum sem vinir.“

Á árunum 1967-70 var fjöldinn allur af mótmælaaðgerðum hér á landi til að mótmæla stríðsrekstri Bandaríkjanna í Víetnam og Atlantshafsbandalaginu. Mótmælin náðu hámarki á Þorláksmessu árið 1968 þegar lögreglan meinaði mótmælendum að ganga upp að bandaríska sendiráðinu og upp úr sauð.

**BJARKI ELÍASSON OG RAGNAR STEFÁNSSON** Hittust á Fiskideginum mikla á Dalvík og urðu mestu mátar.



Ragnar var einn af þeim sem þótti ganga hvað vasklegast fram í mótmælunum á þessum árum og sömu sögu er að segja af Birnu Þórðardóttur blaðamanni.

Þegar Ragnar var að kveðja Bjarka spurði yfirlögregluþjónninn fyrrverandi: „Er Birna líka farin að róast.“ Ragnar þvertók fyrir það og svaraði að bragði: „Hún færist öll í aukana.“ Þá brosti Bjarki.

Ragnar segir að það hafi verið indælt að hitta yfirlögregluþjóninn fyrrverandi. „Ég held að honum hafi líka þótt ágætt að hitta mig.“

kristjan@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Talsvert var fjallað um „Stuðmannabarnið“ **Bryndísi Jakobsdóttur** í fjölmiðlum á síðasta ári. Eins og nafnið gefur til kynna eru foreldrar stúlkunnar meðlimir hljómsveitarinnar Stuðmanna, nánar tiltekið þau **Jakob Frímann Magnússon** og **Ragnhildur Gísladóttir** sem nú er hætt í sveitinni. Bryndís hefur erft tónlistarhæfileikana frá foreldrum sínum og hefur síðasta árið unnið að eigin tónlist. Hún heldur úti eigin vefsvæði á myspace.com/bryndisofficial og þar er hægt að hlusta á þrjú laga hennar. Athygli vekur að þar kemur fram að Bryndís hafi unnið lögin með **Mark** nokkrum **Ronson**. Sá hefur meðal annars unnið sér það til frægðar að vinna með **Christinu Aguilera** og nú síðast **Lily Allen.** Ekki amalegt það.



Fyrirsætan **Elísabet Davíðsdóttir** er stödd á Íslandi um þessar mundir og ætlar að fagna þrítugsafmæli sínu um næstu helgi ásamt vinum og fjölskyldu. Elísabet hefur verið búsett í New York í um áratug þar sem hún hefur starfað sem fyrirsæta og nú síðast sem ljósmyndari. Á þessum tíma hefur Elísabet kynnst ógrynni af fólki úr tískubransanum og má búast við því að nóg verði af erlendum gestum í veislu Elísabetar.



Stórsöngvarinn **Björgvin Halldórsson** syngur með Sinfóníuhljómsveit Íslands á viðhafnartónleikum í Laugardalshöll hinn 23. september næstkomandi. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá verður karlakórinn Fóstbræður Björgvin til halds og trausts, auk hljómsveitar og þekktra bakraddasöngvara og gesta. Líklegt er talið að seinna meir verði upptaka frá tónleikunum gefin út á DVD-diski. Athygli vekur að í fréttatilkynningu kemur fram að bakhjarl tónleika Björgvins er Alcan í Straumsvík, en það sé gert í tilefni af fjörutíu ára afmæli ÍSAL. Bó fetar þarna í fótspor kollegans **Bubba Morthens**, en það var Glitnir sem bauð upp á tónleika í tilefni af fimmtugsafmæli hans. - hdm






Stór humar, túnfiskur og úrval fiskrétta á grillið

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14


# Selur fötin sín um helgina

„Það var kominn tími á þetta. Þegar maður er að ferðast fattar maður hvað maður á mikið af drasli,“ segir tónlistarmaðurinn Erpur Eyvindarson, sem ætlar að selja fötin sín á Sirkusmarkaðinum á laugardaginn kemur. Erpur hefur eytt síðustu mánuðum í Asíu og segist líta hlutina öðrum augum nú en áður.

„Ég sé það nú að ég á tonn af fötum. Það mætti eiginlega halda að ég væri kvenmaður, ég á til dæmis fleiri skó en kærastan mín,“ segir Erpur sem verður með bás á markaðnum ásamt Dóra DNA, sem á líka „slatta“ af fötum að sögn Erps. Sirkusmarkaðurinn er haldinn í portinu á bak við skemmtistaðinn Sirkus á Klapparstíg og opnar klukkan ellefu.

Erpur segir að fötin sem hann verður með til sölu verði ansi fjölbreytt, enda hafi hann gengið í ýmsu í gegnum tíðina. Hann segist til að mynda hafa grafið upp mikið úrval af stuttermabolum og nokkra ónotaða strigaskó svo eitthvað sé nefnt.

„Svo verð ég með eitthvað af dóti frá Kína, ég missti mig aðeins í kaupum á plakötum og fleiru þar. Ég er jafnvel að spá í að selja einhverjar bækur og fleira. Þetta gæti orðið mjög forvitnilegt.“ - hdm

**ERPUR EYVINDARSON** Á ferðalagi sínu um Asíu uppgötvaði rapparinn að hann hefur sankað að sér allt of miklu drasli. Hann ætlar því að selja föt og fleira á Sirkusmarkaðinum á laugardaginn.



# HLAUPARARNIR NÁLGAST!

Stærsti íþróttaviðburður ársins verður á laugardaginn, þegar Reykjavíkurmaraþon Glitnis verður ræst í 23. sinn.

Svona umfangsmikið hlaup hefur vitaskuld í för með sér talsverða truflun á umferð. Við viljum hvetja vegfarendur til að kynna sér upplýsingar um hvar gera má ráð fyrir að mæta slíkum truflunum og að sýna aðgát og tillitssemi.

Nánari upplýsingar á www.marathon.is.

REYKJAVÍKUR
MARAÞON
GLITNIS
19. ÁGÚST

## EINSTEFNA: 8.15–15.00

- Vestur Ægisíðu og Nesveg.
- Austur Eiðsgranda.
- Austur Mýrargötu.
- Austur Sæbraut milli Laugarnesvegar og Langholtsvegar.
- Suður Engjaveg frá Gnoðarvogi.

## LOKANIR MEÐAN Á HLAUPI STENDUR

- Lækjargata milli Vonarstrætis og Skólabrúar.
- Lækjargata, Fríkirkjuvegur.
- Geirsgata, Kalkofnsvegur, Sæbraut austur að Snorrabraut.
- Geirsgata, Kalkofnsvegur, Sæbraut austur að Laugarnesvegi.
- Sóleyjargata.

## TRUFLUN Á UMFERÐ: 8.00–12.00

- Skothúsvegur, Suðurgata og Lynghagi.
- Suðurströnd, Lindarbraut og Norðurströnd.
- Hringtorg vestast á Hringbraut, Ánanaust og hringtorg við enda Mýrargötu.
- Skothúsvegur, Suðurgata, Hringbraut, Bræðraborgarstígur, Vesturgata, Hafnarstræti.
- Gatnamót Borgartúns og Kringlumýrarbrautar.
- Gatnamót Suðurlandsbrautar og Reykjavegar.
- Engjavegur við Fjölskyldugarð.
- Álfheimar við Glæsibæ.
- Skeiðarvogur við Suðurlandsbraut.

Reykjavíkurborg



FRÉTTABLAÐIÐ
SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000






BAKÞANKAR

JÓNS GNARR

# Dýralíf

Eitt sem mér hefur alltaf þótt vanta meira af hér á landi eru villt dýr. Mér finnst að við hefðum mátt vera duglegri við að flytja inn alls konar dýr og reyna að aðlaga þau íslenskum aðstæðum. Ég skil ekki alveg hvað mælir gegn því. Á undanförnum áratugum hafa verið fluttar til landsins margar nýjar tegundir af plöntum og trjám. Einnig hafa verið rækt-uð upp afbrigði sem henta íslenskum aðstæðum. Nú er til dæmis hægt að fá íslensk eplatré. Og ég veit ekki betur en þetta sé bara hið besta mál og aðeins til prýði.

**AF** hverju er ekki hægt að flytja inn dýr líka? Einu sinni var gerð tilraun með villt sauðnaut á Snæfellsnesi. Þau drápust víst út af klaufaskap. Því ekki að reyna aftur? Og í leiðinni mætti sleppa nokkrum fjallageitum. Hreindýr voru flutt hingað á átjándu öld og pluma sig vel. Það amast enginn við þeim lengur. Ekki éta þau grasið frá rollunum.

**ÉG** myndi vilja sjá fullt af nýjum dýrum boðin velkomin til landsins. Ég vil sjá íkorna í skógunum sem spretta upp um allt land. Ég vil heyra froska kvaka í lækjum. (Úr því þeir geta lifað í Noregi þá hljóta þeir að geta lifað hér). Ég vil sjá kanínur og héra og uglur. Þá fengju refirnir eitthvað annað að elta en bara lömb. Mér finnst að það mætti líka prófa að sleppa nokkrum dádýrum á Hallormsstað. Sakar ekki að prófa? Eða elgi. Prófa að vera með tvö pör. Ég myndi líka vilja prófa að sleppa nokkrum norskum gaupum. Auðvitað þyrfti að aðstoða dýrin fyrstu árin, eftir getu, og sjá til hvernig þau pluma sig. Það mætti meira að segja gelda þau svo þau fjölgi sér ekki.

**ÞEGAR** á að prófa eitthvað nýtt heyrast alltaf efasemdarraddirnar sem segja að það þýði ekki neitt og gangi aldrei og ef það gangi þá gangi það illa og benda á dæmi um það og allt sem ber að óttast. Er þetta ekki bara hluti af einhverri úreltri einangrunarstefnu, heimóttarlegheitum og þjóðernisrembingi? Er ekki landið að opnast? Er eitthvað að óttast?

**VILLT** dýr myndu prýða landið með tilveru sinni og auka áhuga ferðamanna á að koma hingað. Þetta myndi líka auka tækifæri til skotveiði og færa okkur miklar tekjur. Þetta væri atvinnuskapandi fyrir fólk úti á landi.

**ÞAÐ** er enginn eyland, ekki einu sinni Ísland.




